




ÍSLENSK **VELFERÐ** Í FREMSTU RÖÐ



## SKÝRSLA FORSETA UM STÖRF ALÞYÐUSAMBANDS ÍSLANDS 2007

ÁRSFUNDUR **ASÍ** 18.-19. OKTÓBER 2007



---

SKÝRSLA FORSETA  
um störf  
Alþýðusambands Íslands  
árið 2007

# Skýrsla forseta 2007

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands er unnin af starfsfólki á skrifstofu Alþýðusambandsins, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

**Ritstjóri:** Guðmundur Rúnar Árnason

**Ábyrgðarmaður:** Grétar Þorsteinsson

**Útlitshönnun og prentvinnsla:** Ísafoldarprentsmiðja

**Myndir:** Róbert og starfsfólk Alþýðusambands Íslands

**Kápuhönnun:** Hlynur

Skýrslan er lögð fyrir sjötta ársfund ASÍ

18. og 19. október 2007

Reykjavík, október 2007 – Ísafoldarprentsmiðja

# EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur .....</b>	<b>15</b>
<b>Ársfundur ASÍ 2007.....</b>	<b>17</b>
Setning fundarins .....	17
Ávarp forseta .....	17
Ávarp félagsmálaráðherra .....	23
Fundarsköp ársfundar.....	30
Kjörbréfanefnd .....	30
Kjör starfsmanna ársfundar.....	31
Inntaka Félags vélstjóra og málmæknimanna .....	31
Afgreiðsla kjörbréfa vegna VM .....	34
Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana .....	34
Málefni – framsögur, umræður og afgreiðsla .....	37
Hnattvæðingin .....	37
Aðrar tillögur.....	37
Staða og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar og lagabreytingar	38
Kosningar og kosningaúrslit .....	38
Tillaga um kjörnefnd til loka ársfundar ASÍ 2007 .....	39
Samþykktir ársfundar .....	39
Ályktun um nýjan framhaldsskóla.....	39
Samþykkt nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda .....	41
Ályktun um afnám tekjutengingu bót við laun maka .....	41
Ályktun um örorkubyrði lífeyrissjóða .....	42
Ályktun um skattamál .....	42
Ísland og hnattvæðingin.....	43

Fundarslit.....	43
Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2006 .....	45
Bein aðild að ASÍ.....	45
Landssamband ísl. verzlunarmanna .....	45
Rafiðnaðarsamband Íslands .....	47
Samiðn.....	47
Sjómannasamband Íslands .....	48
Starfsgreinasamband Íslands.....	48
Samþykkt kjörbréf VM .....	50
<b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ .....</b>	<b>53</b>
Ályktanir miðstjórnar vegna fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2007 .....	55
Ritun sögu ASÍ.....	56
Ársfundur ASÍ 2007 .....	56
Hleranir á skrifstofu ASÍ? .....	57
ASÍ styður starfsemi Hugarafls.....	57
Áramótaávarp forseta ASÍ.....	58
Fjallað um úrsögn Sjómannafélags Íslands .....	60
1. maí 2007.....	60
Samstarfssamningur aðildarfélaga ASÍ.....	61
Málefni erlendra starfsmanna .....	62
<b>Efnahags- og verðlagsmál .....</b>	<b>63</b>
Efnahagsmál.....	63
<i>Mikið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum.....</i>	<i>64</i>
<i>Hægir á einkaneyslunni.....</i>	<i>65</i>
<i>Enn vaxa skuldir heimilanna.....</i>	<i>65</i>
<i>Dregur úr fjárfestingum.....</i>	<i>66</i>
<i>Góð afkoma hins opinbera .....</i>	<i>67</i>
<i>Dregur úr ójafnvægi í utanríkisviðskiptum .....</i>	<i>68</i>

<i>Verðlag, vextir og gengi</i> .....	69
<i>Miklar launahækkarnir</i> .....	70
<i>Atvinnuástand gott – en blikur á lofti</i> .....	71
Verðlagseftirlit ASÍ .....	72
Hefðbundið starf verðlagseftirlitsins.....	72
Samantekt um lækkun á matvöruverði 1. mars 2007 .....	74
Almennar niðurstöður: .....	75
Niðurstöður eftir helstu verslunarkerðjum: .....	77
<b>Kjaramál og kjarasamningar</b> .....	<b>79</b>
Breytingar á fyrirkomulagi veikinda-, slysa- og örorkurétti launafólks.	80
Minnisblað um starf sameiginlegrar nefndar ASÍ og SA um þróun áfallatrygginga.....	81
Hugmyndir að breytingum á ytri umgjörð veikinda-, slysa- og örorkuréttar.....	83
Efni kjarasamnings milli SA og félaga/landssambanda .....	83
Efni þjónustusamnings milli Áfallatryggingasjóðs og stéttarfélags (eins eða fl.): .....	84
Endurhæfing ehf.:.....	86
Áfallatryggingasjóður (eða fleiri en einn sjóður + reiknistofa):.....	87
Miklar umræður í hreyfingunni .....	89
ÁFALLATRYGGINGAR – NÝTT RÉTTINDAKERFI .....	89
Hnattvæðingin.....	95
Reglur um íslenska alþjóðlega skipaskrá.....	96
<b>Atvinnumál</b> .....	<b>98</b>
Mikil atvinnuþátttaka og lítið atvinnuleysi.....	98
Er atvinnuástandið hætt að batna? .....	100
Mannvirkjagerð og fl. ....	100

Sjávarútvegur.....	100
Vestfirðir.....	101
Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar.....	102
Atvinnumálanefnd.....	103
Ný atvinnustefna.....	103
Vinnumarkaðsráð.....	103
Vísinda- og tækniráð.....	104
<b>Velferðarmál.....</b>	<b>105</b>
Jöfnuður.....	105
Rannsókn Hagdeildar ASÍ.....	105
Fátækt meðal barna.....	106
Greiðsluerfiðleikar.....	107
Fjárhagsaðstoð.....	107
Húsnæðismál.....	108
Nefnd um húsnæðismál og félagsleg úrræði.....	108
Heilbrigðismál.....	109
Tryggingamál.....	109
Velferðarnefnd ASÍ.....	110
<i>Lágmarksframfærsla.....</i>	<i>111</i>
<i>Húsnæðismál.....</i>	<i>111</i>
<i>Málefni barna/barna fjölskyldna.....</i>	<i>111</i>
<i>Breytingar á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti.....</i>	<i>112</i>
<b>Félags- og vinnumarkaðsmál.....</b>	<b>113</b>
Jafnréttis- og fjölskyldumál.....	114
<i>8. mars 2007 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna.....</i>	<i>115</i>
<i>Mentor er málið!.....</i>	<i>117</i>
<i>Fræðsla og kynning.....</i>	<i>118</i>
<i>Hvað vilt'upp á dekk?.....</i>	<i>118</i>

<i>Jafnréttisáherslur í kjarasamningum</i> .....	119
<i>Fæðingar- og foreldraorlofslögin</i> .....	120
Málefni foreldra langveikra barna .....	121
Vinnuvernd.....	123
<i>Vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og „Lífið í vinnunni“</i> .....	123
<i>Reglur um vímuefnapróf og persónuvernd starfsmanna</i> .....	127
<i>Skráning og flokkun atvinnusjúkdóma</i> .....	127
<i>Stjórnsýsluúttekt ríkisendurskoðunar á vinnueftirlitinu</i> .....	127
<i>Evrópsk vinnuverndarvika</i> .....	128
<i>Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd</i> .....	128
<i>Lög um vinnumarkaðsaðgerðir og svæðisbundin</i> <i>vinnumarkaðsráð</i> .....	129
<i>Ábyrgðarsjóður launa</i> .....	130
<i>Framkvæmd EES-samningsins</i> .....	130
<i>Grænbók um vinnurétt og þjónustutillskipunin</i> .....	131
<i>Stækkun EES og opnun vinnumarkaðarins</i> .....	131
<i>Upplýsingar og samráð</i> .....	131
<i>Kjarasamningar á Evrópuvísu</i> .....	137
<i>Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði</i> .....	138
<i>Styrking vinnumarkaðarins</i> .....	138
<i>Opnun vinnukarkaðarins 1. maí 2006</i> .....	140
<i>Stefnumótun af hálfu ASÍ</i> .....	140
<i>Endurskoðun kjarasamninga í júní 2006</i> .....	141
<i>Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda</i> <i>starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna</i> .....	142
<i>Öflugra upplýsingastarf, eftirlit og eftirfylgni</i> .....	143
<i>Átak gegn erlendum brotafyrirtækjum og félagslegum undirboðum</i> <i>með erlenda starfsmenn</i> .....	145
<i>Fráls för launafólks og tvö ný aðildarríki EES</i> .....	146



<i>Vaxholm málið</i> .....	147
<i>Kárahjúkar</i> .....	147
<i>Virkjunarsamningur</i> .....	148
<b>Fræðslu- og menntamál</b> .....	<b>152</b>
Félagsleg fræðsla.....	153
<i>MFA fræðsludeild ASÍ</i> .....	153
<i>Þjónusta fræðsludeildar</i> .....	153
<i>Genfarskólinn</i> .....	155
Starfsmenntaverðlaun.....	155
Stefnumótun ASÍ í menntamálum.....	155
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins .....	160
VOW – Leonardo verkefni 2005-2007 .....	170
CREAC - Leonardo verkefni 2006-2008.....	171
<i>Norrænt tengslanet um nám fullorðinna</i> .....	174
<i>Fagráð verslunar og þjónustu</i> .....	174
Mímir – símenntun.....	175
<i>Tungumál</i> .....	178
<i>Íslenska fyrir útlendinga</i> .....	179
<i>Gagn og gaman</i> .....	179
<i>Listir og menning</i> .....	179
<i>Starfsmenntanámskeið</i> .....	180
<i>Almenn námskeið</i> .....	181
<i>Nám fyrir fólk án atvinnu</i> .....	181
<i>Námskeið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu</i> .....	181
<i>Erlent samstarf</i> .....	182
<i>Þróunarverkefni</i> .....	182
<i>Námsráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn</i> .....	182
<i>Undirbúningur fyrir félagsliðanám/Félagsliði í nýju landi</i> .....	183

<i>Bætt um betur – bílgreinar</i> .....	183
<i>Litli málfræðingurinn</i> .....	183
<i>Íslenska fyrir alla 4</i> .....	183
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar.....	183
<b>Erlend samskipti</b> .....	<b>185</b>
Norræna verkalýðssambandið - NFS.....	185
Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN) .....	186
Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC .....	187
Ráðgjafarnefnd EFTA .....	197
Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO .....	198
<i>Sendinefndin</i> .....	198
<i>Samþykkt um réttarstöðu fiskimanna</i> .....	198
<i>Styrking ILO á tímum hnattvæðingar</i> .....	199
<i>Sjálfbær fyrirtæki</i> .....	200
<i>Nefnd um framkvæmd Samþykktu</i> .....	201
<i>Fjárlög ILO</i> .....	201
<i>Mat</i> .....	201
<i>Þríhliða nefnd ILO á Íslandi</i> .....	201
<i>Norræna ILO samstarfið</i> .....	202
<b>Lagabreytingar og skipulagsmál</b> .....	<b>203</b>
Laganefnd.....	203
Skipulags- og starfsháttanefnd .....	203
<b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ</b> .....	<b>207</b>
Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2007 .....	207
<b>Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur ...</b>	<b>210</b>
Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 272. mál. ....	210
Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, 24. mál.....	212

Þingsályktunartillaga um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál.....	212
Frumvarp til laga um niðurtalningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 258. mál. ....	213
Frumvarp til laga um sameignarfélög, heildarlög, 79. mál. ....	213
Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000 o.fl., 58. mál.....	213
Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og skaðabótalögum, 21. mál. ....	214
Frumvarp til laga um embætti landlæknis, heildarlög, 273. mál.....	215
Þingsályktunartillaga um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál. ....	215
Frumvarp um breytingu á hegningarlögum nr. 19 12 febrúar 1940, 20. mál.....	215
Frumvarp til laga um opinber innkaup, 277. mál. ....	216
Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál. ....	217
Frumvarp til laga um endurgreiðslu vegna kvikmyndagerða á Íslandi, 95. mál.....	218
Frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál.....	218
Frumvarp til laga um jafna stöðu kvenna og karla, 9. mál.....	219
Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, 465. mál.....	220
Frumvarp til laga um breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 464. mál. ....	221
Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 523. mál.....	221

Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005 o.fl., 522. mál.....	222
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, 515. mál.....	222
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 432. mál.....	223
Frumvarp til laga um almannatryggingar, tannlækningar barna og ellilífeyrisþega, 54. mál.....	223
Frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði, EES reglur, 568. mál.....	223
Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 561. mál. ....	224
Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða, 621. mál. ....	225
Frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, 443. mál.....	225
Þingsályktunartillaga um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, 19. mál.....	226
Þingsályktunartillaga um fjögurra ára samgönguáætlun árin 2007-2010, og þingsályktunartillaga um samgönguáætlun árin 2007-2018, 574. og 575. mál. ....	226
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál.....	227
Frumvarp til laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd og breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, 616. og 617. mál.....	228
Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar, 570. mál. ....	228

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. mál .....	229
---	-----

## **Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum..... 232**

Félagsmálaráðuneytið: .....	232
Fjármálaráðuneytið: .....	237
Forsætisráðuneytið: .....	237
Hagstofan: .....	238
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: .....	238
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið: .....	238
Landbúnaðarráðuneytið: .....	238
Menntamálaráðuneytið:.....	239
Samgönguráðuneytið.....	239
Umhverfissráðuneytið:.....	240
Utánríkisráðuneytið:.....	240
Með samtökum atvinnurekenda (og fleirum): .....	240
Á vettvangi ASÍ.....	242
Ýmislegt: .....	242

## **Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir ..... 244**

<i>Alþjóðanefnd</i> .....	244
<i>Atvinnumálanefnd</i> .....	244
<i>Jafnréttis- og fjölskyldunefnd</i> .....	245
<i>Menntanefnd</i> .....	245
<i>Kjara- og skattanefnd</i> .....	245
<i>Lífeyris- og trygginganefnd</i> .....	246
<i>Skipulags- og starfsháttanefnd</i> .....	246

<i>Velferðarnefnd</i> .....	246
<i>Vinnumarkaðsnefnd</i> .....	246
<i>Laganefnd</i> .....	247
<i>Launanefnd</i> .....	247
<i>Starfs- og fjárhagsnefnd</i> .....	247
<b>Listasafn ASÍ</b> .....	<b>248</b>
Yfirlit yfir starfsemi safnsins október 2006 – september 2007 .....	248
Sýningar í Listasafni ASÍ október 2006 – september 2007 .....	249
Aðrir viðburðir í safninu .....	251
Safneign, vinnustaðasýningar, safnauki, millisafnalán .....	251
Niðurlag .....	252
<b>Fundir og fundasókn miðstjórnarmanna</b> .....	<b>254</b>
<b>Upplýsingar úr skýrslum aðildarfélaga</b> .....	<b>256</b>
Kynjaskipting í nefndum miðstjórnar .....	256
Kynjaskipting í stjórnnum aðildarfélaga og deilda .....	256
Kynjaskipting í stjórnnum landsambanda .....	256
Stjórnir aðildarfélaga og deilda .....	257
Bein aðild að ASÍ .....	257
Landssamband ísl. verzlunarmanna .....	258
Rafiðnaðarsamband Íslands .....	262
Samiðn. ....	265
Sjómannasamband Íslands .....	268
Starfsgreinasamband Íslands .....	271
<b>Reikningar ASÍ og stofnana</b> .....	<b>279</b>



# Inngangur



Skýrsla forseta fyrir árið 2007 er hefðbundin. Hún er hefðbundin að því leyti að efnistöð eru með líku sniði og verið hefur undanfarin ár.

Skýrsla forseta er fyrst og fremst hugsuð til afnota fyrir okkur sjálf, félögin og forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit um það sem fram fór á árinu og síðast en ekki síst er hún væntanlega ómetanlegur fjársjóður fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar.

Samhliða skýrslu forseta höfum við nú um nokkurra ára skeið gefið út smærri skýrslu – Árið í hnotskurn – þar sem við höfum leitast við að draga fram nokkur mikilsverð viðfangsefni ársins og segja frá þeim í stuttu máli. Þessari útgáfu hefur verið dreift víða og hún hefur fengið verðuga athygli og góðar viðtökur.

Árið hefur sannarlega verið viðburðaríkt, þó nú bregði svo við að ekki kom til endurskoðunar kjarasamninga á tímabilinu þar sem þeirri vinnu laun sumarið 2006 og ítarleg grein var gerð fyrir því skýrslu forseta 2006.

Segja má að tvennt hafi verið fyrirferðarmest í starfi skrifstofunnar. Annars vegar eru málefni útlendinga á vinnumarkaði að verða eitt af mikilvægustu verkefnum verkalýðshreyfingarinnar og jafnframt skrifstofu ASÍ. Hins vegar hafa málefni öryrkja og endurskoðun fyrirkomulags veikinda-, slysa- og örorkubótaréttinda verið fyrirferðamikil.

Kaflinn um menntamálin ber það með sér að það er mikið um að vera á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar í þeim efnum og sérstakt málþing mennta- nefndar ASÍ í febrúar lagði línurnar fyrir áframhaldandi uppbyggingu okkar menntamála.

Á vettvangi Skipulags- og starfsháttanefndar hefur verið rætt nýtt fyrirkomulag á samstarfi landssambandanna og félaganna með beina aðild við gerð kjarasamninga sem leiddi til undirritunar formlegs samkomulags um fyrirkomulagið.

Í aðdraganda Alþingiskosninga í maí s.l. hefur Velferðarnefnd ASÍ unnið að endurskoðun stefnu samtakanna í velferðarmálum, en á ársfundinum verður Norræna velferðasamfélagið og vinnumarkaðurinn til umfjöllunar undir yfirskriftinni Íslensk velferð – í fremstu röð.

október, 2007

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ







*Forsíða á bæklingi um Ísland og hnattvæðinguna, sem var til umfjöllunar á ársfundum ASÍ 2006.*

## Ársfundur ASÍ 2007

### *Setning fundarins*

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 var haldinn á Hótel Nordica, 26. – 27. október. Fundurinn hófst kl. 10:00.

Við upphaf fundarins léku tónlistarmennirnir Alsney og Cheick frá Guineu á afrískar trommur og Busby Birchall frá Ástralíu spilaði á ástralska frumbyggjahljóðfærið Yidaki. Þá fór Steindór Andersen með rímur.

Að því loknu setti Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ fundinn með eftirfarandi ávarpi:

### **Ávarp forseta**

*„Félagsmálaráðherra, góðir félagar:*

*Ég býð ykkur öll velkomin til sjötta ársfundar Alþýðusambands Íslands. Næstu tveir dagar verða annasamir hjá okkur, en ég veit að þeir verða okkur notadrjúgir og munu skila okkur fram á veginn.*

*Yfirskrift þessa ársfundar er - Okkar veröld – baráttunnar virði. Þetta vísar til þess að samfélagið eins og við þekkjum það í dag - kjör okkar og aðrar aðstæður – væru ekki eins og raun ber vitni, nema af því að við höfum*

lagt hönd á plóginn. Með virkri þátttöku sinni í 90 ár hefur Alþýðusamband Íslands markað djúp spor í sögu þjóðarinnar. Íslenska þjóðin væri ekki jafn vel sett og hún er ef baráttu verkalýðshreyfingarinnar hefði ekki notið við.

Þess vegna segjum við að þetta hafi verið baráttunnar virði.

Við getum talið upp fjölmörg mál sem í dag eru sjálfsagðir hlutir, en urðu ekki að veruleika nema vegna baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Ég nefni hér af handahófi: Vökulögin, átak í húsnæðismálum útrekað, vinnulöggjöfin, réttur til orlofs, atvinnuleysistryggingar – nú síðast tekjutenging atvinnuleysisbóta - lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir, starfsmenntasjóðir. Fjölmargt fleira mætti hér nefna, en ég læt hér staðar numið. Við erum líka minnt á fleiri áfanga hér í fundarsalnum.

Ég held að ég geti fullyrt að enginn Íslendingur vildi vera án þeirra réttinda sem tryggð eru með þeim þáttum sem ég vék að hér á undan. Ég fullyrði líka að þau væru ekki með þeim hætti sem við þekkjum nema vegna þess að verkalýðshreyfingin barðist fyrir þeim. Allt var þetta baráttunnar virði.

Á 90 ára sögu byggjum við starf okkar í framtíðinni. Verkinu er langt í frá lokið og því lýkur raunar aldrei. Þó svo margt hafi verið vel gert, þá er líka fjölmargt sem þarf að færa til betri vegar. Það er því verk að vinna.

Við eigum okkur draum um enn betra samfélag, þar sem jöfnuður og ábyrgð gegna meira hlutverki en í samfélaginu í dag. Það er hollt fyrir okkur af og til að rifja upp af hverju forvígismennirnir komu saman fyrir 90 árum. Það var einfaldlega af því að þeir vildu stilla saman kraftana um að berjast fyrir betra samfélagi. Það hefur ekkert breyst í því sambandi. Við komum hér saman í dag af nákvæmlega sömu ástæðu – við viljum standa saman í því að færa samfélagið fram á við.

Vissulega hefur samfélagið tekið stakkaskiptum á þessum 90 árum. Verkefni sem við stöndum frammi fyrir eru að mörgu leyti gerólík því sem forvígismennirnir glímdu við. Það segir okkur þó ekki síst það - að okkur hefur orðið ágengt.

Lengst af hefur baráttu okkar snúið fyrst og fremst að heimavellinum. Við höfum að sönnu tekið þátt í margvíslegu alþjóðastarfi og látið okkur hagfélaga okkar annars staðar í veröldinni varða. Á síðustu árum höfum við tekið upp baráttu fyrir þá útlendinga sem hingað hafa leitað eftir atvinnu og sumir atvinnurekendur hafa séð tækifæri í að hlunnfara.

Þær breytingar sem við höfum séð á íslenskum vinnumarkaði að undanfögnu eru hluti af víðtækri þróun – því sem við köllum hnattvæðingu. Hnattvæðingin felur það einkum í sér að íbúar og lönd tengjast meira en áður hefur þekkt – efnahagslega, félagslega, í viðskiptum, pólitískt, og á menningarsviðinu.

Hnattvæðingin hefur bæði á sér góðar hliðar og slæmar. Við höfum ef til

vill haft dálitla tilhneigingu til að einblína á slæmu hliðarnar, enda þær sem blasa oftar við í daglegum störfum, en hinar jákvæðu. Hún felur aftur á móti einnig í sér ný tækifæri, sem geta hjálpað okkur að efla það velferðarsamfélag sem við höfum byggt upp.

Hnattvæðingin á sér ekki stað í tómarúmi. Hún lýtur þeim reglum sem settar hafa verið í einstökum löndum á alþjóðlegum vettvangi um vinnumarkað, fjárfestingar og viðskipti. Hún byggir því á meðvitundum pólitískum ákvörðunum.

Við erum þeirrar skoðunar að allir, félög, einstök ríki og alþjóðasamfélagið í heild eigi að skuldbinda sig til að vinna að því að hnattvæðingin leiði til aukinnar velferðar. Til þess þarf líka meðvitaðar pólitískar ákvarðanir.

Hún þarf að vera jákvæð í augum launafólks, en til að það geti orðið, þarf hún að uppfylla ákveðin skilyrði, sem gera kröfur til okkar allra.

Hnattvæðingin krefst þannig meiri samábyrgðar, vegna þess að við verðum sífellt háðari því sem aðrir ákveða og gera. Hún krefst þess að settar verði skýrari reglur á alþjóðlegum vettvangi og jafnframt að skilgreind séu refsí-ákvæði gagnvart löndum og fyrirtækjum sem fylgja ekki þessum alþjóðlegu reglum.

Hnattvæðingin krefst þess einnig að við tryggjum sveigjanleika launafólks og aðlögunarhæfni, til dæmis með menntuninni, því þannig tryggjum við starfsaðstæður fyrir alla sem hægt er að una við.

Síðan verðum við í verkalýðshreyfingunni að auka nálægðina við félagsmennina, tengslin milli félaga og við alþjóðasamtök. Við þurfum þannig að alþjóðavæða samstöðuna. Á sama hátt og samstaðan er lykillinn að árangri okkar heima fyrir, er hún lykill að árangri á alþjóðlegum vettvangi.

Í þessu eru mörg erfið og flókin úrlausnarefni, því árangur okkar í hnattvæðingunni snýst meðal annars um að treysta samkeppnishæfni Íslands á alþjóðlegum mörkuðum, án þess að það gangi á hagsmuni launafólks eða umhverfisins.

Allt þetta felur í sér að við verðum að stórauka upplýsingagiöf og umræðu um þau vandamál sem alþjóðleg verkalýðshreyfing stendur frammi fyrir. Við verðum þannig að vera reiðubúin til að bregðast við af hörku til að geta brotið á bak neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar. Það gerist ekki án samstöðu – samstöðu heima fyrir og á alþjóðavísu.

Eitt af meginverkefnum okkar við þessar aðstæður er að tryggja að launafólk njóti þessara jákvæðu áhrifa hnattvæðingarinnar. Þess vegna viljum við ábyrga og réttláta hnattvæðingu. Við krefjumst þess að tekið verði tillit til mannréttinda, vinnuumhverfis, náttúruverndar og félagslegra réttinda á forsendum öflugs velferðarkerfis. Við gerum þá kröfu að aukinn hagvöxtur og frjálsari heimsviðskipti verði í ríkari mæli byggð á félagslegum, siðferðilegum

og umhverfislegum gildum – en ekki einungis því sem snýr að viðskiptum.

Við viljum að allir fái notið ávaxtanna af hnattvæðingunni – ekki bara sumir. Það eiga allir að eiga rétt til vinnu á mannsæmandi kjörum - Það eiga allir rétt á því að vinna við mannsæmandi aðstæður - Hvort tveggja eru forsendur fyrir velferðarþjóðfélagi sem byggir á jöfnuði og jafnrétti.

### Félagar

Hnattvæðingin verður ekki ábyrg og réttlát af sjálfu sér. Okkar verkefni er að taka virkan þátt í því – bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi – að skapa skilyrði og ramma fyrir réttindi og aðstæður félaga okkar - hverjir sem þeir eru og hvaðan sem þeir koma. Þetta eru markmið sem eiga alls staðar við og 150 milljónir launamanna viðsvegar um heim taka þátt í skipulögðum samtökum launafólks til að berjast fyrir þeim.

Grundvallarforsenda fyrir því að Íslendingar geti nýtt sér þau tækifæri sem felast í hnattvæðingunni er stöðugleiki. Þá er ég að tala um stöðugleika í efnahagslífi, en einnig stöðugan vinnumarkað, traust réttindi og félagslegt réttlæti.

Á þetta hefur því miður skort að undanfögnu. Stjórnvöld hafa ítrekað sýnt takmarkaða ábyrgð og skort á aðhaldi, þegar kemur að réttindum erlends launafólks. Það vantar uppá fræðslu - íslenskukennslu - og annað það sem tryggir nauðsynlega aðlögun að íslensku samfélagi. - Þetta leiðir til félagslegrar einangrunar.

Þetta viljum við uppræta. Við viljum öflugt velferðarkerfi sem tryggi öllum íbúum félagslegt réttlæti og efnahagslegt öryggi. Með því drögum við úr ójöfnuði og tryggjum samstöðu meðal þjóðarinnar.

Við höfum oft talað fyrir mikilvægi þess að samþætta stefnu í efnahags- atvinnu- og félagsmálum. Við höfum því miður oft talað fyrir daufum eyrum – og því miður höfum við horft upp á alvarlegar afleiðingar þess. Ólga í efnahagsmálum og á vinnumarkaði á undanfögnu árum er ekki síst til komin vegna þess að stjórnvöld hafa litið hlutina öðrum augum. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur þannig beinlínis ýtt undir neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar.

Við höfum fyrir okkar leyti fylgt ábyrgri stefnu í þessum málum. Kröfur verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningum hafa verið hógværar – alltof hógværar finnst sumum – en þær hafa miðað að því að viðhalda stöðugleikanum og bæta kaupmátt. Jafnframt höfum við náð fram ýmsum mikilvægum réttindamálum á félagslega sviðinu sem eiga eftir að stuðla að jafnvægi og stöðugleika í framtíðinni.

Nú sem aldrei fyrr er nauðsyn á samþættri stefnu í efnahags- atvinnu- og félagsmálum. Öðru vísi mun okkur ekki takast að nýta öll þau jákvæðu

tækifæri sem hnattvæðingin býður. Ella eigum við á hættu að við upplifum einungis neikvæðu hliðarnar, en jákvæðu tækifærin renni framhjá án þess að við getum notið þeirra.

Á þessum ársfundi verða meðal annars rædd nokkur atriði sem við leggjum áherslu á þegar kemur að stefnumótun um ábyrga og réttláta hnattvæðingu. Meðal þessara atriða eru forsendur stöðugleikans, staða fólks á vinnumarkaði, menntun og mannaudur, efling rannsókna og nýsköpunar, alþjóðleg samvinna og reglusetning og síðast en ekki síst – samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja.

Til að tryggja framgang þessara viðfangsefna leggur Alþýðusambandið til að komið verði á virku samráði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þar verði fjallað um og mótuð sameiginleg afstaða til þessara viðfangsefna.

Þetta er annað af meginviðfangsefnum þessa ársfundar. Við ætlum líka að velta því fyrir okkur, – hvernig við sjálf - skipulag okkar og starfsaðferðir eru til þess fallin að taka á þeim viðfangsefnum sem hnattvæðingin felur í sér. Það er hitt meginverkefni fundarins. Hér þarf að velta við öllum steinum – ekkert má vera heilagt í þessari sjálfsskoðun – ekkert nema grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar um betra mannlíf. Þeim fær ekkert breytt.

Í gær ávarpaði ég þing BSRB. Þar reifaði ég hugmyndir sem voru nýlega ræddar í miðstjórn ASÍ um aukið samstarf ASÍ og BSRB og ef til vill annarra samtaka opinberra starfsmanna. Í miðstjórninni var einkum rætt um möguleika á slíku samstarfi í fræðslumálum og í kjaramálum. Þar var tekin ákvörðun um að senda bréf til BSRB og óska formlega eftir viðræðum. Ýmis skilyrði gera það að verkum að það er auðveldara að ræða slíkt samstarf en oft áður.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt að fara í slíkar viðræður og tónninn í miðstjórninni var á eina lund. Þetta er auk þess algjörlega í takt við það verkefni sem við ætlum að fjalla um á ársfundinum – þ.e. hvernig bregðumst við best við nýjum aðstæðum, sem birtast meðal annars í því að í dag er mun færra sem skilur að í kjörum og réttindum en var fyrir ekki ýkja mörgum árum. Síðan er aukið samstarf algerlega í takt við verkefni þessa ársfundar að því er varðar spurninguna um hvernig við bregðumst við hnattvæðingunni.

Á síðasta ársfundi ræddum við um stöðu og starfshætti. Við gerðum ákveðnar samþykktir og settum okkur fyrir ákveðin verkefni fram að þessum fundi. Nú er til umfjöllunar afrakstur þeirrar vinnu.

Þegar grannt er skoðað, þá eru þessi tvö meginviðfangsefni ársfundarins nátengd, staða og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar og hnattvæðingin og staða launafólks.

Það hvernig okkur tekst til við að skerpa á skipulagi okkar og vinnuaðferðum, segir meðal annars fyrir um það með hvaða hætti við erum þess megnug að þrýsta á - um ábyrga og réttláta hnattvæðingu.

*Félagar,*

*Við erum stundum óþolinmóð og okkur finnst lítið ganga. Okkur finnst stundum sem enginn vilji hlusta á okkur og enginn vilji tala við okkur. Okkur finnst stundum við sjálf vanmáttug og lin í að takast á við aðkallandi verkefni.*

*En er það svo? Það er okkur öllum hollt að staldra við og spyrja okkur þeirrar spurningar. Í mínum huga felst svarið í 90 ára glæstri sögu verkalýðshreyfingarinnar. Einhver kann að segja að það verði ekki endalaust lifað á fornri frægð.*

*En ég spyr aftur. Er það svo? Í mínum huga er sagan samfelld og á síðustu árum – jafnvel bara á síðustu misserum – höfum við náð fram áföngum sem eiga eftir að standa uppúr þegar menn gera upp sögu þessa tímabils eftir einhverja áratugi.*

*Við erum stundum of kröfuhörð við okkur sjálf. Við eigum að sjálfsgöðu að gera miklar kröfur til okkar og hreyfingarinnar, en við megum ekki vera ósanngjörn. Við höfum alveg efni á því að gleðjast yfir þeim áföngum sem við höfum náð og þeir eru fjölmargir.*

*Við munum fjalla hér um stöðu og starfshætti verkalýðshreyfingarinnar í nútíð og framtíð. Við munum ræða hvernig hún verði best undir það búin að takast á við ný verkefni sem tengjast hnattvæðingunni og breyttu starfs-umhverfi stéttarféлага og stöðugt meiri kröfum sem gerðar eru til verkalýðsféлага og verkalýðshreyfingarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum undanfarin ár færst nær því að ráða við þessi verkefni og við höfum oftast leyst þau viðfangsefni sem hafa brunnið á okkur farsællega.*

*En betur má ef duga skal. Við höfum verið á rétttri leið – en við skulum feta okkur áfram eftir henni. Verkalýðshreyfingin er þungsigld skúta og hún ristir djúpt. Þess vegna skiptir svo miklu máli að kúrsinn sé réttur.*

*Í mínum huga er kúrsinn í öllum aðalatriðum réttur. En - við þurfum örugglega að stilla hann af lítilliga af og til - og þá gerum við það.*

*Ég hef ævinlega á stundum sem þessari lokið máli mínu með því að ræða um mikilvægi samstöðunnar. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mikilvægi hér og nú – verkefnin sem við okkur blasa kalla á samstöðu og í enn víðari skilningi en áður, því þau kalla í ríkari mæli á samstöðu á alþjóðlega vísu.*

*Ég er þeirrar skoðunar að við séum í öllum aðalatriðum reiðubúin til að takast á við þau verkefni og ef við höfum trú á því sjálf félagar – þá munu aðrir skynja það.*

*Sjötti ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur og ég vil biðja Ingi-björgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta sambandsins að taka við stjórn fundarins.”*

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tók við stjórn fundarins og gaf félagsmálaráðherra, Magnúsi Stefánssyni orðið.

## Ávarp félagsmálaráðherra

„Forseti Alþýðusambands Íslands, ágætu ársfundarfulltrúar.

Það er mér mikill heiður að fá tækifæri til að koma á ársfund Alþýðusambands Íslands og deila með ykkur upplýsingum um það helsta sem er að gerast í velferðar- og vinnumálum á vettvangi félagsmálaráðuneytisins. Eitt af því jákvæðasta í starfi ráðuneytisins er hin sterka hefð sem þar er fyrir samráði, ekki síst við aðila vinnumarkaðarins. Það er afar mikilvægt fyrir samfélagið að greið skoðanaskipti eigi sér stað á milli stjórnvalda, samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks um þau viðfangsefni sem blasa við á vinnumarkaðnum á hverjum tíma. Stjórnvöld mega ekki einangrast og gleyma því að þau starfa fyrir aðra og eiga fyrst og fremst að þjóna. Það vil ég leggja ríka áherslu á.

Í mínum huga er og verður atvinnuástandið mikilvægasti þátturinn í þjóðfélagi nútímans. Mér finnst það meginviðfangsefni í vinnumálum að allar vinnufúsar hendur eigi þess kost að taka virkan þátt í atvinnulífinu. Í síðustu viku barst ráðuneytinu yfirlitsskýrsla frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, sem tekur til árunna frá 1985 til 2005. Í skýrslunni eru birtar tölur um íbúafjölda, fjölda þeirra sem eru virkir á vinnumarkaði og um hlutfallslegt atvinnuleysi. Það er margt fróðlegt sem kemur í ljós þegar þessu riti er flett.

Í aðildarríkjum OECD þar sem staðan var tiltölulega góð var atvinnuleysi á síðasta ári um 6%. Flest ríkin búa við um og yfir 10% atvinnuleysi. Frá þessari reglu eru fáar undantekningar. Það er í raun aðeins eitt ríki sem sker sig úr hvað þetta snertir. Það er Ísland. Á síðasta ári var hlutfallslegt atvinnuleysi 2,1%. Í síðasta mánuði var atvinnuleysi hér á landi 1%. Er þetta tilviljun? Svar mitt er nei.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá fólki sú gagnrýni sem beint hefur verið að stjórnvöldum undanfarin misseri fyrir stefnu í stóriðju- og umhverfismálum. Fyrir tíu árum var atvinnuleysið hér á landi að festast í sama fari og í nágrannalöndunum, það var á bilinu fimm til sex prósent. Þá var sett fram sú stefna að störfum þyrfti að fjölga um tólf þúsund fram til ársins 2000. Það væri forsenda þess að atvinnustigið væri viðunandi. Þetta þótti ýmsum nokkuð glannalegt.

Í framhaldi af því var hafinn undirbúningur að margháttuðum aðgerðum sem höfðu það að markmiði að ná þessu takmarki. Ráðist var í virkjanir og samið um stækkun álvers í Straumsvík og nýtt álver á Grundartanga. Rannsóknir voru hafnar á virkjanakostum á Austurlandi og leitað samstarfs um



uppbyggingu orkufreks iðnaðar í fjórðungnum. Þetta, ásamt ýmsu öðru sem gerst hefur í þróun íslensks atvinnulífs gerir það að verkum að árangurinn blasir við hvert sem litið er. Íslendingar búa við besta atvinnuástand sem þekktist í Vestur-Evrópu, lífskjör eru með því besta sem þekktist í heiminum, við erum í hópi þeirra þjóða sem best standa sig þegar litið er til samkeppnishæfni atvinnulífsins. Er þetta tilviljun? Svar mitt er nei.

Félagslegt velferðarkerfi og menningarsamfélag verður ekki rekið án þess að tekjuöflunin sé trygg. Grunnurinn sem byggt er á verður að vera traustur. Vissulega verður að taka fullt tillit til viðkvæmrar og dýrmætrar náttúru og láta hana njóta vafans. En einsýni og ofstækisfull íhaldssemi í þessum efnun leiðir til stöðnunar og ófarnaðar.

Endurskoðun laga um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistrygginga-sjóð var lokið síðasta vetur og í framhaldinu lögð fram frumvörp sem Alþingi afgreiddi í júní síðastliðnum. Þau voru afrakstur mikillar og góðrar samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Að mínu mati felst stærsta breytingin í tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Nú geta bæturnar orðið hæstar 185.400 krónur. Þetta er auðvitað gífurleg breyting. Grunnbæturnar hækkuðu 1. júlí úr 93.701 krónu í 111.015 krónur. Þetta felur í sér mikla breytingu á högum þeirra sem eru atvinnulausir en þeir eru sem betur fer ekki margir um þessar mundir þrátt fyrir að hundruð hafi misst vinnuna á Sudurnesjunum síðustu mánuðina. Ég hef velt því fyrir mér hvernig ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar væri ef menn hefðu setið með hendur í skauti og látið reka á reidunum við að treysta undirstöður atvinnulífsins.

Þessa dagana kynnir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins drög að nýrri grænbók, en með slíkum bókum eru settar fram hugmyndir um breytingar á tilteknum sviðum. Grænbókin ber yfirskriftina: Aðlögun vinnulöggjafar til að tryggja sveigjanleika og öryggi fyrir alla. Markmiðið er að hefja umræðu um það með hvaða hætti er hægt að auka viðbragðshæfni evrópsks vinnumarkaðar þannig að stuðlað sé að fjármunamyndun og aukinni framleiðni. Þetta er talið nauðsynlegt til að mæta aukinni samkeppni sem leiðir af alþjóðavæðingunni. Segja má að sveigjanleiki og öryggi séu lykilorðin í bókinni eða „Flexicurity“ eins og það hefur verið nefnt á enskri tungu.

Sveigjanleikinn er talinn höfudeinkennið á íslenskum vinnumarkaði sem skýrir að minnsta kosti að hluta hversu vel okkur hefur gengið að takast á við erfiðleika sem hafa komið upp í atvinnu- og efnahagslífinu. Það hefur ríkt nokkuð góð sátt um að varðveita þetta einkenni. Meðal annars er atvinnuleysiskerfið okkar byggt upp á þessum forsendum þannig að um leið og við varðveitum sveigjanleikann veitir kerfið ákveðið öryggi fólks í tímabundnu atvinnuleysi.

Það er hins vegar alveg ljóst að bera þarf virðingu fyrir þeim kostum sem

sveigjanleikinn hefur í för með sér svo koma megí í veg fyrir misnotkun hans. Það hefur ríkt tiltekið siðferði á íslenskum vinnumarkaði sem sveigjanleikinn byggist á, siðferði sem við þurfum í sameiningu að varðveita. Þar höfða ég fyrst og fremst til atvinnulífsins sjálfs. Hætti menn að virða þær leikreglur sem hafa lengi viðgengist í samskiptum atvinnurekenda og launafólks á innlendum vinnumarkaði lít ég svo á að taka verði málin upp og ræða opinskátt. Við ætlum að standa vörð um þær samskiptavenjur sem hafa ríkt og það er alveg ljóst að stjórnvöld munu fylgjast vel með framgangi mála af hliðarlínunni.

Ágætu ársfundarfulltrúar.

Atvinna fólks er undirstaða velferðar þess. Því er mikilvægt að sem flestum verði veitt tækifæri til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði enda er mannauðurinn það dýrmætasta sem við eigum. Að þessu sameiginlega markmiði okkar er stefnt í nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

Hið nýja kerfi felur í sér einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem áhersla verður á getu hvers og eins. Studla þarf að uppbyggingu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar en markmiðið er tvímælalaust að sem flestir fái notið sín.

Með því að virkja einstaklingana erum við ekki einungis að draga úr kostnaði fyrir samfélagið til lengri tíma heldur fyrst og fremst að bæta lífsgæði einstaklinganna sjálfra sem hlýtur að skipta mestu máli þegar allt kemur til alls. Markviss starfsendurhæfing þar sem stefnt er á atvinnuþátttöku er til þess fallin að koma í veg fyrir fátækt og félagslega einangrun.

Í þessu sambandi skiptir áræðni einstaklinganna ekki síður máli. Gert er ráð fyrir að þeir séu reidubúinir að leggja sitt að mörkum til að hámarka getu sína með virkri þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og leggi sig alla fram við atvinnuleitina í jákvæðri samvinnu við ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Ég hef margoft útrekað það að hér þarf að koma til samvinna okkar allra: atvinnulífsins, stéttarfélaga, einstaklinganna og stjórnvalda. Ekkert okkar getur skorast undan ábyrgðinni á áframhaldandi uppbyggingu velferðarsamfélags. Okkar bíður því stórt samvinnuverkefni framundan við uppbyggingu kerfis vinnumarkaðaðgerða sem ég vona svo sannarlega að við náum að vinna vel saman að, svo unnt sé að byggja það á traustum grunni til framtíðar.

Eitt af meginviðfangsefnum þessa ársfundar Alþýðusambandsins er hnattvæðingin og íslenskur vinnumarkaður. Það er ljóst að áhrifin af alþjóðavæðingu efnahags- og atvinnulífs eru smám saman að koma í ljós með margvíslegum hætti. Fyrirtæki flytja starfsemi og framleiðslu til landa þar sem kaup og kjör eru mun lægri en í heimalandinu. Ákveðin hætta er á að dæmi verði um félagsleg undirboð og óöryggi starfsmanna.

Íslenskur vinnumarkaður er engin undantekning þegar þessi mál eru til

umfjöllunar. Íslensk fyrirtæki hafa nýtt sér þá kosti sem alþjóðavæðingin þykir meðal annars fela í sér og eru að hasla sér völl á vinnuörkuðum annarra ríkja, jafnvel annarra heimshluta sem í mörgum, ef ekki flestum tilvikum, eru ekki jafn þróaðir og sá sem við eigum að venjast. Mikilvægt er því að þessi fyrirtæki einblíni ekki eingöngu á fjárhagslegan ávinning sinn heldur verði einnig góðar fyrirmyndir, fyrirtæki sem beri virðingu fyrir starfsmönnum sínum og umhverfi. Þannig tel ég að fyrirtækin geti hámarkað hagnað sinn þegar til lengri tíma er litið.

Enn fremur hefur fjöldi starfsmanna af erlendu ríkisfangi þrefaldast hér á landi á mjög skömmum tíma. Gott atvinnuástand og mikil eftirspurn eftir vinnuafli hefur skipt sköpum og verið drifkrafturinn í þessari þróun. Stjórnvöld hafa haft tæki til að stjórna framvindunni og hafa nýtt þau til dæmis með setningu laga um starfsmannaleigur. Forsenda atvinnu- og dvalarleyfa hefur verið skortur á vinnuafli og þar af leiðandi hafa útlendingar sem hingað koma verið frá fyrsta degi virkir þátttakendur á vinnumarkaðnum. Þetta hefur verið mjög þýðingarmikið og unnið gegn því að útlendingar væru hornrekur og utangarðs í íslensku samfélagi. Við höfum skorið okkur úr að þessu leyti.

Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins frá maí 2004 hefur haft ákveðin áhrif á þessa þróun. Reynslan hefur sýnt ákveðinn hreyfanleika ríkisborgara nýju aðildarríkjanna en ríkisborgarar þessara ríkja hafa notið forgangs í laus störf hér á landi umfram ríkisborgara ríkja utan svæðisins. Þessi hreyfanleiki hefur orðið enn sýnilegri eftir 1. maí síðastliðinn er þessum ríkisborgurum var veittur réttur til að ráða sig til starfa hér á landi á sömu forsendum og Íslendingar.

Þessar breytingar sem hafa átt sér stað á tiltölulega skömmum tíma hafa skilað sér í miklum umræðum um aðstæður á vinnumarkaði. Ég vil undirstrika það hér að ég tel mjög mikilvægt að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga á innlendum vinnumarkaði raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem hafa mótast hér í gegnum tíðina fyrir tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins. Tryggja þarf að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda hér á landi sem og að stuðla að því að milliliðalaust ráðningarsamband milli vinnuveitanda og starfsmanna verði áfram meginreglan svo ég nefni dæmi.

Í því efni vil ég taka undir margt af því sem forseti Alþýðusambandsins sagði á Morgunvakt Ríkisútvarpsins í morgun um að við þurfum að vera vakandi og þar þykir mér mikilvægt að kalla atvinnulífið til ábyrgðar ekki síður en stjórnvöld. Af heimild til að ráða erlendan starfsmann leiðir ábyrgð um að uppfræða hann um réttindi og skyldur. Það er flókið og erfitt að átta sig á aðstæðum í nýju landi, þar sem aðrar reglur gilda en fólk hefur vanist í sínu heimalandi. Það er því mikilvægt að útlendingar sem koma hingað til starfa hafi kynnt sér íslenskar reglur, meðal annars hvar þeir eigi að skrá sig og

sækja um tilskilin leyfi til að dvelja hér á landi. Hér gegna aðilar vinnumarkaðarins lykilhlutverki, ásamt stjórnvöldum.

Eins og ykkur er kunnugt um fer starfshópur á vegum ráðuneytisins nú yfir stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði í mikilli og góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Meðal annars er fjallað um það hvort ástæða sé til að styrkja þær leikreglur sem hafa gilt á íslenskum vinnumarkaði. Ég legg á það áherslu að hópurinn skili tillögum í næsta mánuði og bind miklar vonir við starf hans.

Ég tel mikilvægt að við lítum til þess hvað nágrannaþjóðir okkar eru að gera á þessu sviði. Ég sat fund norrænna vinnuáráðherra fyrir tveimur vikum þar sem þessi mál bar á góma. Þar fór ekki á milli mála að Norðurlandaþjóðirnar eru allar að horfast í augu við sams konar verkefni í tengslum við breytingar á vinnumarkaði í kjölfar stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins. Ljóst er að þjóðirnar eru sammála um að varðveita það sem hefur einkennt vinnumarkaðinn í löndunum og nýta til þess margvísleg tæki. Í Finnlandi er mjög margt áhugavert að gerast og hið sama má segja um Noreg þar sem aðstreymi erlends vinnuafns hefur verið umtalsvert undanfarin misseri.

Á síðustu misserum hefur áhersla verið lögð á að stuðla að auknu aðgengi upplýsinga um íslenskt samfélag og stendur sú vinna yfir víða innan stjórnkerfisins. Um þessar mundir er innflytjendaráð að vinna að forgangsröðun verkefna og stefnumörkum í málefnum útlendinga til framtíðar. Eitt af forgangsverkefnum er smíði rits sem upplýsir erlenda ríkisborgara sem hingað koma um réttindi og skyldur á öllum sviðum samfélagsins. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka aðilum vinnumarkaðarins stuðning þeirra við þetta verkefni.

Margt er þegar vel gert í þessum efnum og nýlegt dæmi um slíka upplýsingamiðlun eru upplýsingar skattýfirvalda á nokkrum tungumálum sem er að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra. Enn fremur hefur Vinnueftirlit ríkisins gefið út bæklinga á fleiri tungumálum en íslensku og ensku um vinnuvernd og Tryggingastofnun ríkisins hefur haft aðgengilegar upplýsingar á nokkrum tungumálum um almannatryggingakerfið á heimasíðu sinni.

Upplýsingar á mörgum tungumálum duga þó skammt. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við verðum að tryggja aðgengi að íslenskunámi fyrir útlendinga og hvetja þá til að læra tungumálið okkar. Ég mun hafa tækifæri til þess sem félagsmálaráðherra að beita mér fyrir því að koma þeim málum í betra horf en svo virðist sem þar skorti ákveðna samvinnu og samræmi. Þetta er eitt af þeim málum sem ég vil sérstaklega beita mér fyrir að bæta, í samvinnu við samráðherra mína og aðra aðila.

Ágætu ársfundarfulltrúar:

Að vonum hefur mér orðið tíðrætt um vinnumálin. En það er fengist við fleiri mikilvæg verkefni í félagsmálaráðuneytinu.

Húsnæðismálin hafa verið og eru reglulega til umfjöllunar í félagsmálaráðuneytinu. Þetta er edlilegt ekki síst í ljósi þess að í vestrænum löndum hefur verið á því byggt að húsnæðisstefnan sé einn af hornsteinum velferðarsamfélagsins. Þetta á ekki síst um við um Norðurlöndin. Stefna íslenskra stjórnvalda er og hefur verið sú að tryggja öllum landsmönnum, óháð búsetu og efnahag, öryggi og jafnræði í húsnæðismálum með því að gera fólki kleift að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Um þessi markmið hefur verið rík pólitísk samstaða eins og síðast kom í ljós með einróma samþykkt Alþingis á breyttum lögum um húsnæðismál haustið 2004.

Íbúðalánasjóður hefur gegnt og mun, að mínu áliti, áfram gegna þýðingarmiklu hlutverki við framkvæmd þessarar stefnu. Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu undanfarið um stöðu og hlutverk Íbúðalánasjóðs. Ég hef á undanförunum vikum kallað til mín til samráðs fulltrúa ýmissa aðila í þjóðfélaginu, ekki síst fulltrúa neytenda, til þess að kalla eftir sjónarmiðum þeirra þegar húsnæðismál og aðgengi að húsnæðislánum fyrir almenning eru annars vegar. Þar hefur margt áhugavert komið fram. Að mínu mati er nauðsynlegt að við höldum áfram að ræða opinskátt um ýmsa þætti sem haft geta áhrif á húsnæðisverð og vaxtamyndun hér á landi með það að markmiði að tryggja svo hagstæð kjör sem kostur er á fyrir almenning í landinu. Það hlýtur að vera markmið okkar allra.

Ég hef hins vegar ákveðið að binda enda á þær vangaveltur sem verið hafa undanfarið um framtíð Íbúðalánasjóðs. Það er ljóst af minni hálfu að ekki verða gerðar aðrar breytingar á hlutverki Íbúðalánasjóðs á þessu kjörtímabili en hugsanlegar breytingar til að laga stöðu sjóðsins að ríkisstyrkja-reglum EES-samningsins og breytingar til að fara eftir tillögum stýrihóps um málefni Íbúðarlánasjóðs, þar sem meðal annars er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilað að fjármagna útlán sín með öðrum hætti en verið hefur og geti þannig lánað án ríkisábyrgðar.

Ég vil nefna hér við ykkur, ágætu ársfundarfulltrúar, að eitt af mikilvægustu viðfangsefnum okkar er launamunur kynjanna. Í síðustu viku kynnti ég niðurstöður úr viðamikilli könnun sem félagsmálaráðuneytið lét vinna sem benda til þess að ekkert hafi miðað við að jafna laun karla og kvenna síðastliðinn áratug. Könnunin leiðir í ljós að kynbundinn launamunur á Íslandi er tæplega 16 prósent. Þrátt fyrir að lög um launajöfnuð kvenna og karla hafi verið samþykkt á Alþingi árið 1961, sérstök lög um jafnrétti verið í gildi í þrjá áratugi og sérstakar áætlanir um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í jafnréttismál-

um verið endurnýjaðar reglulega síðan árið 1985 er árangurinn ekki meiri en raun ber vitni.

Jákvæð teikn um breytt viðhorf kynjanna á vinnumarkaði og styttri vinnutíma koma fram í niðurstöðunum en hafa enn einungis haft óveruleg áhrif á launamun kynjanna. Fyrir stjórnvöld er hins vegar afar jákvætt að lög um þriggja mánaða fedraorlof virðast tvímælalaust hafa áhrif á viðhorf og stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vísbendingar eru um að það muni hafa enn meiri áhrif í framtíðinni. Þessar vísbendingar eru líka ánægjulegar fyrir aðila vinnumarkaðarins en lög um fæðingarorlof eru mjög gott dæmi um afrakstur samvinnu þeirra og stjórnvalda.

Ég er þeirrar skoðunar að okkur beri að líta á rannsóknarniðurstöðurnar sem mikilvæga hvatningu til að gera betur. Ég lýsi yfir vilja mínum til að taka þátt í því að mynda breiða samstöðu um að eyða þessum launamun. Reynslan sýnir að hann mun ekki hverfa nema með víðtækri samvinnu stjórnvalda, stjórnmalamanna og síðast en ekki síst samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks. Ég hef þegar ákveðið að fá til liðs við mig fulltrúa Alþýðusambands Íslands ásamt sérfræðingum frá öðrum sviðum til þess að fara yfir stöðu mála og meta ásamt mér og mínu fólki næstu skref. Ég vil leiða besta fólkið að borðinu strax á næstu dögum. Það er í raun og veru ekki eftir neinu að bíða.

Ágætu ársfundarfulltrúar.

Ég hef í þessu ávarpi mínu farið yfir mikilvæg framfaramál sem hrundið hefur verið í framkvæmd á vegum félagsmálaráðuneytisins á sviði vinnu- og velferðarmála. Þótt mikið hafi verið gert á undanförunum árum eru fjölmörg viðfangsefni sem bíða úrlausnar. Forsenda umbóta og framfara er að atvinnulífið í landinu haldi áfram að blómstra og sé traust undirstaða fyrir tekjuöflun ríkissjóðs. Án tekna verður lítið gert. Stefnan er sú að viðhalda tryggu atvinnuástandi sem geri okkur kleift að viðhalda og bæta þá félagslegu þjódfélagsgerð sem hefur verið við lýði í þessu landi.

Það þarf að ríkja sátt um leikreglurnar sem gilda á vinnumarkaðnum og aðilar eiga að sýna hvor öðrum háttvísi og tilhlýðilega virðingu. Ósanngirni og misnotkun valds eru til þess fallin að draga úr félagslegri samstöðu. Árekstrar og misklíð eru ekki til þess fallin að auka framleiðni og afrakstur fyrirtækjanna. Þvert á móti er ánægt starfsfólk sem starfar í heilsusamlegu og öruggu vinnuumhverfi forsenda árangurs og mikilvægasta auðlind hvers fyrirtækis.

Verkalýðsfélögin eru afar mikilvægur vettvangur fyrir umræðu af þessu tagi og fyrir framþróun sem hefur áhrif á allt samfélagið. Þið eigið ekki að sitja hjá og bíða eftir því sem að ykkur er rétt. Nei, þið eigið að stýra þróuninni með okkur. Þessi ársfundur og vandaður undirbúningur fyrir hann ber verka-



*lýðshreyfingunni hér á landi gott vitni. Ég er sannfærður um að við munum eiga gott samstarf hér eftir sem hingað til og ég hlakka til að takast á við þau verkefni sem framundan eru í samvinnu við ykkur.*

*Að svo mæltu óska ég ykkur góðs gengis í ykkar ársfundarstörfum og ykkar mikilvægu störfum í þágu íslenskrar verkalyðshreyfingar.“*

## **Fundarsköp ársfundar**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bar upp tillögu um óbreytt fundarsköp frá síðasta ársfundi. Tillagan var samþykkt mótaskvæðalaust.

## **Kjörbréfanefnd**

Guðmundur Þ. Jónsson, formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar, sbr. skjal nr. 9. Í kjörbréfanefnd eiga sæti auk Guðmundar, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Ísleifur Tómasson.

*„Ágætu félagar.*

*Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga skipaði forseti ASÍ 9. október sl. eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna ársfundar sambandsins árið 2006:*

*Þann sem hér talar, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann LÍV og Ísleif Tómasson, starfsmann RSÍ.*

*Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 24. október sl. til að fjalla um innkominn kjörbréf og verklag vegna ársfundar ASÍ 2006.*

*Fram kom að samkvæmt 2. mgr. 30. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum á ársfund ASÍ árið 2006. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ á fundi sínum 5. september að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 3. mgr. 30. gr. Alls hafa því 292 fulltrúar seturétt á ársfundi ASÍ 2006.*

*24. október höfðu 63 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa á ársfundinn.*

*Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á ársfundinum:*

*Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.*

*Rétt er að taka fram að í framlögðum lista yfir kjörbréf sem lagt er til að verði samþykkt er ekki að finna kjörbréf vegna 8 fulltrúa VM - Félags vélstjóra og málmþæknimanna, vegna félagsmanna sem áður voru í Vélstjóraráfélagi*

Íslands. Aðildarumsókn væntanlegs sameinaðs félags vélstjóra og málmíðnaðarmanna innan Félags járníðnaðarmanna að Alþýðusambandi Íslands var samþykkt til bráðabirgða á fundi miðstjórnar ASÍ 30. ágúst. Fyrir liggur að staðfesta aðild VM - Félags vélstjóra og málmæknimanna, sem stofnað var formlega 14. október sl., að Alþýðusambandi Íslands hér á eftir í samræmi við 6. gr. laga ASÍ. Það er því ljóst að formleg afgreiðsla kjörbréfa framangreindra fulltrúa VM -Félags vélstjóra og málmæknimanna getur ekki orðið fyrr en aðild félagsins að ASÍ hefur verið staðfest.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagðan lista verði öll samþykkt.

Ef það eru athugasemdir sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri.

Einnig ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 24. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

*Breytingar á kjörbréfum verða kynntar þegar þær liggja fyrir.”*

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

### ***Kjör starfsmanna ársfundar***

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði tillögu um Þórunni Sveinbjörnsdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þórunn tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Jóhönnu Vilhelmsdóttur sem 1. varafundarstjóra og Þóru Stefaníu Jónsdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillaga Þórunnar var samþykkt samhljóða.

Því næst gerði fundarstjóri tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur og Guðmund I. Guðmundsson sem skrifara.

Sem ritara fundargerðar ársfundar gerði hún tillögu um Ingvar Sverrisson og Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur. Tillögur fundarstjóra voru samþykktar samhljóða.

### ***Inntaka Félags vélstjóra og málmæknimanna***

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tók til máls og gerði grein fyrir tillögu um aðild VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna að Alþýðusambandi Íslands.

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna sótti um aðild að Alþýðusambandi Íslands með bréfi dagsettu 5. apríl 2006. Þar kom fram, að í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna Félags járníðnaðarmanna og Vélstjóra-



félags Íslands þann 30. mars 2006 hafi verið samþykkt að sækja um aðild að Alþýðusambandi Íslands fyrir nýtt sameinað félag þessara stéttarféлага. Sótt er um beina aðild. Miðstjórn ASÍ vísaði umsókninni til umsagnar skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ sem fjallaði um málið en einnig til laganefndar sambandsins. Að fenginni umsögn þessara aðila samþykkti miðstjórn á fundi sínum 30. ágúst 2006 aðildarumsókn félagsins til bráðabirgða í samræmi við 6. gr. laga sambandsins.

Fyrir þessum ársfundi liggur samkvæmt 6. gr. laga ASÍ að staðfesta aðild VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna að ASÍ. Þórunn bar upp svohljóðandi tillögu:

*„Ársfundur ASÍ 2006 staðfestir aðild VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna að ASÍ sem samþykkt var til bráðabirgða á fundi miðstjórnar ASÍ þann 30.8 2006.“*

Finnbjörn A. Hermannsson tók til máls. Finnbjörn sagði að Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ hafi skipst í tvo hópa í afstöðu sinni til aðildarumsóknar hins nýja félags. Finnbjörn las síðan upp á fundinum álit sem minnihluti Skipulags- og starfsháttanefndar lagði fram á fundi nefndarinnar:

*„Að áliti minnihluta Skipulags- og starfsháttanefndar er það markmið laga Alþýðusambandsins að öll stéttarfélög geti átt aðild að sambandinu. En um leið er brýnt að lögum og skipulagi sambandsins sé þannig fyrir komið að það stuðli að því að friður sé milli félaganna um skipulag og að ljóst sé hvaða félag fari með samningsumboð á hverju samningssviði og sem ólíklegast sé að til árekstra komi milli félaga innan sambandsins vegna félagssvæða og samningssviða.*

*Með orðalagi 5. gr. laga ASÍ eins og lögín voru samþykkt á þingi sambandsins árið 2000 var í fyrsta lagi ætlunin að tryggja að landssamböndin sem mynda ASÍ og skipulag þeirra yrðu áfram sá grunnur sem byggt yrði á innan ASÍ. Í öðru lagi að þau landsfélög sem aðild áttu að ASÍ, sem ekki áttu aðild að landsamböndum, gætu að tilteknum skilyrðum uppfylltum áfram átt aðild að ASÍ.*

*Sú hugmyndafræði sem lá þessum tilætlunum til grundvallar var að til að landsfélag gæti átt beina aðild að ASÍ var ekki nóg að félagið sjálft skilgreindi sig sem slíkt heldur var talið að slíkt gæti aðeins átt við um félög sem raunverulega hefðu stöðu landsfélags og sem ekki væru með því að skilgreina sig sem landsfélag að teygja sig yfir samningssvið annars félags eða landsambands innan ASÍ. Á grundvelli þess varð það niðurstaðan til dæmis varðandi Bifreiðastjórðunarsfélagið Sleipni að það félag fullnægði ekki skilyrðum til að vera landsfélag innan ASÍ og þar sem félagið átti ekki heldur aðild að landssambandi innan ASÍ var félagið í raun rekið úr ASÍ.*

*Slíkar ákvarðanir, sem leiða til þess að félög eru rekin úr ASÍ eða koma í veg fyrir að ný félög geti átt aðild að ASÍ, eru neyðarbrauð. En ástæða þess að menn hafa talið nauðsynlegt að grípa til slíkra ráðstafana eru m.a. þær að ef fallist yrði á að samningssvið félaga innan ASÍ geti verulega skarast er hætta á að kerfi lágmarkskjara sem byggt hefur verið á hérlandis bresti. Það kerfi er ein drýgsta undirstaða tilveru verkalyðshreyfingarinnar og hefur tryggt hagsmuni launafólks.*

*Því sýnist afar óheppilegt að það geti orðið óljóst hvaða kjarasamningur skuli vera lágmarkskjör samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 með vísan til þess að innan ASÍ séu ólíkir kjarasamningar sem báðir eða margir taki til viðkomandi samningssviðs.*

*Eigi að fallast á aðild félags sem hefði samningsrétt á samningssviðum sem núverandi félög ASÍ fara nú með myndi það hafa í för með sér grundvallarbreytingu á skipulagi ASÍ og í raun fela í sér yfirlýsingu um að sambandið hyggist í framtíðinni ekki hafa afskipti af skörun samningssviða og þess í stað fallast á að félög innan þess raða hafi uppi óhefta „samkeppni“ um samningssvið og félagssvæði. Ef niðurstaða ársfundar ASÍ verður sú að fara þessa leið verður við það að una en að áliti minnihluta skipulagsnefndar kynni slíkt að vera upphafið að endalokum Alþýðusambandsins. Þrátt fyrir tilmæli til félaga um að gera samstarfssamninga hefur það ekki gengið eftir og etv. í ljósi þess að um minniháttar skörun er að ræða. En þegar landsfélag sem er með uppbyggingu landssambands kemur inni ASÍ á sama félagssvæði og samningssvið landssambands sem fyrir er í ASÍ er um verulega stefnubreytingu að ræða. Þar er ekki hægt að jafna saman við inngöngu Félags bókagerðarmanna eða formbreytingu Matvís. Þessu vill minnihluti Skipulags- og starfsháttanefndar vekja athygli á.“*

Finnbjörn kvaðst hafa setið hjá ásamt tveimur öðrum fulltrúum þegar aðildarumsókn félagsins kom til afgreiðslu í miðstjórn ASÍ 30. ágúst 2006. Kvaðst hann ætla að hafa sama háttinn á nú.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir upplýsti að beiðni um leynilega atkvæðagreiðslu hafi verið lögð fram og gerði fundinum síðan grein fyrir framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Atkvæði féllu þannig að 137 fulltrúar sögðu já eða 55,99%. 108 fulltrúar sögðu nei eða 44,1% og auð og ógild atkvæði voru 13 talsins.

Tillaga um aðild VM– Félags vélstjóra og málmteknimanna að Alþýðusambandi Íslands var því samþykkt.

Grétar Þorsteinsson tók til máls og óskaði nýju félagi velfarnaðar á nýjum vettvangi. Sagði hann að fengur væri að félaginu innan raða ASÍ.

## **Afgreiðsla kjörbréfa vegna VM**

Guðmundur Þ Jónsson las upp tillögu að kjörbréfi vegna átta fulltrúa hins nýja aðildarfélags VM, Félags vélstjóra og málmæknimanna.

„*Þar sem aðild VM - Félags vélstjóra og málmæknimanna að Alþýðusambandi Íslands hefur nú verið samþykkt leggur kjörbréfanefnd til að kjörbréf eftirtalinna fulltrúa félagsins verði samþykkt:*

## **Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana**

Grétar Þorsteinsson tók til máls og vakti athygli ársfundarfulltrúa á ýmsu efni sem búið var að dreifa til þeirra, þ.m.t. ritinu „Árið í hnotskurn” sem nú kemur út fjórða sinni. Því riti verði dreift víða en skýrsla forseta sé hins vegar fyrst og fremst fyrir okkar hóp.

Forseti ASÍ fylgdi síðan skýrslu forseta úr hlaði með eftirfarandi ræðu:

„*Fundarstjóri - félagar*

*Skýrslu forseta um störf Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi til dagsins í dag hefur verið dreift.*

*Ég ætla ekki að fjalla í löngu máli um skýrsluna sjálfa, hún er mikil að vöxtum og ég vona að í henni fái fundarmenn nauðsynlegar upplýsingar um þau verkefni sem unnið hefur verið að á vettvangi Alþýðusambands Íslands á starfsárinu.*

*Fyrir fundinum liggur margvíslegt annað útgáfuefni og hefur verið fjallað sértaklega um sumt. Jafnframt gefum við út Árið í hnotskurn – nú í fjórða sinn, þar sem sagt er í stuttu máli frá nokkrum af viðfangsefnum okkar ár árinu. Þessu riti er dreift víða, á meðan skýrsla forseta miðast einkum við okkar eigin not.*

*Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á það helsta sem hefur á daga okkar drifið frá því við komum saman hér á þessum sama stað fyrir ári síðan.*

*Það hefur hvorki meira né minna en komið tvívegis til endurskoðunar kjarasamninga á tímabilinu. Hið fyrra var fyrirbyggjandi, því í kjarasamningum frá árinu 2004 var kveðið á um að fara skyldi yfir verðlagsforsendur fyrir miðjan nóvember.*

*Þegar við vorum hér fyrir ári síðan var enginn efi í okkar huga um að verðlagsforsendur kjarasamninganna væru brostnar. Við skömmuðum ríkisstjórnina fyrir óstjórn í efnahagsmálum – og ég held að flestir hafi verið okkur sammála um að hún væri helsta orsök óstöðugleika og óvissu.*

*Í svokallaðri forsendunefnd náðist þó samkomulag milli okkar og Samtaka atvinnulífsins um ákveðna launaleiðréttingu og síðan gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við endurskoðunina.*

*Hún fól í sér nokkra mikilvæga áfanga sem til lengri tíma munu treysta*

stöðuna á vinnumarkaði. Þar er í fyrsta lagi um að ræða hækkun grunnbóta atvinnuleysistrygginga og tekjutengingu þeirra. Þetta er gamalt baráttumál og skiptir miklu máli fyrir þá sem verða fyrir því að missa vinnuna, því við þekkjum það að reikningarnir hætta ekki að detta inn um lúguna þó fólk missi vinnuna. Jafnframt var um að ræða áherslu á markviss úrræði, ráðgjöf og hjálfun, þar sem miða skal við aðstæður og þarfir hvers og eins og eiga að auðvelda leit að nýju starfi.

Ríkisstjórnin hét því í öðru lagi að leggja fram umtalsverða fjármuni til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambandsins og SA. Þetta er afar mikilvægt, því með þessu er ríkisstjórnin að fallast á það sjónarmið okkar að það sé eðlilegt að kostnaður vegna örorku sé ekki alfarið á kostnað okkar, heldur samfélagsins í heild.

Síðan fólst í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fyrirheit um að lög yrðu sett um starfsmannaleigur og auk þess að ríkisstjórnin ætlaði að setja 100 milljónir króna til viðbótar í að efla fullorðinsfræðslu.

Eins og við vitum, gerðu kjarasamningarnir ráð fyrir því að í nóvember á þessu ári kæmi aftur til endurskoðunar, en í vor komu forystumenn atvinnurekenda að máli við okkur og óskuðu eftir viðræðum um að endurskoðuninni yrði flýtt. Rökin voru einkum þau, að verðbólga væri komin á hættulegt stíg og að það ýtti undir óvissu á vinnumarkaði.

Í framhaldi af viðræðum okkar við atvinnurekendur var rætt við ríkisstjórnina um það með hvaða hætti hún væri reiðubúin að koma að því verkefni að slá á verðbólguna.

Þann 22. júní var síðan undirritað samkomulag aðila. Það fól í sér að taxtalaun hækkðu um 15 þúsund og þeim sem ekki voru á töxtum var tryggð að minnsta kosti 5,5% launahækkun á liðnum 12 mánuðum.

Auk þess stóðu Alþýðusambandið og SA sameiginlega að tillögugerð um vinnumarkaðsmál sem varða erlenda starfsmenn, gerviverktöku, opinber innkaup og lögbrot í atvinnustarfsemi.

Aðkoma ríkisstjórnarinnar tengdist hækkun skattleysismarka og tengingu þeirra við neysluverðsvístölu, endurskoðun vaxtabóta ef í ljós kæmi að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum – sem sannarlega hefur komið í ljós. -- Barnabætur skyldu miðast við 18 ár eins og sjálfræðisaldurinn. Ennfremur lofaði ríkisstjórnin auknum fjármunum til starfsmenntamála og fullorðinsfræðslu – alls 120 milljónir - , auk hækkunar grunnbóta atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga til jafns við hækkun lægstu launa.

Í kaflanum um félags- og vinnumarkaðsmál er sérstaklega fjallað um ný lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Þar er jafnframt nokkur umræða um jafnréttismál, en eins og flestir vita, höfum við lagt aukna

áherslu á starf sem stuðlað getur að jöfnum réttindum og kjörum kvenna og karla.

Hér á ársfundinum er í fyrsta sinn dreift svokölluðu kynjabókhaldi, sem felur í sér samantekt á því hvernig við sjálf – félög og sambönd – stöndum okkur í þessu sambandi þegar að því kemur að skipa fólki til verka.

Sé þetta gert á hverju ári, þá safnast upp mikilvægur samanburður, sem hægt er að nota sem leiðsögn í jafnréttismálum í framtíðinni.

Það er búið að vera mikið um að vera á vettvangi fræðslumálanna. Báðar endurskoðanirnar sem ég ræddi um áðan undirstrikuðu með skýrum hætti hve mikilvægt þetta starf er í okkar augum.

Síðan er gaman að rifja það upp á að á árinu útskrifaðist fyrsti hópurinn úr háskólanáminu fyrir talsmenn stéttarfélaga, sem við hrintum af stokkunum fyrir tveimur árum, í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Það var fríður 25 manna hópur sem útskrifaðist úr þessu námi í vor og ánægjulegt að segja frá því að nú eru 27 einstaklingar í þessu námi.

Auðvitað hafa skipulagsmálin og umræða um málefni útlendinga verið fyrirferðarmikil í starfi okkar á árinu, en ég gerði báðum þessum málum nokkur skil í setningarávarpi mínu í gær og læt það duga.

### Félagar

Við minnumst þess nú að á þessu ári eru 90 ár frá því að Alþýðusamband Íslands var stofnað með því að fulltrúar nokkurra verkalyðsfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði komu saman og stofnuðu Alþýðusambandið.

Við rifjum upp þessa sögu með stolti. Við höfum litið þannig á, að allt árið sé afmælisár og höfum minnst þess með margvíslegum hætti. Þannig voru útbúnir fánar þar sem dregin voru út nokkur ártöl sem tengjast mikilvægum áföngum í þessari 90 ára sögu, en hluti þeirra er hér í salnum.

Þessir fánar voru hengdir upp við Laugavegin fyrir fyrsta maí og stóðu þar í nokkurn tíma. Samskonar fánar voru settir upp á nokkrum þéttbýlisstöðum víða um land í sumar þar sem þeir stóðu í nokkrar vikur og vöktu verðskuldaða athygli.

Auðvitað verða sögunni ekki gerð skil með sanngjörnum hætti með því að draga út nokkra áfanga og segja frá þeim í myndum.

Þess vegna er það mér mikið ánægjuefni að greina frá því hér að miðstjórn samþykkti á síðasta fundi sínum, samkomulag við Sumarliða Ísleifsson, sagnfræðing, um að hann tæki að sér að rita sögu ASÍ og búa hana til útgáfu. Samningurinn var undirritaður í framhaldi af því í fyrradag. Það er ljóst að þetta er viðamikil verk. Um þetta mál er búið að vera mikil umfjöllun allt þetta ár á vettvangi miðstjórnar. Sem hluti af undirbúningnum var haldinn

*fundur með ýmsum fræðimönnum, eldri félögum og miðstjórn í september síðastliðnum. Sá fundur heppnaðist afar vel og gefur fyrirheit um framhaldið.*

*Ég vænti mikils af samstarfinu við Sumarliða og ég á von á því að það sé okkur öllum hjartans mál að þetta verk sé komið í farsælan farveg. Það er einnig vel við hæfi að frá málinu sé gengið á 90 ára afmælisárinu.*

*Félagar,*

*Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það sem við höfum sýslað á árinu. Þið eigið að hafa það í aðalatriðum skjalfest fyrir framan ykkur.*

*Að lokum vil ég þakka félögum mínum í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi.”*

Gylfi Arnbjörnsson gerði grein fyrir samstæðureikningi ASÍ og einstakra stofnana. Af reikningunum má sjá að fjárhagsleg staða ASÍ er traust. Félagslegir skoðunarmenn og miðstjórn hafa samþykkt reikningana.

Engar umræður urðu um skýrslu eða reikninga.

Fundarstjóri bar ársreikning ASÍ undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

## ***Málefni – framsögur, umræður og afgreiðsla***

### **Hnattvæðingin**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Gylfi Arnbjörnsson kynntu drög að tillögum ASÍ um ábyrga og réttláta hnattvæðingu, „Ísland og hnattvæðingin – staða launafólks“. Með kynningunni voru sýndar slæður með myndum er vísa til áhrifa hnattvæðingar á hagsmuni launafólks.

Á undan kynningunni var sýnt stutt brot úr myndinni Powaqqatsi, Life in transition frá 1988 eftir Godfrey Reggio. Myndin, sem er án orða, lýsir á mjög áhrifaríkan hátt þeim árekstrum sem orðið hafa í þróunarríkjum milli hefðbundinna lífshátta annars vegar og nýrra atvinnuhátta hins vegar vegna iðnvæðingar þeirra að vestrænni fyrirmynd.

Fjölmarginir ársfundarfulltrúar tóku til máls.

Gefinn var út sérstakur ritlingur með tillögum og síðan samþykktum ASÍ varðandi hnattvæðinguna og vísast til hans varðandi efnislegt innihald.

### **Aðrar tillögur**

Kolbeinn Gunnarsson tók til máls og gerði grein fyrir tillögum Hlífar. Um er að ræða ályktun um ILO samþykkt nr. 158, ályktun um hærri skattleysismörk

og áskorun til stjórnvalda um að standa fyrir könnun á kostum og göllum þess að taka upp evru sem gjaldmiðil hér á landi.

Guðmundur Ingi Kristinsson tók til máls og kynnti nokkrar ályktunartilögur. Þær eru ályktun um að fallið verði frá skerðingu örorkubóta, ályktun um tekjutengingar launa maka við bætur örorkulífeyrisþega, ályktun um ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna og ályktun um eignir lífeyrissjóða í bótasjóðum tryggingafélaga.

Guðmundur Gunnarsson kynnti tillögu um eflingu starfsnáms á framhaldsskólastigi.

Fjallað var um tillögurnar í nefndum og á sumum þeirra voru gerðar breytingar og öðrum steypt saman. Endanleg útgáfa þeirra er birt í kaflanum um samþykktir ársfundar.

### ***Staða og starfshættir verkalyðshreyfingarinnar og lagabreytingar***

Miðstjórn lagði fram tillögur að talsvert viðamiklum breytingum á lögum ASÍ. Jafnframt lagði VR fram allnokkrar tillögur að breytingum á lögum. Tillögurnar voru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi var um að ræða tillögu er varða skipan miðstjórnar, stærð hennar og framkvæmdastjórn. Þessar tillögur fela í sér breytingar á nokkrum lagagreinum. Í öðru lagi er um að ræða tillögu um að hverfa frá ársfundum til þinga á tveggja ára fresti og í þriðja lagi var um að ræða tillögu er lúta að hreinsun og samræmingu ýmissa lagagreina.

Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað til fundargerðar Ársfundar ASÍ og lög ASÍ eftir eins og þau liggja fyrir að afloknum ársfundi.

### ***Kosningar og kosningaúrslit***

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar. Grétar Þorsteinsson var einn í kjöri til embættis forseta, til ársfundar 2008.

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda aðalmenn í miðstjórn, til ársfundar 2008:

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju (SGS), Finnbjörn A. Hermannsson, Trésmiðafélagi Reykjavíkur (Samiðn), Örn Friðriksson, VM (Bein aðild), Sigurður Bessason, Eflingu – stéttarfélagi (SGS), Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA (LÍV), Stefanía Magnúsdóttir, VR (LÍV), Ragna Larsen, Báran stéttarfélag (SGS), sem er kjörin til ársfundar 2007.

Varamenn, samkvæmt tillögu kjörnefndar eru eftirtalin: Georg Páll Skúla-son, Félagi bókagerðarmanna (Bein aðild), Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja (LÍV), Kolbeinn Gunnarsson, Vlf. Hlíf (SGS), Kristín Björnsdóttir, Verslunarmannafélagi Austurlands (LÍV), Níels S. Olgeirsson,



MATVÍS ( Bein aðild ), Hilmar Harðarson, FIT (Samiðn), Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Vökull (SGS), sem er kjörin til ársfundar 2007.

Tillaga kjörnefndar um forseta og miðstjórn var samþykkt samhljóða.

### ***Tillaga um kjörnefnd til loka ársfundar ASÍ 2007***

Gerð er tillaga um að sömu einstaklingar og skipuðu kjörnefnd til loka ársfundar 2006, skipi kjörnefnd til loka ársfundar 2007. Þau eru: Stefanía Magnúsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Ísleifur Tómasson, Guðmundur Þ. Jónsson, Kolbeinn Gunnarsson, Þorbjörn Guðmundsson, Níels S. Olgeirsson, Konráð Alfreðsson og Ásgerður Pálsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

### ***Samþykktir ársfundar***

#### ***Ályktun um nýjan framhaldsskóla***

*Ársfundur ASÍ 2006 felur miðstjórn Alþýðusambands Íslands að vinna að því að tillögum starfsnámsnefndar frá því í sumar verði sem fyrst hrint í framkvæmd. Tillögurnar fela í sér breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem Nýi framhaldsskólinn verði ein heild án aðgreiningar í bóknám og verknám. Ársfundurinn telur að hér sé um mikilsvert hagsmunamál að ræða sem er til þess fallið að auka veg og virðingu starfsnáms á framhaldsskólastigi.*

*Forsenda þess að markmið um Nýjan framhaldsskóla nái fram að ganga er að nægilegt fjármagn verði tryggt til að þróa öflugt og fjölbreytt starfsnám.*

#### ***Greinargerð:***

*Starfsnámsnefnd gerir tillögu um breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem nýr framhaldsskóli verði ein heild án aðgreiningar í bóknám og verknám.*

#### ***Megintillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:***

- *Afnumin verði aðgreining náms í framhaldsskólum, þ.e. á milli bóknáms og starfsnáms.*
- *Nýr framhaldsskóli verði ein heild með fjölmörgum mismunandi námsleiðum. Skólum verði veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við lokamarkmið námsins, þarfir nemenda og kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs þannig að nemendur verði sem best búnir undir það nám/atvinnu er við tekur. Nemandinn ljúki náminu á þeim tíma sem nauðsynlegur er með tilliti til þessara þátta.*



- Námið verði kjarni í íslensku, stærðfræði og ensku. Kjarni og nám umfram kjarna samkvæmt námskrá sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu verði metið jafnt til stúdentsprófs.
- Nám í hinum Nýja framhaldsskóla umfram kjarna verði skipulagt með formgerðu samstarfi framhaldsskóla og háskóla með tilliti til frekara náms og með samstarfi framhaldsskóla og atvinnulífs í gegnum starfgreinaráðin.
- Stúdentspróf getur verið áfangi á leið nemanda til skilgreindra námsloka á tiltekinni námsleið.
- Almenna hluta aðalnámskrár og öðrum reglugerðum um skólastarf verði steipt saman í eina reglugerð um framkvæmd og skipulag skólastarfs í framhaldsskólum.
- Námskrár og lýsingar á einstökum námsleiðum hafi ekki reglugerðarígildi heldur verði staðfestar af menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ráðherra með umburðarbréfi til skólanna.
- Náms- og starfsráðgjöf verði eflað í framhaldsskólum.
- Heimilt verði að setja á eins til þriggja ára nám á fagháskólastigi.
- Samstarfsnefnd um starfsnám verði lögð af og ný nefnd stofnuð „Samráðsnefnd starfsgreinaráða”.
- Ný samráðsnefnd starfsgreinaráða sem verður skipuð þannig, ráðherra skipi tvo fulltrúa og annar þeirra verði formaður, aðrir í nefndinni verði formenn starfsgreinaráðanna.
- Starfsgreinaráðum fækkað úr 14 í 9.
- Starfsgreinaráðin verði vistuð með formlegum hætti
- Starfsgreinaráðin verði skipuð 5 fulltrúum, 2 fulltrúar frá samtökum atvinnurekenda,
- 2 fulltrúar frá samtökum launafólks og 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.
- Starfsgreinaráð skipi faghópa fyrir hverja starfsgrein undir ráðinu.
- Vinnustaðanám þar er vísað í skýrslu nefndar um vinnustaðanám, er nefndin sammála henni í meginatriðum.

Starfsnámsnefnd lítur svo á að nauðsynlegt verði að setja meira fjármagn til samráðsnefndar, starfsgreinaráðanna og samstarfs skólalista.

Starfsnámsnefnd leggur til að menntamálaráðuneytið skipi þriggja manna starfshóp er annist kynningu og innleiðingu hins Nýja framhaldsskóla og gert verði ráð fyrir tveggja ára starfstíma þessa hóps.

## **Samþykkt nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda**

*Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 skorar á Alþingi að fullgilda á yfirstandandi þingi samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnuálastofnuninni og tryggja með því íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annarra vestrænna þjóða. Fundurinn minnir á að ályktanir um sama efni hafa verið samþykktar á ársfundum Alþýðusambandsins á undanförunum árum.*

*Fáist stjórnvöld ekki til að fullgilda fyrrgreinda samþykkt verði krafa um sambærilega ákvæði og í henni eru sett í kröfugerð verkalýðsfélaganna þegar nógildandi heildarkjarasamningar renna út.*

### **Greinargerð:**

*Eins og málum er nú háttað hér landi er atvinnurekanda leyfilegt að segja starfsmanni upp starfi án þess að geta um ástæðu uppsagnarinnar. Í samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er aftur á móti sett það skilyrði að atvinnurekandi skuli ávallt, með eins góðum fyrirvara og hægt er, upplýsa viðkomandi stéttarfélag og trúnaðarmann um ástæðu uppsagnar starfsmanns.*

*Ef atvinnurekandi, einhverra hluta vegna, bregst þeirri skyldu sinni að upplýsa stéttarfélagið og viðkomandi trúnaðarmann tímanlega um uppsögn starfsmanns þá telst uppsögnin ógild.*

*Fjölmörg önnur ákvæði er að finna í samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Meðal annars eru taldar upp eftirfarandi ástæður sem ekki teljast gildar til uppsagnar:*

- a) aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda;*
- b) að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur;*
- c) að hafa borðið fram kæru eða tekið þátt í málsókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum, reglugerðum eða kjarasamningi eða að hafa leitað aðstoðar hlutadeigandi stjórnvalds;*
- d) kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúar- brögd, stjórnmalaskoðun, þjóðernislegur eða félagslegur uppruni;*
- e) fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi;*
- f) aldur starfsmanns;*
- g) fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa.*

### **Ályktun um afnám tekjutengingu bót við laun maka**

*Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 skorar á Alþingi að afnema tekjutengingu bóta almannatrygginga við laun maka.*

## **Greinargerð:**

*Í dag er réttur einstaklinga til bóta almannatrygginga að nokkru leyti háður tekjum maka. Í þessu felst gróft misrétti gagnvart viðkomandi einstaklingum. Það er óviðeigandi að öryrkjar og ellilífeyrisþegar séu þannig gerðir háðir mökum sínum um framfærslu.*

## **Ályktun um örorkubyrði lífeyrissjóða**

*Lífeyrissjóðir standa frami fyrir miklum vanda vegna vaxandi örorkubyrði sjóðanna. Vandinn er tvíþættur; að óbreyttu verður að skerða ellilífeyri til að mæta vaxandi örorkulífeyri eða að skerða örorkulífeyri. Mikilvægt er að verja réttindi félaga okkar sem fá lífeyri frá sjóðunum, jafnt þeirra sem njóta örorku- og ellilífeyris.*

*Við endurskoðun kjarasamninga 2005 náðist mikilvægur áfangi með samkomulagi við ríkisstjórnina um að ríkisvaldið tryggði lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA fjármagn til að mæta vaxandi örorkubyrði sjóða og jafna hana milli þeirra. Í samkomulaginu var einnig ákveðið að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða og stjórnvalda sem fjallað hefur um breytingar á viðmiði örorkumats og um leiðir til að efla starfsendurhæfingu.*

*Ársfundur Alþýðusambands Íslands beinir því til miðstjórnar ASÍ að fylgja þessu máli eftir af fullum þunga.*

## **Ályktun um skattamál**

*Ársfundur Alþýðusambands Íslands áréttar þá stefnu sína að skattkerfið eigi að jafna tekjur í samfélaginu. Því fagnar ársfundurinn þeim áfanga sem náðist við endurskoðun kjarasamninganna í sumar þegar ríkisstjórnin féllst á að gera umtalsverðar breytingar á skattalagafrumvarpi sínu í þá veru að hækka skattleysismörkin í 90.000 kr. frá og með næstu áramótum. Jafnframt lýsti ríkisstjórnin því yfir að framvegis myndi persónuafslátturinn hækka í takt við verðbólgu.*

*Þessi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er mjög mikilvæg í ljósi þess að skattleysismörkin hafa verið að rýrna allar götur síðan staðgreiðslukerfinu var komið á laggirnar 1988 og hefðu að óbreyttu átt að vera nálægt 105.000 kr. í dag. Hækkunin nú markar þó tímamót. Þessi hækkun skattleysismarkanna kemur lág- og millitekjufólki sérstaklega til góða og mun auka ráðstöfunartekjur þeirra meira en verið hefði með óbreyttum áformum ríkisstjórnarinnar.*

*Ársfundurinn telur það forgangsverkefni að létta sérstaklega skattbyrði þeirra sem lægri hafa tekjurnar næst þegar svigrúm gefst til skattkerfisbreytinga.*

## Ísland og hnattvæðingin

*Gefinn var út sérstakur bæklingur með samþykkt ársfundar um Ísland og hnattvæðinguna og er vísað til hans hér.*

### Fundarslit

*Fundarstjórar - góðir félagar.*

*Við höfum nú tæmt dagskrá þessa sjötta – ársfundar ASÍ.*

*Þetta eru búnir að vera viðburðaríkir dagar og ég er þeirrar skoðunar að við höfum komist yfir mikið efni á þó ekki lengri tíma. Þannig voru hnattvæðingunni og stöðu launafólks gerð útarleg skil í framsögu í gær og síðan áfram í málstofum og nefndum. Við kynntumst afrakstrinum af nefndastarfinu í dag og ég er þess fullviss að sú vinna verður okkur góð leiðsögn í þeirri vinnu sem er framundan.*

*Framsögurnar í málstofunum og þær umræður sem þar fóru fram voru afar fróðlegar. Það versta var að geta ekki tekið þátt í þeim öllum. Það liggur hins vegar eftir umtalsvert efni úr þeim sem við munum geta notfært okkur á marga lund í vinnunni framundan.*

*Fyrir ársfundinum lágu röttækar tillögur um breytingar á skipulagi Alþýðusambandsins. Það liggur fyrir að þær hlutu ekki brautargengi á fundinum. Ég hef ekki áhyggjur af því að við missum fótanna þrátt fyrir þessar málalyktir. Þessi niðurstaða er staðfesting á að allstór hluti ASÍ er væntanlega sáttur við það skipulag sem við búum við. Í mínum huga er það engu að síður ljóst að miðað við þær breytingar sem hafa orðið í okkar umhverfi á síðustu árum og eru fyrir séðar í næstu framtíð þá hljóta skipulagsmálin að verða ágeng. Það eru mörg sóknarfæri fyrir launafólk og ég held að þeim viðhorfum sé að vaxa fylgi að það sé farsælla að ganga af gætni og ábyrgð um gleðinnar dyr, en ekki með því yfirbragði græðgi og fyrirhyggjuleysi sem við höfum orðið vitni að undanfarið.*

*Við munum áfram leggja okkar af mörkum í þessu efni og leita allra leiða til að rödd okkar heyrst og hagsmunir launafólks séu hafðir í forgrunni. Ég horfi meðal annars með hjartsýni til væntanlegra viðræðna við BSRB og ef til vill fleiri samtök opinberra starfsmanna í því sambandi.*

*Hagdeildin kynnti haustspána eins og venja er um þetta leyti og það eru að sumu leyti jákvæðari teikn á lofti í efnahagslífinu en oft áður, þótt verðbólga sé auðvitað langt yfir því sem við getum sætt okkur við.*

*Á þessu ári höfum við minnst þess með ýmsum hætti að það eru 90 ár frá því að Alþýðusambandið var stofnað. Hér í salnum má sjá ýmsar áminningar um sigra og áfanga í 90 ára samfelldri baráttusögu. Það væru ýkjur að halda því fram að þetta hafi verið ein samfelld sigurganga og það hafa skipst á skin og skúrir.*

Mig langar þó að biðja ykkur sem snöggvast, félagar, að reyna að gera ykkur í hugarlund hvernig væri umhorfs á Íslandi ef verkalýðshreyfingarinnar hefði ekki notið við. Það er auðvitað engin leið fyrir okkur að segja nákvæmlega til um hvernig hlutirnir væru, en ég held að við getum öll verið sammála um að þeir væru talsvert öðruvísi. Það væri ekki jafn gott og raun ber vitni að búa á Íslandi. Við byggjum ekki við þau lífskjör sem við búum við í dag.

Vissulega hefur þetta oft verið óttalegt streð og stundum finnst manni hvorki ganga né reka. Þegar upp er staðið og við lítum um öxl – þá sjáum við fljótt að vinnan hefur skilað okkur heilmiklu. Það er ágætt að gera það og við eigum að láta það eftir okkur stundum að staldra við, líta um öxl – segja við okkur: Þetta var nú ekki svo slæmt hjá okkur. Við stóðum okkur bara ágætlega. Með vinnunni höfum við átt stóran þátt í að skapa samfélag, og þetta samfélag – okkar veröld – er baráttunnar virði.

Það líður að lokum þessa fundar.

Ég vil sérstaklega þakka ykkur fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með því að kjósa mig forseta til næstu tveggja ára.

Jafnframt vil ég óska þeim sem hér hafa verið kjörnir til starfa í miðstjórn til hamingju. Þar koma inn sem nýir aðalmenn í miðstjórn Ragna Larsen, Örn Friðriksson og til vara Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Hilmar Harðarsson og Niels Olgeirsson sem tekur sæti sem varamaður en var áður aðalmaður í miðstjórn. Einnig vil ég þakka Jóni Inga Kristjánssyni fyrir samstarfið en hann lét af störfum á árinu og sömuleiðis Þorsteini Gunnarssyni en hann hættir nú sem varamaður í miðstjórn.

Að lokum vil ég þakka fundarstjórum og riturum fyrir störf sín, sem hafa gengið fram af mikilli röggsemi.

Við skulum gefa þessum félögum okkar gott klapp. Jafnframt þakka ég starfsfólki Alþýðusambandsins og öðrum þeim sem hafa tekið þátt í að gera framkvæmd fundarins jafn góða og hún hefur verið. Hún hefur verið með miklum ágætum.

Ég vil biðja starfsfólkið að koma í salinn og gefa okkur kost á að þakka fyrir með lófaklappi.

Félagar,

Ég þakka ykkur fyrir samstarfið þessa tvo daga og óska öllum góðrar heimferðar.

Sjötta ársfundi Alþýðusambandsins er slitið.

# Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2006

## Bein aðild að ASÍ

### Félag bólkagerðarmanna

Bragi Guðmundsson  
Georg Páll Skúlason  
Sæmundur Árnason  
Þorkell Svarfdal Hilmarsson

### VM - Félag vélstjóra og málmtæknumanna

Guðmundur Smári Guðmundsson  
Gunnar Skagfjörð Gunnarsson  
Haraldur Guðjón Samúelsson  
Pétur V Maack Pétursson  
Samúel Ingvason  
Örn Friðriksson

### MATVÍS

Jón Karl Jónsson  
Níels Sigurður Olgeirsson  
Sigurður Magnússon  
Þorsteinn Ómar Gunnarsson

### Félag ísl. hljómlistarmanna

Árni Friðrik Scheving  
Sigurgeir Sigmundsson

### Félag leiðsögumanna

Ragnheiður Björnsdóttir

### Flugfreyjufélag Íslands

Ástríður Helga Ingólfsdóttir  
Sigrún Jónsdóttir

### Mjólkurfræðingafélag Íslands

Kristján Rudolf Larsen

## Landssamband

## ísl.verzlunarmanna

### VR

Alda Særún Guðbjörnsdóttir  
Alfreð Gústaf Maríusson  
Anna Björg Siggeirsdóttir  
Anna Þórðardóttir Bachmann  
Arngrímur Friðrik Pálmason  
Árni Steingrímsson  
Árni Sveinn Pálsson  
Ásmundur I Þórisson  
Benedikt Vilhjálmsson  
Bjarnís Lárusdóttir  
Björk Felixdóttir  
Dóra Sólrún Kristinsdóttir  
Eðvald Geirsson  
Einar Magnús Nikulásson  
Elías Guðmundur Magnússon  
Elín Hilmarsdóttir  
Elísabet Magnúsdóttir  
Elsa Unnur Guðmundsdóttir  
Grétar Hannesson  
Guðmundur H Garðarsson  
Guðmundur Ingi Kristinsson  
Guðmundur J Jónsson  
Guðmundur Pétursson  
Guðný Ása Þorsteinsdóttir  
Guðrún Helga Tómasdóttir  
Guðrún Hrefna Bragadóttir  
Guðrún Indriðadóttir  
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir  
Gunnar Böðvarsson  
Gunnar Helgi Guðmundsson  
Gunnar Páll Pálsson  
Gunnlaugur Magnússon  
Hafdís Erla Kristinsdóttir  
Hafdís Júlía Hannesdóttir

Hannes Þ Sigurðsson  
Inga Jóhannsdóttir  
Ingibjörg R Guðmundsdóttir  
Ingimundur Kristinn Guðmundsson  
Ingólfur Kristmundsson  
Jóhanna E Vilhelmsdóttir  
Jón Magnússon  
Jónína Sóley Ólafsdóttir  
Júlíana Pálsdóttir  
Júlíana Sóley Gunnarsdóttir  
Júnía Þorkelsdóttir  
Kristín Sigurðardóttir  
Lísa Kristinsdóttir  
Magnús Bogason  
Magnús Leifur Sveinsson  
Margrét Sveinsdóttir  
Ólafur Sigurþór Sveinsson  
Ragnar Engilbertsson  
Rannveig Sigurðardóttir  
Reynir Jóseppson  
Rósmarý Úlfarsdóttir  
Sigurbjörg Þorlákssdóttir  
Sigurður Sigfússon  
Sigurhans Wium Hansson  
Sigurlaug Hilmarsdóttir  
Stefanía Magnúsdóttir  
Steinar J Kristjánsson  
Steinn Gunnarsson  
Steinunn Böðvarsdóttir  
Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir  
Súsanna Gísladóttir  
Sæmundur Karl Jóhannesson  
Valdimar Ingibergur Þórarinsson  
Valur Magnús Valtýsson  
Valva Árnadóttir  
Viktor Jónsson  
Þorlákur Jóhannsson  
Þorsteinn Bjarnason  
Þórhildur Þórhallsdóttir  
Örn Guðmundsson

**Verslunarmannafélag  
Hafnarfjarðar**  
Gunnbjörn Svanbergsson  
Sólveig Haraldsdóttir  
Unnur Helgadóttir

**Verslunarmannafélag Suðurnesja**  
Ásta Pálína Stefánsdóttir  
Bryndís Kjartansdóttir  
Guðbrandur Einarsson

**Stéttarfélag Vesturlands**  
Einar Oddur Pálsson

**Verslunarmannafélag  
Skagfirðinga**  
Hjörtur S Geirmundsson

**Félag verslunar- og  
skrifstofufólks Akureyri**  
Eiður Stefánsson  
Elísabet Hallgrímsdóttir  
Friðbjörg Jóhannsdóttir  
Svavar Hannesson  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

**Verslunarmannafélag Húsavíkur**  
Snæbjörn Sigurðarson

**Verslunarmannafélag Austurlands**  
Kristín María Björnsdóttir

**Verslunarmannafélag Suðurlands**  
Guðmundur Gils Einarsson  
Margrét Ingþórsdóttir

**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**  
Finnbogi Sveinbjörnsson

## **Rafiðnaðarsamband Íslands**

### **Félag ísl. símamanna**

Aðalheiður Gunnarsdóttir  
Anna Vala Eyjólfsdóttir  
Grétar Birkir Guðmundsson

### **Félag ísl. rafvirkja**

Björn Ágúst Sigurjónsson  
Guðmundur Gunnarsson  
Hermann Lúðvíksson  
Ísleifur Tómasson  
Stefán Sveinsson

### **Félag rafeindavirkja**

Andri Jóhannesson  
Eyjólfur Ólafsson  
Þórunn Stefanía Jónsdóttir  
Örn Kristinsson

### **Félag tæknifólks í rafiðnaði**

Hafliði S Sívertsen  
Þorsteinn Úlfar Björnsson

### **Rafiðnaðarfélag Suðurnesja**

Georg Grundfjörð Georgsson

### **Rafvirkjafélag Norðurlands**

Jósep Sigurjónsson

### **Félag rafiðnaðarmanna**

#### **Suðurlandi**

Jóhann Snorri Bjarnason

### **Félag sýningarmanna við**

#### **kvikmyndahús**

Björn Eysteinnsson  
Stefán Ó Guðmundsson

## **Samiðn**

### **Trésmiðafélag Reykjavíkur**

Finnbjörn A Hermannsson  
Grétar Þorsteinsson  
Guðmundur Guðmundsson  
Sigurjón Einarsson

### **Félag hársnyrtisveina**

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir  
Súsanna Björg Vilhjálmisdóttir

### **Félag iðn- og tæknigreina**

Ármann Ægir Magnússon  
Einar Þór Gíslason  
Gunnar Björn Gunnbjörnsson  
Hilmar Harðarson  
Sveinn Ingason  
Sveinn Jónsson  
Tryggvi Frímann Arnarson  
Vilhjálmur G Gunnarsson

### **Iðnsveinafélag Suðurnesja**

Adólf Sigurgeirsson  
Jón Halldórsson  
Ólafur Sævar Magnússon

### **Félag byggingamanna Eyjafirði**

Guðmundur Ómar Guðmundsson  
Heimir Þorleifur Kristinsson

### **ÞINGIÐN**

Jónas Kristjánsson

### **AFL, Starfsgreinafélag**

#### **Austurlands**

Finnur Þorsteinsson

### **Félag málmiðnaðarmanna**

#### **Akureyri**

Brynjólfur Jónsson  
Hákon Hákonarson



## **Sjómannasamband Íslands**

### **Matsveinafélag Íslands**

Páll Þorgeirsson

### **Sjómanna- og vélstj.fél.**

#### **Grindavíkur**

Sævar Gunnarsson

### **Sjómannafélag Eyjafjarðar**

Árni Sigurðsson

Konráð Þorsteinn Alfreðsson

### **AFL, Starfsgreinafélag**

#### **Austurlands**

Björgvin Pétur Erlendsson

### **Sjómannafélagið Jötunn**

Elías Björnsson

Hulda B Skarphéðinsdóttir

### **Starfsgreinasamband Íslands**

Efling, stéttarfélag

Albert Birgisson

Alfreð Jóhannes Alfreðsson

Anna María Arnardóttir

Arthur Daníel O Brien

Bjarni Bjarnason

Fanney Helga Friðriksdóttir

Franz Arason

Friðrik Benediktsson

Guðjón Ágúst Norðdahl

Guðlaugur Bjarnason

Guðmundur Þ Jónsson

Guðrún Hlín Adolfsdóttir

Gunnar Þröstur Ásgeirsson

Halldór Guðjón Björnsson

Hjördís Baldursdóttir

Hrönn Bjarnþórsdóttir

Ingi Bjarnar Guðmundsson

Ingunn Þorsteinsdóttir

Jódís Sigurðardóttir

Jón Friðrik Hrafnsson

Jóna Sveinsdóttir

Jónína Sigurðardóttir

Karlotta Sigríður Óskarsdóttir

Kristbjörg B Guðjónsdóttir

Kristín Guðbj. Benediktsdóttir

Kristín Helga Jónatansdóttir

Lilja Eiríksdóttir

Magnús Jakobsson

Ólafur Guðmundsson

Ólafur Jóhannsson

Ragnar Ólason

Rannveig H Gunnlaugsdóttir

Signe Reidun Skarsbö

Sigurður Bessason

Sígurlín Ágústsdóttir

Sigurrós Kristinsdóttir

Snorri Ársælsson

Stefán Viðar Egilsson

Steinar Örn Sigurðsson

Steinn G Lundholm

Svanhildur Hauksdóttir

Theodóra S. Theodórsdóttir

Valur Steingrímsson

Viðar Ottesen

Vilmundur B Kristjánsson

Þorbjörg Kristjánsdóttir

Þorsteinn M Kristjánsson

Þóra Jónsdóttir

Þórunn H Sveinbjörnsdóttir

Þuríður Ingimundardóttir

### **Verkalýðsfélagið Hlíf**

Björn Bragi Sverrisson

Guðbjörg Skúladóttir

Halldóra Margrét Árnadóttir

Kolbeinn Gunnarsson

Linda Baldursdóttir

Sigríður Þorleifsdóttir  
Sigurður Tr Sigurðsson

**VI og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.**

Jóhann Rúnar Kristjánsson  
Kristján G Gunnarsson  
Kristrún Jónsdóttir  
Ragnar Guðleifsson  
Sigurbjörg Eiríksdóttir  
Steingerður Hermannsdóttir  
Vigdís Sigurjónsdóttir

**Verkalýðsfélag Grindavíkur**

Benoný Benediktsson

**VI. og sjóm.fél. Sandgerðis**

Baldur Matthíasson

**Verkalýðsfélag Akraness**

Björgólfur Einarsson  
Tómas Rúnar Andrésson  
Vilhjálmur E Birgisson  
Þórarinn Helgason

**Stéttarfélag Vesturlands**

Kristín Helga Ármannsdóttir  
Kristján Jóhannsson  
Sveinn Gunnar Hálfðánarson

**Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar**

Guðrún Fríða Pálsdóttir

**Stéttarfélagið Samstaða**

Ásgerður Pálsdóttir  
Eiríkur Pálsson

**Verkalýðsfélagið Stjarnan**

Þórunn S Kristinsdóttir

**Verkalýðsfélag Stykkishólms**

Þorsteinn Sigurðsson

**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**

Gunnhildur Björk Elíasdóttir  
Pétur Sigurðsson  
Þröstur Áskelsson

**Aldan, stéttarfélag**

Anna Margrét Guðbrandsdóttir  
Þórarinn Guðni Sverrisson

**Verkalýðsfélagið Vaka**

Signý Jóhannesdóttir

**Eining - Iðja**

Anna Júlíusdóttir  
Björn Snæbjörnsson  
Elísabet Jóhannsdóttir  
Eyþór Karlsson  
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir  
Ingigerður Lilja Jónsdóttir  
Ingvar Kristjánsson  
Marzibil E Kristjánsdóttir  
Matthildur Sigurjónsdóttir  
Sigríður K Bjarkadóttir  
Valdimar Gunnarsson

**Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágr.**

Aðalsteinn Árni Baldursson  
Kristbjörg Sigurðardóttir  
Olga Gísladóttir

**Verkalýðsfélag Þórshafnar**

Kristinn Lárusson

**AFL, Starfsgreinafélag**

**Austurlands**

Bryndís Aradóttir  
Eyþór Guðmundsson

Jökull Magnússon  
Kristján Magnússon  
Oddur Friðriksson  
Óðinn Ómarsson  
Sigurbjörn Björnsson  
Sigurður Hólm Freysson  
Stella Björk Steinþórsdóttir  
Sverrir Mar Albertsson

**Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar**

Lars Olsen

**Vökull, stéttarfélag**

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir  
Porkell Kolbeins

**Drífandi, stéttarfélag**

Arnar G Hjaltalín

**Verkalýðsfélag Suðurlands**

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson  
Már Guðnason

**Báran, stéttarfélag**

Ásdís Ágústsdóttir

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir  
Jóhannes Óli Kjartansson  
Ragna Gissurardóttir

**VI. og sjóm.fél. Boðinn**

Jóna Sigríður Gestsdóttir  
Sigríður Stefánsdóttir

**Samþykkt kjörbréf VM**

Friðrik Björgvinsson  
Guðmundur Smári Guðmundsson  
Gunnar Skagfjörð Gunnarsson  
Halldór Arnar Guðmundsson  
Haraldur Guðjón Samúelsson  
Heimir Vilhjálmur Pálmason  
Helgi Laxdal Magnússon  
Jón Jóhannsson  
Pétur V Maack Pétursson  
Samúel Ingvason  
Sævar Örn Kristjánsson  
Valgeir Ómar Jónsson  
Vilhjálmur G Kristjánsson  
Örn Friðriksson

**Breytingar á aðal- og varamönnum ársfundar ASÍ  
eftir fund Kjörbréfanefndar  
24. okt. 2006**

**Út:**

**Inn:**

**VR**

**VR**

Guðrún Erlingsdóttir  
Margrét Eiríksdóttir  
Sigurbjörn G. Eggertsson  
Unnur Þorsteinsdóttir  
Ingólfur Kristmundsson  
Magnús L. Sveinsson  
Hannes Sigurðsson

Lísa Kristinsdóttir  
Elín Hilmarsdóttir  
Guðrún Helga Tómasdóttir  
Hafdís Erla Kristinsdóttir  
Magnús Björgvinsson  
Guðjón Steinarsson  
Ásta Gréta Samúelsdóttir

Rafiðnaðarsamband Íslands  
Sigurjón Ingvarsson  
Jóhann S. Bjarnason

Rafiðnaðarsamband Íslands  
Eyjólfur Ólafsson  
Birgir Sigurjónsson

**Félag málmíðnaðarmanna  
Akureyri**

**Félag málmíðnaðarmanna  
Akureyri**

Brynjólfur Jónsson

Finnbogi Jónsson

**Efling, stéttarfélag**  
Helga Björnsdóttir  
Elín Lorenza Tangolamos  
Halldór Björnsson  
Ólafur Jóhannesson  
Valur Steingrímsson

**Efling, stéttarfélag**  
Alfreð Jóhannes Alfreðsson  
Signe Reidum Skarsbö  
Hulda Björk Ásgeirsdóttir  
Berglind Jóna Gestsdóttir  
Ágúst Þorláksson

**Víf, Hlíf**  
Ólafur Pétursson

**Víf, Hlíf**  
Halldóra M. Árnadóttir

**Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur  
og nágr.**  
Kristinn Arnar Pálsson  
Kristrún Jónsdóttir

**Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur  
og nágr.**  
Jóhann Rúnar Kristjánsson  
Ingibjörg Magnúsdóttir

**Vlf. Vestfirðinga**

Erna Sigurðardóttir  
Sigmunda Ásbjörnsdóttir  
Ólafur Baldursson

**Vlf. Þórshafnar**

Kristín Kristinsdóttir

**AFL Starfsgreinafélag**

Austurlands  
Konráð Sveinsson

**Báran, stéttarfélag**

Örn Bragi Tryggvason

**Vlf. Vestfirðinga**

Finnbogi Sveinbjörnsson  
Þröstur Áskelsson  
Gunnhildur Elíasdóttir

**Vlf. Þórshafnar**

Kristinn Lárusson

**AFL Starfsgreinafélag**

Austurlands  
Sigurbjörn Björnsson

**Báran, stéttarfélag**

Halldóra Sveinsdóttir

## Breytingar á aðal- og varamönnum á ársfundi ASÍ 27. október

**Út:**

Félag leiðsögumanna  
Ragnheiður Björnsdóttir

**VR**

Súsanna Gísladóttir  
Sigurður Sigfússon  
Alfreð Gústaf Maríusson  
Viktor Jónsson

**Rafiðnaðarsamband Íslands**

Andri Jóhannsson

**Inn:**

Félag leiðsögumanna  
Pétur Jónsson

**VR**

Árni Leósson  
Gunnar Kristinn Hilmarsson  
Andrjes Guðmundsson  
Björn Halldór Björnsson

**Rafiðnaðarsamband Íslands**

Svanur Þorsteinsson



*Ákveðið að var að veita Hugarafli dálitinn styrk í stað þess að senda jólakort. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, afhenti fulltrúum Hugarafils styrkinn.*

## Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í ágúst ár hvert. Miðstjórnin hefur æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalýðshreyfingarinnar. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar ársfunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi ASÍ 2006. Í upphafi árs 2006 afgangið miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2007. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfsemin byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og nýtingu þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eins og áður fjallaði miðstjórn um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinber-

ar nefndir og ráð og mótaði umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins í því starfi.

Um fjöllum um félagsleg undirboð og starfsemi fyrirtækja sem stunda félagsleg undirboð með erlendu launafólki, bæði innlendra og erlendra, var fyrirferðamikil í starfi miðstjórnar á tímabilinu eins og árin á undan, enda ljóst að um víðtæk og alvarleg áhrif á íslenskan vinnumarkað er að ræða. Á vettvangi miðstjórnar snerist umræðan um grundvallaratriði varðandi vinnumarkaðinn og mikilvægi þess að treysta réttindi launafólks og framkvæmdina varðandi þátttöku erlends launafólks á vinnumarkaði. Af hálfu miðstjórnar eru markmiðin skýr, að tryggja að erlent launafólk njóti sömu réttinda og kjara og íslenskt launafólk, en sé ekki notað til félagslegra undirboða á vinnumarkaði eða í svarta atvinnustarfsemi. Einnig kom til umfjöllunar í miðstjórn löggjafarstarf tengt málaflokknum, aðild ASÍ að því og niðurstöður. Nánar er fjallað um málefni erlends verkafólks á íslenskum vinnumarkaði annars staðar í skýrslunni.

Þá voru efnahags- og kjaramálin einnig fyrirferðamikil á vettvangi miðstjórnar. Á fundum hennar var gerð ítarleg grein fyrir stöðu og þróun efnahags- og kjaramálanna. Loks má nefna umfjöllun á vettvangi miðstjórnar um sameiginlega stefnumótun ASÍ og SA sem hefur að markmiði að treysta stöðu launafólks sem verður fyrir áföllum vegna veikinda og slysa. Það snýst hvort tveggja um að treysta afkomumöguleika þess og aðstoða við að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Þessum málum er einnig gerð ítarleg skil annars staðar í skýrslunni.

Þá var á fjölmörgum fundum miðstjórnar fjallað um lækkan virðisaukaskatts á matvælum og vörugjalda sem komu til framkvæmda 1. mars 2007. Umfjöllunin var mikil, bæði í aðdraganda breytinganna og síðan í kjölfar þeirra, þar sem ítrekað var gerð grein fyrir því hvernig til hefði tekist. Nánar er fjallað um þetta mál annars staðar í skýrslunni.

Önnur mál sem fjallað var um á vettvangi miðstjórnar og gerð er grein fyrir annars staðar í skýrslunni voru m.a. krafan um bætt menntunarmöguleika fólks á vinnumarkaði, einkum þeirra sem hafa litla formlega menntun, jafnréttismál og aðgerðir gegn kynbundnum launamun og málefni trúnaðarmanna. Eru þá ótalin fjölmörg mál er varða innri málefni verkalýðshreyfingarinnar og samskipti ASÍ við fjölmarga aðila, samtök og stofnanir, innanlands og erlendis.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir ársfund ASÍ 2007 hefur verið á dagskrá miðstjórnar á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til, og sem ekki er fjallað um annars staðar í henni.

## **Ályktanir miðstjórnar vegna fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2007**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 18. október 2006 voru samþykktar tvær ályktanir í tengslum við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007. Annars vegar ályktun um vaxtabætur og hins vegar um virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Ályktanirnar fylgja hér á eftir:

### **Ályktun um vaxtabætur**

*Mikil hækkun fasteignaverðs á síðasta ári leiddi til þess að vaxtabætur margra skertust verulega. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í sumar lofandi ríkisstjórnin að leiðrétta skerðinguna. Jafnframt voru gefin fyrirheit um að haft yrði náíð samráð við ASÍ um útfærslu leiðréttinganna.*

*Nú hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á ákvæðum laga um vaxtabætur án samráðs við ASÍ. Frumvarpið, sem er samhljóða tillögum sem ASÍ hafnaði í viðræðum við ríkisstjórn í sumar, tryggir engan veginn leiðréttingu á þeirri skerðingu sem margir urðu fyrir vegna hækkaðs fasteignaverðs. Miðstjórn ASÍ lýsir furðu sinni á þessum vinnubrögðum og krefst þess að ríkisstjórnin standi við gefin loforð.*

### **Ályktun um virkar vinnumarkaðsaðgerðir**

*Miðstjórn ASÍ skorar á Alþingi að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að hægt verði að fylgja eftir þeirri nýbreytni sem felst í nýrri löggjöf um vinnumarkaðsaðgerðir og styrkingu vinnumarkaðarins. “ Þetta er meðal þess sem fram kemur í ályktun sem miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum sem var að ljúka.*

*Miðstjórn ASÍ skorar á Alþingi að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að hægt verði að fylgja eftir þeirri nýbreytni sem felst í nýrri löggjöf um vinnumarkaðsaðgerðir og styrkingu vinnumarkaðarins.*

*Með nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor og tóku gildi 1. júlí voru staðfestar mikilvægar réttarbætur fyrir fólk í atvinnuleit og fólk sem hefur verið tímabundið utan vinnumarkaðar. Um lögin var mikil samstaða meðal stjórnmalamanna, stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.*

*Meginmarkmið laganna er að tryggja stöðu fólks á vinnumarkaði og gera sem flestum mögulegt að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði og í samfélaginu. Þessu markmiði á að ná með ráðgjöf til einstaklinga og öflugur kerfi virkra vinnumarkaðsaðgerða, á forsendum viðkomandi einstaklinga og styrkleika þeirra. Þá er lögð áhersla á að aðgerðirnar nái til sem flestra sem þurfa á þjónustu, aðstoð og stuðningi að halda, þ.m.t. einstaklinga með skerta starfsorku.*

*Grunvallarhugmyndin að baki lagasetningunni er að öflug þjónusta og stuðningur sé mikilvæg fjárfesting fyrir einstaklingana og samfélagið.*



*Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 sem nú liggur fyrir Alþingi er ekki að finna neina fjármuni sem sérstaklega eru ætlaðir í þetta mikilvæga verkefni.*

*Ekki er heldur í frumvarpinu að finna fjármuni sem ætlað er að tryggja skilvirka framkvæmd á þeim aðgerðum sem ákveðnar hafa verið til að styrkja vinnumarkaðinn og treysta stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.*

### **Ritun sögu ASÍ**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 18. október 2006 voru kynnt drög að samningi við Sumarliða Ísleifsson, sagnfræðing, um ritun sögu ASÍ, en málið hafði áður verið til umfjöllunar í miðstjórn. Á fundinum var forseta ASÍ veitt heimild til að ganga frá verksamningi við Sumarliða um ritun sögu ASÍ.

Samningurinn við Sumarliða var formlega undirritaður 26. október 2006. Samkvæmt honum verður Sumarliði ritstjóri sögu ASÍ sem koma á út í tveimur bindum á 95 ára afmæli ASÍ, 12. mars 2011.

Miðstjórn skipaði nokkru síðar ritnefnd til að starfa með Sumarliða. Í ritnefndinni sitja: Halldór Grönvold, formaður, Auður Styrkársdóttir og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, skipuð af miðstjórn ASÍ án tilnefningar. Guðmundur Jónsson, samkvæmt tilnefningu af Sagnfræðistofnun HÍ og Þorleifur Hauks-son, tilnefndur af Reykjavíkurakademíunni.

Þá var í ágústmánuði 2007 gert samkomulag við Þorgrím Gestsson um að hann taki viðtöl við nokkurn fjölda einstaklinga í tengslum við söguritunina, en einnig er gert ráð fyrir að viðtölin sem slík verði aðgengileg.

### **Ársfundur ASÍ 2007**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 8. nóvember 2006 var ákveðið að næsti ársfundur ASÍ yrði haldinn 18. og 19. október 2007. Þá var á fundi miðstjórnar 10. janúar ákveðið að undirbúin yrði sérstök umfjöllun um norræna samfélags- og vinnumarkaðsmódelið fyrir ársfundinn. Í minnisblaði sem lagt var fyrir miðstjórn um þetta efni sagði m.a.:

Lagt er til að undirbúin verði sérstök umfjöllun á ársfundinum um grundvallareinkenni norræna/skandinavíska samfélags- og vinnumarkaðsmódelisins og hvernig megi efla og styrkja þau einkenni hér á landi til að treysta réttindi, kjör og velferð launafólks og alls almennings á Íslandi.

Ætla má að kjara- og efnahagsmál verði ofarlega á baugi þegar ársfundur ASÍ 2007 verður haldinn þar sem allir helstu kjarasamningar aðildarsamtaka ASÍ verða lausir 1. janúar 2008.

Með því að samþætta umfjöllun um efnahags- og kjaramálin við undirbúning ársfundarins og í aðdraganda kjarasamningaumræðunni um norræna samfélags- og vinnumarkaðsmódelið má vænta þess að ársfundurinn móti víðari

og ferskari sýn á viðfangsefnið og hvaða áherslur eigi að leggja á sameiginlegu borði í kjarasamningunum.

### ***Hleranir á skrifstofu ASÍ?***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 29. nóvember 2006 var fjallað um upplýsingar sem komið höfðu í dagsljósið um símahleranir stjórnvalda á sjöunda áratug síðustu aldar, m.a. hjá þáverandi forseta ASÍ, Hannibal Valdimarssyni. Samþykkti miðstjórnin að stjórnvöldum yrði sent bréf þar sem óskað yrði skýringa á þessum hlerunum og hversu víðtækar þær hafi verið, hvað varðar Alþýðusambandið og aðila á þess vegum.

4. desember 2006 ritaði Grétar Þorsteinsson Ólafi Ásgeirssyni, þjóðskjalaverði, bréf af þessu tilefni. Þar sagði:

*Fram hefur komið í opinberri umræðu nýlega að gögn í varðveislu safnsins geymi upplýsingar um, að símar Alþýðusambands Íslands og starfsmanna þess hafi í einhverjum tilvikum verið hleraðir af stjórnvöldum.*

*Þjóðskjalasafn Íslands hefur birt þessi skjöl í heild sinni, en hefur afmáð persónugreinanlegar upplýsingar um þá sem hlerað var hjá í samræmi við þau persónuverndarsjónarmið sem felast í 71. grein stjórnarskrárinnar. Þau bera því ekki með sér hvort, hvenær eða hversu lengi símar Alþýðusambandsins hafi verið hleraðir. Hins vegar hefur þegar verið upplýst að símtöl fyrrverandi forseta sambandsins, Hannibals Valdimarssonar voru hleraðir.*

*Hér með er þess farið á leit við Þjóðskjalasafn Íslands, að upplýst verði hvort og þá hvenær símar á skrifstofu sambandsins hafi verið hleraðir skv. þeim gögnum sem í vörslum safnsins eru.*

Í svari þjóðskjalavarðar frá 12. desember s.á. kemur fram að skv. úrskurði Sakadóms Reykjavíkur og skv. beiðni dómsmálaráðuneytisins var úrskurðuð heimild til hlerunar á símanúmerinu 19348 sem skráð var á ASÍ. Heimildin tók gildi 26.2 1961 og gildi “fyrst um sinn“ eins og í úrskurði segir.

Svar Þjóðskjalavarðar vekur fleiri spurningar en það svarar. Í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja er einsýnt að ASÍ mun fylgjast grannt með framvindu málsins í heild sinni og bíða niðurstöðu sérstakrar nefndar Alþingis áður en ákvörðun um framhald málsins verður tekin.

### ***ASÍ styður starfsemi Hugarafls***

Ákveðið var að Alþýðusamband Íslands sendi ekki út jólakort árið 2006. Þess í stað var ákveðið að láta nokkra fjárupphæð renna til starfsemi Hugarafls.

## ***Aramótaávarp forseta ASÍ***

Í árslok 2006 sendi Grétar Þorsteinsson, frá sér sérstakt áramótaávarp sem fer hér á eftir:

*Árið 2006 hefur að mörgu leyti verið gott fyrir launafólk á íslenskum vinnumarkaði. Við höfum komið í höfn ýmsum verkefnum og kröfum sem lengi hefur verið unnið að innan verkalýðshreyfingarinnar.*

*Í lok árs 2005 var endurskoðun á launalið kjarasamninganna og gert var ráð fyrir að til samskonar endurskoðunar kæmi nú í nóvember. Vegna ójafnvægis í efnahagslífinu, þenslu og verðbólgu, var ákveðið s.l. vor að flýta þessari endurskoðun. Þann 22. júní náðist samkomulag ASÍ, Samtaka atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til mótvægis og styrkingu vinnumarkaðarins. Markmiðið var að ná tókum á verðbólgunni og eyða óvissu á vinnumarkaði. Það verður ekki horft framhjá því, að það hefur verið vaxandi ólga á vinnumarkaðnum og ójafnvægi í efnahagslífinu og eins og alltaf bitnar slíkt ástand harðast á þeim sem hafa lökust kjör og ótryggastar aðstæður, ekki síst ungu fólki. Samkomulagið fól í sér 15.000 kr. hækkun handa þeim sem fá greitt samkvæmt töxtum, auk þess sem aðrir fengu ákveðna launaþróun-artryggingu.*

*Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að finna ýmsa landvinninga sem treysta bæði vinnumarkaðinn og kjör launafólks í framtíðinni, einkum þeirra tekju-lægstu. Þar er fyrst til að taka að skattleysismörkin hækka í 90 þúsund um áramótin og persónuafslátturinn verður aftur verðtryggður. Gefin var yfirlýs-ing um endurskoðun vaxtabótakerfisins. Sú endurskoðun gekk hins vegar ekki fram samkvæmt þeim skilningi sem við lögðum í efni yfirlýsingarinnar. Það voru mikil vonbrigði.*

*Barnabætur verða greiddar til 18 ára aldurs um áramótin. Framlög til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála hækka um 120 milljónir á árinu 2007. Jafnframt fólust í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skuldbindingar um að treysta réttindi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Unnið hefur verið á þeim grunni undanfarna mánuði og er ljóst að það mun skila margvíslegum rétt-arbótum.*

*Á árinu 2006 komu til framkvæmda verulegar breytingar á atvinnuleys-  
isbótakerfinu, með tekjutengingu og hækkun bóta., Með samkomulaginu í júní var tryggt að atvinnuleysisbæturnar hækkuðu um 15.000 krónur og að aldraðir og öryrkjar nytu einnig þessara hækkana á framsærslu. Jafnframt voru samþykkt ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir sem byggja á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Markmið laganna er að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði, einkum þeirra sem standa höllum fæti og hafa skerta starfsorku.*

*Undanfarin ár hefur starf verkalýðshreyfingarinnar ekki síst miðað að*

því að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og misnotkun á útlendingum á íslenskum vinnukarkaði. Því miður höfum við fjölmörg dæmi um það að sumir íslenskir atvinnurekendur hafa reynt að misnota aðstæður þeirra til að auka hagnað sinn og um leið rugla öll samkeppnisskilyrði á vinnumarkaðnum. Sama gildir um erlend þjónustufyrirtæki sem starfað hafa hér á landi.

Þær breytingar sem hafa orðið á vinnumarkaðnum eru birtingarmynd á hnattvæðingunni. Mikið af stefnumótunarvinnu okkar snýr að því að tryggja að launafólk njóti þeirra kosta sem fylgja hnattvæðingunni. Við höfum að sönnu aðallega þurft að fást við neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar, en hún á sér líka jákvæðar hliðar. Við sjáum í hnattvæðingunni tækifæri til að efla það velferðarsamfélag sem við höfum byggt upp.

Þess vegna höfum við sagt að allir, félög, einstök ríki og alþjóðasamfélagið í heild eigi að skuldbinda sig til þess að vinna að því að hnattvæðingin leiði til aukinnar velferðar fyrir alla. Hún verður að vera jákvæð í augum launafólks, en til að svo geti orðið, verður hnattvæðingin að vera í senn ábyrg og réttlát. Hnattvæðingin krefst þannig aukinnar samábyrgðar, því við verðum í sífellt auknum mæli háðari því sem aðrir ákveða og gera. Þetta felur það ekki síst í sér að það verður að setja skýrari reglur á alþjóðlegum vettvangi og um leið að skilgreind verði refsiaðkvæði gagnvart löndum og fyrirtækjum sem ekki fylgja þessum alþjóðlegu reglum.

Hnattvæðingin gerir kröfur til þess að við tryggjum sveigjanleika launafólks og aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins með bættri menntun og auknum aðgangi að fullorðinsfræðslu og símenntun.

Eðli málsins samkvæmt er glíman við afleiðingar hnattvæðingarinnar ekki verkefni sem við leysum í eitt skipti fyrir öll og heldur ekki bara heima fyrir. Úrlausnarefnið krefjast samvinnu og samráðs sem gengur þvert á landamæri. Verkalýðshreyfingin hefur brugðist við með sameiningum á sínum vettvangi og endurmati á verkefnum og vinnuaðferðum. Þetta höfum við gert undir kjör-ordinu „Alþjóðavæðing samstöðunnar“ og hefur ASÍ verið þátttakandi í þeirri þróun. Það hefur ekki vafist fyrir okkur í verkalýðshreyfingunni að skilgreina hvert við viljum stefna. Undanfarin ár hefur dregið úr jöfnuði og það hefur verið vaxandi ójafnvægi og ólga á vinnumarkaði og í efnahagskerfinu. Við viljum snúa þessari þróun við og stefna þess í stað á þá braut sem nágrannar okkar á Norðurlöndunum eru á. Þar búa menn við mun fullkomnara velferðarkerfi en það sem við þekkjum hér – en á sama tíma er samkeppnis- og aðlögunarhæfni atvinnulífsins meiri en annars staðar í heiminum. Því er ljóst að sveigjanleiki og öryggi fara vel saman.

Þann 12. mars voru liðin 90 ár frá því að Alþýðusamband Íslands var stofnað, af 7 verkalýðsfélögum í Reykjavík og í Hafnarfirði. Þessi 90 ár ná yfir mestu umbrotatímuna í sögu íslensku þjóðarinnar. Á þessum 90 árum hefur

íslenska þjóðin náð þeim árangri að verða í hópi þeirra auðugustu í heimi. Ég fullyrði að þessi saga væri öðruvísi og lífskjör venjulegs launafólks á Íslandi væru ekki jafn góð og raun ber vitni ef verkalýðshreyfingarinnar hefði ekki notið við. Við höfum minnst afmælisins með ýmsum hætti á afmælisárinu en í mínum huga rís þar hæst ákvörðun um að ráðast í útgáfu á sögu hreyfingarinnar og undirritun sammings þar að lútandi.

Að endingu vil ég fyrir hönd Alþýðusambandsins óska öllu launafólki og landsmönnum öllum gæfu og gleði á árinu sem nú gengur í garð, um leið og ég þakka samstarfið á árinu sem er að líða.

### **Fjallað um úrsögn Sjómannafélags Íslands**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. janúar 2007 kom til umræðu úrsögn Sjómannafélags Íslands úr Sjómannasambandi Íslands. Þar kom fram, að ef marka mætti umfjöllun og viðtöl við forsvarsmenn félagsins í fjölmiðlum, væri ætlan þeirra að með þessum hætti segi félagið sig úr ASÍ án þess að fram færi sérstök atkvæðagreiðsla þar um. Á fundi miðstjórnar var ákveðið að vekja athygli félagsins á því, að ef rétt væri, þá samræmist sú málsmeðferð ekki lögum ASÍ og að boðuð atkvæðagreiðsla muni að óbreyttu ekki fela í sér úrsögn úr ASÍ. Félaginu var sent erindi þessa efnis.

### **1. maí 2007**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. apríl var ákveðið að yfirskrift aðgerða verkalýðshreyfingarinnar á 1. maí yrði „Treystum velferðina“. Í greinargerð sem fylgdi þessari ákvörðun segir:

*Staðreyndir sýna að samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarinnar hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims.*

*Norræn velferðarsamfélög hafa þannig verið meðal þeirra þjóða sem eru best búin undir framtíðina og þá samkeppni sem fylgir hnattvæðingunni, bæði þeim áskorunum og tækifærum sem henni fylgja.*

*Niðurstaðan er því skýr. Samfélög sem byggja á öflugum og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði og jafnrétti og traustum réttindum launafólks er sá grunnur sem byggja þarf á til að takast á við og nýta þau tækifæri sem hnattvæðingin gefur. Velferðin borgar sig, sama hvernig á það er lítið.*

*Verkalýðshreyfingin hefur í starfi sínu á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að treysta stöðir velferðarkerfisins. Um leið er markmiðið að búa íslenskt samfélag, vinnumarkað og launafólk undir framtíðina.*

*Margt hefur áunnist með starfi verkalýðshreyfingarinnar.*

- Löggjöf og samninga sem styrkja íslenskan vinnumarkað almennt, réttindi og stöðu launafólks, einkum innflytjenda og samskipti og samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.
- Samninga og löggjöf sem treysta velferðarkerfið á vinnumarkaði. Hér ber hæst lög um fæðingar- og foreldraorlof og nýleg lög um atvinnuleysistryggingar. Einnig má nefna samninga um auknar greiðslur til að treysta lífeyrisréttindi, bæði örorku- og ellilífeyris.
- Samninga og löggjöf um virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Sú framsækna hugsun sem þar kemur fram skapar mikilvægan grundvöll til að byggja á. Þá hefur endur- og eftirmenntun launafólks tekið stórstígum framförum á síðustu árum um leið og verkalýðshreyfingunni hefur tekist að tryggja aukna fjármuni og allt starf orðið markvissara. Nú síðast náðist mikilvægur áfangi varðandi íslenskunám fyrir útlendinga.
- Með markvissri launastefnu (og sérstakri áherslu á hækkun lægstu launa) hefur sá árangur náðst að kaupmáttur launa hefur vaxið samfellt undanfarin ár.

*Þrátt fyrir að margt hafi áunnist með starfi verkalýðshreyfingarinnar er ljóst að enn skortir mikið á að velferðakerfið tryggi öllum þau lífsgæði sem við gerum kröfur til. Treysta þarf frekar kjör og réttindi á vinnumarkaði. Gera verður stórátak til að treysta stöðu þeirra tugþúsunda á vinnumarkaði sem hafa litla formlega menntun, með raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf og sérstöku menntunarátaki. Bæta þarf aðstæður foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð og tryggja að börn búi ekki við fátækt. Bæta þarf kjör og aðstæður öryrkja og eldri borgara.*

*Alþýðusamband Íslands hefur einsett sér að byggja á þeim árangri sem náðst hefur og gera enn betur. Forsenda þess er að hér takist að koma aftur á jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum. Farsæl og varanleg niðurstaða kallar á samstarf og nána samvinnu samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda um langtímasýn um samþætta stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum.*

### ***Samstarfssamningur aðildarfélaga ASÍ***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 16. maí var fjallað um drög að samstarfssamningi aðildarsamtaka ASÍ: „Samstarf aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands um leikreglur vegna sameiginlegra mála við gerð og endurnýjun kjarasamninga 2007-2008.“ Fram kom í kynningu að með þessu samkomulagi væri settur rammi utan um viðræður og samstarf aðildarsamtakanna um mál sem þau ættu sjálf frumkvæði að taka fyrir sameiginlega. Í samkomulaginu er mælt fyrir um

ákveðið vinnulag sem ber að viðhafa, taki einstök aðildarsamtök ákvörðun um að vinna sameiginlega að tilteknum málum gagnvart atvinnurekendum eða stjórnvöldum.

Miðstjórn samþykkti stuðning við samstarfssamninginn á fundi sínum 6. júní 2007. Hann var í framhaldinu undirritaður af öllum málsaðilum.

### ***Málefni erlendra starfsmanna***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. september voru réttindi og staða erlendra verkamanna og brot fyrirtækja gegn þeim til umræðu einu sinni sem oftar. Að því tilefni var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*Miðstjórn ASÍ átelur harðlega þann seinagang sem er á öllum málum sem snúa að réttindum erlendra launamanna.*

*Ítrekað komast fyrirtæki upp með að svara ekki lögmætum tilmælum eftirlitsstofnana og trúnaðarmanna starfsmanna. Fyrirtæki komast upp með að endurráða starfsmenn og losa sig þar með undan því að leggja fram umbeðin og tilskilin gögn yfir þann tíma sem liðinn er án frekari aðgerða Vinnu-málastofnunar.*

*Miðstjórnin krefst þess að starfsemi þeirra fyrirtækja, sem staðin hafa verið að því að hafa ekki launauppgjör og tryggingar starfsmanna í samræmi við leikreglur íslensks vinnumarkaðar, verði umsvifalaust stöðvuð.*





*Eins og jafnan bar efnahags- og verðlagsmálin mjög á góma á 1. maí.*

## Efnahags- og verðlagsmál

### *Efnahagsmál*

Á síðustu þremur árum hefur íslenskt hagkerfi vaxið hratt með tilheyrandi ofpenslu sem hefur skilið það eftir í miklu ójafnvægi. Verðbólga hefur verið mikil á tímabilinu, stýrivextir mjög háir, krónan sterk og viðskiptahallinn í sögulegu hámarki. Þessu mikla hagvaxtarskeiði hefur fylgt þensla á vinnu- markaði sem hefur leitt til launaskriðs og mikils flutnings af erlendu starfsfólki til landsins.

Helstu ástæður þessa kröftuga vaxtar í efnahagslífinu eru:

- Stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi
- Breytingar á íbúðalánamarkaði.
- Gríðarlegur vöxtur fjármálafyrirtækja og útrás þeirra.

Nú er að verða viðsnúningur: Hratt dregur úr stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi og óvissa ríkir um frekari stóriðjuframkvæmdir; 30% niðurskurður hefur verið boðaður á aflaheimildum þorsks; merki eru um að íbúðarmarkaðurinn sé byrjaður að kólna; mikil óvissa ríkir um þróun alþjóðæfnahagsmála vegna svokallaðra „undirmálslána“.



Umfjöllun um efnahagsmál hefur verið fyrirferðarmikil í starfi ASÍ á liðnum misserum og hefur Hagdeild ASÍ tekið virkan þátt í efnahagsumræðunni og sent frá sér nokkrar skýrslur um þau málefni. Helst ber að nefna Haust- og Vorskýrslur Hagdeildar.

Í Haustskýrslu Hagdeildar sem kom út í október 2006 var birt spá um þróun helstu hagstærða fyrir árin 2007 og 2008. Einnig var fjallað um áhrif stórframkvæmda á efnahagslífið; stöðugleika í efnahagslífinu; og áhrif hnattvæðingar á íslenskt launafólk.

Í vorskýrslu Hagdeildar ASÍ sem kom út í apríl 2007 var birt ný spá um þróun helstu hagstærða fyrir árin 2007 og 2008. Í henni var jafnframt fjallað um vaxandi ójöfnuð hér á landi og auknar skuldir heimilanna.

### Mikið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum

Síðustu þrjú ár hafa einkennst af miklu ójafnvægi og ofþenslu. Hagkerfið hefur þanist hratt út með tilheyrandi vaxtarverkjum. Hagvaxtarskeiðið sem senn er að ljúka hófst árið 2003, þegar stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hófust. En það er fleira sem hefur valdið mikilli þenslu og vexti. Meðal annars má nefna breytingar á íbúðalánamarkaði sem urðu árið 2004 þegar bankarnir hófu harða samkeppni við Íbúðalánasjóð og lækkuðu vextir á íbúðalánum í kjölfarið, ásamt því að veðheimildir voru rýmkaðar verulega. Leiddi þetta til mikillar þenslu á íbúðamarkaði og tilheyrandi verðhækkana á húsnæði. Hagvöxturinn náði hámarki árið 2004 en heldur hefur hægt á honum síðustu tvö árin. Í fyrra mældist hagvöxtur 4,2% samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands. Þetta er töluvert meiri hagvöxtur en áður hafði verið áætlað.

### Helstu kennitölur

Hlutfallsleg magnbreyting	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006*
Hagvöxtur	4.3	3.9	0.1	2.4	7.7	7.1	4.2
Verðbólga	5.0	6.7	4.8	2.1	3.2	4.0	6.8
Kaupmáttur launa	1.6	2.0	2.2	3.4	1.4	2.7	2.3
Atvinnuleysi <sup>1</sup>	1.3	1.4	2.5	3.4	3.1	2.6	1.3
Einkaneysla	4.2	-2.8	-1.5	6.2	6.9	12.9	4.4
Samneysla	3.8	4.6	5.3	1.8	2.2	3.5	3.9
Fjármunamyndun	11.8	-4.3	-13.9	11.1	28.5	33.9	19.8
Útflutningur	4.2	7.4	3.8	1.6	8.4	7.2	-5.1
Innflutningur	8.6	-9.1	-2.5	10.8	14.4	29.4	10.1
Viðstkiptajöfnuður <sup>2</sup>	-10.2	-4.3	1.5	-4.8	-9.8	-16.1	-25.7
Framleiðni	2.8	2.5	-0.8	1.8	6.5	5.9	1.3

Heimild: ASÍ, Seðlabanki, Hagstofa, Vinnuálagstofnun og fjármálaráðuneyti

<sup>1</sup> Hlutfall atvinnulausa af heildarþjóðar á vinnuamarkaði.

<sup>2</sup> Hlutfall af landsframleiðslu

\* Bráðabirgðatölur fyrir 2006

Kröftugur vöxtur fjárfestinga og einkaneyslu hefur drifið áfram hagvöxtinn síðustu ár, en nú er að verða breyting á því. Nú dregur úr fjárfestingum vegna stóriðjuframkvæmda en þær náðu hámarki á síðast ári. Það hægir því verulega á hagvexti á þessu ári og því næsta.

## Hægir á einkaneyslunni

Einkaneysla hefur vaxið mikið á síðustu árum og var vöxtur hennar í sögulegu hámarki árið 2005 en þá jókst hún að raungildi um tæp 13% á milli ára. Heldur hefur hægt á vexti einkaneyslunnar og jókst hún um 4,4% í fyrra, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands. Viðsnúningur virðist hafa orðið á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en þá minnkaði einkaneyslan í fyrsta skipti í fjögur ár og það dró úr bjartsýni almennings. Bjartsýni almenning jókst á ný í aðdraganda Alþingiskosninga. Gengið styrktist að nýju, aðhaldsaðgerðum ríkissjóðs var aflýst og aðgengi heimilanna að lánsfé batnaði á ný. Einkaneysla tók því góðan kipp að nýju á öðrum ársfjórðungi ársins. Launahækkningar, auknar ráðstöfunartekjur, auðvelt aðgengi að lánsfé og sterk staða krónunnar hafa ýtt undir neyslu heimilanna á undanförunum árum. Nú er að verða breyting á, vextir íbúðalána hafa hækkað verulega, krónan hefur veikst frá því sem áður var og bankar eru varkárari í útlánum. Því eru horfur á að það dragi úr vexti einkaneyslunnar á síðari hluta ársins.

## Enn vaxa skuldir heimilanna

Vaxandi skuldaförðun heimilanna er mikið áhyggjuefni. Í lok síðasta árs voru þær komnar í 183%<sup>1</sup> af ráðstöfunartekjum heimilanna og nýlega tölur fyrir þetta ár benda til þess að þær haldi áfram að vaxa og verði komnar í 216% af ráðstöfunartekjum í lok þessa árs. Stærstur hluti lánanna var notaður til að fjármagna kaup á íbúðahúsnæði en umtalsverður hluti þeirra var einnig notaður til að fjármagna ýmiss konar einkaneyslu.

Á undanförunum misserum hafa lántökur heimilanna í erlendum myntum aukist verulega. Í júlí sl. höfðu erlend lán heimilanna aukist um 78% frá sama tíma í fyrra. Þá námu þau um 8% af heildarskuldum heimilanna og höfðu þau aukist um eitt prósentustig frá áramótum. Mikill vaxtamunur við útlönd hefur gert það að verkum að mörg heimili hafa freistast til að taka lán í erlendum myntum, minnkað þannig vaxtakostnaðinn. Erlendu lánin eru á lægri vöxtum, óverðtryggð en með breytilegum vöxtum. Þessar mikla aukning í erlendum lántökum er svolítið sérstök þar sem krónan hefur verið fremur sterk. Að öllu

---

<sup>1</sup> Nýlega endurskoðaði Hagstofa Íslands tölur um ráðstöfunartekjur heimilanna. Fyrir þá endurskoðun voru skuldir heimilanna árið 2006 komnar í 240% af ráðstöfunartekjum en mælast nú 183% af ráðstöfunartekjum.

jöfnu er heppilegra að taka erlend lán þegar krónan er veik. Heimilin eru því að taka á sig mikla áhættu vegna gengis og einnig hafa vextir erlendis farið hækkandi. Vaxandi skuldasöfnun heimilanna veldur áhyggjum því hún dregur úr möguleikum þeirra til að takast á við áföll svo sem veikindi og atvinnuleysi. Sérstaklega veldur vaxandi erlend skuldasöfnun áhyggjum, þar sem fæst íslensk heimili hafa tekjur í erlendum myntum og því eiga þau erfitt með að verja sig gagnvart gengisfalli. Að mati flestra er krónan of sterk og fyrrsjáanlegt er að hún muni falla töluvert. Við það mun greiðslubyrði erlendu lánanna í íslenskum krónum hækka sem nemur falli krónunnar. Á síðasta ári hækkuðu bankarnir vexti og hertu á útlánareglum og dró þá heldur úr skuldasöfnuninni. Á fyrrihluta þessa árs slókuðu bankarnir tímabundið á aðhaldi í útlánum en á síðustu vikum hefur það aukist á ný og vextir hækkað.

### **Dregur úr fjárfestingum**

Nú hillir undir lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og mikil óvissa ríkir um aðrar fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir. Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í fjárfestingum og þá sérstaklega fjárfestingum atvinnuvega. Eiga stóriðjuframkvæmdir þar stærstan hlut að máli. Einnig hefur verið mikill vöxtur í íbúðafjárfestingum. Fyrstu sex mánuði ársins drógust fjárfestingar saman frá sama tíma í fyrra og er það í fyrsta skipti í fjögur ár sem fjárfestingar dragast saman. Vöxtur fjárfestinga náði hámarki árið 2005, en síðan hefur heldur dregið úr vexti þeirra. Í heildina jukust fjárfestingar um 19,8% í fyrra og eins og fyrri ár vógu fjárfestingar til stóriðju þyngst en þær námu um 38% af heildarfjárfestingum síðasta árs og um 50% af fjárfestingum atvinnuveganna. Mest varð aukningin í fjárfestingum hins opinbera en þær jukust um 22%. Þessi mikli vöxtur í opinberum fjárfestingum kom nokkuð á óvart, þar sem ríkisstjórnin boðaði í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í fyrra vor, sérstakar aðhaldsaðgerðir, sem m.a. fólu í sér frestun á útboðun og nýframkvæmdum á vegum ríkisins um óákveðinn tíma. Í aðdraganda kosninga, voru aðhaldsaðgerðirnar síðan afturkallaðar án sýnilegrar ástæðu, enda hélst þensl-  
áfram.

Það kemur ekki á óvart að fjárfestingar atvinnuveganna jukust kröftuglega í fyrra eins og árin þar á undan. Það hægði þó heldur á vextinum og var hann heldur minni en árið á undan eða um 20%. Stafar það fyrst og fremst af því að heldur dró úr umfangi stóriðjuframkvæmda á seinni hluta síðasta árs. Einnig hefur verið mikill vöxtur í fjárfestingum íbúðahúsnæðis eins og undanfarin ár. Í fyrra jukust fjárfestingar íbúðahúsnæðis um 17,8% sem er nokkuð meiri vöxtur en árið á undan. Margt bendir til þess að íbúðamarkaður sé að mettast og horfur eru á að heldur dragi úr fjárfestingum í íbúðahúsnæði á næstu árum.

## Góð afkoma hins opinbera

Eins og undanfarin ár þá gekk illa að halda aftur af samneyslunni í fyrra. Nýjstu tölur benda til þess að samneysluútgjöld hins opinbera hafi aukist um 3,9% og hefur vöxtur þeirra ekki mælst jafn mikill síðan árið 2002. Þessi mikli vöxtur kemur ekki á óvart. Í fyrra voru sveitarstjórnarkosningar og það hefur sýnt sig að það gengur illa að halda aftur af útgjöldum á kosningaári. Á fyrrihluta þessa árs hafa samneysluútgjöld hins opinbera aukist um 2,4% frá sama tíma í fyrra sem er í takt við langtímamarkmið ríkissjóðs.

Almennt má segja að staða hins opinbera hafi verið mjög góð á síðasta ári og hefur ekki mælst jafn hagstæð áður. Tekjur umfram gjöld námu um 7% af landsframléiðslu, eða 81 milljarði. Til samanburðar voru tekjur umfram gjöld 5,2% af landsframléiðslu árið 2005. Þessa góðu afkomu hins opinbera má fyrst og fremst rekja til góðrar afkomu ríkisins, en tekjur þess umfram gjöld námu 5,3% af landsframléiðslu. Góð afkoma ríkissjóðs skýrist fyrst og fremst af því að tekjurnar hafa vaxið hratt í góðærinu og hraðar en útgjöldin. Fjárhagur sveitarfélaganna hefur einnig snúist til betri vegar síðustu tvö ár, þó hann sé misjafn. Tekjuafgangur sveitarfélaganna nam í fyrra 0,9% af landsframléiðslu samanborið við 0,4% árið þar á undan. Hægt hefur á vexti tekna hins opinbera og skýrist það fyrst og fremst af minnkandi skatttekjum í kjölfar skattalækkana. Árið 2005 jukust tekjur hins opinbera um 15,2% á föstu verðlagi en í fyrra um 7%. Á meðan vaxa útgjöldin jafnt og þétt eða um 3% á föstu verðlagi hvort ár.

Staða ríkissjóðs er góð um þessar mundir og tekjur umfram gjöld námu um 61 milljarði í árslok 2006 eða um 5,3% af landsframléiðslu sem er nokkuð betri árangur en árið á undan. Þá nam tekjuafgangurinn 4,5% af landsframléiðslu. Undanfarin ár hafa tekjur ríkissjóðs vaxið langt umfram gjöld, en nú er að verða nokkur breyting á. Í fyrra hægði verulega á vexti teknanna og varð raunhækkun þeirra 4,2% samanborið við 15,2% árið á undan. Einnig hægði heldur á vexti útgjalda í fyrra og skýrist það að nokkru af aðhaldsaðgerðum ríkisins. Raunhækkun gjalda í fyrra nam um 1,2% til samanburðar við 3,9% árið þar á undan. Horfur eru á að áfram dragi úr vexti tekna ríkissjóðs vegna minni skatttekna og minnkandi umsvifum í hagkerfinu, á sama tíma og útgjöld halda áfram að aukast. Það eru því horfur á að ríkissjóður verði rekinn með halla á næstu árum.

Staða sveitarfélaganna er einnig þokkaleg og hefur snúist til betri vegar síðustu tvö ár. Staða sveitarfélaganna er þó afar misjöfn. Heildartekjuafgangur sveitarfélaganna nam 11 milljörðum króna í árslok 2006 eða 0,9% af landsframléiðslu. Raunhækkun gjalda var í fyrra um 11,4% samanborið við 5,1% árið áður. Raunhækkun tekna var í fyrra um 15,2% samanborið við 14,2% árið á undan. Eins og hjá ríkissjóði hafa tekjur þeirra vaxið umfram útgjöld í góð-

ærinu. Í fyrra jukust tekjur þeirra á föstu verðlagi um ríflega 15% samanborið við 14% árið áður. Útgjöldin hafa einnig vaxið hratt. Í fyrra jukust þau um rúm 11% á föstu verðlagi, samanborið við 5,1% árið áður. Aukning í tekjum sveitarfélaga skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum af gatna- og lóðaframkvæmdum. Mikil hækkun á útgjöldum sveitarfélaga skýrist bæði af aukinni samneyslu og fjárfestingum.

Allt bendir til þess að áfram verði kraftur í íbúðabyggingum og tekjur sveitarfélaganna af þeim haldi áfram að aukast. Það bendir því allt til þess að staða sveitarfélaganna verði áfram þolanleg en versni þó heldur.

## **Dregur úr ójafnvægi í utanríkisviðskiptum**

Mikið ójafnvægi hefur einkennt utanríkisviðskipti landsins undanfarin ár. Viðskiptahallinn var í sögulegu hámarki í fyrra, en þá mældist hann 25,7% af landsframleiðslu og hefur ekki mælst jafn mikill frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Ástæður þessa er að innflutningur hefur aukist langt umfram útflutning. Þar vegur innflutningur á fjárfestingavörum í tengslum við stóriðjuframkvæmdir þungt eða um fjórðung. Stóran hluta viðskiptahallans má þó rekja til mikillar einkaneyslu eða um fjórðung. Hlutur vaxtagreiðslna vegna erlendra lána vegur einnig þungt en hlutur þeirra hefur farið vaxandi á síðustu árum. Skýra þær um þriðjung af viðskiptahallanum.

Innflutningur jókst um 10% í fyrra og er það mun minni vöxtur en tvö undanfarin ár. Vöruinnflutningur jókst um 16,9% en þjónustuinnflutningur dróst saman um 2%. Á síðasta fjórðungi síðasta árs fór innflutningur að dragast saman og er það í fyrsta skiptið frá því að stóriðjuframkvæmdir hófust. Innflutningurinn hefur haldið áfram að dragast saman það sem af er ári. Á fyrri helmingi þessa árs dróst hann saman um 8,8%, þar af dróst vöruinnflutningur um rúm 13% en innflutningur þjónustu hefur hins vegar aukist um rúmt 1%. Mestur er samdrátturinn í innflutningi á fjárfestingavörum og bílum. Horfur eru á að áfram dragi úr innflutningi á þessu ári og því næsta.


Útflutningur dróst saman um rúm 5% á síðasta ári og er það í fyrsta skiptið í tíu ár. Meginskýringin er mikill samdráttur í þjónustuútflutningi en hann dróst saman um 10,5%. Vöruútflutningur dróst einnig saman en mun minna eða um 1,5%. Viðsnúningur varð í útflutningi á fyrri helmingi þessa árs og jókst hann um 5,7% frá sama tíma í fyrra. Mest hefur aukningin verið í útflutningi kísiljárns og áls. Jafnframt jókst útflutningur sjávarafurða á fyrstu sjö mánuðum ársins 4,6%. Vægi sjávarafurða í útflutningi hefur verið að minnka. Í fyrra nam útflutningur sjávarafurða af heildarvöruútflutningi um 50% en til samanburðar nam hann um 55% árið áður. Vægi áls í heildarvöruútflutningi hefur á hinn bóginn verið að aukast. Nam útflutningsverðmæti áls um tæpum 24% af heildarvöruútflutningi í fyrra en var til samanburðar um 19% árið áður.

Þróun verðs á sjávarafurðum í íslenskum krónum ræðst að miklu leyti af gengi krónunnar. Hækkaði það um 20% á síðasta ári en í erlendri mynt um 8,5%. Skýrist þessi mikla hækkun á verði í íslenskum krónum af veikingu hennar í fyrravor. Þegar krónan styrktist á ný lækkaði verð á sjávarafurðum í íslenskum krónum og í júlí sl. hafði það lækkað um 6,7% frá sama tíma í fyrra. Hækkunar á erlendum mörkuðum drógu úr áhrifum styrkingar krónunnar en á sama tíma hækkaði verð í erlendri mynt um tæp 7%. Verð í íslenskum krónum hækkaði nú í ágúst þegar krónan veiktist og nam frá sama tíma í fyrra um 1%. Útlit er fyrir að verð sjávarafurða í erlendri mynt haldi áfram að hækka. Verð á áli hefur heldur lækkað frá því í fyrra. Í september hafði það lækkað um ríflega 4% frá sama tíma í fyrra. Útlit er fyrir að það haldi áfram að lækka.

### Verðlag, vextir og gengi

Þrátt fyrir mjög strangt aðhald í peningamálum hefur ekki tekist að halda aftur af verðbólgunni. Seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína síðast í desember sl. um 0,25% og standa þeir nú í 13,3%. Hefur bankinn hækkað stýrivexti sína um 8,75 prósentustig frá því árið 2004, án þess þó að ná markmiðum sínum.

### 12 mánaða verðbólga



Verðbólga hefur verið vel utan við 4,0% efri vikmörk síðan í september 2005. Verulega hægði á verðbólgunni á vormánuðum og mældist hún 3,4% í ágúst sl. en á sama tíma í fyrra mældist hún 8,6%. Meginskýringin á minnkandi verðbólgu er lækkun á virðisaukaskatti á matvælum þann 1. mars. Verðbólgan fór svo aftur upp fyrir efri vikmörkin nú í ágústmánuði þegar hún

mældist 4,2%. Undirliggjandi verðbólga er enn mjög mikil og þegar horft er framhjá lækkun virðisaukaskatts 1. mars mælist hún um 6%. Það sem helst hefur kynt undir verðbólgunni er húsnæðisverð, eins og undanfarin misseri. Húsnæðisliður neysliverðsvísitölunnar hefur hækkað um 12,3% frá því í ágúst í fyrra en dagvara hefur lækkað um tæp 4%. Á sama tíma hafa innfluttar mat- og drykkjarvörur lækkað um 6,7%. Aðrar innfluttar vörur hafa nánast staðið í stað þrátt fyrir verulega styrkingu krónunnar á vormánuðum.

Mikill vaxtamunur hefur á undanförunum árum laðað að erlenda fjárfesta. Nemur útgáfa skuldabréfa í íslenskum krónum, svokallaðra jöklabréfa, um 30% af landsframleiðslu. Hefur þessi áhugi erlendra fjárfesta á íslensku krónunni haft mikil áhrif á gengi hennar. Gengi krónunnar ræðst nú í vaxandi mæli af áhuga erlendra fjárfesta á krónunni. Af þessum ástæðum hefur það sveiflast mjög. Í kjölfar neikvæðra umræðna um íslenskt efnahagslíf í upphafi síðasta árs dró úr tiltrú erlendra fjárfesta á krónunni og hún féll um 20%. Þegar leið á árið tók hún við sér á ný, þegar jákvæðar fréttir tóku að berast af íslensku efnahagslífi. Krónan var töluvert veikari í fyrra en árið áður. Að meðaltali var gengisvísitalan 123 stig í fyrra en árið þar á undan var hún 108 stig. Krónan hefur styrkst nokkuð á þessu ári og hefur gengisvísitalan verið að meðaltali 118 stig það sem af er ári.


Í júlí á þessu ári varð mikill órói á erlendum fjármálamörkuðum sem leiddi til þess að fjárfestar drógu sig út úr áhættusömum fjárfestingum og dró þá úr viðskipum með íslenskar krónur, með þeim afleiðingum að króna féll á ný í júlí, um 14%. Hefur hún heldur tekið við sér á ný. Erfitt er að gera sér grein fyrir þróun gengis krónunnar á næstu misserum, en það mun ráðast af gangi mála á erlendum fjármálamörkuðum. Mikil óvissa ríkir um gang mála á erlendum fjármálamörkuðum og má búast við miklum sveiflum á þeim á næstu misserum.

Stýrivextir eru mjög háir hér á landi og vaxtamunur við útlönd mikill. Horfur eru á að hann verði það áfram út þetta ár og fram á það næsta. Seðlabankinn hefur gefið það út að hann muni ekki byrja að lækka stýrivexti fyrr en í fyrsta lagi á fyrri hluta næsta árs. Þegar hann byrjar að lækka vexti og vaxtamunur við útlönd fer að minnka má búast við snarpri aðlögun hagkerfisins í formi gengislækkunar. Má búast við allt að 10-15% gengisfalli. Það er hins vegar mjög erfitt að tímasetja aðlögunina eða sjá fyrir hvernig hún mun eiga sér stað.

## **Miklar launahækkanir**

Laun hafa hækkað mikið á síðustu tveimur árum en nú hægir á. Heldur hefur dregið úr launahækkunum á þessu ári í samanburði við árið í fyrra. Í júlí sl. hækkaði launavísitalan um 8,3% frá sama tíma í fyrra en á sama tíma í

## 12 mánaða verðbólga



fyrri hækkaði hún um 10,2%. Laun hækkuðu samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði um 2,9% um síðustu áramót. Frá því í desember á síðasta ári hafa laun hins vegar hækkað um 6,7% og því hefur launaskrið verið töluvert (eða tæp 4% á tímabilinu).

Ástæður þessara hækkana á síðasta ári hafa helst verið nefndar hækkanir hjá opinberum starfsmönnum; hækkanir vegna endurskoðunar kjarasamninga í júní 2006; og síðast en ekki síst mikið launaskrið á almennum markaði. Á síðari hluta þessa árs hafa áhrif vegna endurskoðunar kjarasamninga í júní 2006 farið dvínandi.

Verðbólga hefur verið mikil á tímabilinu. Þrátt fyrir miklar launahækkanir jókst kaupmáttur launa mun minna en laun eða um 2,6% í fyrra. Nú í júlí hefur hann aukist um 4,4%. Skýrist það fyrst og fremst vegna áhrifa lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum í mars sl. á vísitölu neysluverðs.

Ráðstöfunartekjur hafa hækkað umtalsvert á síðustu árum. Skýrist það af launahækkunum, aukinni atvinnuþátttöku, minna atvinnuleysi, lengri vinnutíma og skattalækkunum um síðustu áramót. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst um 6,6% árið 2005 og allt bendir til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi hækkað nokkuð meira í fyrra eða um ríflega 8%.

### Atvinnuástand gott – en blikur á lofti

Staðan á vinnumarkaðnum er góð og hefur heldur batnað frá því á síðasta ári. Í ágúst var hlutfall atvinnulausra af heildarfjölda fólks á vinnumarkaði 0,9% miðað við 1,2% á sama tíma í fyrra. Hefur atvinnuleysi ekki mælst jafn lítið



síðan í október 2000. Nánar er gerð grein fyrir atvinnuástandinu í þeim kafla í þessari skýrslu sem fjallar um atvinnumál.

## **Verðlagseftirlit ASÍ**

Starf verðlagseftirlitsins var um margt óhefðbundið á liðnu ári. Í mars var virðisaukaskattur á matvæli lækkaður í 7% og vörugjöld af matvörum öðrum en sykri og sætindum felld niður. Að ósk iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins tók Alþýðusambandið að sér að gera viðamiklar kannanir til að fylgjast með því að lækkanir á opinberum álögum skiluðu sér til neytenda. Umfang verkefnisins var mjög mikið og er gerð sérstök grein fyrir því aftast í kaflanum. Vegna umfangs verkefnisins reyndist ekki unnt að sinna hefðbundnum verkefnum, s.s. almennum samanburði á matvöruverði milli verslana, með sama hætti og undanfarin ár.

## **Hefðbundið starf verðlagseftirlitsins**

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hefðbundnu starfi verðlagseftirlitsins:

- Í október 2006 voru könnuð verð á hjólbarðaskiptingum, umfelgunum og jafnvægisstillingum á ýmsum gerðum bíla. Í ljós kom að mikill verðmunur er milli hjólbarðaverkstæða eða allt að 66%.
- Í könnun á verði á þjónustu smurstöðva í október 2006 kom í ljós mikill verðmunur milli verkstæða. Mestur reyndist munurinn á hæsta og lægsta verði á þjónustu við stóra jeppa eða um 77%.
- Skömmu fyrir jólin 2006 var verð á jólamatnum kannað. Mestur hlutfallslegur munur reyndist vera á verði konfekts og drykkjarvörum. Minni hlutfallslegur munur reyndist á kjötvörum enda eru þær oft formerktar frá framleiðanda, þrátt fyrir að það sé bannað enda hamlar slíkt eðlilegri verðsamkeppni.
- Í janúar 2007 var verð á 29 tegundum fiskmetis kannað í fiskbúðum og fiskborðum stórmarkaða. Meðalverð á flestum tegundum sem skoðaðar voru reyndust hafa hækkað um 10-20% milli ára en dæmi voru um allt að 30% verðhækkun.
- Verðlagseftirlitið birti í mars könnun á því hvernig lækkun á virðisaukaskatti skilaði sér í bakaríum. Könnunin var ekki hluti af því verkefni sem ASÍ tók að sér fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og gerð er grein fyrir í lok kaflans. Gerður var samanburður á verðum í bakaríum í janúar og aftur í mars. Niðurstaðan var sú að í flestum tilfellum lækkaði verð minna en sem nam lækkun virðisaukaskattsins.
- Umræður um hátt lyfjaverð hér á landi hafa verið miklar á undanföllum árum. Mikil fækkun hefur orðið á smásöluaðilum og tvær stórar smásölukeðjur skipta nú með sér nánast öllum neytendamarkaðnum með lyf í

landinu. Lyf eru mjög frábrugðin öðrum neyslsvörum, verðmyndun þeirra er flókin auk þess sem þau eru mikilvægur hluti heilbrigðiskerfisins og því afar mikilvægt að gott eftirlit sé með þessum markaði. Gerð var könnun á lyfjaverði í samstarfi við Landlæknisembættið í október 2006. Mikill verðmunur reyndist á lyfseðilsskyldum lyfjum eða 55%. Þegar gerður var samanburður á frumheitalyfi og samheitalyfi reyndist munurinn enn meiri eða 66%. Það skiptir því neytendum máli að vera vakandi fyrir möguleikanum á að fá ódýrara samheitalyf.

- Í könnun á verði lausasölulyfja í október kom í ljós að verðmunur milli einstakra apóteka var mjög mikill eða allt að 70%. Algengur verðmunur var á bilinu 30-50%. Þegar skoðað var hvernig verð á 21 lausasölulyfi hafði þróast frá því í nóvember 2005 reyndist verð hafa hækkað um allt að 45% milli ára. Algengar hækkningar voru á bilinu 10-20%.
- Verð á nýjum og notuðum skólabókum fyrir framhaldsskólanema var kannað í ágúst. Í ljós kom að umtalsverður munur var á útsöluverði bóka, bæði á nýjum og notuðum og einnig að verslanirnar keyptu notaðar bækur á mjög misjöfnum verði á skiptibókamörkuðunum.

Auk hefðbundinna verðkannana verðlagseftirlitsins hafa verið gerðar nokkrar samantektir um verðlagsmál og ýmsan kostnað sem snýr að neytendum. Hér verður stuttlega greint frá þeim helstu og niðurstöðum þeirra.

Samantekt um breytingar á álagningu og gjaldskrár 15 stærstu sveitarfélaga í landinu var lögð fyrir miðstjórn í janúar.

Í janúar var birt samantekt um raforkukostnað heimilanna. Í ljós kom að verð heildarraforkukostnaður meðalheimilis hafði hækkað um 3-4% á milli ára hjá flestum raforkufyrirtækum og að heildarkostnaður meðalheimilis í dreifbýli er umtalsvert hærri en í þéttbýlinu. Þrátt fyrir að búið sé að innleiða samkeppni í sölu á rafmagni þá kom í ljós að verðmunur á milli raforkusala var ekki meiri en svo að það borgaði sig ekki að kaupa raforkuna hjá öðru fyrirtæki en því sem sér um flutning og dreifingu á viðkomandi landssæði, því að þá berst raforkureikningur heimilisins í tvennu lagi; einn er fyrir flutninginn og dreifinguna og annar fyrir sjálfa orkuna. Sé innheimt seðil- eða greiðslugjald hjá raforkusalanum sem er herra en kr. 116 á mánuði, borgar það sig ekki fyrir neytandann að skipta um raforkusala, heldur tapar hann beinlínis á því.

Í mars tók verðlagseftirlitið saman yfirlit yfir helstu breytingar á tollum í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka matvælavæð. Í meginatriðum voru breytingarnar þrjúþættar. Í fyrsta lagi lækka almennir tollar á kjöti sem flutt er inn frá löndum Evrópusambandsins um 40%. Í öðru lagi aukast tollakvótar á kjöti, ostum og kartöflum frá Evrópusambandinu. Kvótarnir eru uppboðskvótar sem seldir eru hæstbjóðanda. Þetta fyrirkomulag gagnrýndi ASÍ og taldi að fara hefði átt aðra leið við úthlutun kvótanna til að

tryggja aukna samkeppni og lægra vöruverð. Í þriðja lagi voru settir á almennir tollar á algengar grænmetistegundir sem fluttar eru inn frá löndum utan Evrópusambandsins.

### **Samantekt um lækkun á matvöruverði 1. mars 2007**

Í október 2006 kynnti ríkisstjórnin aðgerðir sínar til lækunar á matvöruverði til neytenda sem ætlað var að færa verðlag hér á landi nær því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Helstu þættir aðgerðanna fólu í sér lækkun virðisaukaskatts á matvöru í 7%, afnámi vörugjalda á öllum matvörum nema sykri og sætindum auk tollalækkana og samninga um tollkvóta á landbúnaðarvörum frá ESB. Alþýðusamband Íslands lagði á það ríka áherslu að fylgst yrði mjög náið með áhrifum breytinganna á verðlag og tryggt að þær skiluðu sér að fullu í lægra matvöruverði til neytenda. Bent var á að góð eftirfylgni væri lykilatriði við framkvæmd breytinganna þar sem mikið ójafnvægi væri í efnahagslífinu, verðbólga mikil og gengissveiflur miklar. Við slíkar aðstæður væru líkur á að aðgerðin skilaði sér ekki að fullu til neytenda.

Verðlagseftirlit Alþýðusambandsins hóf þegar í október 2006 undirbúning að eftirliti með framkvæmd breytinganna í matvöruverslunum. Frá upphafi var ljóst að eftirlit með aðgerðum sem þessum væri talsvert frábrugðin hefðbundinni starfsemi verðlagseftirlitsins. Alþýðusambandið hefur yfir að ráða þekkingu og reynslu af verðlagseftirliti sem talið var að gæti nýst vel við eftirfylgni með aðgerðum sem þessum. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra óskaði eftir því að gera þjónustusamning við ASÍ um náið eftirlit með verðlagi í matvöruverslunum á tímabilinu frá desember 2006 og fram undir sumar 2007, og varð ASÍ við þeirri ósk.

Verðlagseftirlitið skipulagði viðamikið eftirlit í samstarfi við aðildarfélag ASÍ um land allt og voru verðmælingar gerðar í um 90 matvöruverslunum á öllu landinu í vikutíma í senn í desember 2006, janúar, febrúar, mars og maí 2007. Mæld voru verð á allt að 800 vörutegundum í hverri verslun. Mælingarnar miðuðu fyrst og fremst við að skoða verðbreytingar í verslunum og var reiknuð út vegin breyting á verði vörukörfu í hverri verslun / verslunarkeðju. Ekki var um verðsamanburð á milli verslana að ræða heldur var einungis lagt mat á verðbreytingar innan hvorrar verslunar. Grunnar að vog vörukörfunnar er byggður á þeirri vog sem Hagstofa Íslands notar til útreiknings á vísitölu neysliverðs.

Niðurstöður verðmælinganna eru hér settar fram annars vegar sem almennar niðurstöður og hins vegar sem niðurstöður eftir helstu verslunarkerðjum.

### **Almennar niðurstöður:**


- Almennar verðhækkningar voru í matvöruverslunum á tímabilinu frá desember 2006 og fram í febrúar 2007. Verð hækkaði í flestum matvöruverslunum á því tímabili um 1% - 2% en verðhækkningar voru á bilinu 0,2 - 4,3% hjá verslunum á tímabilinu.
- Milli verðmælinga í febrúar og mars þegar virðisaukaskattur og vörugjöld voru lækkuð, lækkaði verð í matvöruverslunum almennt á bilinu 6% - 8% en verðlækkningar voru á bilinu frá 5,9% - 11% á tímabilinu.
- Af einstökum vörflokkum þá lækkuðu gosdrykkir, safar og kolsýrt vatn mest í öllum verslunum. Þá lækkaði verð á sykri, sætindum og súkkulaði auk vörflokksins kaffi, te og kakó næstmest.
- Verðlækkningar í matvöruverslunum milli febrúar og marsmánaðar voru í ágætu samræmi við útreikninga Hagstofunnar á tilætluðum áhrifum aðgerðanna sem gerðu ráð fyrir að lækkun á virðisaukaskatti mundi skila lækkun á matvöruverði um 7,4% og ætti sú lækkun að fullu að vera komin fram í vöruverði við mælingu verðlagseftirlitsins sem gerð var um miðjan marsmánuð. Hagstofan áætlaði að lækkun vörugjalda mundi skila sér í 1,3% lækkun á matvöruverði til viðbótar en áætla mátti að sú lækkun tæki 1-2 mánuði að skila sér út í vöruverð til neytenda að fullu og því ekki við því að búast að áhrif hennar kæmu fram í tölum úr verðmælingu í mars.
- Milli verðmælinga í mars og maí hækkaði verð almennt í matvöruverslunum. Hækkunin var mjög mismikil eftir verslunum, mest í stóru lágvöruverðsverslununum en minna í öðrum verslunum. Athygli vakti að verð lækkaði hvergi á umræddu tímabili þrátt fyrir að áhrif af lækkun vörugjalda hefðu átt að koma fram á tímabilinu auk þess hafði gengi íslensku krónunnar styrkst á fyrrihluta ársins, sem hvort tveggja átti að skila sér í lægra vöruverði.
- Þegar heildarverðbreyting í matvöruverslunum var skoðað á tímabilinu frá desember 2006 og fram í maí 2007 kom í ljós að verð lækkaði á bilinu 1,6% - 6,7% í verslunum, en hjá flestum aðilum var lækkunin á bilinu 4,5%-6,5%. Þessi niðurstaða var vonbrigði þar sem Hagstofan hafði áætlað að aðgerðir ríkisstjórnarinnar ættu að skila neytendum 8,7%.
- Niðurstöður verðlagseftirlitsins á tímabilinu voru í ágætu samræmi við mælingu Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs. Samkvæmt vísitölunni lækkaði verð á mat- og drykkjarvörum um 7,4% milli febrúar og marsmánaðar, en hefur á tímabilinu frá mars og fram í júlí hækkað um 0,3%. Í heildina lækkaði matar- og drykkjarliður vísitölunnar um 5,1% á tímabilinu frá desember 2006 til júlí 2007.
- Breytingar á lögum um virðisaukaskatt náðu einnig til fleiri liða vöru og þjónustu og ber þar helst að nefna verð á hótélum og veitingarhúsum,

- bókum, tímaritum, dagblöðum og hljómdiskum ásamt heitu vatni og raforku til húshitunar.
- Verð á hótelum og veitingarhúsum lækkaði einungis um rúm 3% milli mælinga í febrúar og mars skv. vísitölu neysluverðs og hafði í júlí aftur hækkað um 1,5% frá því í mars. Hagstofan gerði í áætlun sinni ráð fyrir að lækkun á virðisaukaskatti skilaði 8,6% lækkun á hótél og veitingarhúsalið vísitölnnar og því ljóst að aðgerðin hefur skilað afar litlum verðlækkunum til neytenda hjá þessum aðilum.
  - Liðurinn rafmagn og hiti í vísitölu neysluverðs lækkaði um 1% milli febrúar og mars og hefur síðan hækkað um 0,5% fram í júlí. Hagstofan áætlaði að þessi liður ætti að lækka um 2,8% við lækkun á lögum um virðisaukaskatt.
  - Liðurinn hljómplötur, diskar og myndbönd lækkaði um 4,2% milli febrúar og mars og var síðan nánast óbreyttur fram í júlí. Þetta er ívið minni lækkuun en Hagstofan áætlaði, en samkvæmt útreikningum hennar átti þessi liður að lækka um 4,7% við breytingarnar.
  - Verð á bókum lækkaði um 4% milli febrúar og mars og verð á blöðum og tímaritum um 5,4% samkvæmt vísitölu neysluverðs. Lítil breyting varð á þessum liðum frá mars og fram í júlí. Lækkunin er nokkuð minni en lækkuun á virðisaukaskatti á þessum vörum gaf tilefni til en áætlað var að þær mundu lækka um 6,1%.
  - Almennt mat verðlagseftirlits Alþýðusambandsins er að aðgerðir til lækkunar á matvöruverði hafi ekki skilað sér nema að hluta út í verðlag til neytenda. Tilætluð áhrif lækkunar á virðisaukaskatti og vörugjöldum á matvöru voru 8,7% verðlækkun á mat- og drykkjarvörum. Ljóst er bæði samkvæmt mælingum verðlagseftirlitsins, sem sýna breytingar hjá einstökum verslunum/verslunarkæðjum og mælingum Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs, að aðeins hluti þessarar lækkunar skilaði sér til neytenda og frá því í marsmánuði hefur hluti hennar þegar gengið til baka. Þar að auki hafa þær breytingar á tollum sem einnig voru hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til lækkunar á matvöruverði enn ekki skilað neinum lækkunum á matvöruverði eins og boðað var. Loforð til neytenda um 16% verðlækkun á mat- og drykkjarvörum sem ríkisstjórnin gaf í haust þegar aðgerðir til lækkunar á matvöruverði voru kynntar er því langt frá því að vera uppfyllt.
  - Það verða að teljast mikil vonbrigði fyrir neytendur að lækkuun á virðisaukaskatti á hótelum og veitingarhúsum rann nánast öll til rekstraraðila þessarar þjónustu en skilaði neytendum á heildina lítið litlum sem engum verðlækkunum.


### Niðurstöður eftir helstu verslunardeðjum:

Almennar verðhækkanir voru í matvöruverslunum á tímabilinu frá desember 2006 til febrúar 2007. Verðlag í verslunardeðjunum hækkaði á bilinu 0,2 – 4,3% en í flestum matvöruverslunum hækkaði verðlag um 1% - 2%. Vegin verðhækkun á tímabilinu var mest í verslunum 10-11 en minnst í verslunum Bónuss. Þegar skoðaðar voru verðbreytingar á tímabilinu frá febrúar til mars 2007, þegar opinberar álögur á matvörur lækkuðu, kemur í ljós að verðlag lækkaði á bilinu 6,1% - 11%, en hjá flestum aðilum var lækkunin á bilinu 6% - 8%. Vegin verðlækkun var minnst í verslunum 10-11 en mest í verslunum Krónunnar milli mælinga í febrúar og mars.


Milli verðmælinga í mars og maí 2007 hækkaði almennt í matvöruverslunum. Hækkunin var mjög mismikil eftir verslunum, mest hjá stóru lágvöruverðsverslununum en minna hjá öðrum aðilum. Verð hækkaði um 0,1 - 4,6% í öllum verslunardeðjum nema Nettó þar sem verð lækkaði um 0,2%. Mest hækkaði verð í verslunum Krónunnar eða um 4,6%. Það vekur athygli að verð skuli hækka í öllum verslunardeðjum nema einni þar sem verð lækkar einungis óverulega þegar haft er í huga að áhrif af lækkun vörugjalda hefðu átt að koma fram á umræddu tímabili og á sama tíma styrktist gengi íslensku krónunnar.



Þegar niðurstöður verðmælinga ASÍ eru skoðaðar í heild frá desember 2006 til maí 2007 kemur í ljós að verð í verslunum lækkaði um 1,6% til 6,7% á tímabilinu en hjá flestum aðilum lækkaði verð á bilinu 4,5% - 6,5%. Minnst heildarlækkun var í verslunum 10-11 en mest lækkun var í verslunum Nettó.



Samkvæmt mati Hagstofunnar átti lækking á virðisaukaskatti og vörugjöldum að skila 8,7% verðlækkingu á mat- og drykkjarvörum. Þar að auki styrktist gengi íslensku krónunnar um 6% frá 15. desember 2006 til 15. maí 2007 sem hefði átt að skila sér inn í verð til neytenda á tímabilinu og lækka verðlag enn frekar. Þessi niðurstaða var því óásættanleg fyrir neytendur.





*Fræðslumálin verða sifellt fyrirferðarmeiri í starfi og áherslum verkalýðshreyfingarinnar. Myndin er frá útskrift í tilraunaverkefninu Gildi starfa.*

## Kjaramál og kjarasamningar

Frá ársfundi ASÍ 2006 hafa engir kjarasamningar verið gerðir á vettvangi ASÍ eða aðildarféлага

Um næstu áramót eru flestir samningar á almennum vinnumarkaði lausir og á næsta ári eru flestir samningar ASÍ féлага við ríki og sveitarfélög lausir. Undirbúningur komandi kjarasamninga hefur því einkennt starf ASÍ og einstakra féлага og landssambanda. Undirbúningurinn fer að mestu fram á vettvangi einstakra féлага eða landssambanda. Á vettvangi ASÍ fer fram umræða um sameiginleg mál. Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi 6. júní að unnið yrði sameiginlega að eftirfarandi málum;

- Breytingum á veikinda- og slysarétti og endurhæfing
- Aðgerðum gegn kynbundnum launamun
- Fullorðinsfræðslu
- Nýjum verkefnum og nýjum áherslum í störfum trúnaðarmanna

Gerð er grein fyrir þessum atriðum efnislega í öðrum köflum skýrslunnar.

Ýmis önnur mál hafa verið rædd sameiginlega en ekki liggur fyrir hvort og þá hvernig þau verða unnin frekar.



Skortur á nauðsynlegum launagögnum frá Hagstofu Íslands hefur tafið undirbúning kjarasamninga. Vegna þess fundaði forysta ASÍ og SA með Hagstofustjóra í september. Niðurstaða fundarins var að Hagstofan mun taka saman nauðsynleg gögn og koma til ASÍ og SA í októbermánuði.

**Breytingar á fyrirkomulagi veikinda-, slysa- og örorkurétti launafólks**  
Miðstjórn ASÍ ákvað haustið 2006 að fela Lífeyrisnefnd ASÍ að hefja könnunarviðræður við fulltrúa Samtaka atvinnulífsins um forsendur hugsanlegrar endurskoðunar á fyrirkomulagi veikinda-, slysa- og örorkuréttinda félagsmanna innan ASÍ. Bakgrunnur þessarar ákvörðunar voru fundarhöld forsvarsmanna SA með forystu ASÍ, landssambandanna og einstakra aðildarfélaga, þar sem fram kom breytt afstaða og áherslur atvinnurekenda gagnvart bæði fyrirkomulagi veikindaréttar og starfsemi og hlutverki sjúkrasjóðanna.

Undanfarna mánuði hefur fimm manna viðræðunefnd átt fjölda funda með fulltrúum atvinnurekenda um forsendur slíkrar endurskoðunar. Samhliða þessum viðræðum hefur nefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumatsins og eflingu endurhæfingar verið að störfum, en ASÍ og SA óskuðu formlega eftir því í nóvember 2005 í tengslum við endurskoðun kjarasamninga, að forsætisráðherra beitt sér í þessu máli.

Viðræðunefnd ASÍ setti sér strax í upphafi, í samráði við miðstjórn og aðildarsamtökin, skýr markmið með þessum viðræðum:

1. Mikilvægt væri að bæta lífsgæði fólks sem missir starfsorkuna vegna veikinda eða slysa með trúverðugum möguleika á endurkomu á vinnumarkaðinn. Þetta verði gert með því að skapa launafólki skýran og samfelldan rétt til afkomutryggingar á meðan á veikindum stendur, sem tiltölulega einfalt er að sækja.
2. Að efla og fjölga raunverulegum endurhæfingarúrræðum sem fólki með skerta starfsorku stendur til boða, bæði líkamlega endurhæfingu sem og starfs- og þekkingarlega. Jafnframt þarf að skýra skýlausan rétt launafólks til greiðsluþátttöku ríkissjóðs í kostnaði við endurhæfingu. Einnig er það sjálfstætt markmið verkalýðshreyfingarinnar að vera beinn þátttakandi í að koma á raunhæfum lausnum í endurhæfingu.
3. Að nýtt fyrirkomulag veikinda-, slysa- og örorku feli í sér jöfnun á grunnréttindum félagsmanna, þar með talið jöfnun á þeirri greiðslubyrði sem réttindunum fylgja.
4. Með bættri og skýrari afkomutryggingu og markvissum árangri í endurhæfingu er það trú viðræðunefndarinnar að hægt sé að draga úr heildarkostnaði lífeyriskerfisins vegna örorku og standa þannig vörð um eftirlaunaréttindi félagsmanna.

5. Viðræðunefndin hefur einnig sett sér það markmið að viðhalda og efla hlutverk sjúkrasjóðanna komi til þess að gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi veikindaréttinda, sérstaklega hvað varðar jákvæð tengsl félagsmanna við sitt stéttarfélag. Þetta verði t.d. gert með því að sjúkrasjóðirnir taki að sér einstaklingsbundna þjónustu við þá sem þurfa á endurhæfingu að halda.

Í mars 2007 kynnti nefndin eftirfarandi hugmyndir að breytingum á ytri umgjörð veikinda-, slysa- og örorkuréttar. Í þessum hugmyndum var lögð áhersla á að móta viðfangsefninu nýjan ramma sem byggji á samblandi kjarasamningsbundinna ákvæða og þjónustusamninga um nánari útfærslu þjónustunnar, stofnun nýs sjóðs (eða sjóða) um dagpeninga- og endurhæfingarréttinn og nýs fyrirtækis í eigu ASÍ/sambandanna og SA um uppbyggingu þekkingar á skilvirkri endurhæfingu.

Í viðræðum við SA var lögð áhersla á að ná niðurstöðu um meginútlínur nýs kerfis áður en farið yrði í ítarlegar útfærslur á réttindum félagsmanna. Eins og fram kemur í inngangi meðfylgjandi hugmynda eru æði mörg verkefni eftir í þessum viðræðum og er áformað að fara næst í frekari útfærslur á réttindakaflanum undir þeim formerkjum að auka og treysta réttindi launafólks.

Viðræðunefndin lagði áherslu á það að mikilvægt væri að fá viðbrögð og afstöðu baklandsins til þessa ytri ramma og ljóst að allmikill umræða varð um hann í hreyfingunni. Það var mat viðræðunefndarinnar að með þessu nýja fyrirkomulagi ætti bæði sjálfstæði sjúkrasjóðanna og tryggðartengsl þeirra við félagsmenn að vera tryggt.

## **Minnisblað um starf sameiginlegrar nefndar ASÍ og SA um þróun áfallatrygginga**

Undanfarna mánuði hefur sameiginleg nefnd ASÍ og SA fjallað um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi áfallatrygginga með það að markmiði að treysta og bæta réttindi þeirra sem lenda í alvarlegum áföllum og draga markvisst úr líkum á því að launafólk lendi í varanlegri örorku með aukinni virkni og eflingu endurhæfingar. Nefndin hefur haft hliðsjón af starfi örorkunefndar forsætisráðherra og auk þess horft til allra annarra atriða sem máli skipta.

Starf þessarar sameiginlegrar nefndar hefur nú leitt af sér hugmyndir að breytingum á ytri umgjörð veikinda-, slysa- og örorkuréttar sem kynntar eru í meðfylgjandi skjali. Þessar hugmyndir eru fyrsti áfanginn í löngu ferli sem þarf að gerast áður en nýtt fyrirkomulag áfallatrygginga verður að veruleika. Hugmyndirnar lýsa í stórum dráttum hvernig þarf að breyta

ákvæðum kjarasamninga um bæði réttindi launafólks og hlutverk einstakra aðila, skilgreina nýtt hlutverk stéttarfélaga/sjúkkrasjóða varðandi þjónustu við félagsmenn vegna áfalla, skilgreina innihald þjónustusamnings vegna framkvæmdarinnar og skilgreina stöðu og hlutverk sameiginlegra stofnana sem að málinu munu koma.

Í næsta áfanga er fyrirhugað að skilgreina nákvæmlega nýtt réttindakerfi. Þar er almennt miðað við að réttindi aukist frá því sem nú er með styttri ávinnslutíma hjá atvinnurekendum og rýmri flutningi á réttindum. Það verður hins vegar viðfangsefni að tryggja að réttindi rými ekki þeim einstökum tilvikum þar sem þau geta verið betri en hin almennu réttindi koma til með að verða. Mikilvægt er í því sambandi að fá fram ábendingar úr baklandi viðræðunefndanna, þ.e. bæði stéttarfélögum og fyrirtækjum, um öll þau tilvik sem huga þarf að í þessu sambandi.

Þriðji áfanginn í starfinu lýtur svo að því að ná utan um alla þætti er varða úrræðaaðila og úrræði vegna sjóðfélaga. Í þeim áfanga þarf að leita samráðs við alla þá aðila sem að úrræðum kunna að koma og átta sig á því hvernig hægt er að bjóða fram viðeigandi úrræði. Jafnframt verður þá til betri sýn á störf þjónustuaðila og þjónustufulltrúa.

Fjórdi áfanginn snýst síðan um að átta sig á kostnaði við nýtt réttindakerfi og úrræði, en samtökin hafa sameiginlega fengið tryggingarfræðinga til að leggja mat á þennan þátt málsins. Þá verður lagt mat á það hvað sparast frá núverandi kerfi og hvað hver aðili getur lagt af mörkum til nýs fyrirkomulags. Á þeim grundvelli verður haldið áfram til þess að tryggja fjármögnun hins nýja fyrirkomulags.

Í fimmta áfanga þarf að huga að samskiptum við aðra aðila s.s. opinbera aðila vegna nauðsynlegra lagabreytinga og fjölmargra útfærsluatriða sem koma upp og vegna kostnaðarþátta. Forsætisráðherra hefur þegar skipað sérstaka framkvæmdanefnd og óskað eftir tilnefningum ASÍ og SA, en nefndin hefur það hlutverk að vinna að nauðsynlegum breytingum af hálfu opinberra aðila og milli þessarar nefndar og sameiginlegru nefndarinnar verður náið samstarf.

Í framhaldinu koma svo ýmis fleiri verkefni sem ekki eru nákvæmlega fyrirséð á þessu stigi málsins. Aðalatriðið er að taka þetta verkefni áfanga fyrir áfanga, vinna þá saman eftir atvikum og leita eftir ábendingum um það sem huga þarf að þannig að árangur náist í þessu starfi.

## Hugmyndir að breytingum á ytri umgjörð veikinda-, slysa- og örorkuréttar

### *Efni kjarasamnings milli SA og féлага/landssambanda*

#### 1. Breyting á veikindarétti

Miðað er við að veikindaréttur hjá fyrirtæki verði 100% greiðsla í 2 mánuði en síðan taki við tímabil allt að 5 árum í heild þar sem framfærslugreiðslur koma úr Áfallatryggingasjóði(sjóðum). Réttindin hafa ekki verið útfærið en greiðslan er hugsuð sem ákveðin grunngreiðsla sem tekur mið af fyrri tekjum en þó með ákveðnu lágmarki eftir ákveðinn tíma.

#### 2. Breyting á sjúkrasjóði

Hluti af núverandi iðgjaldi í sjúkrasjóði rennur til Áfallatryggingasjóðs(sjóða). Hluti af núverandi iðgjaldi í sjúkrasjóði rennur áfram til sjúkrasjóða til að standa undir ýmiss konar réttindum og styrkjum og til þess að standa undir viðbótarframfærslugreiðslum til félagsmanna vegna veikinda. Sjúkrasjóðirnir halda núverandi eignum sínum og setja sér reglugerðir sjálfir.

#### 3. Framlag vinnuveitenda í Áfallatryggingasjóð(i)

Gjaldið miðast við þann sparnað sem niðurfelling á greiðslum vegna veikinda umfram 2 mánuði hefur í för með sér.

#### 4. Breyting á iðgjaldi í lífeyrissjóð

Iðgjald í lífeyrissjóði lækkar vegna minni kostnaðar við örorkulífeyri. Þess í stað rennur sá hluti til Áfallatryggingasjóðs(sjóða) til þess að standa undir kostnaði þeirra, en umfang ræðst af tryggingarfræðilegu mati á stöðu sjóðanna í ljósi nýrra verkaskiptingar.

#### 5. Aðild að Áfallatryggingasjóði

Hver einstakur kjarasamningur mun kveða á um sjálfstæða aðild stéttarfélaganna að hinu nýja fyrirkomulagi. Verði samningur ekki gerður eru félagsmenn viðkomandi félags áfram með núverandi ákvæði um veikindarétt í gildi og njóta ekki hins nýja fyrirkomulags.

#### 6. Réttur til þjónustusamnings ef skilyrði eru uppfyllt

Kveðið verði á um að hvert stéttarfélag hafi rétt til þess að Áfallatryggingasjóður geri við það þjónustusamning um framkvæmd þjónustunnar, enda uppfylli það öll skilyrði sem kveðið er á um í samningnum.

Þjónustusamningurinn er hins vegar mun hreyfanlegri og sveigjanlegri en kjarasamningur og þarf að geta tekið tillit til mismunandi aðstæðna og atvika. Miðað er við að fleiri en eitt félag geti eftir því sem við á sameinast um samning. Það er því ekki gert ráð fyrir því að þjónustusamningar verði útboðsmál fyrir hvern sem er að bjóða í heldur á valdi stéttarfélaganna hvort þau vilji annast þessa þjónustu hvert og eitt eða í samstarfi við önnur stéttarfélög.

### ***Efni þjónustusamnings milli Áfallatryggingasjóðs og stéttarfélags (eins eða fl.):***

#### **1. Starfsemi þjónustufulltrúa**

Þjónustufulltrúi er starfsmaður viðkomandi félags (eða sjúkrasjóðs) eða þjónustuaðila ef fleiri en eitt félag sameinast um verkefnið og hefur það hlutverk að annast málefni sjóðsfélaga og helst að sinna henni/honum þangað til hann kemst aftur út á vinnumarkaðinn. Þjónustufulltrúinn skal leitast við að veita leiðbeinandi og uppbyggjandi aðhald þannig að sjóðsfélaginn verði eins fljótt svo virkur á vinnumarkaðnum sem mögulegt er.

#### **2. Skipulagning teymisvinnu**

Þjónustuaðilinn virkjar hóp sérfræðinga til aðkomu að máli viðskiptavinarins. Þessir sérfræðingar geta eftir því sem við á verið lækna- og sálfræðingar, félagsráðgjafar, sjúkraþjálfarar eða annað fagfólk. Hlutverk sérfræðingahópsins er að komast að niðurstöðu um stöðu sjóðsfélagans og vinnugetu hans/hennar og viðeigandi úrræði til þess að hann/hún geti komist sem fyrst virk(ur) út á vinnumarkaðinn. Þjónustufulltrúinn er leiðandi í því að fá fram niðurstöðu.

#### **3. Samskipti við vinnuveitendur (núverandi, fyrrverandi eða aðra)**

Þjónustuaðilinn hefur samskipti við vinnuveitendur í því skyni að ná sem bestri samvinnu í að virkja sjóðsfélagann aftur út á vinnumarkaðinn. Í því getur falist að stuðla að virku ráðningarsambandi milli aðila og ná fram hvatningu, þátttöku, eftirfylgni og aðstoð vinnuveitanda eftir því sem kostur er.

#### **4. Samskipti við félagsmálayfirvöld sveitarfélaga**

Þjónustuaðilinn hefur samskipti við félagsþjónustu sveitarfélaga eins og við á í því skyni að samræma vinnubrögð og koma í veg fyrir tvíverknað. Ennfremur að skipuleggja að sveitarfélög og Áfallatryggingasjóður komi fram sem einn aðili varðandi greiðslur ef um semst.

5. Útveggun úrræða um starfsendurhæfingu eða aðra endurhæfingu  
Þjónustuaðilinn hefur samband við þá aðila sem veita úrræði og skipuleggur áætlun um úrræði fyrir sjóðsfélagann. Hann fylgir því eftir að úrræði séu nýtt og fylgist með því að reikningar séu í samræmi við veitta þjónustu.
6. Eftirfylgni við sjóðsfélaga  
Þjónustuaðilinn hefur virkt eftirlit með því að sjóðsfélaginn nýti þau úrræði sem ákveðin hafa verið og hefur frumkvæði að nýrri aðkomu hóps fagfólks eftir því sem við á.
7. Samskipti vegna framfærslugreiðslna  
Þjónustuaðilinn hefur samskipti við sjóðsfélagann vegna þeirra framfærslugreiðslna sem honum/henni ber í ljósi niðurstöðu faghópsins sem um málið hefur fjallað og með hliðsjón af þeim réttindum sem sjóðsfélaginn hefur áunnið sér á vinnumarkaðnum. Þjónustuaðilinn sendir greiðslubeiðni til Áfallatryggingasjóðs og eftir atvikum til sjúkrasjóðs félagsins (sameinist tvö eða fleiri félög um verkefnið) og endurnýjar þessar greiðslubeiðnir eftir framgangi máls sjóðsfélagans.
8. Aðgangur félagsmanna/utanfélagsmanna  
Einungis er miðað við að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags eigi rétt á þjónustu samkvæmt þjónustusamningi við félagið. Utanfélagsmenn sem eiga lágmarksréttindi samkvæmt kjarasamningi og greitt er af til Áfallatryggingasjóðs, lífeyrissjóðs og ríkisins munu þurfa að leita til Tryggingastofnunar eða þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar samkvæmt samningi þar um. Utanfélagsmenn munu eingöngu njóta grunn framfærslugreiðslna.
9. Aðild að sameiginlegu tölvukerfi  
Félag/félög með þjónustusamning mun eiga aðild að sameiginlegu tölvukerfi þar sem hægt verður að halda utan um öll mál sjóðsfélaga. Miðað er við að öll vinnsla fari fram í þessu tölvukerfi.
10. Aðild að sameiginlegu upplýsingakerfi  
Félag/félög með þjónustusamning mun eiga aðild að upplýsingakerfi þar sem það setur inn upplýsingar og fær til baka á móti allar þær upplýsingar sem kerfið getur boðið uppá. Hlutverk upplýsingakerfisins er að þjóna sem stjórnæki og hjálpæki fyrir þjónustuaðila og aðra þá sem koma að málum.

### 11. Greiðslur til félagsins vegna þjónustusamningsins

Félagið fær greitt frá Áfallatryggingasjóði fyrir þjónustu samkvæmt þessum samningi. Miðað er við að stuðst sé við tilteknar viðmiðanir um kostnað sem munu eftir atvikum taka mið af því þjónustumynstri sem félagið er að veita. Greiðslurnar þurfa líka að taka mið af aðstæðum og það verður að vera ákveðinn sveigjanleiki í því hvernig greiðslur þróast. Miðað er við að greiðslur til félagsins greiði fyrir stærstan hluta kostnaðarins en félagið getur hugsanlega borið einhvern hluta af honum með sjúkrasjóðnum í þeirri mynd sem hann verður í því skyni að ná fram sparnaðarhvata.

### 12. Eftirlit með efndum samningsins

Félagið undirgengst skuldbindingar um að Áfallatryggingasjóður og Endurhæfing ehf. hafi aðgang að öllum gögnum og félagið stendur skil á öllum uppgjörum og skýrslum eftir því sem við á.

### 13. Gildistíma, endurnýjunar- vanefnda- og þróunarákvæði

Í samningnum verða hefðbundin ákvæði um gildistíma og endurnýjun samnings og úrræði vegna vanefnda. Ennfremur þurfa að vera þróunarákvæði til þess að hægt sé að bregðast við nýjungum sem kunna að verða samþykktar á vettvangi Endurhæfingar ehf. eða Áfallatryggingasjóðs.

### ***Endurhæfing ehf.:***

#### 1. Vottun á gæðum úrræða

Einkahlutafélag til almannaheilla á vegum SA og ASÍ/landssambanda hefur það hlutverk votta gæði þeirra úrræða sem boðin eru fram.

#### 2. Samþykkt úrræða og úrræðaaðila

Einkahlutafélagið þarf að samþykkja þau úrræði sem boðin eru fram og þá aðila sem veita þau. Þjónustuaðilar geta ekki vísað á úrræði eða úrræðaaðila nema slíkt samþykki liggja fyrir.

#### 3. Eftirlit með úrræðum og úrræðaaðilum

Einkahlutafélagið hefur virkt eftirlit með úrræðunum og úrræðaaðilunum á heildstæðum grundvelli. Það er í virku sambandi við þjónustufulltrúa og hefur fullan aðgang að sameiginlegu upplýsingakerfi og leggur til þær breytingar á því sem þarf til þess að eftirlit verði sem virkast.

#### 4. Þróunarvinna vegna úrræða og staðla

Á vegum einkahlutafélagsins fer fram vinna til þess að þróa ný úrræði og bæta þau sem fyrir eru. Jafnframt eru unnir staðlar og viðmiðanir eftir því sem ástæða er til. Í því skyni er virk samvinna við úrræðaaðila, þjónustuaðila og sjóðsfélaga.

#### 5. Skilgreiningar og samanburður á árangri

Einkahlutafélagið skilgreinir hvernig meta skuli árangur einstakra þjónustuaðila svo og úrræða og úrræðaaðila. Á þeim grundvelli er síðan gerður samanburður milli einstakra aðila á þeim árangri sem þeir eru að ná og sá samanburður getur eftir atvikum verið grundvöllur að mótun hvatakerfis og síðan umbunar fyrir góðan árangur og nauðsynlega eftirfylgni vegna ónógs árangurs.

#### 6. Hugmyndasmiðja

Einkahlutafélagið hefur á sínum vegum sérfræðinga sem fylgjast með þróun þessara mála hérlendis sem erlendis og veitir hugmyndum, stefnum og straumum inn í umræðuna milli aðstandenda sinna í því skyni að málaflokkurinn geti þróast í takt við það sem best gerist.

#### 7. Kostnaður af starfseminni

Kostnaður af starfsemi Endurhæfingar ehf. verður greiddur af Áfalla-tryggingarsjóði (eða sjóðum).

### ***Áfalla-tryggingasjóður (eða fleiri en einn sjóður + reiknistofa):***

#### 1. Fjármálaumsýsla

Áfalla-tryggingasjóður er rekinn sameiginlega af SA/ASÍ/landssamböndum (stjórn 4+4). Hann er fjármagnaður með framlagi sem kemur frá hluta núverandi sjúkrasjóðsgjalds, nýju gjaldi frá vinnuveitendum, gjaldi sem myndast vegna lækkunar iðgjalds í lífeyrissjóð og framlagi frá Tryggingastofnun/hlutdeild í tryggingagjaldi. Sjóðurinn annast umsýslu með þessa fjármuni og ráðstafar þeim í samræmi við hlutverk sitt. Gert er ráð fyrir samningi við Tryggingastofnun þar sem sjóðurinn tekur við því hlutverki að greiða fé sem annars hefði þurft að greiða frá stofnuninni þannig að viðskiptavinirnir þurfi ekki að leita nema á einn stað. Verði fleiri en einn sjóður þarf að huga að viðbrögðum við mismunandi áfallabyrði og ennfremur hvernig unnt er að byggja hvata inn í fyrirkomulagið til þess að sem bestur árangur náist.



## 2. Greiðslur

Áfallatryggingasjóður heldur utan um allar greiðslur til stéttarfélaga eða þjónustuaðila með þjónustusamning og til úrræðaaðila. Sjóðurinn greiðir ennfremur til Vinnumálastofnunar eða Tryggingastofnunar eftir því sem við á vegna utanfélagsmanna sem eiga réttindi samkvæmt kjarasamningum en fá ekki þjónustu frá þjónustuaðilum. Þjónustuaðili innir af hendi greiðslur til sjóðsfélaga vegna grunnréttinda úr Áfallatryggingasjóði og viðbótargreiðslna viðkomandi sjúkrasjóða með útgáfu sérstakrar greiðslubeiðni, en þess skal gætt að allar sundurliðanir og útskýringar á greiðslum séu eins glöggar og kostur er.

## 3. Rekstur sameiginlegra tölvu- og upplýsingakerfa

Áfallatryggingasjóður rekur viðeigandi sameiginlegt tölvu- og upplýsingakerfi fyrir þessa starfsemi. Markmiðið er að ná fram hagkvæmni í meðferð fjármuna og að tryggja að upplýsingar um framkvæmdina nýtist sem allra best sem stjórnþæki og hjálpartæki. Verði ákveðið að fleiri en einn sjóður starfi þarf að reka sameiginlega reiknistofu sem hefur þetta hlutverk.

## 4. Eftirlit með þjónustuaðilum

Áfallatryggingasjóður hefur eftirlit með að þjónusta þeirra stéttarfélaga sem hann hefur gert þjónustusamning við sé í samræmi við efni þjónustusamningsins. Hann gengur einnig eftir að fá nauðsynlegar upplýsingar sem þarf til þess að sinna eftirliti sínu og tryggja að þjónustan sé virk og hagkvæm.

## 5. Samningar við þjónustuaðila

Áfallatryggingasjóður gerir samning við verkalýðsfélög, hvert um sig eða sameiginlega eftir því sem við á. Sjóðurinn þróar og endurnýjar þessa samninga eftir því sem tilefni er til. Miðað er við að samningarnir séu almennt staðlaðir en með nægilegu svigrúmi til þess að taka tillit til mismunandi aðstæðna og atvika. Þá leitar sjóðurinn samráðs við SA og ASÍ um úrræði ef vanefndir verða og hvetur til samstarfs milli félaga um að veita þjónustu eftir því sem tilefni er til.

## 6. Samningar við úrræðaveitendur

Áfallatryggingasjóður gerir samninga við úrræðaveitendur um greiðslur fyrir þjónustu þeirra. Sjóðurinn gætir samræmis milli aðila og hefur samstarf við Endurhæfingu ehf. um þróun samninganna.

## 7. Samningar við sveitarfélög

Áfallatryggingasjóður gerir samninga við sveitarfélög um að vinna sameiginlega í málum eins og kostur er þegar sjóðsfélagar sjóðsins eru jafnframt skjólstæðingar félagsþjónustu sveitarfélaga. Æskilegast er að Áfallatryggingasjóður geti tekið að sér að greiða út þá fjármuni sem sveitarfélögin standa undir.

## Miklar umræður í hreyfingunni

Óhætt er að segja að fyrrgreindar hugmyndir leiddu til mikillar umræðu í hreyfingunni og voru móttökur blendnar. Almennt má segja að fyrirkomulagið þótti forvitnilegt, bæði hvað varðar hlutverk sjúkrasjóðanna, fyrirhugaða aukningu á réttindum launafólks og eflingu endurhæfingar og því full ástæða til að skoða þetta áfram. Að sama skapi þótti það óljóst hvernig þessi réttindi myndu líta út og ekkert var fjallað um tilkostnað þessara breytinga – hvaða áhrif þau hefðu á sjúkra- og lífeyrissjóði eða hvað atvinnurekandi myndi leggja og stjórnvöld myndu leggja til málanna.

Þrátt fyrir efasemdir var það almennt talið nauðsynlegt að halda þessum viðræðum áfram og útfæra nánar hvaða réttindi væri um að ræða og eins með hvaða hætti kostnaður myndi skiptast milli þessara aðila. Ekki hafði verið óskað eftir formlegu umboði aðildarfélaganna, heldur vinna áfram að mótun hugmyndanna þannig að stjórnir og trúnaðarráð gætu tekið efnislega afstöðu til málsins á síðara stigi.

Fyrstu drög að niðurstöðu af úttekt Talmakönnunar á kostnaði af núverandi kerfi og breytingum yfir í nýtt kerfi bárust viðræðuáðilum í lok júlí og eftir ítarlegri skoðun á væntum árangri af endurhæfingu var skýrslan tilbúin í lok ágúst.

Á grundvelli þessara kostnaðarútreikninga og samanburðar á heildarmati núverandi réttindaákvæða bæði kjarasamninga og almannatrygginga, var hægt að útfæra nánar réttindaákvæði nýs kerfis.

Þessar niðurstöður hafa verið til ítarlegrar kynningar innan ASÍ í september mánuði. Jafnframt hefur verið óskað eftir því að aðildarfélögin veiti formlegt umboð til þess að málið verði tekið til formlegra samningaviðræðna við SA á grundvelli viðræðuáætlunar.

## ÁFALLATRYGGINGAR NÝTT RÉTTINDAKERFI

### 1. Greiðslur launa í veikinda- og slysatilfellum

Réttur til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum frá vinnuveitanda verður 2 mánuðir. Miðað er við að starfsmaður haldi föstum launum. Þau eru skilgreind sem grunnlaun fyrir dagvinnu að meðtöldum öllum reglubundnum

greiðslum, þ.á.m. fyrir fasta yfirvinnu (ekki tilfallandi), vaktaálag, bónus og aðrar afkastatengdar greiðslur. Þar sem hefð hefur verið fyrir staðgengilsviðmiðun gildir hún áfram en þá er t.d. tekið tillit til greiðslna fyrir tilfallandi yfirvinnu og ákvæðisvinnu.

Fyrsta árið á vinnumarkaði ávinnur starfsmaður sér rétt til launa í veikindatilfellum í 2 daga fyrir hvern unninn mánuð en eftir 12 mánaða starf verður rétturinn 2 mánuðir. Forfallist starfsmaður af völdum slyss við vinnuna eða á beinni leið til eða frá vinnu, og eins ef starfsmaður veikist af atvinnusjúkdómi, á hann rétt til greiðslu launa í tvo mánuði óháð starfstíma hjá vinnuveitanda. Hafi starfsmaður náð fullum veikindarétti flyst hann að fullu (ótekinn réttur) milli vinnuveitanda. Fjarvera frá vinnumarkaði í allt að 1 ár samfelld skerðir ekki rétt til greiðslu launa í veikindum en annars hefst réttindamyndun á nýjan leik.

Ýmis atriði þarfnastráttar nánnari útfærslu. Meðal þeirra eru hvernig farið skuli með tilvik þegar veikindi og slyss gerast sitt á hvað á sama árinu, hvernig setja skuli upp varnir gegn misnotkun, hvernig breyta eigi inntaki læknisvottorða og skilgreiningu óvinnufærni, hvernig fyrirtæki geti haft frumkvæði að þjónustu og úrræðum og önnur atriði sem ekki eru fyrirséð fyrr en að lokinni víðtækri umræðu og skoðun.

### **Kostnaður/sparnaður**

Réttur til greiðslu launa í veikindatilfellum hjá atvinnurekendum mun almennt stytast við þessa breytingu. Áætlað er að kostnaður atvinnulífsins vegna greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum minnki úr 3,18% í 2,90% eða sem nemur 0,28% af launagreiðslum á almennum vinnumarkaði.

## **2. Veikindaréttur hjá Áfallatryggingasjóði**

Starfsmenn sem enn eru óvinnufærir að hluta eða öllu leyti af völdum veikinda eða slysa eftir að greiðsluskyldu vinnuveitenda er lokið eiga rétt á greiðslu bóta úr Áfallatryggingasjóði. Grunnréttur hjá Áfallatryggingasjóði verður 60% af meðaltekjum síðustu 6 mánaða. Sé viðkomandi metinn óvinnufær að hluta reiknast bæturnar hlutfallslega. Rétturinn til greiðslu frá Áfallatryggingasjóði, að viðbættum rétti á atvinnurekanda, getur varað í allt að 5 ár.

Fyrstu 12 mánuði á réttindatíma hjá Áfallatryggingasjóði miðast framfærslugreiðslur alfarið við tekjuviðmiðun en frá þeim tíma greiðir Áfallatryggingasjóður það sem hugsanlega vantar upp á að lágmarksgræiðsla sem miðast við dagvinnutryggingu á mánuði náist. Hefur þá verið tekið tillit til þess hvað viðkomandi hefur fengið úr sjúkrasjóði verkalýðsfélags.

## Kostnaður/sparnaður

Við útreikning á kostnaði og sparnaði vegna hins nýja fyrirkomulags hefur verið notið aðstoðar Talmakönnunar ehf. Fyrirtækið hefur fengið aðgang að gögnum lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og Tryggingastofnunar til þess að fá grunn til þess að reikna út frá. Niðurstöður Talmakönnunar liggja fyrir í sérstakri skýrslu. Meginhugsunin við þá breytingu á áfallatryggingum sem hér er til umfjöllunar er að fjárfesta í þjónustu og endurhæfingu og taka upp viðmiðun við vinnugetu í stað núverandi kerfis. Stuðst er við reynslu frá Bretlandi í mati á því hvaða árangri það getur skilað í að lækka örorkutíðni og lækka þar með kostnað við örorku.

Áætlað er að kostnaður Áfallatryggingasjóðs vegna framfærslugreiðslna til starfsmanna verði 1,72% af heildarlaunagreiðslum þegar hið nýja réttindakerfi er að fullu komið til framkvæmda. Sjóðurinn mun einnig greiða kostnað af vinnu þjónustufulltrúa sem áætlað er að verði um 400 milljónir árlega. Kostnaður vegna vinnu sérfræðingahóps sem kemur að því að úrskurða um vinnugetu og úrræði til endurhæfingar er greiddur eftir atvikum. Sá kostnaður er áætlaður um 400 milljónir króna á ári. Ennfremur mun sjóðurinn bera kostnað af ýmsum endurhæfingarúrræðum sem ekki eru hluti af hinu almenna heilbrigðiskerfi eða aðeins að takmörkuðu leyti fjármögnuð af ríkinu. Þessi kostnaður er áætlaður 1.000 milljónir á ári. Rekstrarkostnaður sjóðsins sjálfs er svo áætlaður 200 milljónir á ári. Kostnaður sjóðsins vegna annarra þátta en framfærslugreiðslna er því áætlaður um 2 milljarðar króna sem nemur um 0,41% af heildarlaunagreiðslum á almennum vinnumarkaði. Samtals er kostnaður Áfallatryggingasjóðs því áætlaður 2,13% af heildarlaunasmunni.

Draga mun úr kostnaði lífeyrissjóða vegna lægri greiðslna örorkulífeyris á fyrstu 5 árum langtímaveikinda. Þá mun breytt opinber skilgreining á örorku, sem byggir á getu til þess að afla tekna í stað vangetu, væntanlega leiða til lækkandi örorkutíðni sem lækkar örorkubyrðina til lengri tíma. Einnig er þess vænst að aukin áhersla á endurhæfingu og snemmtæk íhlutun í veikindaferli muni skila verulegum árangri í minnkandi nýgengi örorkulífeyrisþega. Áætlað er að lækkun kostnaðar lífeyrissjóða vegna framangreindra breytinga nemi 1,5% af heildarlaunagreiðslum. Á þessum grundvelli er lagt til að iðgjald atvinnurekenda í lífeyrissjóði verði lækkað úr 8% í 7% og að sú lækkun renni til Áfallatryggingasjóðs.

Kostnaður Tryggingastofnunar mun lækka verulega vegna lægri greiðslna vegna örorkulífeyris, slysatengdra bóta, sjúkradagpeninga og endurhæfingarlífeyris. Áætlað er að sá sparnaður nemi samtals 1,24% af heildarlaunagreiðslum þegar réttindakerfið er komið til framkvæmda.

Breytingar sem þyrfti að gera á launatengdum gjöldum í tengslum við breyttar áfallatryggingar.

	Breyting	Er nú	Verður
Iðgjald í lífeyrissjóð	-1,00%	12,0%	11,0%
Tryggingagjald	-1,13%	5,34%	4,21%
Iðgjald í Áfallatryggingasjóð	+2,13%	0,0%	2,13%

### 3. Veikindaréttur hjá sjúkrasjóðunum

Veikindaréttur verður staðlaður hjá sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga. Miðað er við að viðbótarréttindin fyrstu 10 mánuðina eftir að greiðslum frá vinnuveitanda lýkur verði 30% af tekjum síðustu sex mánaða og koma þær greiðslur til viðbótar grunnréttindum Áfallatryggingasjóðs.

Næstu 24 mánuðina verða viðbótarréttindin 20% og loks 10% í 24 mánuði.

### Kostnaður/sparnaður

Iðgjald til sjúkrasjóða er nú almennt 1% og er um helmingi þess varið til greiðslu sjúkradagpeninga og hinum helmingnum til ýmissa annarra þarfa. Áætlað er að það iðgjald sem þarf til þess að standa undir viðbótarréttindum sjúkrasjóðanna í nýju réttindakerfi, og þess kostnaðar sem þeim tengist, nemi 0,75% af heildarlaunagreiðslum. Því er lagt til að nýtt iðgjald sem renni til sjúkrasjóða verði 1,25%.

Þá er ótalinn kostnaður sjúkrasjóðanna vegna þjónustunnar, t.d. starfa þjónustufulltrúa og ýmissa úrræða sem í boði verða, en hann verður greiddur samkvæmt samningi við Áfallatryggingasjóð og er talinn með í rekstrarkostnaði hans.

### 4. Endurhæfing/Úrræði

Stofnanir og aðilar sem koma að endurhæfingu eða þjónustu eru af mörgum toga. Hinar almennu stofnanir heilbrigðisþjónustunnar eru þar á meðal og ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum varðandi aðgang að þeim eða starfsemi þeirra sem tengjast sérstaklega hinum áformuðu breytingum á áfallatryggingum.

Leggja þarf vinnu í að gera sérstaka þarfagreiningu á því hvaða úrræði og þjónusta eru til staðar og hvað er nauðsynlegt að byggja upp þannig að úrræði og endurhæfing verði sem virkust.

Almennt séð er gert ráð fyrir því að kostnaðarþátttaka verði sem svipuðum hætti og hefur þróast hingað til. Þannig er gengið út frá því að þar sem ríkið

hefur verið aðalgreiðandi þjónustu gildi það áfram og að ríkið hafi þá forystu um samninga við þá aðila sem hana veita að svo miklu leyti sem þjónustan er ekki veitt beint af stofnunum sem reknar eru af ríkinu. Greiðsluhlutfall notenda í einstökum stofnunum eða tilvikum þarf að ákveða sérstaklega og þá hvað Áfallatryggingasjóður er stór þátttakandi í greiðslu fyrir þjónustu og hvað fellur beint á sjálfa notendurna. Eðlilegt er að sá aðili sem greiðir stærstan hluta kostnaðarins hafi forystu um samninga við veitendur þjónustu.

Ennfremur er miðað við að auka framboð af ýmis konar úrræðum til endurhæfingar sem eru til hliðar við hina almennu heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins. Þar er fyrst og fremst átt við úrræði vegna starfsendurhæfingar og þess háttar verkefni. Ljóst er að góð samvinna verður að vera milli ríkisins og Áfallatryggingasjóðs um þróun úrræða og hvort og hvernig þau tengjast hinni almennu heilbrigðisþjónustu.

## **5. Breytingar á réttindum launafólks**

Fyrirhugaðar breytingar á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti hafa umtalsverðar breytingar á réttarstöðu launafólks í för með sér. Ef litið er á helstu samningssvið innan ASÍ verður um að ræða aukinn rétt til launa eða bóta frá því sem nú er. Mesta breytingin verður vegna veikinda fyrsta árið en réttur til bóta í langvarandi veikindum eða örorku mun einnig aukast frá því sem nú er. Í eftirfarandi töflu má sjá meðaltal réttinda í núverandi réttindakerfi, þar sem tekið er tillit til réttinda hjá atvinnurekanda, sjúkrasjóði, lífeyrissjóði og Tryggingastofnun ríkisins. Miðað er við einstakling sem hefur verið full 5 ár hjá sama atvinnurekanda og hefur áunnið sér full réttindi í bæði sjúkrasjóði og lífeyrissjóði. Á fyrsta ári mun meðaltal réttinda í nýju kerfi verða um 92% samanborið við 73-86% í núverandi kerfi. Ef skoðuð eru vegin meðalréttindi á fimm ára tímabili m.v. veikindatíðni verður meðalrétturinn 88% í nýju kerfi samanborið við 70-82% í núverandi kerfi. Þess má geta að ekki hefur verið tekið tillit til þess að í nýju kerfi munu ákvæði um lágmarksbætur m.v. dagvinnulaunatryggingu (sem nú er kr. 125.000) gilda eftir 1. árið. Það mun hafa veruleg áhrif á réttarstöðu fólks í hlutastörfum og þeirra sem hafa skamman ávinnsurétt í lífeyrissjóðum og má ætla að það hækki meðaltalið hjá SGS, þar sem hæsta hlutfall hlutavinnandi er, á 2. og 3. ári í 87% og í 79% á 4. og 5. ári.

## Breytingar á réttindum launafólks

	Meðalréttindi í núverandi kerfi eftir árum					Vegið meðaltal
	1. árið	2. árið	3. árið	4. árið	5. árið	
SGS	78%	76%	76%	76%	76%	78%
ASÍ meðaltal	76%	64%	64%	64%	64%	73%
Samiðn	73%	56%	56%	56%	56%	70%
RSÍ	76%	67%	67%	67%	67%	74%
LÍV	86%	67%	67%	67%	67%	82%
Nýtt réttindakerfi	92%	80%	80%	70%	70%	88%

Þennan réttindaauka má rekja til tveggja grundvallarbreytinga í allri hugsun með þessari nýju viðmiðun. Annars vegar mun launafólk ávinna sér full réttindi hjá atvinnurekanda á fyrstu 12 mánuðum atvinnuþátttöku sinnar. Eftir það munu réttindi þeirra flytjast að fullu milli atvinnurekanda í stað þess að núverandi réttur er að mestu bundinn við ávinnslu hjá sama atvinnurekanda (í sumum tilfellum sömu atvinnugrein). Hins vegar mun launafólk eiga rétt á greiðslu allra fastra og reglubundinna launa í tvo mánuði hjá atvinnurekanda í stað fullra launa fyrsta mánuðinn og dagvinnulauna eftir það.

### 6. Samandregið um ávinning og kostnað

Áætlað er að útgjöld atvinnurekanda í nýju veikindaréttarkerfi minnki um tæplega 0,3% af launasummu á almennum markaði eða sem nemur 1.300 m.kr. á verðlagi ársins 2005.

Nýtt kerfi áfallatrygginga er áætlað muni auka útgjöld sjúkrasjóða úr núverandi 0,48% af launasummu félagsmanna ASÍ í 0,74% eða um 700 m.kr. árlega.

Útgjöld TR vegna örorkulífeyris, endurhæfingarlífeyris, sjúkradagpeninga og slysatrygginga eru áætluð minnka um 1,24% af launasummu í heild eða sem nemur 6 milljörðum króna.

Útgjöld lífeyrissjóða vegna örorkulífeyris eru talin minnka um 1,51% af launasummu á almennum markaði eða sem nemur 7,2 milljörðum króna.

Útgjöld Áfallatryggingasjóðs í nýju kerfi, sem tryggir 60% tekna í allt að 5 ár, auk kostnaðar við eigin rekstur, endurhæfingarúræði, mat á vinnugetu og einstaklingsbundna þjónustu eru áætluð 2,13% af launasummu í heild eða sem nemur 10,2 milljörðum króna.

Í heild má ætla að þjóðfélagið spari sem nemur 0,65% af launasummuni,

3,6 milljörðum króna, vegna umræddra breytinga á veikinda- og örorkubótarétti með aukinni áherslu á endurhæfingu og aukinni virkni.

### Kostnaður í % af launasummu

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Sparnaður
Atvinnurekendur	3,18%	2,90%	0,28%
Sjúkrasjóðir	0,48%	0,74%	-0,26%
TR	1,32%	0,08%	1,24%
Lífeyrissjóðir	2,74%	1,23%	1,51%
Áfallatryggingasjóður	0	2,13%	-2,13%
Samtals	7,72%	7,07%	0,65%

### Kostnaður í milljónum króna

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Sparnaður
Atvinnurekendur	15.200	13.900	1.300
Sjúkrasjóðir	1.400	2.100	-700
TR	6.300	400	6.000
Lífeyrissjóðir	13.100	5.900	7.200
Áfallatryggingasjóður	0	10.200	-10.200
Samtals	37.000	33.900	3.600

Launasumma 2005 - alm. markaður 479.000

Launasumma 2005 - ASÍ sviðið 292.000

### *Hnattvæðingin*

Í upphafi árs 2007 efndi Evrópusambandið til vinnu að stefnumörkun í mál-efnum sjávar og siglinga. Í henni er m.a. lögð áhersla á fullgildinguna tveggja samþykka ILO um réttarstöðu, kjör og aðbúnað farmanna og persónuskilríki þeirra. ASÍ tekur eindregið undir þau sjónarmið og leggur áherslu á að sömu



sjónarmið verði látin ráða hvað varðar samþykktir ILO um réttarstöðu, kjör og aðbúnað fiskimanna sem stefnt er að því að ljúka á þingi ILO í júní n.k. Í athugasemdum ASÍ kom m.a. að leggja bæri mikla áherslu á valdheimildir einstakra ríkja til eftirlits um borð öllum skipum sem sigla um lögsögu þeirra, stunda atvinnustarfsemi þar á grundvelli milliríkjasamninga eða eiga erindi til hafnar. Á það sérstaklega við um eftirlit með kjörum og aðbúnaði sjómanna. ASÍ lagði einnig áherslu á, að samhliða því að stuðla að setningu ásættanlegra alþjóðlegra reglna verði áhersla lögð á þróun þeirra reglna sem mæla fyrir um ábyrgð þeirra sem raunverulega eiga eða ráða og reka viðkomandi skip. Í greinargerð ASÍ var jafnframt fjallað um áhrif hnattvæðingarinnar. Í því efni lagði ASÍ áherslu á að í fyrsta lagi verði að tryggja að launafólk í sjávartengdum greinum búi bæði við örugga afkomu, ef atvinnumöguleikum þess er ógnað af hnattvæðingunni, og umfram allt tækifæri og stuðning við að treysta stöðu sína með virkum vinnumarkaðsaðgerðum og raunverulegum starfs- og endurmenntunaráttum. Á vinnumarkaði þarf að ríkja jafnvægi á milli öryggis launafólks og sveigjanleika fyrirtækja. Slíkt fyrirkomulag er gjarnan kallað „sveigjanleiki með öryggi“ (e. flexicurity). Í öðru lagi að afar brýnt sé að tryggja launafólki í sjávartengdum greinum viðunandi starfsskilyrði með því að setja bindandi alþjóðlegar reglur um vinnumarkað, fjárfestingar og viðskipti:

- Þróa þarf rammisamninga á Evrópuvísu milli aðila vinnumarkaðarins um mikilvæg réttindi til að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar; tryggja verður aðferðir til að innleiða slíka samninga heima fyrir og til lengdar að koma upp Evrópskum félagsdómi.
- Vinna þarf að því að öllum aðildarríkjum ILO verði gert skylt að taka upp skilvirk viðurlög og refsingar gagnvart fyrirtækjum sem ekki virða grundvallarréttindi launafólks og leikreglur vinnumarkaðarins.
- Setja verður grundvallarréttindi launafólks og kröfu um mannsæmandi vinnu fyrir alla á dagskrá alþjóðastofnana á borð við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.
- Verkalýðshreyfingin á að hafa beina aðkomu að eftirliti með því að ríki uppfylli reglur um lágmarksréttindi launafólks og félagslegar aðstæður.

### ***Reglur um íslenska alþjóðlega skipaskrá***

Undir þinglok vorið 2007 stóð til að afgreiða frá Alþingi lög um íslenska alþjóðlega skipaskráningu. ASÍ brást hart við þeim tillögum sem þar komu fram og taldi að ef þær yrðu að lögum myndi vera útilokað að gera kjarasamninga um störf á farskipum sem sigla undir íslenskum fána nema fyrir íslenska ríkisborgara með lögheimili hér á landi. ASÍ taldi að þessi tillaga bryti gegn

65.gr. og 74.gr. stjórnarskrár. Jafnframt var það álit ASÍ að frumvarpið fæli í sér veruleg frávik frá almennum reglum laga 80/1938 og 1.gr. laga 55/1980. Í umsögn ASÍ var sérstök athygli vakin á því, að sérfræðinganefnd og þing ILO hafi ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að samskonar ákvæði danskra laga brjóti gegn Samþykkt ILO Nr. 98 um félagafrelsi og réttinn til þess að gera kjarasamninga. Í umsögn sinni mælti ASÍ mjög eindregið gegn því að leidd yrðu í lög ákvæði sem Alþingi mætti fyrirfram vera ljóst að brytu gegn stjórnarskrá og mannréttindaákvæðum alþjóðlegra samninga sem Ísland hefur fullgilt. Eftir talsvert þjark var að öllu leyti tekið tillit til umsagnar ASÍ.



*Staða starfsfólks við framkvæmdirnar við Kárahnjúka hefur verið viðvarandi viðfangsefni frá því að framkvæmdirnar hófust.*

## Atvinnumál


Ástandið í atvinnumálum var gott á síðasta ári og jafnvel enn betra en árið þar á undan þó að það hafi ekki verið slæmt þá. Nú á haustmánuðum var atvinnuleysi t.d. komið niður í 0,9%. Þó eru nú ýmis merki á lofti um að framundan sé viðsnúningur í efnahagslífinu með minnkandi umsvifum almennt og heldur meira atvinnuleysi. Kemur þar m.a. til fækkun framkvæmda við mannvirkjagerð og niðurskurð þorskaflaheimilda. Þá liggur fyrir að ástandið sums staðar á landinu hefur verið heldur bágborið, t.d. á Vestfjörðum.

### Mikil atvinnuþátttaka og lítið atvinnuleysi

Samkvæmt vinnumarkaðaskönnun Hagstofu Íslands var fjöldi á vinnumarkaði 185.000 manns á öðrum ársfjórðungi 2007 og fjölgaði um 6.300 milli ára. Þetta jafngildir því að atvinnuþátttaka hafi verið 85%. Fjöldi þeirra sem var á vinnumarkaði en hafði ekki starf var 5.800 manns á öðrum ársfjórðungi 2007 og fækkaði um 1.400 milli ára. Atvinnuleysi var heldur meira meðal karla en kvenna. Það var aftur á móti mjög misjafnt eftir aldurshópum og langhæst í aldurshópnum 16-24 ára.

Skráð atvinnuleysi, ágúst 2006 - ágúst 2007

Heimild: Vinnumálastofnun



Atvinnupátttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á öðrum ársfjórðungi 2004-2007

		2004	2005	2006	2007
Vinnuafli	Ætlaður fjöldi	164.600	168.900	178.700	185.000
Starfandi	Ætlaður fjöldi	158.000	163.800	171.600	179.100
Atvinnulausir	Ætlaður fjöldi	6.600	5.000	7.200	5.800
Atvinnupátttaka	Hlutfallstölur	83	84	85	85
Atvinnuleysi	Hlutfallstölur	4,0	3,0	4,0	3,2
Karlar	Hlutfallstölur	5,2	2,8	3,9	3,4
Konur	Hlutfallstölur	2,7	3,2	4,1	2,8
16-24	Hlutfallstölur	11,9	8,5	12,7	10,2
25-54	Hlutfallstölur	2,0	1,7	2,1	1,7
55-74	Hlutfallstölur	3,7	2,0	1,7	1,3
Vinnutími	Klukkustundir	46,5	47,2	46,1	46,6

Heimild: Hagstofa Íslands

Sé rýnt í tölur Vinnumálastofnunar um fjölda atvinnulausra má sjá að síðustu 12 mánuði (miðað við júlí) hefur skráðum atvinnulausum fækkað úr 2.184 í 1.578 eða um 606 manns. Þeim fækkaði í öllum landslutum nema á Suðurnesjum (fjölgun um 36) og Vestfjörðum (óbreytt staða).

Meðalfjöldi atvinnulausra í júlí 2007

	Meðaltal	Meðaltal	1 mán. breyting	12 mán. breyting
	Hlutfall	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Landið allt	0.9%	1.578	-53	-606
Höfuðborgarsvæðið	0.9%	931	-36	-512
Landsbyggðin	1.0%	647	-17	-94
Vesturland	0.6%	46	-4	-5
Vestfirðir	1.1%	46	24	0
Norðurland vestra	0.3%	10	0	-7
Norðurland eystra	1.5%	235	-3	-90
Austurland	0.2%	18	0	-4
Suðurland	0.6%	80	-17	-24
Suðurnes	2.1%	212	-17	36
Karlar	0.7%	642	-25	-209
Konur	1.3%	936	-28	-397
Erlendir ríkisborgarar*	0.7%	110	-1	-11
16-24 ára*		248	-64	-168
55 ára og eldri*		453	10	-126

\*Ætíun miðað við lok mánaðar. Heimild: Vinnumálastofnun

Erlendir ríkisborgarar sækja enn í talsverðum mæli inn á íslenskan vinnuarkað. Fyrstu átta mánuði ársins voru t.d. 3.874 starfsmenn frá nýjum ESB-ríkjum skráðir hjá Vinnumálastofnun. Þá voru veitt 365 ný atvinnuleyfi til starfsmanna utan ESB-ríkjanna. Samkvæmt þessu komu því til landsins

samtals 4.239 starfsmenn utan gömlu ESB-landanna samanborið við 3.597 á sama tíma í fyrra.

### ***Er atvinnuástandið hætt að batna?***

Þegar ákveðið var að ráðast í stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi árið 2003 var vonast til að staðbundin áhrif gætu orðið veruleg og leitt til þess að hjól atvinnulífsins á Austfjörðum færu af stað.

En hver er staðan nú þegar stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi er að ljúka?

Hér á eftir er gerð lausleg grein fyrir stöðunni í mannvirkjagerð (þar sem þenslan hefur verið hvað mest), sjávarútvegi (sem að sumu leyti hefur þurft að bera fórnarkostnað vegna þenslunnar) og staðbundnum vanda sem komið hefur upp á Vestfjörðum. Loks er fjallað sérstaklega um mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar sem ætlað er að mæta fyrrsjáanlegum erfiðleikum í atvinnulífinu vegna niðurskurðar þorskkvóta.

### **Mannvirkjagerð og fl.**

Framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði er nú að mestu lokið. Öðrum verkefnum á sviði stóriðju og virkjana er flestum lokið eða u.þ.b. að ljúka (Reykjanesvirkjun, stækkun Norðuráls). Áfram verður þó unnið við Hellsheiðavirkjun og Svartsengi.

Störf beintengd þessum framkvæmdum töldu um 3.500 á haustmánuðum 2006. Ljóst er að þeim mun fækka niður í 4-500 á þessu ári og fram í upphaf árs 2008.

Á móti kemur að verið er að ráða í um 400 ný störf í hinu nýja áveri sem óðum er að auka framleiðslu sína. Fram eftir þessu ári verður líka þó nokkur mannaflaþörf vegna ýmissa annarra byggingaframkvæmda. Þá má búast við að 2-300 ný störf verði til í ár vegna nýframkvæmda í samgöngumálum. Loks má nefna að horfur í ferðaþjónustu eru ágætar og líkur að starfsmönnum muni fjölga í sumar miðað við í fyrra.

### **Sjávarútvegur**

Þenslan undanfarin ár hefur reynst útflutnings- og samkeppnisgreinum erfið, m.a. vegna hárra vaxta, sterkrar krónu og samkeppni um starfsfólk. Þetta á ekki hvað síst við um sjávarútveg. Fiskvinnslufyrirtæki vítt og breitt um landið hafa átt í rekstrarörðugleikum á síðustu árum og þurft að segja upp starfsfólki.

Við þetta bætist slæmt ástand þorsstofnsins og ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar (Hafró) og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um verulega skerðingu heildaraflamarks næsta fiskveiðiár. Ljóst er að þessi ákvörðun mun hafa veruleg áhrif á hagvöxt og atvinnuástand í landinu.

Um 8.400 manns störfuðu við fiskveiðar og fiskvinnslu á síðasta ári og hefur þeim heldur farið fækkandi á síðustu árum. Það hefur sýnt sig í gegnum söguna að atvinnustig er mjög næmt fyrir breytingum á þorskafla. Áhrif aflasamdráttar nú geta verið nokkurn tíma að koma fram og er líklegt að þeirra verði ekki vart fyrr en á næsta ári.

Ljóst er að áhrifin verða mest í litlum sjávarþorpum út á landi og þar sem starfandi eru lítil sjávarútvegfyrtæki sem hafa litla burði til að bregðast við svo stórum skelli.

## **Vestfirðir**

Um fjórðungur vinnuafis á Vestfjörðum starfar við sjávarútveg og hefur sú atvinnugrein mun meiri þýðingu þar en í öðrum landshlutum. Verulega dró úr atvinnuleysi á Vestfjörðum á árinu 2006 og var meðalatvinnuleysi ársins 1,2%. Ástandið hefur þó verið mjög erfitt í einstökum byggðakjörnum á svæðinu um lengri eða skemmri tíma.

Ljóst er að atvinnulífið vestra glímir við talsverðan undirliggjandi vanda. Í því sambandi hefur m.a. verið bent á einhæft atvinnulíf, tap aflaheimilda, erfiðar samgöngur, fólksfækkun o.fl.

Í nýlegri skýrslu Bygðastofnunar og Hagfræðistofnunar HÍ kom fram að á meðan hagvöxtur á landsvísu var 29% á tímabilinu 1998-2004 var hann neikvæður á Vestfjörðum um sex prósent. Þetta hefur haft í för með sér mikla fólksfækkun á svæðinu, en frá 1994 hefur fólki fækkað þar um 21%. Lítið atvinnuleysi skýrist þannig að hluta til af brottflutningi fólks út af svæðinu.

Sunnudaginn 12. mars var haldinn baráttufundur á Ísafirði undir kjörorðinu „Lífi Vestfirðir!“. Samkvæmt fréttum vefritsins bb.is var hugur í Vestfirðingum er þeir fjölmenntu á fundinn. Greiðari samgöngur, bætur vegna samdráttar fiskveiðiheimilda og fullburða háskóli voru meðal krafna sem haldið var á lofti. Einn frummælanda skóf ekkert utan af hlutunum þegar hann sagði „heilsársbyggð á Vestfjörðum ekki eiga eftir nema tvo til þrjá áratugi ef ekki fengjust bætur fyrir þann samdrátt fiskveiðiheimilda sem orðinn væri“.

Nefnd sem forsætisráðherra skipaði í framhaldi fundarins til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum hefur lokið störfum og skilað skýrslu með margvíslegum tillögum. Þær ganga m.a. út á að flýta framkvæmdum í samgöngu- og fjarskiptamálum og efla starfsemi opinberra stofnana á svæðinu. Einnig barst nefndinni rökstudd tillaga frá Íslenskum hátækniíðnaði um byggingu nýttisku olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum. Nefndin beinir því til sveitarstjórna á Vestfjörðum að taka þá tillögu til nánari skoðunar.

## Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar

Ríkisstjórnin hefur kynnt áætlun um mótvægisáðgerðir til að mæta fyrrsjáanlegum erfiðleikum í atvinnulífinu vegna niðurskurðar þorskkvóta. Útgjöld vegna boðaðra áðgerða nema samtals um 10,5 milljörðum króna og dreifast að mestu á árin 2007-09. Stjórnvöld telja að með þessu verði til 500-600 ný störf eða námspláss. Helstu útgjaldaliðir eru hér settir fram í töflu og flokkaðir eftir landssvæðum og eðli. Þess ber að geta að upplýsingar um dreifingu útgjalda til vegamála eru ónákvæmar og geta skekkt lokaniðurstöðuna.

Úr töflunni má m.a. lesa eftirfarandi:

### Yfirlit um mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar

	Upphæð	Hlutfall	
Alls	10.682.500.000		Jöfnunarsjóður Bygðastofnun Vinnuálastofnun Þróunarsjóður
Nýtt	6.576.500.000	61,6%	Fróðærheiði
Flýtt	4.106.000.000	38,4%	Jarögöng Vestfjarðarnefnd Raforukkerfi Fjölmenningssetur
Samtals	10.682.500.000	100,0%	
Óstaðsett	5.217.000.000	48,8%	
Vesturland	660.000.000	6,2%	Flugvöllur /Detti- fossv/Hófasakarósléi
Vestfirðir	1.801.500.000	16,9%	Norðfjarðargöng
Norðurland vestra	150.000.000	1,4%	
Norðurland eystra	866.000.000	8,1%	Suðurstandavegur Frumgreinadeildir
Austurland	580.000.000	5,4%	
Suðurland+	1.408.000.000	13,2%	
Samtals	10.682.500.000	100,0%	
Almennt - Grunnstoðirnar	4.596.000.000	43,0%	Jöfnunarsj. sveitfél.
Almennt - Nýting auðlinda	472.000.000	4,4%	Bygðastofnun Atvinnuþróunarfélög
Almennt - Sköpun þekkingar	419.000.000	3,9%	Vinnuálastofnun Þróunarsjóður
Alm/sért - Sveitarfélög	750.000.000	7,0%	
Alm/sért - Fyrirtæki	1.476.000.000	13,8%	
Alm/sért - Launafólk	260.000.000	2,4%	
Alm/sért - Annað	180.000.000	1,7%	
Sértækt	2.529.500.000	23,7%	
Samtals	10.682.500.000	100,0%	

Vegir /flugvöllur  
Fjarskiptakerfi  
Orkukerfi

Hafrannsóknir  
Jarðhitaleit  
Ens-skjotis-stykir

Frumgreinadeildir  
Háskólasetur  
Framhaldsskólar

Veidigjald  
45-daga regla  
Ferðaþjónusta  
Opinber störf  
Atvinnumál kvenna  
Erlendir starfsmenn

- Um helming fjármagns er óráðstafað á landssvæði. Langmest fer til Vestfjarða (skýrist m.a. af gangnagerð og tillögum Vestfjarðanefndar); einnig fer talsvert á Suðurland /Suðurnes.
- Langminnst fer á Norðurland vestra (skýrist e.t.v. af því að þar standa nú þegar yfir umfangsmiklar framkvæmdir við gangnagerð).
- Um helmingur fjármagns fer í almennar áðgerðir; af því fer langmest í grunnstoðirnar /samgöngumál en aðeins brot í auðlindarannsóknir og menntun.
- Meira fjármagn virðist renna beint í stoðkerfi fyrirtækja (Bygðastofn-

un og atvinnuþróunarfélög) heldur en í stoðkerfi launafólks (Vinnu-  
málast., þróunarsjóð).

- Um ¼ hluti fjármagns er ráðstafað í ýmis mjög sértæk úrræði, eins og tímabundið afnám veiðigjalds þorskveiða, breytingu á 45-daga reglu o.s.fr.

## **Atvinnumálanefnd**

Meginverkefni Atvinnumálanefndar á síðastliðnu ári var að ljúka við mótun nýrrar atvinnustefnu. Auk þess kom nefndin að ýmsum öðrum verkefnum tengdum atvinnumálum, t.d. fundi um vinnumarkaðsráð í ágúst sl. og verkefninu „Framsýni 2020“ sem nú stendur yfir á vettvangi Vísinda- og tækniráðs.

## **Ný atvinnustefna**

Meginrammi samþættrar stefnu ASÍ í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum var samþykktur á ársfundi sambandsins árið 2004. Í framhaldi af því hefur Atvinnumálanefnd síðan unnið að því að útfæra nánar tillögur um atvinnu-  
málaþáttinn í hinni samþættu stefnu. Á fundunum nefndarinnar á þessu ári var lögð lokahönd á mótun tillagna um endurnýjaða atvinnustefnu.

Stefnan var kynnt fyrir miðstjórn hinn 11. apríl sl. og fyrir þeim sem koma að atvinnumálum í verkalýðshreyfingunni á opnum „vorfundi“ hinn 7. maí. Hún var svo samþykkt í miðstjórn hinn 16. maí með fyrirvara um breytingar sem nefndinni var falið að gera í kjölfar umræðna.

Atvinnustefnan er sett fram í fjórum meginliðum: Grunnstoðir atvinnulífsins, nýting og vernd náttúruauðlinda, sköpun þekkingar og mótvægisáðgerðir í tengslum við atvinnuþróun. Eitt meginstefið í tillögunum er samhæfing mótvægisáðgerða (til að koma til móts við þá sem verða fyrir áföllum vegna atvinnuþróunar) og skýrrar heildarsýnar í byggða- og atvinnumálum (til að tryggja eðlilegar framfarir).

## **Vinnumarkaðsráð**

Nauðsynlegt er að byggja brýr milli þeirra sem fást við framkvæmd vinnu-  
markaðsaðgerða. Þetta voru skilaboð frá samráðsfundi sem ASÍ stóð fyrir hinn 30. ágúst sl. um nýskipuð svæðisbundin vinnumarkaðsráð. Á fundinn mættu fulltrúar ASÍ í vinnumarkaðsráðunum svo og fulltrúar í atvinnumála- og vinnumarkaðsnefndum ASÍ.

Fluttar voru framsögur um stöðu og hlutverk nýskipaðra vinnumarkaðs-  
ráða og þau verkfæri sem þau hafa til að ná markmiðum sínum. Líflegar umræður fóru fram á milli framsagna þar sem m.a. var skipst á skoðunum um fjármögnun vinnumarkaðsaðgerða og svigrúm vinnumarkaðsráðanna til



að láta til sín taka. Signý Jóhannesdóttir, formaður atvinnumálanefndar ASÍ, lýsti því m.a. yfir að nauðsynlegt væri að byggja brýr milli þeirra sem fást við framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða.

Samráðsfundurinn markar upphaf að samstarfi ASÍ og fulltrúa þess í vinnumarkaðsráðunum. Fyrir hönd ASÍ mun Atvinnumálanefnd taka að sér að halda utan um þetta samstarf til að byrja með.

## **Vísinda- og tækniráð**

Vísinda- og tækniráð hefur m.a. það hlutverk að samræma stefnu stjórnvalda hvað varðar rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun. Atvinnumálanefnd er því kjörið bakland fyrir fulltrúa ASÍ í ráðinu. Á síðastliðnu ári hefur verið unnið markvisst að því að mynda tengingar þarna á milli, m.a. með þátttöku fulltrúa í Atvinnumálanefnd í ýmsum verkefnum Vísinda- og tækniráðs. Þar ber hæst þátttaka í verkefni sem hlotið hefur nafnið „Framsýni 2020“.

Markmiðið með þessu verkefni er að velja áherslusvið í rannsóknum og tækniþróun til 2020. Þá hafa verið uppi hugmyndir um að tengja niðurstöður athugunarinnar við verkefnið „Norden som global vinderregion“ sem unnið er að á vettvangi samstarfs norrænu forsætisráðherranna.

Í grófum dráttum er framsýniathugunin skipulögð í þrjú skref:

Fyrsta skrefið hefur þegar verið stigið. Það fólst í að kalla fram sem flestar hugmyndir gegnum opinn hugarflugsfund sem haldinn var á Hótel Loftleiðum hinn 23. febrúar sl.

Annað skrefið felst í því að útfæra nánar hugmyndirnar sem fram komu á hugarflugsfundunum. Þær hafa þegar verið flokkaðar í fjögur meginsvið: „Auðlindir og umhverfi“; „Heilsa, heilbrigði, hollusta“; „Íslenska módelið: menntun, mannauður, menning“; og „Þekkingarhagkerfið“. Myndaðir hafa verið allt að 20 manna vinnuhópar til að fjalla um hvert svið.

Þriðja skrefið verður væntanlega stigið í lok ársins á haustfundi Vísinda- og tækniráðs þar sem ályktað verður um niðurstöður.



*Yfirskrift 1. maí 2007 var Treystum velferðina. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ var aðalræðumaður dagsins í Reykjavík.*

## Velferðarmál

### *Jöfnuður*

Enn bætast við vísbendingar um vaxandi ójöfnuð á Íslandi. Hér má í fyrsta lagi nefna rannsóknir Hagdeildar ASÍ sem birtar voru í vorskýrslu deildarinnar á þessu ári en þær sýna að ójöfnuður jókst á tímabilinu 1990-2005. Í þessu samhengi má einnig nefna skýrslu forsætisráðherra frá í desember á síðasta ári sem dregur fram afkomuvanda meðal margra barnafjölskyldna í landinu.

### **Rannsókn Hagdeildar ASÍ**

Að undanförmu hefur verið deilt um hvort ójöfnuður hafi farið vaxandi á síðustu árum. Deilurnar hafa að nokkru leyti verið ruglingslegar, enda þátttakendur notað ólíkar aðferðir og tekjuhugtök til þess að meta jöfnuð. Umræðan hefur því að miklu leyti snúist um aðferðafræði og minna um niðurstöður. Til að leggja mat á þróun tekjuskiptingar fékk hagdeild ASÍ gögn um tekjudreifingu frá 1990-2005 sem notuð eru til að reikna svonefndan Gini-stuðul, en hár Gini-stuðull er til marks um mikinn ójöfnuð og lágur um meiri jöfnuð.

Niðurstöðurnar eru í meginatriðum þær að ójöfnuður á Íslandi fór vaxandi á tímabilinu 1990-2005, fyrst og fremst vegna vaxandi fjármagnstekna og breyt-

inga á skattkerfinu sem drógu úr tekjujöfnunarhlutverki þess. Áhrif fjármagnstekna á tekjuskiptinguna eru af tvennum toga: Í fyrsta lagi er skipting fjármagnstekna í samfélaginu ójöfn; í öðru lagi, þegar litið er til ráðstöfunartekna, þá verða áhrif misskiptingarinnar enn meiri því skattlagning á fjármagnstekjur er minni en á atvinnutekjur. Áhrif skattkerfisbreytinganna á tekjuskiptinguna felast í því að dregið hefur úr tekjujöfnunarhlutverki kerfisins á tímabilinu með afnámi hátekjuskatts, og hlutfallslegri lækkun barnabóta og persónuafsláttar. Allir þessir þættir ýta undir aukinn ójöfnuð ráðstöfunartekna.

Frekari greining leiðir í ljós að ójöfnuðurinn hefur að meðaltali aukist mest gagnvart eldri borgurum og barnafólki. Ástæðurnar fyrir því eru að tiltölulega margir í þessum hópum, sérstaklega meðal eldri borgara og einstæðra foreldra, eru tekjulágir og því hefur hlutfallsleg lækkun persónuafsláttar mikil áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra. Auk þess eru margir í þessum hópum háðir greiðslum frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum en þær greiðslur fylgja neysluverðsvísitölu fremur en launavísitölu og veldur það óhagstæðari þróun heildartekna ef verðbólga er lægri en launavísitala eins og verið hefur á tímabilinu. Hlutfallsleg lækkun barnabóta veldur að meðaltali meiri ójöfnuði meðal barnafólks en hjá sambærilegum barnlausum hópum.

## Fátækt meðal barna

Að beiðni þingflokks Samfylkingarinnar í október 2005 lét ríkisstjórnin vinna skýrslu um fátækt barna og hag þeirra. Hinn 8. desember 2006 lagði forsætisráðherra skýrsluna fram á Alþingi. Þær upplýsingar sem í henni er að finna ná til ársins 2004. Í skýrslunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Árið 2004 teljast 6,6% íslenskra barna (4.634 börn) hafa búið við fátækt.
- Hlutfall fátækra barna hefur sveiflast talsvert síðustu ár. Árið 1994 var það svipað og 2004 en árið 1999 var það mun lægra eða tæplega 5%.
- Samanborið við OECD lönd er þetta tiltölulega lágt hlutfall -- en þar var það að meðaltali um 12% árið 2000.
- Samanborið við önnur Norðurlönd er þetta hinsvegar ekki sérlega lágt hlutfall-- en þar lá það á bilinu 2 - 3,5% árið 2000.
- Veigamestu skýringarþættir mældrar fátæktar barna eru aldur foreldra, hjúskaparstaða og ýmsar tímabundnar aðstæður:
  - Hlutfall fátækra barnafjölskyldna af öllum barnafjölskyldum í viðkomandi aldursbilum foreldra var hæst í yngsta aldursflokknum, um 70%. Fjöldi barna sem búa við þessar aðstæður er hins vegar lítil (innan við 200 börn).
  - Hlutfall fátækra barnafjölskyldna lækkar hratt með aldri foreldra

-- en er samt tiltölulega hátt í aldursbilinu 21-25 ára (um 30%) og einnig í aldursbilinu 26-30 ára (um 10%).

- Innan við 4% barna hjóna bjuggu við fátækt árið 2004 meðan hlutfallið var yfir 18% ef um einstætt foreldri var að ræða.
- Fátæktin varir stuttan tíma hjá flestum en sértök athugun leiddi í ljós að 3/4 þeirra fjölskyldna sem töldust fátækar árið 2000 voru það ekki lengur árið 2004. Um 22% fátækra barnafjölskyldna hafði notið atvinnuleysisbóta; ríflega 10% þeirra hafði notið fjárhagsaðstoðar sveitarfélags.
- Skatta- og bótakerfið svo og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hefur þau áhrif að fjöldi fátækra barna lækkar verulega (úr 12,7% í 6,6%). Ef tekið er tillit til námslána frá LÍN lækkar hlutfallið í 6,3%. Meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra lækka þetta hlutfall enn frekar. Þrátt fyrir þetta eru áhrif skattakerfisins til að draga úr fátækt meðal barna mun minni hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Ein helsta ástæðan fyrir þeim mikla mun sem er á stöðu barna hér og á hinum Norðurlöndunum virðist þannig liggja í millifærslum skattakerfisins. Með öðrum orðum samspil tekjuskatta, persónuafláttar og vaxta- og barnabótakerfisins er ábótavant hér á landi.

## **Greiðsluferfiðleikar**

Hinn 12. apríl 2007 var haldinn ársfundur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna á Grand Hótelu Reykjavík v/Sigtún. Í ársskýrslu stofnunarinnar kemur m.a. fram að árið 2006 var um margt líkt árinu 2005. Sami fjöldi umsókna var afgreiddur bæði árin, eða 597 umsóknir. Þá voru einstæðar mæður líkt og undanfarin ár stærsti einstaki hópurinn er leitaði aðstoðar. Næststærsti hópurinn var einhleypir karlar. Flestir komu af höfuðborgarsvæðinu og bjuggu í leiguhúsnæði. Helstu ástæður greiðsluferfiðleika, líkt og undanfarin ár voru veikindi.

## **Fjárhagsaðstoð**

Alls nutu um 4.600 heimili fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga árið 1998 og um 6.300 árið 2003. Gögn yfir allt landið ná ekki lengra en ef aðeins er horft til Reykjavíkur virðist sem fjöldi þeirra sem nutu aðstoðar hafi fækkað nokkuð síðustu ár eða úr 3.438 árið 2004 í 2.929 árið 2005 og 2.685 árið 2006. Flestir sem nutu aðstoðar árið 2006 voru „einhleypir karlar“ (42,3%) og „einstæðir foreldrar“ (31,9%). Atvinnustaða flestra var „atvinnulaus“ (30,5%), „sjúklingur“ (24,3%) og „öryrki“ (16,7%). Um helmingur þáði aðstoð í þrjá mánuði eða skemur. Eflaust kemur mörgum á óvart að stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna eru einhleypir karlar. Vandí þeirra

er af mörgum toga. Þeir eru oft félagslega illa staddir, greiða margir hverjir meðlög eða skulda meðlög sem eru utan við það sem þeir ráða fjárhagslega við. Atvinnuleysi meðal þeirra er einnig töluvert.

## **Húsnæðismál**

Miklar sviptingar hafa verið á húsnæðismarkaði síðustu misseri. Fyrst bötunuðu lánskjör síðari hluta árs 2004 og framan af ári 2005 en síðan hafa þau versnað aftur. Húsnæðisverð og húsaleiga hafa hins vegar snarhækkað. Undir lok árs 2006 virtist sem þensla á húsnæðismarkaði væri að hjaðna en á þessu ári hefur húsnæðisverð hins vegar tekið kipp og í júlí nam tólf mánaða hækkunin 12% og hafði þá ekki verið meiri í rúmt ár. Við þetta bætist að hvorki vaxtabætur né húsaleigubætur hafa haldið í við þróunina og jafnvel rýrnað að raungildi. Niðurstaða þessarar þróunar hefur verið að koma fram í alvarlegum húsnæðisvanda margra fjölskyldna sem hvorki hafa efni á að kaupa húsnæði né leigja á almennum markaði. Biðlistar eftir félagslegu húsnæði hafa lengst; um síðustu áramót biðu t.d. 727 manns eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Félagsbústöðum hf. samanborið við 649 árið áður. Meðal annars í ljósi þessarar þróunar hefur félagsmálaráðherra skipað nefnd til að móta tillögur sem miða að því að efla hinn félagslega þátt húsnæðislánakerfisins, þar með talinn leigumarkaðinn og lánveitingar til fólks undir skilgreindum eigna- og tekjumörkum. Samhliða því er ætlunin að skilja með skýrari hætti á milli almennra og félagslegra lánveitinga og er hlutverk nefndarinnar meðal annars að tryggja aðgengi að lánsfé fyrir þá sem eru að kaupa húsnæði í fyrsta sinn, íbúa á landsbyggðinni og lágtekjufólk. Nefndinni er ætlað að skila félagsmálaráðherra álitinu sínu og tillögum fyrir 1. nóvember 2007.

## **Nefnd um húsnæðismál og félagsleg úrræði**

Nýr félagsmálaráðherra setti á stofn sérstaka nefnd til þess að fjalla um húsnæðismál og félagsleg húsnæðisúrræði. Nefndin tók til starfa haustið 2007 og er að störfum. Mikil áhersla er lögð á skjót vinnubrögð. Mat ASÍ er, að erfitt sé um vik að snúa til fortíðar og leita úrræða þar og hefur gert nefndinni ítarlega grein fyrir áherslum sínum. Þær eru helstar að öruggt og gott húsnæði á viðráðanlegum kjörum myndi einn grundvallarþátta í velferð launafólks. Enn hafi skapast þær aðstæður sem leiða til þess að verkalýðshreyfingin verði að láta til sín taka. Stórfelld byggðaröskun samfara óheppilegum breytingum á félagslega húsnæðiskerfinu hafi leitt til viðvarandi skorts á íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði, hvort heldur um er að ræða eignar- eða leiguhúsnæði. Taka verði tillit til breyttra aðstæða í efnahagslífi og á fjármálamarkaði þar sem horfið hefur verið frá úthlutun fjármagns á niðurgreiddum vöxtum og draga jafnframt lærdóm af því sem miður hefur farið. Megin vandinn sé ekki lengur skortur á

góðu íbúðarhúsnæði heldur skortur á slíku húsnæði sem almennu launafólki og þá sérstaklega lágláunafólki sé gerlegt að eignast eða leigja. Brýnt sé í því efni að efla nú þegar bæði vaxta- og húsaleigubótakerfið en þeim hafi verið ætlað að taka við þegar félagslega kerfinu var lokað en stjórnvöld aldrei gengið þá leið til enda. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum til ráðherra nú á haustmánuðum.

## ***Heilbrigðismál***

Fáir efast um að í læknisfræðilegu tilliti stendur heilbrigðiskerfið á Íslandi mjög framarlega. Öðru máli gegnir þegar horft er til ýmissa stjórnunarþátta þess. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2005 Landspítali-háskólasjúkrahús – Árangur 1999–2004 var það m.a. gagnrýnt að íslensk stjórnvöld höfðu enn ekki mótað heildstæða stefnu um verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins. Þá kemur fram í skýrslu stofnunarinnar Framkvæmd fjárlaga 2006 að af einstökum ráðuneytum fóru fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti mest út fyrir heimildir. Ef litið er til fjölda hallaliða samkvæmt töflunni eru flestir hjá menntamálaráðuneyti en næstflestir hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Að nokkru hefur verið reynt að bregðast við vandanum sem steðjar að heilbrigðiskerfinu m.a. með innleiðingu nýrra heildarlaga um heilbrigðisþjónustu í september sl. Nýju löggin eru afrakstur viðamikils nefndastarfs þar sem þátt tóku m.a. fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Lesa má umsögn ASÍ um hin nýju lög í Skýrslu forseta 2006. Ný ríkisstjórn sem komst til valda í maí sl. hefur boðað frekari umbætur í heilbrigðiskerfinu. Þannig segir í stefnuyfirlýsingu hennar: „Leita á leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera. Kostnaðargreina á heilbrigðisþjónustuna og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Skapað verði svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag.“

## ***Tryggingamál***

Nokkur deigla hefur verið í umhverfi tryggingamála síðustu misseri, svo sem eins og er varðar fyrirkomulag lífeyristrygginga og löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Að verulegu leyti átti þessi þróun sér rætur í endurskoðun kjarasamninga á almennum markaði, fyrst í nóvember 2005 og síðar í júní 2006 (sjá samantekt í Skýrslu forseta 2006). Áfram hefur verið unnið að þróun margra þessara mála. ASÍ og SA hafa t.d. átt í viðræðum um heildarendurskoðun á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti þeirra sem eru

á almennum vinnumarkaði. Þá hefur farið fram nokkur vinna við að útfæra og framkvæma ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Þá er rétt að nefna að ný ríkisstjórn hefur boðað áframhaldandi breytingar á sviði félags- og tryggingarmála. Málaflokkarnir verða t.d. sameinaðir undir einu ráðuneyti frá og með næstu áramótum. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaaðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna. Barnabætur verði hækkaðar til þeirra sem hafa lágar tekjur og nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum. Sérstaklega verði hugað að stuðningi við börn innflytjenda í skólakerfinu. Jafnframt verði aukinn stuðningur við langveik börn, börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik.“ Alþingi hefur þegar ályktað að samþykkja aðgerðaáætlun til fjögurra ára, fyrir árin 2007– 2011, til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra hér á landi. Einnig hefur það samþykkt ný lög um almannatryggingar og málefni aldraðra (afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri).

## ***Velferðarnefnd ASÍ***

Velferðarnefnd ASÍ er vettvangur umfjöllunar um velferðarmál innan sambandsins. Alls fundaði nefndin sex sinnum frá síðasta ársfundi. Hér á eftir verður stiklað á helstu atriðum úr starfi nefndarinnar.

Nefndin óskaði eftir því að Hagdeild ASÍ rannsakaði þróun tekjuskiptingar og hvort ójöfnuður hefði vaxið á liðnum árum. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í Vorskýrslu Hagdeildar ASÍ (sjá umfjöllun fremst í þessum kafla).

Nefndin lagði sérstaka áherslu á að kynna sér húsnæðismál. Í því skyni fékk nefndin sérfræðinga á fund sinn. Nefndin efndi einnig til sameiginlegs fundar um húsnæðismál með formönnum landsambanda og stærstu félaga. Fundurinn var hugarflugsfundur sem ætlað var að safna saman hugmyndum til lausnar þeim vanda sem stöðjar að þeim tekjulægri og þeim sem eru að koma inn á húsnæðismarkaðinn í fyrsta skipti. Félagsmálaráðherra skipaði starfsþóp til að fjalla um húsnæðismál og var ákveðið að Þorbjörn Gunnarsson, formaður velferðarnefndar yrði fulltrúi ASÍ í hópnum og Magnús Norðdahl varafulltrúi.

Nefndin kom að málefnaundirbúningi ársfundar ASÍ en þema fundarins er Norræna velferðar- og vinnumarkaðsmódelið. Nefndin skipaði eftirfarandi þrjá undirhópa til vinna að undirbúningunum; hóp um húsnæðismál, hóp um málefni barna og barnafjölskyldna og hóp um framfærsluviðmið. Hóparnir áttu samtöl við fjölda aðila í starfi sínu. Á grundvelli vinnu hópanna samþykkti velferðarnefnd á fundi sínum þann 18. september eftirfarandi áherslur til miðstjórnar, sem féllst á áherslurnar fyrir sitt leyti:

## Lágmarksframbærsla

- Að lágmarksviðmið í velferðarkerfinu miðist við upphæð sem nemur 50% af áætluðum miðtekjum 25 ára og eldri en sú upphæð er í dag um 150.000 kr. á mánuði. Framreiknuð fátæktarmörk Hagstofu Íslands eru um 130.000 kr. og eðlilegt að viðmið velferðarkerfisins séu nokkuð hærri.

## Húsnæðismál

- Að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta, t.d. með því að sameina húsaleigu- og vaxtabætur í eitt kerfi húsnæðisbóta, hækka bótaupphæðir og draga úr skerðingum. Jafnframt verði öryggi vaxta- og húsaleigubótakerfisins (húsnæðisbóta) aukið þannig að fólk sem tekst á hendur húsnæðisskuldbindingar til langs tíma geti gert það með vissu um að forsendum bóta verði ekki skyndilega breytt.
- Að tryggja þeim sem ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að eignast eða leigja húsnæði á almennum markaði, húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Eins og staðan er í dag þá hafa þeir sem ekki hafa tök á að kaupa eða leigja húsnæði á almennum markaði ekki að neinu að hverfa nema félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélaganna, en langir biðlistar eru eftir slíku húsnæði.
- Að veita þeim sem eru að koma inn á húsnæðismarkaðinn í fyrsta skipti sérstaka aðstoð s.s. í formi fyrstukaupastyrkja, á móti sparnaði viðkomandi.
- Að sveitarfélögin auki framboð af leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir þá tekjulægstu. Jafnframt verði skyldur sveitarfélaga varðandi félagslegt leiguhúsnæði skýrðar betur og reglur þeirra samræmdar.

## Málefni barna/barnafjölskyldna

- Að lengja fæðingarorlof samhliða því sem viðunandi vistunarúrræði verði tryggt fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóladvöl hefst.
- Að tryggja öllum barnafjölskyldum húsnæði á viðráðanlegum kjörum er grunnforsenda þess að hægt sé að búa börnum ásætlanleg uppeldisskilyrði.
- Að huga að málefnum langveikra barna og barna með sérþarfir.
  - Að bæta rétt foreldra langveikra barna til umönnunargreiðslna til að mæta tekjutapi foreldra vegna fjarvista af vinnumarkaði í tengslum við veikindi barna.
  - Að eyða biðlistum hjá Barna- og unglingageðdeild (BUGL) og



tryggja útskrifuðum börnum og ungmennum úrræði eftir veru á Barna- og unglingsgeðdeild.

- Að tryggja börnum með sérþarfir s.s. ofvirkni og athyglisbrest nægan stuðning innan skólakerfisins.
- Að tryggja öllum börnum og unglingum undir 18 ára aldri viðunandi aðgengi að tannlækningum og lyfjum með því að stórauka niðurgreiðslur á tannlækningum og lyfjakostnaði.
- Að efla barnabótakerfið þannig að barnabætur nái almennt til barna að 18 ára aldri. Horfið verði frá þeirri hugsun að barnabætur séu að mestu tekjutengdar og nái einungis til allra tekjulægstu hópanna.
- Að tryggja jöfn tækifæri barna óháð stöðu foreldra er mikilvægasta forsendan fyrir velferð í framtíðinni.
  - Að tryggja stöðu þeirra barna sem búa við fátækt. Mikilvægt er að þau njóti sömu tækifæra til náms, íþróttar og tómstunda og önnur börn. Þá þarf að huga að því að þau hafi greiðan aðgang að skólamáltíðum, lengdri viðveru og aðstoð við heimanám.
  - Að huga að stöðu barna af erlendum uppruna í grunn- og framhaldsskólum. Tryggja þarf stöðu þessara barna sérstaklega og koma þannig í veg fyrir félagslega aðgreiningu / stéttskiptingu.
- Að leggja áherslu á heilsuefningu barna og ungmenna með því að efla forvarnir. Þetta má m.a. gera með aukinni hreyfingu og með því að bæta næringu og fæðuval barna og ungmenna. Tryggja þarf bætt aðgengi barna og ungmenna að hollum mat í leik og starfi.
- Að hlúa að fjölskyldunni og skapa barnafjölskyldum þau skilyrði að þær geti sameinað gott starf góðu fjölskyldulífi. Það er forsenda þess að vinnumarkaðurinn geti þróast og staðist kröfur framtíðarinnar.

### **Breytingar á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti**

- Að auka lífsgæði fólks sem missir starfsorkuna.
- Að tryggja skýrari og samfelldari réttindi launafólks hjá einum aðila.
- Að draga markvisst úr líkunum á því að launafólk lendi í varanlegri örorku með aukinni virkni og eflingu endurhæfingar.
  - Að efla og fjölga raunverulegum endurhæfingarúrræðum.
  - Að tryggja skýlausa greiðsluþátttöku samfélagsins í endurhæfingu.
- Að jafna greiðslubyrði á vettvangi Alþýðusambandsins vegna áfalla, a.m.k. af grunnréttindum.
- Að viðhalda og efla hlutverk sjúkrasjóðanna og treysta þannig tryggðartengsl milli stéttarfélags og félagsmanna.
- Að treysta og auka réttindi þeirra sem missa starfsgetu vegna veikinda eða slysa þannig að koma megi í veg fyrir fátækt.



*Málafni útlendinga hafa verið fyrirferðarmikil í starfi verkalýðshreyfingarinnar á undanförunum árum.*

## Félags- og vinnumarkaðsmál

Alþýðusambandið og skrifstofa þess vinna árlega að fjölda verkefna er tengjast vinnumarkaðs- og félagsmálum. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, Jafnréttisráði og Starfsmenntaráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Vinumarkaðurinn einkenndist á tímabilinu af mikilli þenslu vegna verklegra framkvæmda og aukinna umsvifa á öllum sviðum samfélagsins. Samhliða hefur atvinnuleysi verið mjög lítið á tímabilinu.

Á tímabilinu var unnið að fjölmörgum verkefnum í öllum helstu málaflökkum sem varða félagsmálin og vinnumarkaðinn. Jafnréttismál eru viðvarandi viðfangsefni Alþýðusambandsins og skrifstofu þess og hefur sá málaflökkur fengið stöðugt meira vægi í starfi sambandsins á síðustu árum. Mikilvægur liður í því starfi var ráðning sérstaks sérfræðings í jafnréttismálum á skrifstofu ASÍ á árinu 2005. Á tímabilinu voru m.a. til umfjöllunar tillaga að nýjum jafnréttislögum, innra starf verkalýðshreyfingarinnar að jafnréttismálum og aðgerðir til að draga úr kynbundnum launamuni í tengslum við

gerð nýrra kjarasamninga. Þá hafa vinnuverndarlög sem samþykkt voru á Alþingi 2003 kallað á mikla vinnu við smíði reglugerða og reglna af ýmsu tagi. Þar ber hæst Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum sem gefin var út í nóvember 2006. Umræða um lífeyrismál hefur verið mikil á tímabilinu, bæði á vettvangi ASÍ og í samskiptum við samtök atvinnurekenda, í tengslum við þann vanda sem lífeyrissjóðirnir standa frammi fyrir vegna skuldbindinga sinna við sjóðsfélaga og umfjöllunar um breytingar á réttindaávinnskverfi sjóðanna. Stefnumótun og eftirlit með framkvæmd EES samningsins er viðvarandi verkefni, þar sem stöðugt eru að bætast við nýjar reglur og ný úrlausnarefni. Þá hefur hnattvæðingin og málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði kallað á umræðu og stefnumótun og mikið starf í þessum málaflokki, þar sem áhersla Alþýðusambandsins hefur verið á að vernda og treysta þær reglur og hefðir sem mótast hafa í samskiptum á íslenskum vinnumarkaði og treysta réttindi launafólks. Þar náðist verulegur árangur á tímabilinu.

Fyrir liggur að þær miklu breytingar sem orðið hafa á verkefnum Vinnu- málastofnunar með nýrri og breyttri löggjöf og nýjum áherslum hafa kallað á umræðu um stöðu og starfshætti stofnunarinnar í framtíðinni. Alþýðusambandið hefur lagt mikla áherslu á að stofnunin fái þá fjármuni sem til þarf og jafnframt að starfsemi hennar verði styrkt og eflid til að hún geti sinnt sínum verkefnum í samræmi við það sem lög gera ráð fyrir. Í þessum efnum náðist markverður árangur nú á haustdögum.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum málaflokkum sem voru til umræðu og unnið var að á vettvangi ASÍ á tímabilinu.

### ***Jafnréttis- og fjölskyldumál***

Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla sem samþykkt var á ársfundi sambandsins árið 2005 er líkt og fyrr vegvísir í starfi jafnréttis- og fjölskyldufulltrúa ASÍ. Sérstök áhersla hefur verið á að efla og styrkja samstarfið við aðildarsamtök ASÍ að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla og því hlutverki verkalýðshreyfingarinnar að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og sérstaklega þann þátt sem snýr að launajafnrétti.

### ***Jafnréttis- og fjölskyldunefnd***

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og umfjöllun um jafnréttis- og fjölskyldumál innan sambandsins. Nefndinni er einnig ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum ASÍ á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála. Í starfi sínu að málaflokknum almennt byggir nefnd-

in á þeirri stefnu sem samþykkt var á ársfundi ASÍ 2005 um jafnrétti kvenna og karla. Nefndin hefur fundað fjórum sinnum frá síðasta ársfundi.

## Kynjabókhald ASÍ

Kynjabókhald ASÍ var lagt fram á ársfundinum 2006 í fyrsta sinn og byggir á upplýsingum fengnum úr innsendum skýrslum aðildarféлага ASÍ.

Á ársfundi ASÍ árið 2004 var samþykkt ályktun þar sem því var beint til miðstjórnar að móta markvissa jafnréttisáætlun sem miðar að því að auka hlut kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar. Fjölmennustu samtök launafólks hér á landi sýndu með ályktuninni að þau vilja leggja sitt af mörkum og gera átak til að breyta stöðunni innan sinna raða.

Jafnréttisstefna verður að vera raunhæf, byggja á staðreyndum eins og þær eru á hverjum tíma og vera með framtíðarsýn. Því er mikilvægt að þekkja vel stöðu kynjanna áður en farið er út í gerð jafnréttisáætlunar. Kynjabókhald er dæmi um slíka upplýsingasöfnun, þar koma fram tölulegar upplýsingar um fjölda kvenna og karla í áhrifa- og stjórnunarstöðum í verkalýðshreyfingunni og þannig hægt að bregðast við með viðeigandi hætti. Kynjabókhaldið sjálft leysir hvorki vanda né eykur hlut kvenna í stjórnnum og ráðum. Kynjabókhaldið skiptir máli til að upplýsa um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma og auðveldar stefnumótunarvinnu til að koma jafnréttismálum í það horf sem ASÍ getur verið stolt af og sem þjónar öllum aðilum sambandsins.

## 8. mars 2007 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Líkt og fyrri ár var staðið að opnum hádegisverðarfundum á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars. ASÍ kallaði eftirfarandi aðila til samstarfs: BHM, BSRB, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu, sem allir eiga það sam-eiginlegt að láta sig jafnréttismál varða.

Fundurinn bar yfirskriftina **Máttur á milli landa – beislum mannaúðinn**. Áhersla á áhrif hnattvæðingar á íslenskan vinnumarkað og sérstaklega vinnuframlags kvenna af erlendum uppruna var til umræðu. Framlag kvenna og karla sem hingað koma hefur ekki eingöngu áhrif á vinnumarkaðinn heldur á menningu hvers konar og eykur litrófið og þróar íslenskt samfélag í fjölmenningsarsamfélag. Til þess að þeir sem hingað koma geti nýtt mannaúð sinn, sér og öðrum til farsældar, er mikilvægt að veita þeim aðgengi að öllum gáttum samfélagsins.

Þátttaka var mjög góð, tæplega hundrað konur og karlar hlustuðu á eftirfarandi framsöguræður og tóku þátt í umræðum sem þeim fylgdi. **Gáttin að velgengni í nýju landi - mikilvægi mentorsins**, Gunhild Riske mannfræðingur frá Danmörku, **Óskráður mannaúður á vinnumarkaði**, Sigrún Jóhannesdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, **Konur og stefna ríkisstjórnarinnar**

**Í málefnum innflytjenda**, Sæunn Stefánsdóttir, formaður innflytjendaráðs. Fundarstýra var Amal Tamimi frá Alþjóðahúsi.

Hér á eftir er yfirlýsing sem samstarfsaðilarnir gáfu út í tilefni dagsins.

**Máttur á milli landa – beislum mannauðinn**  
**Ávarp á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2007**

Ólíkt mörgum nágrönnum okkar í Evrópu búum við Íslendingar við afar lítið atvinnuleysi og í þeirri uppsveiflu sem verið hefur undanfarin ár hefur eftirspurn eftir vinnuafli verið mikil. Það er þess vegna sem fjöldi fólks af erlendum uppruna hefur sóst eftir vinnu hér, ýmist til lengri eða skemmri tíma. Framlag kvenna og karla af erlendum uppruna til samfélagsins, til menningar hvers konar og vinnumarkaðarins hefur aukið lítrófið og þróað íslenskt samfélag í fjölmenningsamfélag. Til þess að þeir sem hingað koma geti nýtt mannauð sinn til hins útrasta, sér og öðrum til farsældar, er mikilvægt að veita þeim aðgengi að öllum gáttum samfélagsins. Það er hægt að gera á margvíslegan hátt en ein leið sem vert er að skoða er svokallað mentora-kerfi þar sem byggt er upp stuðningsnet milli tveggja einstaklinga þar sem gagnkvæm virðing og samvinna er höfð að leiðarljósi. Kerfi sem þetta hefur gefið góða raun á Norðurlöndunum og auðveldað fólki af erlendum uppruna að aðlagast nýju umhverfi og menningu.

Heildarsamtök launafólks hafa gjarnan notað 8. mars til að meta stöðuna í jafnréttismálum og þá sérstaklega hvað varðar launamun kynjanna. Þrátt jafnréttislög er kynbundinn launamunur viðvarandi vandamál og ef marka má niðurstöðu rannsóknar um kynbundinn launamun og launamyndun sem birt var í fyrra mun taka nokkrar aldir að útrýma þeim mun. Rannsókninn leiddi í ljós að óútskýrður munur á launum karla og kvenna er 15,7% en í sambærilegri rannsókn sem var framkvæmd árið 1994 var munurinn 16%. Það er því óhætt að fullyrða að launamunurinn minnki með hraða snigilsins og við það verður ekki unað. Grípa verður til raunhæfra aðgerða svo konur njóti sömu möguleika á vinnumarkaði. Núverandi jafnréttislög duga ekki til því fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hunsu ákvæði laganna um gerð jafnréttisáætlunar sem m.a. á að tryggja konum og körlum jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Til að ná því marki verða launakerfi að vera gagnsæ og kynhlutlaus auk þess sem upplýsingar um laun verða að vera aðgengilegar. Það er því ánægjulegt að nýtt frumvarp til jafnréttis laga feli í sér bann við launaleynd og aukið vægi úrskurða kærufndar jafnréttismála. Þar er einnig lagt til að Jafnréttisstofa geti krafíð fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar sem varða launakjör og lagt á þau dagsektir tregðist þau við. Þeir sem raunverulega vilja útrýma launa-

*mun kynjanna ættu því að kanna afstöðu stjórnmalaflokkanna til frumvarpsins áður en þeir ákveða hverjum þeir greiða atkvæði sitt í kosningunum í vor.*

*Jafnréttismál eru ekki einkamál kvenna því jafnrétti kynjanna er ein mikilvægasta forsenda hagsældar í heiminum. Á Alheimsleiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna árið 2005 var niðurstaðan sú að jafnrétti kynjanna hefði afgerandi áhrif á þróun, frið og öryggi. Í ávarpi framkvæmdastjóra S.Þ., Ban Ki-moon, í tilefni dagsins er bent á þá staðreynd að almenn viðurkenning á mikilvægi jafnréttis skili sér illa í verki. Störf kvenna séu vanmetin og illa launuð eða jafnvel ólaunuð, enn séu fáar konur í valdastöðum og meirhluti þeirra hundrað milljóna barna sem ekki njóti skólagöngu séu stúlkur. Verst sé samt að „ofbeldi gegn konum og stúlkum heldur áfram af fullum krafti á hverju meginlandi, í hverju landi og í hverjum menningarheimi“. Kynbundið ofbeldi hefur alltof lengi verið látið viðgangast og því fagna þau samtök og stofnanir sem standa að þessu ávarpi því framtaki S.Þ. að vekja athygli á málinu á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna.*

### ***Mentor er málið!***

Hópur kvenna frá mismunandi samtökum og stofnunum kallar sig **Allar heimsins konur** og hefur að markmiðið að deila upplýsingum og þekkingu á stöðu erlendra kvenna í íslensku samfélagi. Jafnréttisfulltrúi ASÍ er jafnframt fulltrúi sambandsins í hópnum og sér um verkefnisstjórnun. Í hópnum eru fulltrúar frá Eflingu-stéttarfélagi og VR.

Þann 9. mars 2007 var námsstefna þar sem kynnt var aðferðafræði sem nágrannar okkar Danir og Svíar m.a. hafa beitt á mjög árangursríkan hátt til að tengja konur af erlendum uppruna í viðkomandi landi við kynsystur sínar þarlandar. Námsstefnan var mjög vel sótt og var formaður jafnréttis- og fjölskyldunefndar ASÍ fundarstjóri.

Hugmyndafræði verkefnisins byggir á nokkurs konar námssambandi milli tveggja kvenna sem báðar njóta góðs af, önnur frá heimalandinu (mentor) og hin af erlendum uppruna (mentee). Þannig eru tengdar saman innlendar konur og konur af erlendum uppruna sem geta skipst á upplýsingum og þekkingu á jafningjagrundvelli þar sem unnið er að því að beisla þann óvirkjaða mannauð sem felst í menntun, þekkingu og reynslu hjá konum af erlendum uppruna, bæði þeim og íslensku atvinnulífi til framdráttar.

Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði, VR og Eflingu-stéttarfélagi en Rauði kross Íslands er framkvæmdaraðili að verkefninu **Félagsvinakerfi – mentoraverkefni** og í verkefnisstjórn sitja tveir fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar.

### ***Fræðsla og kynning***

Nauðsynlegt er að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins hjá talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar. Því er fræðsla og kynning mikilvægur þáttur í starfi jafnréttisfulltrúa. Námsframboð í jafnréttismálum hefur aukist í trúnaðarmannafræðslu og almennri fræðslu talsmanna. Kynning á málaflökknum í formi funda, fræðslu og námsstefnu eflaðist á starfsárinu 2006-2007.

### ***Hvað vilt'upp á dekk?***

Dagana 26. – 28. apríl 2007 var haldin námsstefna sem bar heitið **Hvað vilt'upp á dekk**. Markmiðið var að efla tengslanet talskvenna Alþýðusambandsins, en á námskeiði sem haldið var í maí 2006 fyrir talskonur hreyfingarinnar, undir yfirskriftinni **Hvernig verkalýðshreyfingu vilja konur?**, kom fram sú krafa að halda áfram að styrkja tengslanetið og var námsstefnan vorið 2007 svar við þeirri kröfu.

Námsstefnan var vel sótt, en á þriðja tug kvenna víðs vegar af landinu komu saman og hlustuðu á átta fróðleg erindi kvenna víðs vegar úr samfélaginu sem fjölluðu meðal annars um konur og íslam, uppeldi stúlkna og drengja, konur og stjórnun og kynbundinn launamun. Kraftmiklar umræður voru á eftir framsöguerindum þar sem skipst var á skoðunum og nýjar hugmyndir mótuðust.

Afrakstur málsstofu, í formi áskorunar, þar sem umræða var um jafnréttisáherslur í kjarasamningum í einni og í hinn fjallað um kynbundinn launamun var send miðstjórn ASÍ 2. maí 2007.

## **Áskorun til miðstjórnar Alþýðusambands Íslands**

### ***Hvað vilt'upp á dekk?***

*Námsstefna kvenna í verkalýðshreyfingunni sem haldin var í Eldborg og Norðurljósum á Reykjanesi dagana 26. – 28. apríl 2007 skorar á miðstjórn að taka eftirfarandi þætti til skoðunar:*

- 1. ASÍ fari í markvissa upplýsingaherferð sem stuðli að hugarfarsbreytingu gagnvart þátttöku kvenna á vinnumarkaði. Sérstök áhersla verði lögð á að:*
  - Fordæma kynbundinn launamun og ræða um leiðir til að vinna gegn honum. Fyrsta skrefið af mörgum er að afnema launaleynd.*
  - Breyta verðmætamati á hefðbundnum kvennastörfum. Litið sé á konur sem einstaklinga sem gegni störfum sínum vegna hæfileika sinna og eigi að fá laun samkvæmt því.*



*Áróðursherferð hugarfarsbreytingarinnar verði sambærileg við “Einn réttur, ekkert svindl“. Hún beinist að atvinnurekendum, stjórnvöldum og ekki síst inn í raðir verkalýðshreyfingarinnar með markvissri fræðslu.*

2. *ASÍ beini því til aðildarfélaganna að þau geri baráttuna gegn kynbundnum launamun að einu af meginmarkmiðum kröfugerðar vegna komandi kjarasamninga. Vitað er að kynbundinn launamunur er um 16% og óleiðréttur er hann a.m.k. 28%. Við þetta misrétti á vinnumarkaði verður ekki unað og hlýtur það að vera forgangsverkefni að eyða þessum mun.*

*Bókun með kjarasamningum frá árinu 1989 um aukna hlutdeild kvenna í stjórnun o.fl. verði umorðuð í takt við tíðarandann með mælanlegum markmiðum og fylgt eftir í framkvæmd.*

3. *Alþýðusamband Íslands beiti sér að fullum krafti til að hafa áhrif á nýtt frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem kynnt var í mars s.l. ASÍ sendi inn athugasemdir til nefndar um endurskoðun laganna í september 2006 og tekið var tillit til þeirra að hluta.*

### **Jafnréttisáherslur í kjarasamningum**

Skrifstofa ASÍ ákvað að koma á verkefnishóp um jafnréttisáherslur í kjarasamningum. Markmið hópsins er að sameina og samræma krafta á skrifstofunni vegna starfa ASÍ að jafnréttismálum í tengslum við undirbúning komandi kjarasamninga og vera bakhjarl fyrir starf jafnréttis- og fjölskyldufulltrúa sambandsins.

Minnisblað vinnuhópsins var tekið til umfjöllunar á fundi jafnréttis- og fjölskyldunefndar 21. maí 2007. Hugmyndir sem einkum beinast að því að jafnréttisáherslur verði samþættar við kröfugerð aðildarfélaga ASÍ í komandi kjarasamningum voru lagðar fram. – sjá tillögur lagðar fyrir miðstjórn 22.05.07

Vinnuhópurinn minnti á að í áskorun sem lögð var fyrir miðstjórn ASÍ 2. maí 2007 í kjölfarið á námsstefnu kvenna í verkalýðshreyfingunni **Hvað vilt upp á dekk?** er sérstök áhersla lögð á áróðursherferð hugarfarsbreytingarinnar sem beinist að atvinnurekendum, stjórnvöldum og ekki síst inn í raðir verkalýðshreyfingarinnar með markvissri fræðslu.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ lagði fram eftirfarandi tillögur til umfjöllunar til miðstjórnar ASÍ 22. maí 2007 og var samþykkt að Alþýðusambandið vinni á þeim grunni sem þar er lagður, auk þess sem þeim þáttum er snúa að kjarasamningunum sérstaklega yrði vísað til aðildarsamtaka ASÍ.



## **Til miðstjórnar ASÍ Jafnréttisáherslur í kjarasamningum 22. maí 2007**

Á fundi Jafnréttis- og fjölskyldunefndar 21. maí s.l. var tekið til umfjöllunar minnisblað vinnuhóps sem var skipaður starfsmönnum á skrifstofu ASÍ (Maríönnu Traustadóttur, Eyrúnu Björk Valsdóttur, Ingvari Sverrissyni og Sigríði I. Ingadóttur) og hefur á undanförunum vikum unnið að mótun verkefna og hugmynda sem einkum beinast að því að jafnréttisáherslur verði samþættar við kröfugerð aðildarféлага ASÍ í komandi kjarasamningum.

Vinnuhópurinn fékk á sinn fund Hörpu Ólafsdóttur, forstöðumann kjaramálasviðs Eflingar-stéttarfélags og Elías G. Magnússon, forstöðumann kjarasviðs VR.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd óskar eftir því að miðstjórn ASÍ taki til umfjöllunar tillögur vinnuhópsins og taki ákvörðun um hvort og þá með hvaða hætti þeim verði hrundið í framkvæmd.

Tillögur vinnuhópsins eru eftirfarandi:

- Gálisti verði útbúinn fyrir samninganefndir félaganna, þar sem fram komi spurningar sem samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við kröfugerð stéttarféлага. Dæmi: Samninganefnd myndi sér skoðun á því hvort að tiltekin kröfugerð hafi mismunandi áhrif á kjör kvenna og karla?
- Bókun um aukna hlutdeild kvenna í stjórnun o.fl. sem fylgir með kjarasamningum SGS, LÍV og Samiðnar frá 1989 verði endurskoðuð og endursamin frá grunni.
- Könnun og endurmat á hefðbundnum kvennastörfum og stöðu þeirra í kjarasamningum.
- Markvissari gagnaöflun um kynbundinn launamun á vinnumarkaði, með beinni þátttöku landssambanda og féлага með beina aðild.
- Aukin fræðsla meðal félagsmanna stéttarféлага um túlkun og framkvæmd jafnréttisлага.
- Sáttamiðlun milli atvinnurekanda og starfsmanna í málum er varða kynbundinn launamun. Sáttamiðlun er hugsuð sem kjarasamningsbundið úrræði, til hliðar við hinar lögformlegu kæruleiðir, sem beita má til að upplýsa, skýra og leiða til lykta álitæfni er lúta að því hvort að tiltekinn atvinnurekandi hafi farið á svig við meginreglur jafnréttisлага.

## **Fæðingar- og foreldraorlofslögin**

Framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu ASÍ.

Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Stöðugt er að koma betur í ljós að ljóst að þær breytingar sem gerðar voru á lögnum árið 2004 hafa haft ýmis neikvæð áhrif fyrir foreldra nýfæddra barna, eins og Alþýðusambandið

benti á þegar þessar breytingar voru til umfjöllunar á Alþingi. Það er einkum tvennt sem þar skiptir máli og hvort tveggja tengist þeim breytingum sem gerðar voru á viðmiðunartímabili vegna útreiknings á upphæð fæðingarorlofsins og lengingu þess. Í fyrsta lagi hafa greiðslur í fæðingarorlofi í reynd almennt lækkað miðað við það sem áður var. Í annan stað eru stöðugt fleiri sem fá skertar greiðslur í fæðingarorlofi vegna þess að full atvinnuþátttaka hófst ekki fyrr en einhvern tíma á viðmiðunartímabilinu eða að rof hefur orðið á atvinnuþátttöku einhvern tíma á tímabilinu.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er boðað að fæðingarorlofið verði lengt á kjörtímabilinu. Því ber að fagna og verður stefnan sett á 12 mánaða fæðingarorlof. Jafnframt er mikilvægt að tækifærði verði notað til að gera lagfæringar á lögnum í samræmi við það sem hér hefur verið nefnt. Jafnframt er mikilvægt að samhliða lengingu fæðingarorlofsins þarf að tryggja að sveitarfélög komi betur til móts við foreldra ungra barna með því að efla leikskólastigið og lækka aldursmörk vegna þeirra barna sem þjónustan nær til.

### **Málefni foreldra langveikra barna**

Ný lög um greiðslur til foreldra langveikra barna voru afgreidd á Alþingi vorið 2006 og tóku gildi 1. júlí 2006. Nú hefur komið í ljós, eins og varað var við, að lögín gengu of skammt við að bæta stöðu þessa hóps. Hvort tveggja er, að lögín ná aðeins til þeirra foreldra sem eiga nýlega greind langveik börn og að greiðslurnar samkvæmt lögnum eru of lágar og í of skamman tíma. Í ljósi framanritaðs fagnar Alþýðusambandið því að félagsmálaráðherra hefur ákveðið að endurskoða lögín með það að markmiði að treysta betur stöðu og afkomu foreldra langveikra barna.

### **Samkomulag ASÍ og SA um tilhögun réttinda við breytingar réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi**

Þeir lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA sem breyta úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda ávinnslu skulu veita sjóðsfélögum sem flytjast milli sjóða og greitt hafa löggjöld í full 5 ár til lífeyrissjóðs eða lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með jafna réttindaávinnslu, rétt til þess að greiða löggjöld til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs m.v. þær reglur sem gilda í viðkomandi sjóði. Þetta ákvæði á þó ekki við um sjóðsfélaga, sem þegar hafa fengið umtalsverða leiðréttingu á lífeyrisréttindum sínum með afturvirkum hætti vegna breytinga yfir í aldurstengda ávinnslu í öðrum lífeyrissjóði.

Skipti einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði um starfsvettvang, þannig að hann færast milli starfstengdra lífeyrissjóða, skulu sjóðir sem við honum tekur og gert hafa samkomulag um gagnkvæma skiptingu réttinda, veita honum rétt til greiðslu sama viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs með sömu réttindum og aðrir sjóðsfélagar í þeim sjóði.

Standi einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði og skiptir um starfsvettvang, þannig að hann færast milli starfstengdra lífeyrissjóða, frammi fyrir því að glata umtalsverðum réttindum við að færast til sjóðs sem veitir honum einungis aldurstengd réttindi, öðlast hann rétt til þess að greiða áfram lífeyrislöggjöld til þess sjóðs þar sem hann hefur verið hjá til starfsloka óháð þeirri starfsgrein sem hann tilheyrir á hverjum tíma.

Komi til ágreinings milli sjóðsfélaga og viðkomandi lífeyrissjóðs varðandi fyrirkomulag réttinda við greiðslu löggjalda til stigadeildar vegna umbreytingar kerfisins, getur sjóðsfélagi skotið slíkum ágreiningi til sérstakrar úrskurðanefndar lífeyrismála, sem samningaðilar munu setja á laggirnar. Samningsaðilar munu setja sérstakar starfsreglur um skipan og starfsemi þessarar nefndar og skulu hafa um það samráð við stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða.

Reykjavík, 31. október 2005

## Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa stöðugt mikilvægara hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og almenna velferð. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem tengjast grundvallarþáttum varðandi öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Á undanförunum árum hefur athyglin í vaxandi mæli einnig beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum á vinnustað.

Vinnuverndarlög sem samþykkt voru á Alþingi í mars 2003 endurspeglar nýja hugsun í vinnuverndarmálum. Í lögum er áhersla lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir með áhættumati á vinnustað og áætlanum um heilsuvernd starfsmanna, þar sem ábyrgð og skyldur atvinnurekenda eru settar fram með skýrum hætti. Þá eru komin inn mikilvæg ákvæði er varða félagslega og sálræna þætti vinnuumhverfis og vinnuverndar, þar sem sérstaklega er tekið á einelti á vinnustað og varnir gegn því. Þessi atriði skipta mestu um vinnuverndarstarf á vinnustöðum og hagsmuni launafólks.

Á ársfundi ASÍ 2005 var samþykkt ítarleg stefna Alþýðusambandsins varðandi velferð launafólks á vinnustað og í vinnunni undir heitinu „Lífið í vinnunni“. Þar er tekið á þeim málum sem mestu varða um stöðu og líðan launafólks í vinnunni. Vinnuvernd í víðasta skilningi skiptir þar meginmáli, þótt fleiri þættir komi til. Þessi stefnumótun hefur verið grundvöllur að starfi ASÍ að vinnuverndarmálum og verður það áfram.

### Vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og Lífið í vinnunni

Á árinu 2004 hófst vinna á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins að reglugerð sem ætlað var að ná til allra þátta skipulags vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum. Skipaður var starfshópur fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og starfsmanna Vinnueftirlitsins til að vinna tillögur að reglugerð. Hópurinn skilaði tillögum sínum til stjórnarinnar í byrjun árs 2006. Í reglugerðardrögunum var fjallað ítarlega um allt innra starf fyrirtækja að vinnuvernd og skipulag þess, þ.m.t. það sem lýtur að áhættumati og aðgerðum í framhaldi af því og starfsemi öryggisnefnda, öryggisfulltrúa og öryggistrúnaðarmanna. Stjórn Vinnueftirlitsins sendi félagsmálaráðherra tillögu að nýrri reglugerð vorið 2006 með ósk um að reglugerð yrði sett hið bráðasta. „Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum“ var loks gefin út 9. nóvember 2006. Hún er öllum meginatriðum í samræmi við tillögur stjórnar Vinnueftirlitsins.

Reglugerðin er sá grundvöllur sem beðið hefur verið eftir af hálfu Alþýðusambandsins til að hefja mætti átak í skipulögðu vinnuverndarstarfi

á vinnustöðum. En það er mikilvæg forsenda þess að markmiðin náist sem sett eru fram í stefnu ASÍ um „lífið í vinnunni“. Segja má að átakið sé þegar hafið. Reglugerðin og efni hennar hefur verið kynnt stjórnendum fyrirtækja og fulltrúum um land allt á síðustu mánuðum. Þá hefur Vinnueftirlitið útbúið kynningarefni og leiðbeiningar vegna frákvæmdar áhættumats og eftirfylgni á vinnustað. Rætt hefur verið á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins að fylgja þessum kynningum eftir með frekara kynningarstarfi og skipulögðu átaki við að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum, m.a. með áherslu á kosningu öryggistrúnaðarmanna og skipun öryggisvarða. Ákveðið hefur verið að evrópsk vinnuverndarvika árin 2008 og 2009 verði helguð áhættumati á vinnustöðum. Þar mun gefast gott færi á að vinna að þessum málum í samstarfi stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda.

### **Samkomulag við SA um varnir vegna starfstengdrar streitu**

Þann 7. júní 2007 undirrituðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins samkomulag um gildistöku kjarasamnings á Evrópuvísu á milli Evrópusambands Launafólks (ETUC) og Evrópusamtaka atvinnurekenda (BUSINESSEUROPE og CEEP) um starfstengda streitu.

Markmið samningsins er að fyrirbyggja eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif starfstengdrar streitu.

Samningurinn byggir í öllum helstu atriðum á framangreindum samningi aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu.

### **Samkomulag Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um starfstengda streitu**

#### **1. Inngangur**

*Samtök atvinnulífsins (SA) sem aðildarsamtök BUSINESSEUROPE (áður UNICE) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) sem aðildarsamtök ETUC eru aðilar að rammasamningi ETUC og EUROCADRES/CEC annars vegar og BUSINESSEUROPE/UEAPME og CEEP hins vegar um vinnutengda streitu frá 8. október 2004.*

*Samkvæmt rammasamningnum skulu aðildarsamtökin innleiða hann í samræmi við reglur og venjur sem fylgt er í samskiptum vinnuveitenda og launafólks í viðkomandi aðildarríkjum ESB og EES. SA og ASÍ hafa orðið sammála um að innleiða rammasamninginn með kjarasamningi þessum.*

*Til grundvallar rammasamningnum liggur að aðilar vinnumarkaðarins líta svo á að með því að takast á við starfstengda streitu sem er viðurkennd um allan heim sem vandamál atvinnurekenda og starfsmanna megi bæta skilvirkni*

og heilbrigði og öryggi við vinnu sem skili efnahaglegum og félagslegum ávinningi fyrir fyrirtæki, starfsmenn og samfélagið í heild.

## **2. Markmið**

Markmið samningsins er að auka vitund og skilning atvinnurekenda og starfsmanna svo og fulltrúa þeirra á starfstengdri streitu og beina athygli þeirra að vísbendingum sem geta gefið til kynna vandamál vegna slíkrar streitu. Einnig að skapa þeim skilyrði til að greina og koma í veg fyrir eða hafa stjórn á starfstengdri streitu.

## **3. Streita**

Streita er ekki sjúkdómur heldur ástand sem fylgir líkamlegri, andlegri og/eða félagslegri vanlíðan eða vandamálum og sem er afleiðing þess að einstaklingum finnst þeir ófærir um að uppfylla kröfur eða væntingar sem eru gerðar til þeirra. Langvarandi álag af völdum streitu getur dregið úr árangri í starfi og leitt til vanheilsu. Streita sem á upptök sín utan vinnu-umhverfis getur auk þess leitt til breytinga á hegðun.

Birtingarmyndir streitu við vinnu verða ekki allar taldar til starfstengdrar streitu. Orsakir starfstengdrar streitu geta verið mismunandi, s.s. innihald starfa, skipulag vinnunnar, vinnuumhverfi, samskiptavandi, o.s.frv.

## **4. Greining á starfstengdum streituvandamálum og ábyrgð**

Mikil forföll frá vinnu eða há starfsmannavelta, tíðir árekstrar milli starfsmanna og kvartanir af hálfu starfsmanna geta verið vísbendingar um vandamál vegna starfstengdrar streitu.

Greining á því hvort til staðar eru vandamál vegna starfstengdrar streitu getur falist í greiningu á þáttum eins og skipulagi vinnunnar og verkferlum (skipulag vinnutímans, sjálfstæði í starfi, fylgni á milli hæfni starfsmanna og krafna í starfi, vinnuálag, o.fl.), vinnuaðstæðum og vinnuumhverfi (verða fyrir ósæmilegri framkomu, hávaði, hiti hættuleg efni, o.fl.), samskiptum (óvissa um það til hvers ætlast er í vinnunni, starfsframi, eða væntanlegar breytingar, o.fl.) og huglægum þáttum (tilfinningalegt og félagslegt álag, tilfinningin um að ráða ekki við verkefnið, tilfinning fyrir að fá ekki nægilegan stuðning, o.fl.).

Ef greind eru vandamál vegna starfstengdrar streitu ber atvinnurekanda að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja, koma í veg fyrir eða draga úr henni með þátttöku og í samstarfi við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra.

### **Viðbrögð við starfstengdri streitu**

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Í þessu felst skipuleg greining á vinnustaðnum og mat á hugsanlegri áhættu í starfi með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna.

*Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal fela í sér:*

1. Sérstakt áhættumat.
2. Áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem skal fela í sér að gerðar séu úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins.
3. Eftirfylgni að úrbótum loknum.

Í VIII. kafla reglugerðar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006 er fjallað um og útfært nánar hvernig skuli standa að vinnuverndarstarfi, áhættumati og úrbótum.

Samningsaðilar eru sammála um að framangreindar reglur hafi að geyma mikilvægar leiðbeiningar um það hvernig skuli staðið að verki til að fyrirbyggja og bregðast við vandamálum vegna starfstengdrar streitu enda sé hún áhættuþáttur varðandi öryggi og heilbrigði. Með þeim hætti verður markmiðum þessa samnings best náð.

### **6. Samráðsnefnd**

Samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum samningsaðila skal fjalla um framkvæmd samningsins svo og útfærslu og túlkun einstakra ákvæða eftir því sem þurfa þykir.

*Komi upp ágreiningur um túlkun samningsins er viðkomandi aðilum heimilt að vísa honum til nefndarinnar sem skal þá leitast við að ná sáttum.*

Samning þennan skal eftir því sem við á túlka í samræmi við fyrrgreindan samning *BUSINESSEUROPE* og *ETUC*.

### **7. Gildistími o.fl.**

Samningur þessi tekur gildi 1. júlí 2007.

Reykjavík, 7. júní 2007

*F.h. Alþýðusambands Íslands*      *F.h. Samtaka atvinnulífsins*

*[Grétar Þorsteinsson, sign.]*      *[Vilhjálmur Egilsson, sign.]*

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að samningurinn nýtist til að vekja athygli á ört vaxandi vanda vegna starfstengdrar streitu og að hann geti jafnframt gegnt mikilvægu hlutverki við að fyrirbyggja og bregðast við vandamálum vegna starfstengdrar streitu með fullnægjandi hætti. Af hálfu ASÍ verður unnið að því að hrinda markmiðum samningsins í framkvæmd í sam-

starfi við SA og með starfi fulltrúa ASÍ á vettvangi Vinnueftirlitsins. Jafnframt er þess vænst að samningurinn gagnist aðildarsamtökum ASÍ í starfi þeirra.

### **Reglur um vímuefnapróf og persónuvernd starfsmanna**

Að undanfögnu hefur nokkuð verið fjallað um vímuefnaprófanir fyrirtækja og persónuvernd starfsmanna og hafa fulltrúar ASÍ gagnrýnt hvernig að þessum málum hefur verið staðið af hálfu sumra fyrirtækja eða er fyrirhugað. Hafa þeir bent á að mikilvægt sé að setja um þetta almennar reglur sem taka tillit til réttinda starfsmanna og almennra vinnuverndarsjónarmiða.

Á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins var að frumkvæði fulltrúa ASÍ samþykkt að skoða þessi mál frekar, m.a. í samstarfi við aðrar stofnanir sem málið varðar. Vaxandi stuðningur er við sjónarmið ASÍ og munu fulltrúar Alþýðusambandsins halda áfram að fylgja þeirri kröfu eftir.

### **Skráning og flokkun atvinnusjúkdóma**

Fyrir liggur að ekki er til nein formleg atvinnusjúkdómaskrá hér á landi. Þetta hefur leitt til þess að skráning atvinnusjúkdóma er hér í miklum ólestri og að launafólk sem fær atvinnusjúkdóma býr af þeim sökum við skertan rétt og möguleika á bóttum miðað við það sem er t.d. í nágrannalöndunum.

Stjórn Vinnueftirlitsins samþykkti að frumkvæði fulltrúa ASÍ ályktun um að skora á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að setja reglugerð um tilkynningu atvinnusjúkdóma og að því verði fylgt eftir með viðræðum við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sem málið heyrir formlega undir.

### **Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Vinnueftirlitinu**

Ríkisendurskoðun kynnti vorið 2007 stjórnsýsluúttekt á Vinnueftirlitinu. Þar kemur fram að stofnunin standi sig almennt vel. Þó er lagt til að stofnunin einbeiti sér enn frekar að því að byggja upp innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum, fræðslu og átaksverkefnum en að hluti eftirlits sem nú er í höndum stofnunarinnar verði flutt annað (m.a. til Löggildingarstofu og Umferðarstofu). Þá er lagt til að lögum verði breytt og stjórn stofnunarinnar lögð niður en þess í stað sett upp sérstakt vinnuverndarráð, skipað fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Það verði ráðherra til ráðgjafar en hafi engin bein tengsl við stofnunina.

Fjallað hefur verið um þessar tillögur í stjórn Vinnueftirlitsins. Þar hefur m.a. komið fram af hálfu fulltrúa ASÍ og SA að þessir aðilar hafi árið 2003 beitt sér fyrir áframhaldandi tilvist stjórnar Vinnueftirlitsins. Ekkert hafi breyst í þeim efnum og því muni aðilar vinnumarkaðarins áfram leggja áherslu á beina aðkomu þeirra að stefnumótun og starfi á vettvangi Vinnueftirlitsins.

Á vettvangi ASÍ hefur að öðru leyti komið fram að rétt sé að fjalla um tillögur Ríkisendurskoðunar með opnum huga um leið og mikilvægt sé að skoða



alla starfsemi Vinnueftirlitsins og lögin um vinnuvernd út frá þeim markmiðum sem vinna beri að á þessu sviði. Þá má einnig benda á hugmyndir sem hafa verið til umræðu meðal aðila innan ASÍ, og einnig með SA, um möguleika á auknu samstarfi eða jafnvel sameiningu lykilstarfsemi Vinnueftirlitsins og Vinnuálastofnunar.

### **Evrópsk vinnuverndarvika**

Vinnuverndarvika Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar árið 2007 verður 22.-26. október nk. Hún mun að þessu sinni beinast að álagseinkennum vegna vinnu. Yfirskriftn er „Hæfilegt álag er heilsu best“. Í vinnuverndaráttakinu verður sjónum beint annars vegar að því hvernig hægt er að koma í veg fyrir líkamleg álagseinkenni og hins vegar hvernig hægt er að halda fólki í starfi, endurhæfa það og færa til í starfi þá sem kljást við vandamálið.

Stefnt er að víðtækri þátttöku allra sem málið varðar í samfélaginu. Má þar nefna atvinnurekendur, starfsmenn, öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði, sérfræðinga, þjónustuaðila, stjórnámamenn og aðra, sem vilja stuðla að öflugum og heilsusamlegum vinnustöðum í landinu.

Í tengslum við vinnuverndarvikuna 2007 verða veittar viðurkenningar til fyrirtækja sem eru góðar fyrirmyndir á þessu sviði og hafa markvisst unnið að forvörnum.

Fulltrúar ASÍ hafa tekið virkan þátt í undirbúningi vikunnar og munu fylgja því eftir þegar hún verður haldin í seinni hluta október.

### **Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd**

Alþýðusamband Íslands á aðild að ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd, ásamt fulltrúum stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda.

Á vettvangi ráðgjafarnefndarinnar hefur að undanfögnu einkum verið fjallað um starfsáætlun Framkvæmdastjórnar ESB á sviði vinnuverndar fyrir tímabilið 2007 – 2013. Helsta markmiðið eru að fækka vinnuslysum um 25%. Þá er rík áhersla lögð á þrífliða samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, bæði á Evrópuvísu og í aðildarríkjunum, um vinnuverndarmál.

Ljóst er að áætlun Framkvæmdastjórnar ESB á sviði vinnuverndar 2007 - 2013 snertir með beinum og óbeinum hætti starfsemi Vinnueftirlitsins og allt vinnuverndarstarf hér á landi. Í því ljósi er mikilvægt að fjallað verði um áætlunin í stjórn Vinnueftirlitsins, af félagsmálaráðherra og ráðuneytinu og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og að hún verði með öðru lögð til grundvallar stefnumótun á sviði vinnuverndar hér á landi næstu árin.

## **Lög um vinnumarkaðsaðgerðir og svæðisbundin vinnumarkaðsráð**

Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er kveðið á um svæðisbundin vinnumarkaðsráð. Um verkefni vinnumarkaðsráðanna segir í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir:

*„Vinnumarkaðsráð á hverju svæði skal skila skýrslu til stjórnar Vinnu-málastofnunar um stöðu atvinnumála í nóvember ár hvert ásamt tillögum um þær vinnumarkaðsaðgerðir sem mælt er með að lögð verði áhersla á árið eftir. Enn fremur skulu vinnumarkaðsráðin vera hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnu-málastofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum. Félagsmálaráðherra getur falið vinnumarkaðsráðum önnur verkefni í sam-ræmi við markmið og gildissvið laganna að fenginni umsögn stjórnar Vinnu-málastofnunar.“*

Miklar tafir urðu á því að óskað væri tilnefninga í vinnumarkaðsráðin og kom þar ýmislegt til. Mestu réði þó að samstaða var um það í stjórn Vinnu-málastofnunar að nauðsynlegt væri að setja ráðunum erindisbréf til að skýra betur hlutverk þeirra og leiðbeina um starfshætti. Stjórnin samþykkti tillögu að erindisbréfi sem félagsmálaráðherra staðfesti og sent var út ásamt óskum um tilnefningar í ráðin. Af hálfu ASÍ var ákveðið að tilnefna einn fulltrúa launafólks í ráðin og annan til vara. Jafnframt var ákveðið að bjóða samtökum opinberra starfsmanna að tilnefna hinn fulltrúa launafólks ásamt varamanni.

30. ágúst hélt Alþýðusambandið síðan sameiginlegan fund með öllum fulltrúum ASÍ og varamönnum í starfsgreinaráðunum. Ákveðið var að boða til fundarins þar sem verið væri að ganga endanlega frá skipun vinnumarkaðsráðanna af hálfu félagsmálaráðuneytisins og því mætti vænta þess að ráðin tækju til starfa á næstu vikum.

Í ávarpi sem forseti ASÍ flutti við upphaf fundarins sagði hann m.a.:

*„Fyrir vinnumarkaðsráðunum liggur að móta sér verklag og takast á við þau verkefni sem þeirra bíða. Og það er ljóst að vinnumarkaðsráðanna bíða ærin verkefni. Til viðbótar við almenna stefnumótun, greiningu á stöðu atvinnumála á svæðunum og þróun vinnumarkaðsúrræða liggur fyrir að takast á við afleiðingar mikils samdráttar í þorskveiðum á næsta ári, sem víða mun hafa miklar og alvarlegar afleiðingar.“*

*Af hálfu ASÍ var við undirbúning laganna lögð áhersla á að efla og styrkja vinnumarkaðsaðgerðir og gefa jafnframt aðilum á einstökum svæðum aukið hlutverk við að ákveða aðgerðir á hverjum stað fyrir sig. Þessi sjónarmið voru almennt viðurkennd af þeim sem unnu að lagasetningunni.*

*Markmið þessa fundar er að koma á framsæri upplýsingum og eiga skoðana-skipti og samræðu um hlutverk og verkefni vinnumarkaðsráðanna og hvernig þau geta nýst við þróun vinnumarkaðsúrræða, styrkt stöðu launafólks og stuðl-*

*að að uppbyggingu á viðkomandi svæðum. Einnig er markmiðið með fundinum að ræða mögulegt samstarf fulltrúa ASÍ og launafólks í vinnumarkaðsráðunum og með hvaða hætti Alþýðusambandið getur aðstoðað þá í starfi sínu.“*

## **Ábyrgðarsjóður launa**

Ábyrgðarsjóður launa lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Í stjórn sjóðsins eiga sæti Sævar Þór Sigurgeirsson formaður skipaður af ráðherra, Álfheiður M. Sívertsen f.h. Samtaka atvinnulífsins og Ingvar Sverrisson f.h. Alþýðusambands Íslands.

Samkvæmt ársreikningi sjóðsins 2006 voru tekjur af ábyrgðargjaldi um 656 m.kr. og úthlutanir úr þrotabúum 68. m.kr. Greiðslur alls úr sjóðnum vegna krafna launamanna, lífeyrissjóða og kostnaðar skv. lögum nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa, námu um 452,6 m.kr. á árinu 2006 samanborið við 693,5 m.kr. árið á undan, sem er lækkun um 35% milli ára. Tekjuhalla sjóðsins er mætt með framlögum úr ríkissjóði með heimild í 3. mgr. 23. gr. laga 88/2003. Í árslok 2006 nam skuld Ábyrgðarsjóðs launa við ríkissjóð 927,2 m.kr. og hafði batnað um 77,5 m.kr. á árinu. Eigið fé sjóðsins var neikvætt um 837 m.kr. í árslok 2006. Ljóst er að það mun taka nokkur ár að koma fjárhagsstöðu sjóðsins í viðunandi horf.

Með breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, var lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs hækkað úr 10% af iðgjaldsstofni í 12%. Breytingin var samþykkt 20. desember 2006 og tók gildi 1. janúar 2007, sbr. lög nr. 167/2006. Samsvarandi breyting var gerð á d-lið 5. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa og ábyrgð sjóðsins á kröfum lífeyrissjóða vegna vangoldinna iðgjalda hækkuð úr 10% í 12%. Með þessum breytingum er tryggt að hækkað framlag atvinnurekanda til lífeyrissjóðs sem samið var um í kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði árið 2004 nýtur fullrar ábyrgðar samkvæmt lögum um Ábyrgðarsjóð launa.

## **Framkvæmd EES-samningsins**

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verður stöðugt mikilvægari fyrir starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Það er jafnframt ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Á árinu 2007 var gengið frá samkomulagi á milli ASÍ og SA um starfs- tengda streitu, en með honum er gildistekin hér á landi kjarasamningur aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um sama efni. Gerð er grein fyrir efni samningsins í þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um vinnuvernd.

Ýmis viðfangsefni hafa komið upp varðandi framkvæmd EES samningsins á íslenskum vinnumarkaði. Fjallað er um nokkur þau helstu hér á eftir. Einnig vísast til kaflans um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði á öðrum stað í skýrslunni.

## **Grænbók um vinnurétt og þjónustutillskipunin**

Á vettvangi Evrópusambandsins er nú mikil umræða um tvö mál sem snerta munu með beinum og óbeinum hætti vinnumarkaðinn hér á landi. Annars vegar er umræða um evrópskan vinnurétt, einkenni og mögulega þróun á næstu árum. Hins vegar er umfjöllun um innleiðingu og möguleg áhrif nýrrar þjónustutillskipunar Evrópusambandsins á vinnumarkaðinn.

Bæði þessi mál eru nú til skoðunar og umræðu á vettvangi ASÍ og munu verða það enn frekar á næstu mánuðum og misserum. Í kafla skýrslunnar um erlend samskipti er fjallað ánar um þessi mál.

## **Stækkun EES og opnun vinnumarkaðarins**

Fyrir Alþingi lá sl. vor að ákveða hvort nýta ætti aðlögunarheimildir vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins árið 2007, og reyna þannig að takmarka fjölda þeirra launamanna sem kæmu inn á íslenskan vinnumarkað frá Búlgaríu og Rúmeníu. Niðurstaðan var að nýta heimild til að fresta stækkun vinnumarkaðarins og heimild íbúa þessarar landa til að koma hingað til lands í frjálstri för a.m.k. til 1. janúar 2009.

Í kaflanum um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði er fjallað nánar um þetta mál.

## **Upplýsingar og samráð**

Frumvarp félagsmálaráðherra til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum var samþykkt á Alþingi 15. desember 2006, sbr. lög nr. 151/2006. Lögin tóku gildi 30. desember 2006. Lögin innleiða hér á landi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópusambandsins.

Atvinnurekendum er samkvæmt lögum þessum uppálagt að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um þætti er varða nýliðna þróun og horfur varðandi starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækis þeirra, stöðu og horfur í atvinnumálum og um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegar eru, einkum ef atvinnuöryggi er

ógnað. Hið sama gildir um ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna, þ.m.t. ákvarðanir sem eru byggðar á ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og hópuþsagnir. Skulu þessar upplýsingar veittar á þeim tíma, á þann hátt og þess efnis sem heppilegast er svo að fulltrúar starfsmanna geti hafið viðeigandi athugun og undirbúið samráð ef þess gerist þörf.

Fulltrúum starfsmanna skal síðan gefast kostur á samráði með því að eiga fund með atvinnurekanda og fá viðbrögð frá honum við því álitu sem þeir kunna að setja fram. Jafnframt skal atvinnurekandi gera fulltrúum starfsmanna grein fyrir ástæðum viðbragða sinna.

Lögin gera ráð fyrir því að með kjarasamningum eða samningum milli atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna megi kveða nánar á um tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja.

Alþýðusambandið gagnrýndi á sínum tíma þá ákvörðun félagsmálaráðherra að byggja smíði frumvarpsins á lágmarksákvæðum tilskipunarinnar. Lagði Alþýðusambandið til að ýmsar viðbætur yrðu gerðar til fyllingar umfram lágmarksákvæði tilskipunarinnar í þeim tilgangi að skýra nánar ákvæði þessara nýju reglna og auðvelda með þeim hætti alla framkvæmd þeirra innan fyrirtækja sem falla undir gildissvið laganna. Alþýðusambandið gerði einnig fyrirvara við bráðabirgðaákvæði laganna þess efnis að fram til 1. mars 2008 skuli gildissvið þeirra takmarkast við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn. Eftir þann tíma mun gildissvið laganna miðast við fyrirtæki með að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn.

ASÍ og SA hafa á þessu ári rætt um leiðir til að hrinda ákvæðum laganna í framkvæmd. Fyrir forsvarsmenn margra fyrirtækja er hér um talsvert nýmæli að ræða og er sú skoðun útbreidd að talsvert átak þurfi til að innleiða þessar nýju reglur í samskiptum atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna í fyrirtækjum hér landi. Ljóst er að mikið starf er óunnið í því efni. Ábyrgð á því verkefni hvílir ekki aðeins á atvinnurekendum og samtökum þeirra heldur verða samtök launafólks ekki síður að sína frumkvæði á þessu sviði. Í þessu sambandi má minna á að á vettvangi ASÍ hefur unnið að stefnumótum í málefnum trúnaðarmanna stéttarféлага en þeirri vinnu er m.a. ætlað að styrkja trúnaðarmenn í því að takast á við ný verkefni á sviði upplýsinga og samráðs.

Þann 27. ágúst 2007 var undirritað samkomulag milli Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna og BSRB annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar um fyrirkomulag á samráði og upplýsingamiðlun vegna starfsmanna hjá Reykjavíkurborg. Í samkomulaginu er vísað til laga nr. 151/2006 um samráð og upplýsingar í fyrirtækjum og þeirrar tilskipunar Evrópusambandsins sem þau byggja á. Samkomulagið er svohljóðandi:

### *Inngangur*

*Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/14/EB er settur rammi um almenna upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópu-sambandsins. Þessi tilskipun er hluti EES samningsins skv. ákvörðun sam-eiginlegu EES nefndarinnar frá 6. desember 2002. Tilskipunin hefur verið lögleidd á Íslandi með lögum nr. 151/2006 um samráð og upplýsingar í fyr-irtækjum.*

### *Markmið*

*Lög nr. 151/2006, undanþiggja gildissviði laganna opinber stjórnsviðs-vefni, en engu að síður er samkomulag þetta gert til þess að koma á formlegu á samráði og upplýsingamiðlun vegna starfsmanna sem starfa hjá Reykjavík-urborg í anda tilskipunarinnar nr. 2002/14/EB og laga nr. 151/2006.*

*Með samkomulaginu vilja aðilar koma á skilvirku samráði með hagsmuni beggja aðila, Reykjavíkurborgar og starfsmanna hennar, að leiðarljósi. Með upplýsingamiðlun og samráði gefst tækifæri til að auka þátttöku fulltrúa starfsmanna í ákvörðunum sem geta varðað atvinnuöryggi starfsmanna, s.s. vegna breytinga á stjórnkerfi eða fyrirkomulagi á þjónustu borgarinnar.*

### *Samráðsnefnd*

*Sérstök nefnd, samráðsnefnd, skipuð þremur fulltrúum Reykjavíkurborgar og þremur fulltrúum heildarsamtaka starfsmanna er hinn formlegi samráðsvett-angur aðila þessa samkomulags.*

### *Upplýsingar*

*Reykjavíkurborg skal upplýsa á vettvangi samráðsins um eftirfarandi:*

- ✓ Starfs- og fjárhagsáætlun borgarinnar (einu sinni á ári í októbermán-úði) með áherslu á þær breytingar sem í henni kunna að felast varðandi starfsemi einstakra sviða og stofnana, störf, starfsþróun og áformaðar ráðstafanir ef atvinnuöryggi starfsmanna er ógnað.*
- ✓ Áform sem kunna að leiða til breytinga á skipulagi vinnunnar, tilfærslu verkefna, starfa og starfsmanna á milli sviða og/eða stofnana Reykjavík-urborgar eða á ráðningarsamningum starfsmanna. Ennfremur áform um breytingar á rekstrarformi einstakra stofnana borgarinnar, þar með taldar ákvarðanir sem byggðar eru á ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eða hópuppsagnir.*

*Almennt er miðað við að Reykjavíkurborg veiti fulltrúum starfsmanna í samráðsnefnd upplýsingar svo snemma í ákvörðunarferlinu að þeim gefist færi á að kynna sér þær og taka afstöðu til þeirra áður en endanleg ákvörðun*

liggur fyrir þannig að unnt sé eftir atvikum að taka tillit til málefnaþegra sjónarmiða þeirra.

#### *Samráð*

Samráðið samkvæmt samkomulagi þessu felst í því að fulltrúar Reykjavíkurborgar annars vegar og fulltrúar heildarsamtaka starfsmanna hins vegar eiga með sér viðræður og skoðanaskipti.

Samráðið skal fara fram með þeim hætti á vettvangi samráðsnefndar að tryggt sé að tímasetning, fyrirkomulag og efni sé eins og við á hverju sinni. Skal það eiga sér stað á grundvelli upplýsinga frá Reykjavíkurborg og álits fulltrúa starfsmanna sem þeir kunna að setja fram. Í þeim tilvikum að ákvarðanir geti leitt til breytinga á ráðningarsamningum starfsmanna, réttarstöðu eða atvinnuöryggi þá skal samráðið á vettvangi samráðsnefndar fara fram með það að markmiði að reyna að ná samkomulagi um ásettannlegar ákvarðanir eða aðgerðir í málefnum starfsmanna.

#### *Undanþágur frá skyldu til upplýsingagjafar*

Reykjavíkurborg er ekki skylt að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar eða að hafa við þá samráð eða ef upplýsingarnar eru samkvæmt hlutlægum viðmiðum þess eðlis að það geti valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi borgarinnar.

#### *Trúnaðarupplýsingar og þagnarskylda*

Reykjavíkurborg er heimilt að binda upplýsingar sem veittar eru fulltrúum starfsmanna trúnaði á grundvelli lögmætra hagsmuna borgarinnar. Hér gæti t.d. verið um að ræða upplýsingar um tillögu að skipulagsbreytingum sem trúnaður skal gilda um þar til tillagan er lögð fram í fagráðum eða borgarráði og gerð opinber.

Fulltrúum starfsmanna og sérfræðingum sem kunna að aðstoða þá er óheimilt að láta starfsmönnum eða öðrum í té trúnaðarupplýsingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

#### *Brot á þagnarskyldu*

Brot á þagnarskylduákvæði skv. 7. gr. þegar trúnaðarupplýsingar eru látnar þriðja aðila í té varðar fésektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### *Endurskoðunarákvæði*

Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samkomulagi þessu.

*Gildistaka*

*Samkomulag þetta tekur gildi 1. júlí 2007.*

*Reykjavík, 29. ágúst 2007*

*F.h. Reykjavíkurborgar*

*F.h. aðildarfélagi BSRB*

*F.h. aðildarfélagi BHM*

*F.h. aðildarfélagi ASI*

Samkomulagið var kynnt í miðstjórn ASÍ í september s.l. Sigurður Bessason kom að gerð þess fyrir hönd ASÍ ásamt Ingvari Sverrissyni lögfræðingi hjá ASÍ.

Réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs á vettvangi svokallaðra evrópskra samstarfsráða í fyrirtækjum (EWC) var viðfangsefni fundar sem boðað var til í september s.l. með fulltrúum landssambanda innan ASÍ. Á þeim fundi var fjallað um útrás íslenskra fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu (og víðar um heim) og þau verkefni sem hún skapar verkalýðshreyfingu, bæði hér heima og í þeim ríkjum þar sem þau hafa haslað sér völl. Þau íslensku fyrirtæki sem tilheyra þessum hópi eru ekki lengur bundin Íslandi einvörðungu heldur orðin þátttakendur í liðsheild stórra og smárra fyrirtækja víða um lönd sem starfar samkvæmt stefnumótun og markmiðum sem aðalstjórnir móðurfyrirtækja þeirra ákveður. Á þeim vettvangi eru oft teknar mjög afdrifaríkar ákvarðanir er varða rekstur einstakra fyrirtækja og starfsstöðva og verkaskyldingu milli þeirra, þ.m.t. með lokunum starfsstöðva og/eða flutningi þeirra til láglaunalanda innan sem utan Evrópu, sem haft geta mjög neikvæð áhrif á atvinnu og atvinnuöryggi starfsmanna.

Samkvæmt lögum frá árinu 1999 sem lögfest voru hér á landi með vísan til tilskipunar Evrópusambandsins, eru evrópsk samstarfsráð lögbundinn vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og skoðanaskipti um málefni slíkra fyrirtækjasamsteypa. Þau eru vettvangur fyrir fulltrúa starfsmanna til að hafa áhrif á það hvernig aðalstjórn beitir valdi sínu og áhrifum gagnvart einstökum fyrirtækjum innan samsteypunnar og starfsmönnum þeirra. Af hálfu evrópskrar verkalýðshreyfingar hafa evrópsk samstarfsráð verið skilgreind sem aðferð fyrir launafólk og þeirra samtök til að vinna með fjölbjódlegum hætti með líkum hætti að alþjóðafyrirtækin gera sjálf.

Samkvæmt framangreindum lögum er gildissviðið miðað við fyrirtæki sem hafa a.m.k. 1000 starfsmenn samtals í ríkjum á EES-svæðinu, með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum og með a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru þeirra. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt geta fulltrúar starfsmanna eða stéttarfélag fyrir þeirra hönd, í því landi sem telja má að aðalstjórn fyrirtækjasamsteyp-



unnar sé staðsett, óskað eftir því að hafnar verði viðræður um stofnun slíks samstarfsráðs. Evrópsk samstarfsráð eru skipuð fulltrúum aðalstjórnar annars vegar og fulltrúum starfsmanna hins vegar frá öllum (eða a.m.k. velflestum) fyrirtækjum samsteypunnar innan Evrópu.

Um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, hlutverk þeirra og áhrif á stöðu launafólks á tímum alþjóðavæðingar, er mikið fjallað í þeim Evrópusamtökum og samtökum á Norðurlöndum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að, þ.m.t. hjá EMCEF, EFBWW (Evrópusamtökum starfsmanna í byggingariðnaði), NBTF (Samtökum byggingarmanna á Norðurlöndum) og EFFAT (Evrópusamtökum launafólks í matvæla-, landbúnaði- og ferðaiðnaði). Er litið á evrópsk samstarfsráð sem mikilvægt tæki í höndum verkalýðshreyfingarinnar. Fulltrúar landssambandanna hafa fylgst með þessu starfi en ekki hafa verið forsendur fyrir beinni þátttöku þeirra fyrr en nú. Er um þessar mundir lögð aukin áhersla á þessi mál m.a. með þátttöku á námsstefnum erlendis þar sem þessi mál eru til umfjöllunar.

Alcan er það fyrirtæki sem helst er nefnt til sögunnar þegar evrópsk samstarfsráð ber á góma hér á landi. Í þeirri fyrirtækjasamsteypu hefur verið starfandi evrópskt samstarfsráð um margra ára skeið og sækir aðaltrúnaðarmaður starfsmanna hjá Alcan hér á landi reglulega fundi í ráðinu. Önnur erlend alþjóðafyrirtæki, með atvinnustarfsemi hér á landi, þ.m.t. Pihl og sön, (aðaleigandi Ístak), Elkem og Alcoa kunna einnig að falla undir gildissvið laganna.

Þau íslensku útrásarfyrirtæki sem helst eru nefnd í þessari umræðu eru fyrirtækin Actavis, Bakkavör, Norvik, Marel, Össur, Eimskip, Baugur og Icelandair. SGS og VR/LÍV áttu viðræðum við fulltrúa Actavis árið 2006 og nutu þar liðsinnis frá EMCEF, Evrópusamtökum landssambanda stéttarfélaga í efna-, lyfja, og – orkuiðnaði. Þær viðræður hafa verið í ákveðinni biðstöðu að undanfögnu, m.a. vegna mannskípta í yfirstjórn fyrirtækisins, en unnið er að því að hefja þær viðræður á nýjan leik.

Ekki hefur verið óskað eftir viðræðum við önnur fyrirtæki í þessum hópi íslenskra útrásarfyrirtækja. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna í þessum fyrirtækjum né skiptingu þeirra á starfstöðvar í einstökum Evrópuríkjum. Að svo stöddu er því ekki hægt að fullyrða hvort þau falli öll undir gildissvið laganna.

Verkefni ASÍ og aðildarfélaga þess á næstu mánuðum verður að afla upplýsinga um þessi fyrirtæki með hliðsjón af ákvæðum laganna og vinna síðan að því stofnað verði til viðræðna við aðalstjórnir þeirrar með það að markmiði að slík evrópsk samstarfsráð verði sett á laggirnar. Verkefnið er umfangsmikið og kallar á samstarf stéttarfélaga og landsambanda sem og samvinnu þeirra við stéttarfélög í þeim ríkjum þar sem hin íslensku útrásarfyrirtæki hafa haslað sér

völl. Móta þarf að verklag við undirbúning mála, þ.m.t. við öflun upplýsinga um fjölda starfsmanna í einstökum fyrirtækjum en sú vinna nær ekki aðeins til íslenskra útrásarfyrirtækja heldur einnig til erlendra alþjóðafyrirtækja með atvinnustarfsemi hér á landi. Einnig þarf að huga að fræðslu meðal trúnaðarmanna stéttarféлага en í því efni reynir einnig á samspil reglna um evrópsk samstarfsráð við ákvæði laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum nr. 151/2006.

### **Kjarasamningar á Evrópuvísu**

Rammasamningur sem gerður hefur verið á Evrópuvísu milli ETUC og BUSINESSEUROPE, um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi við vinnu, bíða þess að vera hrint í framkvæmd með samningum aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Frestur til að hrinda honum í framkvæmd er til 26. apríl 2010. Nú er verið að þýða samninginn fyrir tilstuðlan ASÍ og SA og er stefnt að því að hefja viðræður um gildistöku hans hér á landi nú í vetur.

### **Starfshópur um bann við mismunun**

Á árinu 2005 skipaði Félagsmálaráðherra sérstakan starfshópur til þess að koma með tillögur sem endurspeglar myndu þær tvær tilskipanir EB sem fjalla um bann við mismunun en þær eru nr. 2000/43 og 2000/78. Báðar hafa íslensk stjórnvöld ekki talið sér skylt að leiða í lög hér á landi. ASÍ hefur lagt mikla áherslu á að svo verði gert. Nefndin aflaði á árinu talsverðra gagna og lagði ASÍ drjúgan skerf til þeirrar vinnu. Áhugi virðist hins vegar ekki hafa verið mikill á því að klára þá vinnu sem lagt var í og hefur hópurinn einungis fundað þrisvar sinnum frá skipun. Störfum hópsins er ekki lokið og hefur verið boðað til nýs fundar nú á haustmánuðum 2007.

### **Nefnd um endurskoðun laga um starfsmenn í hlutastörfum**

Þegar tilskipun ESB um réttarstöðu starfsmanna í hlutastörfum var innleidd hér á landi, nýtti Ísland sér ákvæði í henni sem undanskildi starfsmenn í svokölluðu „tímavinnusambandi“ skv. kjarasamningum við hið opinbera. Alþýðusamband Íslands var á þeirri skoðun þegar löggin voru sett, að engar hlutlægar ástæður væru til staðar sem réttlætt gætu að starfsmenn ríkis- og sveitarfélaga sem fá greitt tímavinnukaup yrðu undanþegnir vernd laganna. Sú afstaða er óbreytt og er ASÍ eindregið þeirrar skoðunar að ákvæðið verði fellt úr lögnum. Til þess liggja skýr lögfræðileg rök. Jafnframt er það skoðun ASÍ, að jafnvel þó löggjafinn hafi talið að til staðar hafi verið „hlutlæg“ rök við setningu laganna á árinu 2004 (sem raunar koma hvergi fram) þá sé ekki nægilegt að vísa til þess að ekkert hafi breyst heldur þurfi að færa fram að nýju gild rök og hlutlægar ástæður. Ráðuneytið kveðst nú hafa lokið formlagri

endurskoðun og hyggst ekki leggja til að lögunum verði breytt. Ætlun ASÍ og annarra samtaka launafólks í nefndinni er að freista þess að fá þeirri afstöðu breytt.

### ***Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði***

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa mikið verið til umfjöllunar á vettvangi ASÍ og aðildarsamtaka þess á undanförunum misserum og árum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður.

Í fyrsta lagi má nefna að útlendingum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Er áætlað að erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði séu a.m.k. 17.000 talsins, eða um 10% af öllu vinnuafli í landinu. Þá er áætlað að fólk af erlendum uppruna á vinnumarkaði sé vel yfir 30.000 talsins.

Í annan stað liggur fyrir að starfsemi svikafyrirtækja, innlendra og erlendra og félagsleg undirboð með misnotkun á erlendu launafólki hafa verið vaxandi vandamál á íslenskum vinnumarkaði. Upphaflega tengdist þessi þróun einkum framkvæmdunum á Kárahnjúkum og samskiptum verkalyðshreyfingarinnar og fleiri aðila við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo. Síðan hefur starfsemi fyrirtækja, einkum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð vítt og breitt um landið, sem nýtt hafa sér starfskrafta vaxandi fjölda erlends verkafólks skapað margvísleg vandamál og ágreining. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki, bæði erlend og innlend, sem gefa sig út fyrir að vera starfsmannaleigur, en einnig önnur erlend fyrirtæki sem starfa hér á landi sem þjónustuveitendur. Fjöldmörg atriði hafa komið upp í þessu sambandi og flest tengjast þau meintri misnotkun fyrirtækja á erlendu verkafólki og félagslegum undirboðum með brotum á kjarasamningum og lögum, skattaundanskotum og annarri vafasamri eða beinlínis ólöglegri framkvæmd.

Ljóst er að þau álítaefni og ágreiningsmál sem komið hafa upp varðandi þessa starfsemi tengjast einnig með beinum hætti stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og framkvæmd EES samnings, enda í flestum tilfellum tengd fyrirtækjum og verkafólki frá nýju aðildarríkjum EES.

Af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið lögð mikil vinna í þennan málaflókk á síðustu árum með það að markmiði að styrkja íslenskan vinnumarkað og treysta réttindi og stöðu þeirra útlendinga sem koma hingað til starfa um lengri eða skemmri tíma.

Hér á eftir er fjallað um það helsta sem hefur verið að gerast á þessu sviði á tímabilinu frá október 2006 á vettvangi ASÍ og í starfi sambandsins.

### **Styrking vinnumarkaðarins**

Í kjölfar stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins árið 2004 hefur mikill fjöldi

launafólks frá þeim ríkjum sem þá gengu í Evrópska efnahagssvæðið komið til starfa hér á landi. Ástæðu þess má rekja til þess að samhliða stækkuninni stóðu yfir miklar verklegar framkvæmdir hér á landi og almenn þensla hefur verið í íslensku efnahagslífi. Þannig má fullyrða að saman hafi farið þörf íslensks atvinnulífs fyrir erlent launafólk og möguleikar og þörf launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum fyrir atvinnu.

Ljóst er að íslensk stjórnsýsla og regluverk var ekki tilbúið undir þær miklu breytingar og fjölbættu vandamál sem sköpuðust á vinnumarkaði í tengslum við þá miklu fjölgun sem varð á erlendu launafólki. Þannig komu upp fjölmörg dæmi um að brotið væri á því erlenda launafólki sem hingað kom til starfa hvað varðaði launakjör, önnur starfstengd réttindi og aðbúnað allan. Með þeim hætti var reynt að nota erlent launafólk til undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Þá voru mikil brögð að því að erlend fyrirtæki, bæði starfsmannaleigur og aðrir þjónustuveitendur, væru með starfsemi hér á landi og nýttu til þess erlent launafólk án þess að slík starfsemi væri skráð, upplýsingar lægju fyrir um umfang starfseminnar og kjör starfsmanna eða af þessari starfsemi væru greiddir skattar og aðrar skyldur til samfélagsins.

Af hálfu Alþýðusambandsins var strax í upphafi gerð sú krafa að löggjöf og annað regluverk yrðu endurskoðuð með það að markmiði að koma mætti í veg fyrir misnotkun á erlendu launafólki og að það væri notað til undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt lagði ASÍ áherslu á að um starfsemi starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja yrðu mótaðar skýrar reglur til að verja kjör starfsmanna þeirra og koma í veg fyrir að slík fyrirtæki gætu skapað sér samkeppnisforskot í atvinnulífinu með undirboðum í skjóli þess að virða ekki þau kjör og reglur sem gilda fyrir innlend fyrirtæki.

Í annan stað lagði ASÍ áherslu á að styrkja þyrfti alla framkvæmd og eftirlit með því að kjarasamningar og lög væru virt gagnvart erlendu launafólki sem hér starfar og erlendum fyrirtækjum sem hér veittu þjónustu. Af hálfu ASÍ og aðildarsamtaka þess var mikil vinna lögð í að útbúa upplýsinga- og kynningarefni fyrir erlenda launafólkið, auk þess sem allt vinnustaðaeftirlit var stórfellt. Krafa ASÍ var að stjórnvöld og stjórnsýslustofnanir sem málið varða eflu sína starfsemi og eftirlit og tækju á málum af festu í þeim tilfellum þar sem uppvist væri að verið væri að svindla á erlendum starfsmönnum og fyrirtæki væru að brjóta kjarasamninga og lög.

Á síðustu misserum hefur náðst ágætt samstarf milli Alþjóðsambandsins og aðildarsamtaka þess, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda um málefni erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði í góðu samræmi við þau sjónarmið sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram í þessum málum. Þannig hefur allur laga- og regluramminn verið bættur til muna og réttindi og skyldur erlends launafólks og erlendra fyrirtækja með starfsemi hér á landi verið treyst

með það að markmiði að erlent launafólk njóti sömu eða sambærilegra kjara og réttinda og aðrir á íslenskum vinnumarkaði og að starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki upplýsi um starfsemi sína hér á landi og fylgi þeim lögum og reglum sem hér gilda. Nægir í þessu sambandi að benda á samkomulag ASÍ og SA um réttindi og kjör erlendra starfsmanna frá 7. mars 2004.

## **Opnun vinnumarkaðarins 1. maí 2006**

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu forseta ASÍ varð það niðurstaða Alþingis í apríl 2006 að nýta ekki frekari frestheimildir og opna íslenskan vinnumarkað fyrir launafólki frá 8 nýjum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem gengu í Evrópusambandið og EES árið 2004. Þótt þetta væri ekki í samræmi við áherslur Alþýðusambandsins náðist mikilvægur árangur í málinu með viðræðum við stjórnvöld og Alþingi í tengslum við þessa afgreiðslu.

Í fyrsta lagi voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við þag um atvinnuréttindi útlendinga, þar sem fyrirtækjum er gert skylt að veita Vinnuálastofnun upplýsingar um alla útlendinga sem þau ráða til starfa frá framangreindum ríkjum og leggja jafnfram fram afrit af ráðningarsamningum sem tryggja útlendingum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Þá er Vinnuálastofnun skylt að afhenda trúnaðarmönnum eða stéttarfélögum þessi afrit ef þau óska eftir slíku. Brjóti fyrirtæki þessar reglur er Vinnuálastofnun heimilt að beita dagsektum.

Í annar stað fylgdi frumvarpinu yfirlýsing félagsmálaráðherra um að hann mundi setja á stofn samráðsnefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um og gera tillögur sem miðuðu að því að styrkja reglur á vinnumarkaði og treysta stöðu útlendinga sem starfa hér á landi.

## **Stefnumótun af hálfu ASÍ**

Þegar niðurstaðan lá fyrir varðandi opnun vinnumarkaðarins 1. maí 2006 og jafnframt að skipuð yrði nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um vinnumarkaðinn og styrkingu hans voru á vettvangi ASÍ mótáðar þær áherslur sem fulltrúum ASÍ var ætlað að fylgja í starfi nefndarinnar. Þar sagði m.a.:

*„Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að starfshópur sá sem stjórnvöld ætla að koma á fót endurskoði reglur og framkvæmd vegna starfa útlendinga á íslenskum vinnumarkaði með það að markmiði að gera löggjöf og stjórnýslu í þessum málaflokki einfaldari og skilvirkari.*

- *Í starfi sínu á starfshópurinn að hafa eftirfarandi þætti að leiðarljósi:*
- *Að beint ráðningarsamband milli erlends launafólks og fyrirtækja sem það starfar fyrir verði meginregla í samræmi við það sem almennt gildir á íslenskum vinnumarkaði.*

- *Að fyrirtæki sem nýta erlent vinnuafll vegna framleiðslu sinnar og þjónustu, greiði laun og önnur starfskjör í samræmi það sem gildir almennt á íslenskum vinnumarkaði.*
- *Að fullnægjandi úrræði séu til staðar til að upplýsa og fylgja eftir að kjarasamningar og lög séu haldin.*
- *Að erlend fyrirtæki sem hafa launafólk í starfi hér á landi virði reglur, venjur og hefðir á íslenskum vinnumarkaði.*
- *Að á hverjum tíma verði til áreiðanlegar upplýsingar um útlendinga sem eru að störfum hér á landi.*

*Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að starfshópurinn geri m.a. tillögur um eftirtalda þætti:*

- *Reglur um skyldur erlendra þjónustufyrirtækja, sem bjóða þjónustu sína hér á landi þar sem vinnuframlag er hluti af þjónustunni, til að skrá starfsemi sína hér og veita stjórnvöldum upplýsingar um hana.*
- *Skyldur notendafyrirtækja til að staðreyna að erlend þjónustufyrirtæki og/eða undirverktakar sem starfa fyrir þau uppfylli skyldur sínar gangvart starfsmönnum sínum og íslensku samfélagi. Einnig ábyrgð notendafyrirtækja á starfsemi.*
- *Úrræði aðila vinnumarkaðarins (og stjórnvalda) til að fá upplýsingar um raunveruleg laun og starfskjör erlends verkafólks verði treyst frekar.*
- *Skipulagt samstarf stjórnvaldsaðila og aðila vinnumarkaðarins verði formbundið og treyst með það að markmiði að samræma upplýsingagjöf og aðgerðir.*
- *Upplýsingamiðlun og aðstoð við erlent launafólk sem er á íslenskum vinnumarkaði um réttindi þess og skyldur og þátttöku í íslensku samfélagi.*
- *Hvernig sporna megi við gerviverktöku.*
- *Skyldur opinberra aðila til að hafa í reglum sínum um útboð og verksamninga ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.*

## **Endurskoðun kjarasamninga í júní 2006**

Áður en kom til þess að nefndin um styrkingu vinnumarkaðarins hæfi störf vorið 2006 varð um það samkomulag á milli ASÍ og SA og láta reyna á hvort samkomulag gæti náðst um endurskoðun kjarasamninganna, sem ekki átti að fara fram fyrir en í nóvember. Jafnframt varð samkomulag um að einn þáttur í endurskoðuninni mundi snúa að styrkingu vinnumarkaðarins og stöðu útlendinga á vinnumarkaði.

Viðræður hófust um þennan þátt í byrjun júní sl. og lauk með sameiginlegum tillögum ASÍ og SA 20. júní, sem undirritaðar voru tveimur dögum síðar. Þá fékkst yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar við sama tækifæri, þar

sem hún lýsir yfir stuðningi við tillögur ASÍ og SA og lýsir því yfir að hún muni beita sér fyrir því að þær komist í framkvæmd. (Tillögurnar og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 voru birtar í heild sinni í síðustu skýrslu forseta ASÍ).

Að mati Alþýðusambandsins var í sameiginlegum tillögum ASÍ og SA að finna öll helstu efnisatriðin sem Alþýðusambandið lagði áherslu á í viðræðunum. Það verður því að telja að tillögurnar ásamt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi verið mikilvægur áfangi í baráttu sambandsins fyrir styrkingu vinnumarkaðarins og bættri stöðu erlends launafólks. Þó er ljóst að ekki náðist allt það sem gerðar voru kröfur um varðandi ábyrgð notendafyrirtækja.

Nefnd félagsmálaráðherra hóf síðan störf síðla sumars 2006 og var þegar á fyrsta fundi hennar ákveðið að leggja sameiginlegar tillögur ASÍ og SA til grundvallar í starfi hennar.

Stefnt var að því að nefndin skili af sér tillögum sínum fyrir 1. nóvember 2006. Það tókst ekki og skilaði nefndin verki sínu í tvennu lagi. Annars vegar frumvarpi til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra í byrjun desember 2006. Hins vegar skýrsla starfshóps um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði í apríl 2007.

## **Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna**

Nefndin um styrkingu vinnumarkaðarins sendi frá sér frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra sem samþykkt var í ríkisstjórninni í desember 2006 og afgreitt, nánast óbreytt frá Alþingi 16. mars 2007.

Lögin eru tvíþætt. Annars vegar er um að ræða heildstæða löggjöf um réttindi og skyldur fyrirtækja af EES svæðinu sem starfa tímabundið hér á landi og starfsmanna þeirra. Lögin koma í stað laga nr. 54/2001 um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Hins vegar er um að ræða breytingu og viðbætur við lög nr. 136/2005 um starfsmannaleigur, en þau lög gilda einnig um innlendar starfsmannaleigur.

Megininntak laganna má taka saman með eftirfarandi hætti:

- Erlend þjónustufyrirtæki (þ.m.t. starfsmannaleigur) og innlendar starfsmannaleigur þurfa að tilkynna starfsemi sína og veita upplýsingar um hana áður en starfsemin hefst, þ.m.t. um starfsmenn sína og fulltrúa hér á landi
- Starfsmenn erlendra þjónustufyrirtækja sem koma til starfa hér á landi eiga að njóta sömu/sambærilegra kjara og réttinda og ef þeir kæmu til starfa hjá fyrirtæki með starfsemi hér á landi
- Um er að ræða víðtækar eftirlitsheimildir stjórnvalda



- Skyldur innlendra notendafyrirtækja eru skilgreindar
- Heimilt er að stöðva starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja ef þau gerast brotleg við lög og beita þau viðurlögum.

Lög gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu í öðru ríki innan EES, EFTA-ríki eða Færeyjum og sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu:

- á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn starfar undir stjórn þess í tengslum við samning við notendafyrirtæki
- á vegum fyrirtækisins til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi
- á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess

Um fyrirtæki utan EES og starfsmenn þeirra gilda lög um atvinnuréttindi útlendinga

Það er mat Alþýðusambands Íslands að með nýjum lögum og samkomulagi ASÍ og SA frá 2004 og sameiginlegri sýn þessara aðila sem staðfest var með tillögum þeirra í júní 2006, hafi laga- og regluramminn um réttindi og skyldur erlends launafólks hér á landi og starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja verði treystur til mikilla muna og að löggjöfin eigi að tryggja að erlent launafólk njóti sömu eða sambærilegra kjara og réttinda og aðrir á innlendum vinnumarkaði. Þá eigi réttindi og skyldur starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja að vera skýr og ótvíræð, m. a. hvað varðar skyldu til að veita upplýsingar um starfsemi sína hér á landi og skyldur gangvart starfsmönnum sínum. Jafnframt er í lögum að finna heimildir og úrræði fyrir stjórnvöld til að bregðast við og grípa til nauðsynlegra ráðstafana ef ekki er farið að lögum og réttindi erlendra starfsmanna fyrir borð borin. Má jafnvel fullyrða að lagaramminn hér á landi sé einhver sá traustasti á Evrópska efnahagssvæðinu hvað þetta varðar.

## Öflugra upplýsingastarf, eftirlit, eftirfylgni

Nefndin um styrkingu vinnumarkaðarins skilaði af sér skýrslu „starfshóps um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði“ í apríl 2007.

*Í helstu tillögum og áhersluþáttum segir:*

- *Samstaða náðist innan starfshópsins um nauðsyn nýrrar löggjafar um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Tillögur nefndarinnar hafa verið lögfestar, sbr. lög nr. 45/2007. Jafnframt falla lög nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, úr gildi auk þess sem breytingar voru gerðar á lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur.*
- *Nauðsynlegt er að mati starfshópsins að efla samvinnu þeirra stjórnvalda*



sem koma að þessum málafllokki, svo sem lögreglu, skattýfirvalda, Tryggingastofnunar ríkisins, Útlendingastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins, Vinnu-málastofnunar og Þjóðskrár.

- Lagt er til að gefin verði út tímabundin skattkort annars vegar í samræmi við gildistíma EES-dvalarleyfis og hins vegar í samræmi við gildistíma atvinnuleyfis eftir því sem við á.
- Lögð er til sú breyting að hafi atvinnurekandi eða annar lögaðili ekki sótt um kennitölu til Þjóðskrár á því tímamarki sem viðkomandi EES-borgari sækir um EES-dvalarleyfi til Útlendingastofnunar geti stofnunin framsent beiðni um útgáfu kennitölu fyrir viðkomandi EES-borgara til Þjóðskrár.
- Til hagræðingar eru lagðar til þær breytingar frá núverandi framkvæmd að atvinnurekandi sæki ekki um kennitölu fyrir viðkomandi útlending fyrir en fyrir liggur að dvalar- og atvinnuleyfi verði veitt, ef um er að ræða ríkisborgara ríkis utan EES-svæðisins.
- Lagt er til að Fyrirtækjaskrá, skattýfirvöld og Vinnu-málastofnun miðli upplýsingum sín á milli eftir því sem við á hverju sinni til að auðvelda þessum stjórnvöldum yfirsýn og eftirlit með erlendum fyrirtækjum sem stunda starfsemi hér á landi.
- Starfshópurinn telur brýnt að upplýsingagjöf verði bætt til erlendra ríkisborgara sem koma til að dvelja og starfa hér á landi. Tryggja verður að þeir eigi greiðan aðgang að upplýsingum varðandi réttindi sín og skyldur hér á landi strax við komuna til landsins.
- Starfshópurinn leggur áherslu á að erlendir aðilar geti á auðveldan hátt nálgast allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þeir geti starfað með lögætum hætti hafi þeir hug á að hefja atvinnustarfsemi hér á landi.

Starfshópurinn leggur til ákveðnar tillögur að verklagi viðkomandi stjórnvalda, svo sem lögreglu, skattýfirvalda, Tryggingastofnunar ríkisins, Útlendingastofnunar, Vinnu-málastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins og Þjóðskrár. Með hliðsjón af aukinni samvinnu fyrrnefndra stjórnvalda er auk þess lagt til að skipaður verði vinnuhópur með fulltrúum þeirra til að vinna að nánari útfærslu á fyrirkomulagi slíkrar samvinnu.

Starfshópurinn leggur áherslu á öflugt og gott samráð viðkomandi stjórnvalda og aðila vinnu-markaðarins um frekari reglusetningu og framkvæmd er varðar réttindi og þjónustu við erlenda ríkisborgara á vinnu-markaði með það fyrir augum að treysta stöðu erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnu-markaði. Mikilvægt þykir að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga hér á landi raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem mótast hafa á íslenskum vinnu-markaði.

Niðurstaða hópsins var málamiðlun enda vildu fulltrúar ASÍ ganga mun lengra í að samræma og samþætta upplýsingamiðlun og eftirlit stjórnvalda gagnvart erlendum fyrirtækjum og mögulegum brotum gagnvart erlendu launafólki. Áherslur ASÍ og sjónarmið í starfi hópsins koma fram í minnisblaði til utanríkismálanefndar Alþingis í júní sl. þar sem segir m.a.:

*„Það er jafnframt mat Alþýðusambands Íslands að ennþá vanti verulega á að framkvæmd opinberra eftirlitsaðila og eftirfylgni sé með þeim hætti að nægilega sé tryggt að erlent launafólk njóti þeirra kjara og réttinda sem því ber. Hvorutveggja er að löggjöfin sem framfylgja ber er ný til komin og að ennþá skortir á skipulag og samhæfingu af hálfu þeirra stjórnvalda og stjórn-sýslustofnana sem koma að þessum málaflokki. Unnið er að því að bæta hér úr og eru bundnar vonir við að skipulag og framkvæmd verði komin í ásættanlegt horf á næstu mánuðum og misserum.“*

### **Átak gegn erlendum brotafyrirtækjum og félagslegum undirboðum með erlenda starfsmenn**

Í ágúst sl. ók rúta með fjölda erlendra starfsmanna útaf við Kárahnjúka. Kom þá í ljós að fjöldi þeirra hafði ekki verið tilkynntir með lögmætum hætti og vafi kom fram um ráðningarsamband og kjör þessara verkamanna og réttindi hér á landi. Mikil umræða varð í kjölfarið innan verkalýðshreyfingarinnar og í samfélaginu öllu um brot erlendra og íslenskra svikafyrirtækja á löggjöf er varðar skráningu og tilkynningaskyldu til stjórnvalda; brot þeirra gagnvart réttindum og kjörum erlendra starfsmanna og tilraunir þessara fyrirtækja til að víkja sér undan skyldum sínum gagnvart samfélaginu almennt, með skattasniðgöngu.

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. september var ályktað sérstaklega um þetta efni þar sem sagði:

*„Miðstjórn ASÍ átelur harðlega þann seinagang sem er á öllum málum sem snúa að réttindum erlendra launamanna.*

*Ítrekað komast fyrirtæki upp með að svara ekki lögmætum tilmælum eftirlitsstofnana og trúnaðarmanna starfsmanna. Fyrirtæki komast upp með að endurráða starfsmenn og losa sig þar með undan því að leggja fram umbeðin og tilskilin gögn yfir þann tíma sem liðinn er án frekari aðgerða Vinnumálastofnunar. Miðstjórnin krefst þess að starfsemi þeirra fyrirtækja, sem staðin hafa verið að því að hafa ekki launauppgjör og tryggingar starfsmanna í samræmi við leikreglur íslensks vinnumarkaðar, verði umsvifalaust stöðvuð.“*

Eftir samráð við Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess ákvað félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, að efna til sérstaks átaks af hálfu Vinnumálastofnunar gegn brotastarfsemi fyrirtækja og félagslegum undirboðum með útlendinga sem formlega var hleypt af stokkunum 2. október. Jafnframt

óskaði félagsmálaráðherra eftir miklu og góðu samstarfi við Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess um undirbúning átaksins og þetta sameiginlega viðfangsefni stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar. Alþýðusambandið fagnaði framtaki félagsmálaráðherra og augljósum vilja til að taka á málinu af festu. Jafnframt kom fram að verkalýðshreyfingin treysti því að með samstilltu átaki stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar næðist að uppræta þessa svikarstarfsemi og undirboð á vinnumarkaði.

Skilaboð verkalýðshreyfingarinnar voru skýr: Við munum aldrei líða starfsemi svikafyrirtækja og misnotkun á erlendu launafólki. Hér eiga öll fyrirtæki að virða íslensk lög og kjarasamninga. Hér á allt launafólk að njóta þeirra kjara og réttinda sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, erlent jafnt sem innlent.

Í tengslum við fyrirhugað átak félagsmálaráðherra boðaði ASÍ til fundar með fulltrúum allra aðildarféлага ASÍ og lands sambanda. Á fundinum var átak félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar kynnt. Jafnframt var fjallað um hlutverk og starf stéttarfélaganna og trúnaðarmanna í baráttunni gegn félagslegum undirboðum og þá reynslu sem af því hefur fengist. Þá var kynnt upplýsingaefni og gögn sem tekin höfðu verið saman af Alþýðusambandinu af þessu tilefni. Þá var í framhaldinu opnuð sérstök gátt á vef ASÍ með margskonar upplýsingaefni um vinnumarkaðinn, skyldur fyrirtækja og réttindi erlends launafólks. Þar er að finna efni á 11 tungumálum alls, en mest á íslensku, ensku og pólsku.

## **Frjáls för launafólks og tvö ný aðildarríki EES**

Í minnisblaði sem lagt var fyrir miðstjórn ASÍ og síðan kynnt í utanríkisráðgjafnefnd Alþingis í júní 2007 er fjallað um frjálsa för og tvö ný aðildarríki EES, Búlgaríu og Rúmeníu. Þar er bent á að fyrir íslenskum stjórnvöldum liggja að taka afstöðu til þess hvort nýta eigi heimild í nýjum stækkunarsamningi vegna aðildar Rúmeníu og Búlgaríu að Evrópska efnahagssvæðinu til að fresta frjálsri för launafólks frá þessum ríkjum í allt að tvö ár. Fjallað var ítarlega um þær miklu breytingar sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði síðustu ár með fjölgun útlendinga sem hér starfa og vandamál hvað varðar ólöglega atvinnustarfsemi erlendra fyrirtækja og félagsleg undirboð með útlendingum á íslenskum vinnumarkaði. Einnig var fjallað um starf sem unnið hefur verið til að treysta reglurammann sem gildir um starfsemi erlendra fyrirtækja og þann árangur sem náðst hefur á því sviði. Þá er gerð grein fyrir þeim vandamálum sem komið hafa upp og tengjast einkum vandamálum opinberra stjórnvaldstofnana við að framfylgja lögum og reglum og fyrirbyggja starfsemi svikafyrirtækja og brotum gegn erlendu launafólki. Síðan segir:

*„Í ljósi þess sem að framan segir er edlilegt að íslensk stjórnvöld nýti frestunarheimild hvað varðar frjálsa för launafólks frá Rúmeníu og Búlg-*

aríu a.m.k. tímabundið, þar til eftirlit og framkvæmd stjórnvalda með kjörum erlends launafólks sem kemur hér á grundvelli frjálsrar farar er komið í það horf sem stefnt er að. Með því að atvinnurekendur sem vilja ráða launafólk frá þessum löndum þurfa að sækja um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir það á að vera tryggt að stjórnvöld hafi fullnægjandi upplýsingar um störf þess og ráðningarkjör, geti komið til þess upplýsingum og leiðbeint og gripið til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur.

Að lokum skal áréttað að frestun er engin lausn til frambúðar. Eftir stendur það mikilvæga verkefni að tryggja öllu launafólki sem starfar á íslenskum vinnumarkaði, hverrar þjóðar sem það er, þau kjör og réttindi sem því ber. Það verður aðeins gert með því að efla og treysta starfsemi stjórnvalda og eftirlitsstofnana og tryggja gott samráð og samstarf þessara aðila og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmdina.“

### **Vaxholm málið**

23. maí sl. gaf aðallögsögumaður Evrópudómstólsins álit sitt í svokallaða sænska Laval (Vaxholm) málinu.

Niðurstaða hans fól í stuttu máli í sér fullan stuðning við málaltilbúnað sænsku verkalýðshreyfingarinnar og þá meginkoðun verkalýðshreyfingarinnar að rétturinn til þess að gera kjarasamninga, í þeim tilvikum þegar kjarasamningar hafa ekki almennt gildi, og fylgja gerð þeirra eftir með verkföllum og öðrum lögmætum þvingunaraðgerðum að landsrétti er réttur sem byggir á landslögum hvers aðildarríkis Evrópusambandsins.

Hann tók sérstaklega fram að þetta eigi við um aðgerðir til varnar almennum hagsmunum launafólks eins og vernd launafólks og til þess að vinna gegn félagslegum undirboðum. Verði þetta álit lögsögumannsins lagt til grundvallar dómi Evrópudómstólsins hafa línur mjög skýrst á þessu sviði. Þessi niðurstaða er jafnframt í samræmi við þá umsögn sem íslenska ríkið gaf í málinu að höfðu samráði við ASÍ og SA.

### **Kárahnjúkar**

Í lok ágúst 2007 voru starfsmenn á vinnusvæði Kárahnjúkavirkjunar um 1050, þar af 120 Íslendingar. Meirihluti þessa hóps starfar undir stjórn aðalverktakans á svæðinu, byggingafyrirtækisins Impregilo. Að framkvæmdum á vinnusvæði virkjunarinnar koma auk Impregilo fjöldi annarra fyrirtækja og er Arnarfell stærst þeirra með um 400 starfsmenn nú í haust en fyrirtækið hefur á þessu ári m.a. unnið að sprengingu og borun veituganga Jökulsár í Fljótsdal og byggingu Ufsarstíflu. Fosskraft hefur að mestu lokið sínu verki og hefur verið með um 10 til 15 starfsmenn, mestan hluta þessa árs. Suðurverk hefur verið með 10-12 starfsmenn sem vinna við frágangsvinnu við byggingu Desjarár-

stíflu og Sauðárdalsstíflu, Orkuvirki með 10-15 stafsmenn, auk fjölda annarra fyrirtækja við frágangsvinnu nú á lokastigum framkvæmdarinnar. Sem fyrr er mikil meirihluti starfsmanna þessarar fyrirtækja Íslendingar og hafa samskiptin við þessi fyrirtæki almennt verið með ágætum.

Önnur fyrirtæki á svæðinu eru erlend og má þar helst nefna DSD frá Þýskalandi sem unnið hefur að uppsetningu þrýstivatnspípa og loka í fallgöngum í Fljótsdal og Vatec frá Austurríki sem vinnur við að koma fyrir tæknibúnaði sem tengir saman vélar og spenna Kárahnjúkavirkjunar. Meirihluti starfsmanna þessarar fyrirtækja er erlendir. Auk þess starfa um 50 manns á vegum eftirlitsaðilanna VIJV og KSJV en þar af eru um 30 Íslendingar.

### **Virkjunarsamningur**

Virkjunarsamningur gildir um starfskjör og vinnuskilyrði starfsmanna er starfa á Kárahnjúkasvæðinu, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks, og lög nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Allir verktakar, innlendir sem erlendir, eru bundnir af ákvæðum þessa kjarasamnings en hann kveður með heildstæðum hætti á um laun, vinnutíma og réttindi starfsmanna auk þess að geyma ákvæði er snúa að aðbúnaði starfsmanna, hollustuháttum og öryggi.

Allir verktakar á vinnusvæðinu eru jafnramt bundnir af samkomulagi ASÍ og SA um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 2004, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks.

Daglegt eftirlit með framkvæmd virkjunarsamningsins er í höndum yfirtrúnaðarmanns, Odds Friðrikssonar, en hann var í maí 2003 ráðinn til að gegna því starfi og er miðað við að hann starfi til loka verkframkvæmda árið 2008. Ráðning hans byggir á samkomulagi landssambanda innan Alþýðusambandsins og Landsvirkjunar.

Samráðsnefnd skipuð fulltrúum þeirra landssambanda ASÍ sem aðild eiga að virkjunarsamningi kemur reglulega saman til að ræða framkvæmd samningsins. Á þá fundi mæta einnig yfirtrúnaðarmaður og fulltrúi AFLs Starfsgreinafélags.

Karperm er heiti á samstarfsnefnd sem skipuð er fulltrúum félaganna sem aðild eiga að Virkjunarsamningi annars vegar og Impregilo hins vegar. Nefndinni var komið á fót 7. mars 2005. Fulltrúar félaganna eru Skúli Thoroddsen frá SGS, Sverrir Albertsson frá AFLi Starfsgreinafélagi, Oddur Friðriksson yfirtrúnaðarmaður og Ingvar Sverrisson frá ASÍ. Af hálfu Impregilo hafa setið í nefndinni starfsmenn fyrirtækisins auk Þórarins V. Þórarinssonar lögmanns. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um samskipti starfsmanna og aðalverktakans og taka ákvarðanir um atriði sem lúta að framkvæmd Virkjunarsamningsins

og laga sem við geta átt. Enn fremur er starfandi fastanefnd landssambanda Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um ágreining á túlkun virkjunarsamningsins.

Virkjunarsamningur gildir til 31. desember 2007. Vegna seinkunar á framkvæmdum við Kárahnjúka munu þær forsendur sem Virkjunarsamningurinn byggir á standa út 2008. Þau landssambönd sem aðild eiga að samningnum hafa enn sem komið er ekki ákveðið hvort eða þá með hvaða hætti staðið verður að framlengingu á ákvæðum hans gagnvart þeim hópi manna sem verður við störf á virkjunarsvæðinu árið 2008.

## **Launamál**

Stöðugleiki hefur verið í samskiptum launafólks og verkaka og metur yfirtrúnaðarmaður stéttarfélagi á virkjunarsvæðinu það svo að launamál séu í ágætu lagi þegar á heildina er litið. Yfirtrúnaðarmaður kannar launamál erlendra starfsmanna á grundvelli þeirra samninga sem gerðir hafa verið við Impregilo, en samkvæmt þeim hefur hann aðgang að bankayfirlitum sem staðfesta eiga greiðslur launa inn á bankareikninga starfsmanna. Í störfum sínum hefur hann notið aðstoðar manna sem eru talandi á portúgölsku og kínversku. Hans mat er að starfskjör erlendra starfsmanna hjá Impregilo og öðrum verktökum á svæðinu standist ákvæði Virkjunarsamningsins.

Ýmis mál hafa þó venju samkvæmt komið upp þar sem staðfest hefur verið að starfsmenn hafa ekki fengið laun samkvæmt Virkjunarsamningi. Auk þess hafa komið upp ágreiningsmál varðandi skil á félagsgjöldum af launum erlendra starfsmanna aðalverktakans. Úr þeim málum hefur verið leyst með viðræðum og samningum við hlutaðeigandi fyrirtæki.

## **Umhverfis og öryggismál**

Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, gilda um starfsemi þá sem fer fram á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka. Vinnueftirlit ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd þeirra laga á virkjunarsvæðinu. Daglegt eftirlit þeirra mála er hins vegar í höndum verktaka á svæðinu. Landsvirkjun hefur ennfremur ráðið sérstaka eftirlitsaðila, VIJV og KSJV, til að hafa daglega umsjón og eftirlit með framkvæmdum á virkjunarstaðnum fyrir sína hönd.

Samkomulag milli landssambanda Alþýðusambands Íslands og Landsvirkjunar er í gildi um ráðningu öryggis-, heilsu- og umhverfiseftirlitsmanna vegna Kárahnjúkavirkjunar. Á grundvelli samkomulagsins eru starfandi þrjú starfsmenn sem starfa með framkvæmdaefirliti Landsvirkjunar. Þeir starfa undir stjórn verkefnisstjóra öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismála við Kárahnjúkavirkjun. Þeir annast meðal annars eftirlit samkvæmt stjórnunarkerfi

fyrir öryggis- og umhverfismál, eiga í samskiptum við verktaka og örygg-  
istrúnaðarmenn á svæðinu auk Vinnueftirlits ríkisins og annast skýrslugerð.

Loftmengun gerði vart við sig í göngum Adit 2 og Adit 3 í apríl s.l. Mæl-  
ingar sýndu að magn köfnunarefnisdíokxíðs No 2 var mjög hátt og var  
ákveðið að grípa strax til aðgerða er miðuðu að því að koma aðbúnaðarmálum  
starfsmanna í lag, s.s með frágangi á California switch (vinnupallur í göngum  
með starfsmannaaðstöðu), útvegum vinnugrímna fyrir starfsmenn og neyð-  
argrímna með súrefnisbirgðum, uppsetningu á slökkvitækjum þar sem við átti  
og uppsetningu á nauðsynlegum fyrstu hjálparbúnaði. Ennfremur voru gerðar  
athugasemdir við frágang þess fæðis sem sent var inn í göngin og gerð krafa  
um að þeir starfsmenn sem næstir væru gangamunnum skyldu skilyrðislaust  
fara út úr göngum til að matast. Í framhaldinu var unnið að endurbótum á  
loftræstingu í göngum. Komið var upp nýjum blásurum, tjöldum og þess  
háttar til þess að loftræsting yrði sem best. Einnig var gripið til þess að reyna  
að minnka útblástur díselvéla. Gengið var frá samkomulagi 22. apríl milli  
Impregilo og VIJV um framvindu mengunarmælinga á meðan á endurbótum  
loftræstingar stæði yfir. Gerðu aðilar ráð fyrir því að með þessu samkomulagi  
hefði verið gengið frá því að sjálfvirk lokun ganga myndi eiga sér stað um leið  
og gildi færu yfir viðmiðunarmörk. Lækni staðarins var tilkynnt um þennan  
áfang í málinu sem og Vinnueftirliti ríkisins. Þann 29. apríl lét Vinnueftirlitið  
loka göngunum. Var það gert á grundvelli almennra heilsufarssjónarmiða.  
Rannsókn sem framkvæmd var af hálfu sóttvarnarráðs leiddi í ljósi að 16.  
apríl hefðu þrír menn komið úr göngum með einkenni reykeitrunar og voru  
þau meðhöndluð hjá tveimur þeirra en sá þriðji fór að eigin frumkvæði heim  
til Póllands. Þann 21. apríl komu fjórir menn upp úr göngunum með sömu  
einkenni og voru þau tilfelli öll rekjanleg til loftmengunar. Þann 23. apríl kom  
enn maður til viðbótar með astmakast en ekki var hægt að rekja það tilvik með  
beinum hætti til loftmengunar þar sem um undirliggjandi sjúkdóm er að ræða.  
Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnarráði náðu allir þessir menn fljótt bata.

Tveir kínverskir starfsmenn Impregilo slösuðust mjög alvarlega árið 2006.  
Annar þeirra í nóvember þegar féll á hann farg í göngum en hinn síðari í  
desember þegar hann féll niður stífluvegg Kárahnjúkavirkjunar. Við meðferð  
þeirra mála vöknudu spurningar um rétt þeirra til veikinda- og slysalauna skv.  
kjarasamningi, rétt til bóta úr slysaftryggingu launþega, rétt þeirra til heilbrigð-  
isþjónustu hér á landi vegna endurkomu síðar færu þeir úr landi meðan hlé  
væri gert á lækni meðferð þeirra og hvort þeir ættu til greiðsla úr sjúkrasjóði  
AFLs. Upplýst var að Impregilo hafði greitt í sjúkrasjóð AFLs vegna þessara  
manna og þeir því tryggðir þar. Við nánari eftirgrennslan kom einnig í ljós að  
þeir áttu tilkall til slysabóta úr tryggingu sem fyrirtækið hafi keypt erlendis.  
Lá fyrir að réttur hvors um sig til slysabóta svaraði til a.m.k. 14.000.000 ISK.

AFL Starfsgreinafélag tók að sér að gæta hagsmuna þeirra gagnvart Impregilo annars vegar og Tryggingastofnun hins vegar.

Banaslys varð í Fljótsdalsstöð í júní s.l. er portúgalskur starfsmaður Stálsmiðjunnar ehf., undirverktaka fyrirtækisins VA-Tech, lést af völdum áverka sem hann fékk við fjögurra metra fall niður á steingólf í stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal.





*Kennslufræðinámskeið hjá Mími-símenntun.*

## Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess koma víða að menntamálum, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum. Auk þess standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eign ASÍ, fyrir öflugum fræðslustarfi. Þá á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmenntaráði, MENNT, samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar ESB, 18 manna nefnd menntamálaráðuneytisins um verkmenntun á framhaldsskólastigi, auk þess að vera tilnefningaraðili í starfsgreinaráð á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á mikilvægi menntunar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar hefur fylgt aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram.

Á vettvangi Menntanefndar ASÍ hefur átt sér stað mikil umræða um stöðu og framtíð menntamála og um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í þeim efnum. Þá var á málþingi menntanefndar ASÍ um menntamál í febrúar 2007 fjallað ítarlega um áherslur ASÍ í menntamálum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins eða sem ASÍ kom að.

## ***Félagsleg fræðsla***

### **MFA fræðsludeild ASÍ**

Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Markmið MFA er að bjóða uppá fræðslu og námskeið sem styrkja talsmenn í starfi til að þeir séu betur í stakk búnir að takast á við kröfur sem gerðar eru og stöðugar breytingar í samfélaginu. Lögð er áhersla á að námsframboð miðist við þarfir og aðstæður félaga hverju sinni. MFA býður upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og náms-efni.

### **Félagsmálaskóli alþýðu**

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Skólanefndin hittist fimm sinnum á skólaárinu. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Þjónustusamningur er við Mími símenntun um ýmsa framkvæmdarþætti.

Í samstarfi við skólanefnd Félagsmálaskólans og einnig menntanefnd, mótar deildarstjóri heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf deildarstjórans og eru tengsl hans við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

### ***Þjónusta fræðsludeildar***

#### **Trúnaðarmannanámskeið**

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá fræðsludeildinni og í samráði við deildarstjóra eru gerð drög að dagskrá.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árinu. Töluvert fleiri trúnaðarmannanámskeið voru haldin á síðasta skólaári miðað við árið á undan. 29 félög innan ASÍ voru með námskeið fyrir trúnaðarmenn sína. Eitt félag innan BSRB hélt trúnaðarmannanámskeið á síðasta skólaári. Alls voru 30 trúnaðarmannanámskeið haldin og voru þau allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 321 námskeiðin sem er mjög mikil aukning frá fyrra ári en þá sóttu aðeins 184 námskeiðin.

## **Formlegt mat á trúnaðarmannanámi**

Gerður hefur verið samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með því samstarfi er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi.

## **Háskólanám**

Háskólanám fyrir talsmenn stéttarféлага er í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Námið er skipulagt með þarfir forystu- og starfsmanna stéttarféлага í huga, bæði hvað varðar námsgreinar og skipulag. Samstarfið hófst haustið 2004 og er sex önnur lokið. Fyrsti hópurinn sem hóf námið útskrifaðist vorið 2006, eða alls 25 nemendur. Námið var fjórar sjálfstæðar annir og hægt að ljúka 18 háskólaeiningum á þessum tveimur árum. Nú stunda 13 nemendur háskólanámið. Ekki verður boðið uppá áframhaldandi háskólanám í þeirri mynd sem nú er og því lýkur formlegu samstarfi vorið 2008.

## **Námskeið**

Almenn námskeið sem eru í boði fyrir stéttarfélög eru ýmist auglýst og þá opin öllum eða pöntuð af einstökum félögum.

Haustið 2006 voru 5 námskeið í boði: *Ný lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, Erlent launafólk á vinnumarkaði og verkefni stéttarfélaganna, Að koma fram af sjálfsöryggi, Heilsa og líðan á vinnustað – hvað get ég gert?, Uppbyggileg samskipti – að takast á við erfiða einstaklinga.*

Vorið 2007 voru 7 námskeið í boði: *Farsæl samskipti á fjölmenningsarlegum vinnustað,*

*Túlkun talna – grunnnámskeið, Túlkun talna – framhald, Jafnrétti – á grænu ljósi, Samningatækni, Að setja sér markmið – tímastjórnun, Að efla framkomu sína*

Alls sóttu 190 talsmenn námskeiðin þetta skólaár.

## **Útgáfa**

Á vegum fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelda trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að upplýsingum hefur verið útbúið upplýsingaveita sem kallast Vefnám trúnaðarmannsins og er á heimsíðu skólans. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér upplýsingar um störf trúnaðarmanna hvar og hvenær sem því hentar.

## **Handbók trúnaðarmannsins**

Handbók trúnaðarmannsins kom út vorið 2004 og hefur selst í 1920 eintökum.

Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku.

## Önnur störf

### *Genfarskólinn*

Deildarstjóri er í stjórn Genfarskólans. MFA sendir tvo þátttakendur á Genfarskólann sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálastofnunina í Genf.

### *Starfsmenntaverðlaun*

Deildarstjóri situr í dómnefnd Starfsmenntaverðlauna.

## *Stefnumótun ASÍ í menntamálum*

Þann 20. febrúar 2007 hélt menntanefnd ASÍ málþing undir yfirskriftinni: Stefna og samstarf um menntamál á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar. Málþingið sóttu flestir þeir einstaklingar sem vinna að menntamálum á vettvangi ASÍ og aðildarsamtaka þess til að bera saman bækur sínar um stefnu og samstarf á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar.

Á málþinginu voru í umræðum dregin saman helstu verkefni samtakanna í menntamálum á næstu misserum:

### **I. Löggjöf um fullorðinsfræðslu – annað tækifæri til náms**

1. Að Ísland móti sér það markmið að ekki fleiri en 10% vinnuaflsins verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsmenntunar eftir 10 ár. Þessu verði fylgt eftir með markvissri áætlun um að ná þessu marki.
  - a. Sett verði lög um fullorðinsfræðslu sem kveði á um rétt einstaklinga til að ljúka a.m.k. einu viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi á kostnað ríkisins
  - b. Að allir eigi rétt á raunfærnimati á kostnað ríkisins.
2. Að tryggt verði að launafólk hafi raunhæfa möguleika á að sækja sér aukna menntun og fræðslu
  - a. Að samið verði um að fólk haldi a.m.k. hluta launa við að sækja sér aukna menntun í atvinnulífínu.
  - b. Að sett verði lög um að heimila launafólki að nýta sérsparnað/viðbótarsparnað einnig sem menntareikninga.
  - c. Að settar verði reglur sem heimili fullorðnu fólki (25 ára og eldri) að fá námslán til að ljúka viðurkenndu framhaldsnámi.
3. Að sett verði aukin áhersla á aðstöðu fullorðins fólks til að sækja sér aukna menntun og fræðslu.

- a. Próa áfram kennslufræði fullorðinna og nauðsynlega umhyggju
  - b. Að aðferðir í náms- og starfsráðgjöf verði þróaðar með þeim hætti að auðvelda fólki með litla formlega menntun að nýta sér þjónustuna til að komast framhjá hindrunum.
4. Að tryggð verði fjárframlög hins opinbera til að geta boðið upp á nám.
- a. Samstaða var um að nota þá reiknireglu sem verið hefur að mótast, þar sem ríki greiðir 70% kennslulauna og annan kostnað að fullu. Annan kostnað greiðir einstaklingurinn, sem aftur getur sótt menntastyrki til síns fræðslusjóðs. Í reynd þýðir þetta 85% kostnaðarþátttöku ríkisins, 10% kostnað fræðslusjóða og 5% hjá einstaklingum.
  - b. Almenn náms- og starfsráðgjöf verði áfram kostuð af ríkinu.
  - c. Að raunfærni ráðgjöf verði kostuð af ríkinu.
  - d. Að raunfærni máttið sjálfvort verði með sambærilegri kostnaðarskiptingu og einingarnámið, þ.e. 85-10-5.

## II. Nýi framhaldsskólinn – námsframboð og áhrif á stjórnun

5. Að helstu áherslum úr tillögum Starfsnámsnefndar varðandi nám á framhaldsskólastigi verði hrundið í framkvæmd á næstu:
- a. Mikilvægt er að breyta framhaldsskólanum þannig að verknám og bóknám verði metið að jöfnu.
  - b. Mikilvægt er að auka framboð á námsleiðum á framhaldsskólastigi, einkum í verk- og starfsnámi.
  - c. Mikilvægt er að draga úr brottfalli nemenda á framhaldsskólastigi.
6. Að þegar verði hafinn undirbúningur að námi á fagháskólastigi fyrir þá nemendur sem lokið hafa verk- og starfsnámi á framhaldsskólastigi, sem vilja sækja sér frekari hagnýta tæknimenntun. Mikilvægt er að slíkt nám verði skipulagt í góðu samstarfi við endurmenntunarstofnanir á viðkomandi sviðum.
7. Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að sambandið og aðildarsamtök þess fái fulla og beina aðild að umræðu og stefnumótun um stöðu og framtíð framhaldsskólans, einkum hvað varðar nám í verk- og starfsmenntun, og fagháskólastígisins.
8. Viðurkennt verði að aðildarsamtök Alþýðusambandsins verði fullgildir aðilar að stefnumótun og ákvarðanatöku um mögulega sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans.

## III. Aukið fjármagn til fræðslusjóða

9. Lögð verði áhersla á það í næstu kjarasamningum að auka framlög í fræðslusjóði þannig að þeir geti tekið þátt í verkefnum á borð við „annað tækifæri til náms” og „bætt um betur”.

#### **IV. Fræðslutrúnaðarmenn - náms- og starfsferilskrár**

10. Unnið verði að því að byggja upp á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar kerfi fræðslutrúnaðarmenna, sem hvata og fyrstu ráðgjafa um menntun á vinnustöðunum.
11. Náms- og starfsferilsskrár geta verið mikilvæg leið fyrir launafólk til að fá viðurkennda menntun sína, reynslu og þekkingu, á vinnumarkaði og vegna frekara náms. Vandaðar náms- og starfsferilsskrár er þannig mikilvægur grunnur undir raunfærnimat. Lögð verði áhersla á að kynna kosti náms- og starfsferilskráa fyrir félagsmönnum stéttarfélaganna og aðstoða þá við gerð og viðhald slíkra skráa.

#### **V. Nýjar námsbrautir og kjarasamningar**

12. Mikilvægt er að samhliða skipulagningu verk- og starfsmenntunar á nýjum sviðum verði störf/starfsheiti viðurkennd í kjarasamningum. Slíkt er til þess fallið að fá menntun viðurkennda, bæði af þeim sem námið stunda og fyrirtækjunum.

#### **VI. Fjölbjóðlegt samstarf um menntun**

13. Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin fylgist vandlega með og taki virkan þátt í umræðu um og þróun menntunar á Evrópuvísu. Það er löng hefð fyrir því að fræðsluaðilar í atvinnulífinu nýti sér reynslu og þekkingu annarra þjóða við uppbyggingu og þróun verk- og starfsmenntunar hér á landi. Jafnframt hafa fræðsluaðilar hér á landi miðlað þekkingu til annarra landa.

#### **Starfsmenntaráð**

Í byrjun árs 2006 hélt Starfsmenntaráð sinn árlega opna fund með samstarfsaðilum sínum og öðru áhugafólki, þar sem gerð var grein fyrir starfi ráðsins á undangengnu ári og stefnu við úthlutanir á árinu 2007. Starfsmenntaráð auglýsti í febrúar eftir umsóknum í starfsmenntasjóð um styrki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Auglýst var eftir umsóknum í 3 flokka verkefna auk opins flokks, en til úthlutunar voru 55 milljónir. Alls sóttu 57 aðilar um styrk samtals að upphæð kr. 180.615.234 til 109 verkefna. Fengu 25 aðilar úthlutað samtals styrk að upphæð kr. 48.340.000 til 45 verkefna. Dagana 08.-10. maí 2007 stóð Starfsmenntaráð fyrir ferð til Hollands til að kynna sér einkum starfsþjálfun á vinnustað og nýliðafræðslu. Þátttakendur í ferðinni voru 18 talsins. Í ferðinni var menntamálaráðuneyti Hollands heimsótt þar sem uppbygging menntakerfisins í landinu, með sérstöku tilliti til verk- og tæknimenntunar, var kynnt. Þá voru samtök atvinnurekenda og launafólks í Hollandi sótt heim, þar sem fulltrúar þessarar aðila gerðu grein fyrir stefnu

sinni og aðkomu að menntamálunum. Síðast en ekki síst fengu þátttakendur að kynnast starfsemi Albada College, sem er starfsmenntaskóli og þjálfunarsetur í Rotterdam og ECABO sem er fræðslustofnun í eigu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera.

### **Vika símenntunar og starfsmenntaverðlaunin**

Eins og undanfarin ár átti ASÍ aðild að viku símenntunar og starfsmenntaverðlaununum árið 2007 og var fulltrúi ASÍ við undirbúning þessara atburða Eyrún B. Valsdóttir.

Vika símenntunar var haldin 24.-30. september. Markmið viku símenntunar var að hvetja fólk til að leita sér þekkingar og minna á að öll fræðsla nýtist til góðs í lífi og starfi. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á að ná til fólks sem hefur litla formlega menntun og sérstaklega var hugað að læsi og lestrarörðugleikum á vinnustað með markvissri kynningu og málþingi sem haldið var í tengslum við vikuna. Menntamálaráðuneytið stendur fyrir viku símenntunar í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar níu um landið og Mími símenntun á höfuðborgarsvæðinu og með stuðningi frá Starfsmannaráði.

Árlegur símenntunardagur í fyrirtækjum var miðvikudagurinn 26. september sem hluti af viku símenntunar. Fyrirtæki voru hvött til að tileinka þann dag fræðslumálum starfsmanna, t.d. með því að kynna fræðslustefnu sína eða halda námskeið. Mörg fyrirtæki fengu fræðsluadila í heimsókn með kynningar eða örnámskeið. Þá voru fulltrúar stéttarfélaga eða fræðslusjóða fengnir í heimsókn til að kynna fyrir starfsmönnum með hvaða hætti þau styðja við og stuðla að símenntun félagsmanna sinna. Lögð var áhersla á að fræðsluadilar og fyrirtæki notuðu tækifærið og kynni námsframboð og fræðslumál almennt í Viku símenntunar.

Auglýst verður eftir tilnefningum vegna starfsmenntaverðlaunanna í október og munu þau verða afhent í nóvembermánuði.

### **MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla**

Um nokkurra missera skeið hefur legið fyrir að Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla stæði á tímamótum. Miklar breytingar hafa orðið á öllu starfsumhverfi Menntar frá því að til þessa samstarfs var stofnað árið 1998. Fjölmargir nýir aðilar hafa komið fram sem sinna verkefnum á sviði menntamála. Stofnað hefur verið til nýrra verkefna og önnur hafa runnið sitt skeið. Þróun síðustu ára hefur haft margvíslega beina og óbeina þýðingu fyrir starfsemi og framtíð Menntar. Í ljósi framanritaðs lá fyrir á haustdögum 2006 að mikilvægt væri að endurmeta stöðu og starfsemi Menntar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af starfinu undanengin ár, breytinga í starfsumhverfi Menntar og stöðu mála í dag.

Á aðalfundi Menntar sem haldinn var 27. nóvember var ákveðið að fresta ákvörðunum um starfs- og fjárhagsáætlun og lagabreytingar til framhaldsaðalfundar sem haldinn yrði fyrir lok janúarmánaðar 2007. Jafnframt var stjórn Menntar falið að undirbúa tillögum um framtíð Menntar fyrir þann fund.

Á framhaldsaðalfundi Menntar sem haldinn var 30. janúar 2007 var samþykkt tillaga stjórnar sem lá fyrir fundinum.

Í tillögum kom meðal annars fram að formlegum rekstri og skrifstofuhaldi yrði hætt af hálfu Menntar. Þess í stað yrði gerður þjónustusamningur við einn af félagsaðilum Menntar, sem hefði burði til þess að sinna þeim verkefnum sem voru nánar tilgreind. Þá sagði jafnframt að til að unnt væri að hætta formlegum rekstri Menntar væri nauðsynlegt að finna núverandi verkefnum viðeigandi framtíðarhýsingu og að sú vinna væri þegar hafin. Loks kom fram að reiknað væri með að rekstri skrifstofunnar í núverandi mynd yrði hætt fyrir 1. júlí 2007.

*Þá segir m.a.:*

*Stjórn Menntar er sammála um að Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla – verði áfram til, en í breyttri mynd frá því sem nú er. Mennt verði umræðu- og samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, þar sem fjallað verði um stefnumótun á sviði starfsmenntunar, sameiginleg viðfangsefni og samstarf þeirra aðila sem standa að Mennt. Hlutverk Menntar verði að leiða saman ólíka aðila og ýta breytingum af stað sem leiða til einstakra verkefna sem þátttakendur í Mennt ráðast í. Mennt verði ekki beinn framkvæmdaraðili verkefna annarra en þeirra sem tengjast beint umræðu og upplýsingamiðlun. Þess í stað verði afmörkuðum verkefnum fundinn sjálfstæður farvegur í hvert sinn sem félagsaðilar bera þá ábyrgð á.*

*Starf Menntar mun hverfast um reglulega félagsfundir, sem haldnir verða tvisvar á ári. Þar verða tekin til vel undirbúinnar og útarlegrar umfjöllunar þau mál sem skipta félagsaðila mestu á hverjum tíma. Félagsfundir taki upp þann sið að álykta í nafni Menntar og þannig fyrir hönd félagsaðila og því er mikilvægt að samstaða ríki um ályktanir Menntar og að félagsaðilar fylgi fast eftir slíkum ályktunum í starfi sínu. Á félagsfundum verði jafnframt tekin ákvörðun um frekari vinnu og verkefni eftir því sem þörf krefur og áhugi er á og þá jafnframt hvernig að henni skuli standa og hvernig sú vinna skuli fjármögnuð. Það eru nefnd dæmi um þrjú viðfangsefni sem gætu kallað á ályktanir af hálfu Menntar og frekara starf félagsaðila við að fylgja þeim eftir:*

*Fyrsta viðfangsefni fyrir samstarf á vettvangi Menntar næstu mánuði og misseri leiðir af tillögum Starfsnámsnefndar um Nýjan framhaldsskóla og hvernig megi hrinda þeim í framkvæmd í samstarfi aðila. Það er sameiginlegt úrlausnarefni skólasamfélagsins, fræðslustofnana atvinnulífsins og aðila vinnumarkaðarins að fjalla um og fylgja þessum tillögum*



*eftir, sem snerta m.a. uppbyggingu og framboð á verk- og starfsmenntun á framhaldsskólastigi og útfærslu á hugmyndum um fagháskólastig. Annað viðfangsefni sem kallar á samræðu og samstarf þeirra aðila sem standa að Mennterlöggjöfum fullorðinsfræðslu þar sem áhersla er á annað tækifæri til náms. Þriðja viðfangsefni sem kallar á samræðu og samstarf þeirra aðila sem standa að Mennt er sú þróun og stefnumótun í starfsmenntun sem á sér stað á vettvangi Evrópusamvinnunnar.*

Í framhaldi af fundinum fór stjórn Menntar í að endurskoða lög Menntar og finna þeim verkefnum sem Mennt hafði sinnt framtíðarhýsingu. Þá var gengið frá samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að hún þjónaði Mennt og tók samningurinn gildi 1. júlí sl.

Þá hélt Mennt velheppnaðan félagsfund 3. maí í hátíðarsal Háskóla Íslands. Á fundinum var samþykkt ályktun undir yfirskriftinni „Nýr framhaldsskóli - fyrir alla“.

### ***Fræðslumiðstöð atvinnulífsins***

Þetta starfsár er það fimmta í röðinni en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð af ASÍ og SA í árslok 2002 og hóf starfsemi á miðju ári 2003. Starfsemin byggist á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Fyrsti þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl árið 2003 og gildi hann út árið 2006. Hins vegar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við niðurstöður ASÍ og SA um gildi kjarasamninga í nóvember 2005. Í þeirri yfirlýsingu var greint frá því að fé yrði aukið til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Ákveðið var að fela FA að vinna að þeim málum sem yfirlýsingin kvað á um og var þjónustusamningurinn því endurnýjaður fyrr en ella eða í ársbyrjun 2006. Viðauki var gerður við samninginn í ársbyrjun 2007, þar sem FA var falið að móta reglur og deila út fé til fræðslumiðstöðva iðngreina vegna námsráðgjafar á vinnustað og raunfærnimats.

### **Stjórn**

Stjórnarmenn árið 2006-2007 voru fyrir hönd ASÍ Gylfi Arnbjörnsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson. Af hálfu SA voru Gústaf Adolf Skúlason, en Guðrún Eyjólfsdóttir tók við af honum 18. janúar 2007, Emil B. Karlsson og Ingi Bogi Bogason, en Grétar Halldórsson og Sigríður Guðjónsdóttir tóku við af þeim 12. september sl. Gylfi Arnbjörnsson var formaður stjórnar fram til 20. ágúst 2007, en þá tók Guðrún Eyjólfsdóttir við. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA. Stjórnin hélt 10 stjórnarfundi á árinu. Ársfundur var haldinn 23. nóvember 2006. Aðalfundur var haldinn 8. júní og hluthafafundur 18. janúar og 12. september 2007.

## Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Lena Nilsen, Bjarni Ingvarsson, sem lét af störfum í febrúar og við tók Heimir Guðjónsson. Guðmunda Kristinsdóttir lét af störfum í sumar og við tók Guðfinna Harðardóttir. Sigrún Kristín Magnúsdóttir lætur af störfum í október og við tekur Anna Vilborg Einarsdóttir. Auk þess starfar Arnbjörn Ólafsson hjá FA í skamman tíma á haustmánuðum 2007. Stöðugildi voru rúmlega 9 á árinu.

## Þjónustusamningar við menntamálaráðuneytið

Allir þjónustusamningarnir eiga það sammerkt að markhópar starfseminnar er fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA er ekki ætlað að sinna markhópum sínum beint, heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og Mímír-símenntun. Starfsmenn FA eru því sjaldnast í beinni snertingu við markhópana.

Tölur Hagstofu Íslands frá árinu 2005 sýna að um 63.200 starfandi fólks á aldrinum 16-74 ára hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Þetta gerir um 38% af íslensku vinnuafli. Í þessum hópi eru auðvitað bæði framhaldsskólanemar, sem vinna með námi og einnig eldra fólk, sem heldur áfram að starfa eftir að eftirlaunaaldri er náð, þannig að raunverulegur markhópur er þó nokkuð minni.

Innflytjendur eru einnig stór hópur, fjöldi erlendra ríkisborgara hefur aukist hratt á undanförunum árum eða um 82% milli áranna 2003 og 2006. Fjöldi erlendra ríkisborgara árið 2006 var 18.563 skv. upplýsingum Hagstofu Íslands. Flestir erlendir ríkisborgarar koma hingað til að starfa á vinnumarkaði.

Sjá má á þessum fjöldatölum að verkefni FA er bæði stórt og umfangsmikið. Ljóst er að sumir innan þessara hópa eru í námi, aðrir munu aldrei fara í nám. Engu að síður er markhópurinn mjög stór og fer stækkandi með mikilli aukningu erlends vinnuafli. Það er því mikilvægt að sinna þessum hópum sérstaklega og gefa þeim tækifæri til náms. Námið þarf að henta bæði þeim og atvinnulífinu í landinu. Mikilvægt er fyrir einstaklingana að námið nýtist þeim til eininga á framhaldsskólastigi og geti þannig stytt þeim leið, sem vilja halda áfram námi.

Þeim sem starfa fyrir þessa markhópa ber saman um að það sé erfitt að ná til fólks með litla grunnmenntun með námshvatningu og námstækifærum. Þeir samningar sem FA starfar eftir marka tímamót varðandi ríkisframlag til menntunar og hvatningar til þessara markhópa. Með þeim opnast þessum hópum

möguleikar í gegnum námsráðgjöf á vinnustað, raunfærnimat og námsleiðir sem eru metnar til eininga á framhaldsskólastigi. Hér er því gerð tilraun til mikilvægs átaks í menntamálum markhópanna. Jafnframt er ljóst að fjármagn-  
ið er lítið í samanburði við stærð markhópsins og umfang starfsins. Það er því nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

- Í fyrsta lagi verður gerð grein fyrir þeim verkefnum sem veitt er fé til hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.
- Í öðru lagi verkefnum, sem FA annast.
- Í þriðja lagi verður greint frá nokkrum stórum verkefnum sem eru fjármögnuð með öðrum hætti.

## **1) Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.**

Greiðslur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva komu fyrst inn í samninga FA árið 2006 og hafa því verið framkvæmdar hátt á annað ár. Á tímabilinu frá ársbyrjun 2006 og fram á mitt ár 2007 hefur ríkisframlag verið kr. 207.493.563. Þetta er í fyrsta skipti sem fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, er sinnt sérstaklega með framlagi frá ríkinu. Framlagið til miðstöðvanna greinist í þrjá hluta og verður gerð grein fyrir þeim hverjum fyrir sig.

1. Framlag til vottaðs náms hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og Mími-símenntun.
2. Framlag til símenntunarmiðstöðvanna níu og Mímis-símenntunar vegna náms- og starfsráðgjafar á vinnustöðum.
3. Framlag til námsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina, sem eru tvær talsins.

### **1.1. Framlag til vottaðra námsleiða**

#### **Árið 2006**

Úthlutunarreglur voru mótaðar og samningsform útbúin vegna vottaðra námsleiða árið 2006. Samkvæmt þessum samningum voru greiddar kr. 55.664.000 á árinu 2006 (framlag FA, þátttakendagjöld ekki innifalin) fyrir vottaðar námsleiðir til samstarfsaðila FA. Fyrir það fé tóku 669 manns þátt í námi, sem í heild var 73.814 nemendastundir og heildareiningafjöldi áætlaður 5.204. Hver eining kostaði því um kr. 10.700.-.

73% nemendastunda fóru fram á höfuðborgarsvæðinu (53.797), en 27% á landsbyggðinni (20.017).


## Hálft ár 2007

Um mitt ár 2007 hafði verið greitt til vottaðra námsleiða kr. 56.981.700. 667 nemendur sóttu nám í 69.182 nemendastundir. Áætlaður fjöldi eininga er 5.181. Einingaverðið á vorönn er því um 10.998.

58% nemendastunda fóru fram á höfuðborgarsvæðinu, (40.314) en 42% á landsbyggðinni (28.868). Þátttaka símenntunarmiðstöðvanna í þessari framkvæmd vex hratt eins og sjá má af þessum tölum.

Aukning í vottuðu námi er augljóslega mikil milli árana 2006 og 2007 en fjöldinn á vorönn 2007 er nánast sá sami og hann var allt árið á undan.

	Fjöldi námsleiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kennslustunda	Fjöldi nemendastunda	Fjöldi lokinna eininga	Fjármagn í krónum
<b>2006</b>	40	669	4.478	73.814	5.204	55.664.000
<b>Vorönn 2007</b>	43	667	4.575	69.182	5.181	56.981.700
<b>Samtals</b>	<b>83</b>	<b>1.336</b>	<b>9.053</b>	<b>142.996</b>	<b>10.385</b>	<b>112.645.700</b>



## 1.2. Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum

### Árið 2006

Þetta er fyrsta árið, sem fjármagni er veitt í náms- og starfsráðgjöf. Úthlutunarreglur voru mótaðar og samningsform útbúin vegna náms- og starfsráðgjafar árið 2006. Sett voru fram árangursmarkmið. Allir til þess bærir aðilar gerðu

samning strax árið 2006 nema Fræðslumiðstöð Vestfjarða, sem hóf ekki ráðgjöfina fyrr en árið 2007.

Samkvæmt samningum við nýu miðstöðvar voru greiddar á árinu 2006 kr. 20.040.000 fyrir ráðgjöf hjá samstarfsaðilum, auk þess kr. 7.660.000 sem voru skuldfærðar um áramót vegna þess að árangur var ekki í samræmi við árangursmarkmið.

Heimsótt voru 135 fyrirtæki og haldnir 166 kynningarfundir í þeim. Fjöldi þeirra einstaklinga sem tóku þátt í kynningum var 2.594. Af þeim komu 1.012 einstaklingar í viðtöl eða um 39%. Auk þess voru 115 endurkomur í einstaklingsviðtöl og 104 viðtöl voru vegna raunfærnimats. Alls voru viðtölin því 1.231.

Stjórn FA lagði til um áramót að lækka árangursmarkmiðin um 25%. Mismunurinn var skuldfærður hjá samstarfsaðilunum. Í upphafi þessa árs heimilaði menntamálaráðuneytið lækkun árangursmarkmiða um allt að 40%. Myndin hér að neðan sýnir árangur ofan fræðsluaðilum.

## Árið 2007

Um mitt ár 2007 höfðu verið greiddar kr. 21.800.000 kr. vegna náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvunum. 1.229 viðtöl hafa verið tekin samkvæmt niðurstöðum frá 10 símenntunarmiðstöðvum. Ljóst er að mikil aukning er milli ára, en á hálfu ári 2007 er fjöldi viðtala sami og allt árið 2006.

Ljóst er að árangur einstakra fræðsluaðila er mjög misjafn, frá því að hafa lokið árangursmarkmiðum fyrir árið í það að enn vantar 123%, þ.e. allt árið 2007 og stóran hluta af skuldfærðum viðtölum árið 2006.

Heimsótt voru 171 fyrirtæki og haldnir 207 kynningarfundir. Fjöldi einstaklinga sem tók þátt í kynningarfundum var 1.868. Heildarfjöldi einstaklinga í einstaklingsviðtöl var 960. Með endurkomum og raunfærnimati var fjöldi einstaklingsviðtala 1.229.

Nokkuð víst má telja að ráðgjöfin eigi hlutdeild í þeirri miklu aukningu sem er á þátttöku í námi á vegum samstarfsaðilanna, bæði vottuðu og óvottuðu. Að mati allra hlutaðeigandi er hún mjög gagnleg. Jafnframt er ljóst að ójafnvægi er milli árangursmarkmiða og raunverulegs árangurs. Ekki er óeðlilegt að það taki nokkurn tíma að læra á nýja starfshætti, þar sem námsráðgjöf á vinnustað lýtur allt öðrum lögmálum en almenn námsráðgjöf í skólakerfinu. Á haustönn 2007 hyggst FA ásamt samstarfsaðilum sínum endurskoða árangursmarkmiðin.

### **1.3. Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina**

Á árinu 2007 voru mótaðar úthlutunarreglur og útbúin samningsform vegna náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina. Þetta er fyrsta árið sem ríkisframlag kemur til þessara verkefna hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina. Á miðju ári 2007 höfðu verið greiddar kr. 15.000.000 til þessara verkefna.

Ákveðin var skipting milli ráðgjafarinnar og raunfærnimatsins þannig að u.þ.b. 80% færu til ráðgjafarinnar og 20% til raunfærnimats. Árangursmarkmið voru sett í samræmi við þessa skiptingu. Gerð var krafa um sama árangur í námsráðgjöfinni og hjá símenntunarmiðstöðvunum. Í raunfærnimati er miðað við að metin eining kosti kr. 6.500. Starfið hófst hjá Iðunni fræðslusetri á fyrri hluta ársins, en er nýhafið hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.


Fyrstu niðurstöður benda til þess að starfið hafi farið vel af stað. Metin var hjá Iðunni fræðslusetri reynt þeirra sem hafa hafið nám í húsasmíði en ekki lokið því. Metnar voru 893 einingar. Fjöldi einstaklinga í náms- og starfsráðgjöf er 94. Þeir hafa allir tekið þátt í raunfærnimati. Viðtalafjöldi var 274. Á miðju ári 2007 var Iðan komin um 29% fram úr markmiðasetningu í raunfærnimati eða úr 693 einingum í 893 einingar. Fjöldi framkvæmdra viðtala nam um 34% af árangursmarkmiðum eða 274 viðtöl af 817. Nokkur verkefni eru í undibúningi og hefur Iðan fræðslusetur fengið heimild til að færa fé milli flokka og auka hlut raunfærni í samningi sínum á þessu ári. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins mun hefja þessa starfsemi með haustinu 2007.

### **2) Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum**

Víðtækt samstarf hefur tekist við flesta þá aðila, sem starfa að fræðslumálum á vegum ASÍ og SA. Allir skilgreindir samstarfsaðilar hafa komið til samstarfs á þeim árum sem liðin eru frá stofnun FA, þ.e. allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mímir-símenntun, Fræðslumiðstöðvar iðngreina, fræðslusjóðirnir Landsmennt, Starfsafli, Fræðslusjóður verslunar- og skrifstofufólks og Mennt. Mikil þátttaka hefur einnig verið frá baklandi ASÍ og SA í samstarfsverkefnum, þar þar einkum að nefna SGS, VR, SAF og SVÞ. Fleiri en skilgreindir samstarfsaðilar hafa leitað eftir samstarfi við FA og hefur ráðið úrslitum um slíkt samstarf, hvort verkefnin hafi samlegðaráhrif við þau þróunarverkefni sem FA vinnur að. Það hefur verið reyndin í nokkrum verkefnum og má t.d. nefna Starfsgreinaráð fjármála og skrifstofugreina, sem óskaði eftir samstarfi um gerð mælistiku vegna námsefnisgerðar. Það starf hefur nýst inn í vinnu vegna námsefnisgerðar í íslensku.

## Húsfélag

Sem lið í þjónustu við fræðslustofnanir á vegum ASÍ og SA hefur FA boðið upp á húsnæðissamstarf. Mímir – símenntun, Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla og Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni hafa leigt húsnæði af FA. Starfsemin hefur nú verið eitt ár í Skeifunni 8, 2. hæð. Auk skrifstofuaðstöðu er í húsakynnum FA aðstaða fyrir fjarfundarbúnað, tvö fundarherbergi og ein kennslustofa. Mímir – símenntun hefur á sínum snærum 8 kennslustofur. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Á árinu urðu nokkrar breytingar hjá samstarfsaðilum. Gerður var samningur við FA um að halda utan um Mennt, sem hefur hætt eigin rekstri, en heldur stöðu sinni sem samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla. Mímir-símenntun hefur aukið talsvert við húsnæði sitt frá því sem var í upphafi. Háskólinn á Bifröst kom inn í húsnæðissamstarfið og leigir aðstöðu fyrir nokkra starfsmenn.



Húsnæðið í Skeifunni 8 er talsvert stærra en fræðslusamfélagið hefur þörf fyrir núna. Þetta gefur möguleika bæði á húsnæðissamstarfi við fleiri fræðsluáðila en ekki síður vaxtarmöguleika fyrir núverandi samstarfsaðila. Meðan húsnæðinu hefur ekki verið ráðstafað til samstarfsaðila er það leigt út til óskyldrar starfsemi.

Jafnframt er reynt að ná samlegðaráhrifum í þjónustu samstarfsaðilanna og hafa verið gerðir tveir samningar um sameiginlegan starfsmann, annars vegar við Mími-símenntun og hins vegar við Landsmennt.

## **Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluaðila**

Í gildi eru þjónustusamningar við allar símenntunarmiðstöðvarnar og Mími-símenntun. Á árinu voru einnig gerðir samningar við fræðsluskrifstofur iðngreina um raunfærnimat og námsráðgjöf.

Iðan, fræðslusetur, almennur þjónustusamningur, samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi og samningur um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat 15. maí 2007. Viðaukasamningar um hvort tveggja.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins, almennur þjónustusamningur og samningur um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat 31. maí 2007. Viðaukasamningur um ráðgjöf og raunfærnimat.

Jafnframt eru í gildi þjónustusamningar við fleiri aðila, svo og ýmsir verkfnasamningar um námsskrárgerð, gátlistagerð o.fl.

## **Nýjar námsleiðir**

Eitt af markmiðum FA er að starfa óháð búsetu, þ.e. að starfið nýtist á öllu landinu. Flestar námsskrár, sem gefnar hafa verið út, hafa verið kenndar víðar en hjá upphafsaðila. Af afspurn að dæma virðist það ekki erfitt fyrir fræðsluaðilana að taka námsskrárnar til kennslu. Þrettán námsskrár hafa verið kenndar alls 81 sinnum. 6 hafa ekki verið kenndar. Aðeins ein útgefin eldri námsskrá hefur ekki verið kennd, MFA skólinn, en á móti kemur að fjöldamargir hafa tekið þessa námsleið gegnum tíðina og því mikilvægt að það sé til mat á henni. Af námsskrám til tilraunakennslu hefur ein verið kennd af fjórum. Tvær nýjar námsskrár fara til kennslu á haustönn.

Námsskrárnar hafa allar verið metnar til eininga á framhaldsskólastigi. Það opnar möguleika fyrir þá sem ljúka námi samkvæmt þeim, að hefja nám í framhaldsskólum landsins. Ekki hefur enn gefist möguleiki á að kanna hversu margir hafa nýtt sér þann möguleika. FA hefur hins vegar lagt sig fram um að kynna framhaldsskólum þetta starf til að greiða þessa leið fyrir þátttakendum.



## Notkun námsskráa FA árin 2003-2007

Heiti námsskrár	Fjöldi. námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kennslust.	Fjöldi nemendast.
Aftur í nám	17	230	1.469	19.808
Byggingarliðar - grunnnám	1	11	45	495
Fagnámskeið I	10	198	591	11.284
Fagnámskeið II	2	68	141	5.174
Fiskur og ferðaþjónusta	1	11	300	3.300
Fjölverkjar	2	18	340	3.060
Grunnmenntaskólinn	9	124	1.478	19.740
Grunnnám fyrir skólaliða	7	111	455	7.070
Jarðlagnatækni	4	76	1.200	22.800
Landnemaskólinn	19	203	2.040	21.940
Laugar, lindir og böð	1	18	104	1.872
Verslunarfagnám	5	85	2.694	61.124
Vöruflutningaskólinn	3	31	762	7.704
<b>Samtals</b>	<b>81</b>	<b>1.184</b>	<b>11.619</b>	<b>185.371</b>

Á s.l. ári hafa verið metnar og gefnar út 2 námsskrár.

- Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, 60 kestd, allt að 5 einingar. Bóklegt nám, einkum ætlað 18 ára og eldri sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafsla, þ.e. í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun og rækju- og skelvinnslu.
- Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun, 60 kestd, allt að 5 einingar. Námskeið auk heimavinnu. Tilgangur námsins er að styrkja lestrar- og ritunarhæfni og auka þar með hæfni til starfs og áframhaldandi náms. Áhersla er lögð á að efla lesskilning, lestrarlöngun, úthald við lestur og stafsetningarfærni.

Undirbúningur stendur yfir vegna fleiri verkefna. Ber þar fyrst að geta samnings við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar um að bæta námsframboð og þjálfun ófaglærðra starfsmanna í ferðaþjónustu á Íslandi. Unnið hefur verið að námsskrárgerð á vegum FA. Verður fyrra námskeið af tveimur, 60 stunda langt námskeið, lagt fyrir matsnefnd á haustmánuðum, en hið síðara verður tilbúið til tilraunakeyrslu á vormánuðum 2008.

Einnig er í gangi undirbúningur fyrir Alþýðusamband Ísland að námskrárgerð og mati á námi fyrir trúnaðarmenn.

Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu er í vinnslu, 198 kestd, ætlað þeim sem aðstoða, annast um eða hlynnu að sjúkum, fötluðum og öldruðum á einkaheimilum eða stofnunum. Einnig þeim sem á einkaheimilum eða stofnunum aðstoða skjólstaðinga sína við innkaup, þrif og persónulega umhirðu auk þess að veita skjólstaðingum sínum félagslegan stuðning og aðstoð til að rjúfa félagslega einangrun.

Unnið hefur verið að: Námi fyrir starfsmenn í stóriðju, 1.025 kestd, einkum ætlaður þeim sem vinna við álframleiðslu. Fagnámskeiði starfsmanna leikskóla, 210 kestd, einkum ætlað ófaglærðum starfsmönnum á leikskólum og

Námi fyrir þjónustuliða, 60 kest, ætlað þeim sem sjá um ræstingu og þrif á stofnunum og öðrum vinnustöðum. Vinna er á frumstigi við nám fyrir starfsmenn öryggisfyrirtækja og starfsmenn á umhverfissviðum sveitarfélaga.

Loks ber að geta náms í almennum bóklegum greinum fyrir þá sem stunda iðnnám, en í ljós hefur komið að margir sem hafa hætt námi í iðngreinum eiga fyrst og fremst eftir þessar greinar og þurfa að eiga þess kost að sækja þær hjá fullorðinsfræðsluáðilum.

### **Þróun mats á raunfærni**

Á árinu voru sendar fyrstu stefnumarkandi tillögur til menntamálaráðuneytisins um tilhögun raunfærnimats. Menntamálaráðuneytið hefur skipað nefnd til að fjalla um þessar tillögur og framgang þeirra. Í nefndinni sitja af hálfu ráðuneytisins þeir Ólafur Grétar Kristjánsson, Þórir Ólafsson og Sigurjón Mýrdal. Af hálfu FA sitja þau Heimir Guðjónsson og Fjóla María Lárusdóttir í nefndinni.

Í viðauka við þjónustusamning sem undirritaður var í upphafi ársins 2007 var í fyrsta skipti sett opinbert fjármagn til raunfærnimats einstaklinga. Til þess bærir fræðsluáðilar Iðan-fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins, hafa gert samning um að hefja raunfærnimat fyrir þá einstaklinga sem hafa byrjað nám í löggiltum iðngreinum, en ekki lokið.

FA hefur tekið þátt í nokkrum tilraunaverkefnum á árinu. Þau verkefni, sem hafa varðað mat til styttingar á námi í framhaldsskóla, eru:

### **Bættu um betur (BUB) – Húsasmíði, 2007**

Samstarfsaðilar: FA – Iðan – Iðnskólinn í Reykjavík

FA sá um samhæfingu, aðferðafræði, þjálfun matsaðila og ráðgjöf í ferlinu. Verkefnið gekk út á að ná til einstaklinga sem hafa byrjað í trúðnnámi en ekki lokið því. Staða þátttakenda var metin og þeir fá tækifæri til að ljúka því iðnnámi sem þeir hófu á sínum tíma.

Fyrirspurnir voru 93 og komu 84 á kynningarfund. Umsóknir voru um 70 og voru valdir 31 til áframhaldandi raunfærnimats. Metnar voru 893 einingar í þessu verkefni.

Næstu skref hjá hópnum er nám í Iðnskólanum í Reykjavík og hefur skólinn mótað námsáætlun sem kemur mikið til móts við þarfir hópsins með einstaklingsmiðuðu námi. Nokkrir þátttakendur stefna á sveinspróf í janúar en meirihluti hópsins hyggur á það að lokinni vorönn 2008.

Verkefnisstjórn er í höndum Iðunnar fræðsluseturs.

### **Bættu um betur (BUB) – Bíliðnir, 2007**

Samstarfsaðilar: FA – Iðan – Mímir-símenntun - Borgarholtsskóli

FA sér um samhæfingu, aðferðafræði, þjálfun matsaðila og ráðgjöf í ferlinu. Verkefninu er ætlað að til að ná til einstaklinga, sem hófu nám, en luku ekki, greina stöðu þeirra, finna leiðir til að meta þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér í starfi og hvetja þá til að ljúka iðnnámi.

Fyrirspurnir voru 50 og komu álíka margir á kynningarfundinn. Umsóknir voru 36 og þar af voru valdir 21 til frekari samvinnu. Í hópnum eru 14 sem hyggja á mat í bifvélavirkjun, 3 sem hyggja á mat í bílamálun og 4 sem hyggja á mat í bifreiðasmíðum.

Verkefnisstjórn er í höndum Mímis-símenntunar og Iðunnar fræðsluseturs. Verkefnið er enn í vinnslu.

Fjöldi verkefna er í undirbúningi nú á haustmánuðum.

## **Kynningar**

Gefið hefur verið út kynningarefni um raunfærnimat til að nota í tilraunaverkefnum og til kynningar á hugtakinu, ferlinu og evrópsku reglum um mat á óformlegu og formlausu námi.

Tvær stórar ráðstefnur um raunfærnimat voru haldnar á árinu, önnur í Reykjavík 4. maí og hin á Akureyri 16. maí.

## **Erlend samstarfsverkefni:**

### ***VOW – Leonardo verkefni 2005-2007***

Á árinu var fram haldið starfi í verkefninu VOW en það byggist á styrk sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk frá Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins að upphæð 30 milljónir íslenskra króna í tilraunaverkefni sem ber titilinn „The Value of Work“ eða Gildi starfa. Unnið er að þróun aðferða til að meta raunverulega færni einstaklinga í atvinnulífnum. Fræðslumiðstöðin stýrir verkefninu. Samstarfslönd auk Íslands eru Danmörk, England, Kýpur, Slóvenía og Svíþjóð.

Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi eru Íslandsbanki, Landsbankinn, KB banki, Menntaskólinn í Kópavogi, Samband íslenskra bankamanna, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, starfsgreinaráð fjármála- og verslunargreina og menntamálaráðuneytið. Fulltrúar þessara aðila mynda faghóp í verkefninu sem fer reglulega yfir framvindu mála. Sams konar faghópar hagsmunaaðila hafa verið myndaðir í hverju landi.

Verkefninu er nú að ljúka. Lokaráðstefna var haldin á Íslandi 28. september síðast liðinn. Á liðnu ári voru haldnir tveir fundir í verkefninu annar á Kýpur dagana 29. mars til 2. apríl og hinn í Slóveníu dagana 30. júní – 5. júlí. Fjóra María Lárusdóttir og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sóttu fundina af hálfu FA.

Markhópur verkefnisins eru starfsmenn sem hafa aukið færni sína með óformlegu og formlausu námi og hafa ekki lokið framhaldsskóla. Alls útskrifuðust á Íslandi 19 bankastarfsmenn sem voru tilraunahópurinn. Metið var á móti færni viðmiðum, sem búin voru til í samstarfi fagaðila í samstarfslöndunum. Matið var byggt á færniöppu, sjálfsmati, viðtölum, mati yfirmanns og mati í gegnum raundæmi. Kýpur og Danmörk unnu einnig verkefni í bankageiranum, meðan Slóvenía vann yfirfærsluverkefni í umönnunargreinum og Svíþjóð vann yfirfærsluverkefni í félagsgreinum.

Afurðir verkefnisins eru:

Handbók um gerð færni viðmiða.

Handbók um aðferðafræði í raunfærnimati, „Handbook of methods and tools“.

Raunfærnimat á vinnustað (Validation of competencies in the workplace). Lýsing á raunfærnimatsferli verkefnisins með hliðsjón af reynslu þátttakenda og samstarfsaðila. Leiðbeiningar til ráðgjafa, fyrirtækja og stéttarfélaga um hlutverk þeirra í raunfærnimatsferlinu. Ensk útgáfa. Verður þýtt á fimm tungumál við lok verkefnis.

Heimasíða verkefnisins er [valueofwork.com](http://valueofwork.com) en einnig er hlekkur á heimasíðu FA, [www.frae.is](http://www.frae.is).

### ***CREAC - Leonardo verkefni 2006-2008***

CREAC-verkefnið (Cooperation for the Recognition, Evaluation and Accreditation of Competences) miðar að því að hanna og prófa aðferðafræði og ferli til að viðurkenna raunfærni sem næst með formlegum og óformlegum hætti. Erlendir samstarfsaðilar eru: Oviedo Chamber of Commerce á Spánn, ENTENTE UK á England, Chambre de Métiers de Vauclose í Frakkland og The Labour County Board of Södermanland í Svíþjóð.

CREAC miðar einkum að vottun á starfsfærni á sviði rekstrarfræði, viðskiptafræði og markaðsfræði og reynir að koma á fót kerfi sem nota má í þeim löndum sem taka þátt í verkefninu. Hlutverk FA er að þróa aðferðir sem henta íslenskum aðstæðum. Stjórn verkefnisins er í höndum Spánverja. Sjá heimasíðu verkefnisins [creacproject.org](http://creacproject.org)

### **Þróun náms- og starfsráðgjafar**

Það hefur verið liður í starfi FA frá upphafi að þróa leiðir til að veita náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði. Markmiðið er einkum að ná sambandi við markhóp FA og greina þarfar ásamt því að búa til námsleiðir sem henta bæði einstaklingunum og þeim fyrirtækjum og stofnunum sem þeir starfa í. Ekki er síður mikilvægt að hvetja til náms og ábyrgðar á eigin færniþróun.

Á síðastliðnu ári færðist náms- og starfsráðgjöfin út til samstarfsaðila FA með formlegum hætti. Hlutverk FA hefur því breyst í kjölfarið. Nú er mikilvægast að halda utan um og samræma þróun í málaflokknum. Frá því að byrjað var að ráða náms- og starfsráðgjafa hjá samstarfsaðilum FA hefur starfsemin beinst að því að veita handleiðslu um vinnuaðferðir við ráðgjöf á vinnumarkaði og í fyrirtækjum. Eftirtaldir fundir voru haldnir á árinu:

Opin ráðstefna og fræðsludagur fyrir ráðgjafa og framkvæmdastjóra símenntunarmiðstöðvanna var haldinn 15. janúar, 2007. Ýmis erindi voru haldin, m.a. hélt Dr. Peter Plant, prófessor hjá Kennaraháskólanum í Danmörku erindi, en hann er frumkvöðull á sviði náms- og starfsráðgjafar á vinnustað. 40 þátttakendur voru á ráðstefnunni, en 23 þátttakendur á fræðsludegi ráðgjafanna.

Fundur með ráðgjöfum og framkvæmdastjórum símenntunarmiðstöðvanna var haldinn 26. apríl, 2007. Farið yfir árangursmarkmið og tekin staðan í ráðgjöfinni. 21 þátttakandi.

Fundur með ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna var haldinn 17. september, 2007. Farið yfir stöðu mála í ráðgjöfinni eftir skil á skýrslum um ráðgjöfina. Boðið var upp á hópefli. 15 þátttakendur.

Útbúin hafa verið stuðningsgögn fyrir náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Sett hefur verið upp vefsíða fyrir ráðgjafa í verkefninu. Um er að ræða læstan gagnabanka sem inniheldur upplýsingar um verkefnið og stuðningsgögn fyrir framkvæmd og utanumhald ráðgjafarinnar.

### **Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun**

Liður í því að auka gæði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar er tilboð FA til samstarfsaðila sinna um námskeið í kennslufræði fullorðinna. Á síðastliðnu ári voru haldin átta leiðbeinendanámskeið samtals: Þrjú Stiklunámskeið fyrir Mími-símenntun, Símeý og Farskólann– miðstöð símenntunar á Norðurlandi Vestra. Fjögur námskeið í starfsefningu/hópefli voru haldin fyrir ASÍ, Bláa lónið, Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli og náms- og starfsráðgjafa. Eitt starfsþjálfanámskeið var haldið hjá Símeý á Akureyri vegna verslunarfag-námsins. Samtals 835 nemendastundir.

Þróuð hafa verið nokkur hjálpartæki út frá kennslufræði fullorðinna. Þar má nefna mælistiku um gæði námsefnis sem einnig er hugsuð sem leiðarvísir fyrir námsefnishöfunda. Í tengslum við mælistikuna hefur verið útbúið námsefnisstöðkerfi sem hugsuð er sem hjálpartæki fyrir fræðsluaðila og drög að námsefnisgagnabanka sem heldur utan um það sem metið hefur verið sem gott námsefni og stuðlar að áframhaldandi þróun þess.

Jafnframt hefur verið byggt upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfs-

menntun í húsakynnum FA og er bætt við safnið á hverju ári. Unnið hefur verið að skráningu safnsins á árinu.

### **Námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn**

Haustið 2006 hóf FA það verkefni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfra kennara/leiðbeinendur í notkun þess. Hluti af verkefninu var einnig að meta það námsefni sem til er í íslensku fyrir útlendinga og gera tillögur um gerð viðbótarnámsefnis miðað við þá 150 kst. námsskrá sem unnin var á vegum dómsmálaráðuneytisins og lá fyrir á þessum tíma.

Gerð var mælistika til að meta gæði námsefnis sem fyrir er og hefur hún þegar verið notuð til að meta það námsefni sem mest hefur verið notað.

Verkefnið breyttist síðan með hugmyndum menntamálaráðuneytisins um nýja námsskrá sem miðast við 225 kst. og FA var falið í júní 2007 að skrifa og skila af sér í desember 2007. Samhliða þeirri vinnu mun fara fram vinna við að aðlaga námsefni sem fyrir er, skrifa nýtt og skipuleggja kennslufræðinámsskeið fyrir þá sem munu kenna eftir námsskránni.

Stýrihópur með þátttöku fagaðila hefur mótað verkefnið. Í hópnum eru: Þorbjörg Halldórsdóttir og Sólborg Jónsdóttir hjá Mími – símenntun, Laufey Eiríksdóttir hjá Þekkingarsetri Austurlands, Þórleif Drífa Jónsdóttir/Svava Þorkeldsdóttir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Ísleifur Arnarson frá HB Granda og Sigrún Jóhannesdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem stýrir verkefninu. Nú á haustmánuðum hafa einnig þau Inga Karlsdóttir og Samuel Lefever tekið þátt í starfinu.

### **Söfnun og miðlun upplýsinga**

Ársrit FA, Gátt, var gefið út í nóvember 2006. Þetta var þriðja ritið í röðinni. Áhersla í þessu riti er á sérstaka hópa í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Í ársritinu 2007 verður sjónum beint að mat á námi og árangri.

Ársfundur FA var haldinn 23. nóvember sl. Knud Illeris, prófessor við Kennaraháskólann í Danmörku hélt erindið „Lifelong Learning and the Problem of the Low-Skilled“. Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkur, hélt erindið “Hvað hindrar símenntun fullorðinna?“ Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri Alcan, hélt erindið “Færni er fjársjóður“. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir fjallaði um verkefni og vöxt FA. Nemendur úr þremur námsleiðum sem hafa verið vottaðar af FA sögðu frá reynslu sinni. Fundarstjóri var Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

Kynningarbæklingur um raunfærnimat kom út á haustmánuðum. Hann er ætlaður til notkunar í tilraunaverkefnum og er efni hans einkum beint að samstarfsaðilum í slíkum verkefnum. Í bæklingnum er raunfærni skilgreind og

greint frá ferlinu í raunfærnimati. Dregin er fram gagnsemi raunfærnimats og farið yfir hlutverk helstu ábyrgðar- og hagsmunaaðila. Jafnframt er útdráttur úr evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni.

### 3) Önnur verkefni FA.

#### *Norrænt tengslanet um nám fullorðinna*

NVL er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er vistað hjá FA, en sá samningur er til tveggja ára frá áramótum 2007 til ársloka 2008. Þetta er annar samningurinn um viðfangsefnið, en sá fyrri var fyrir árin 2005-6. Aðalviðfangsefni í starfsáætlun netsins hafa verið: 1. Efling gæða og þróun gæðamælinga innan fullorðinsfræðslu. 2. Símenntun og þróun raunfærni á mismunandi sviðum menntunar, mat á persónulegri og faglegri færni. 3. Þverfaglegt samstarf til þess að auka samkeppnishæfni atvinnu- og þjóðlífs. 4. Þverfaglegt samstarf til að efla persónulegan þroska fólks og lýðræðislega þátttöku í samfélaginu. Heimasíða netsins er [www.nordvux.net](http://www.nordvux.net). Mikið starf hefur verið unnið í netinu á síðast liðnu ári. Meðal þeirra verkefna, sem tengiliður Íslands hefur lagt áherslu á er vinna norræns hóps, Þankabanka, um færni til framtíðar á norrænum vinnumarkaði. Skýrsla um starfið kemur út á haustmánuðum og haldnir verða kynningarfundir í öllum löndunum. Sigrún Kristín Magnúsdóttir er tengiliður Íslands í netinu.

#### **Fagråd verslunar og þjónustu**

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Starfsmenntasjóða verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Árið 2006 var fyrsta heila starfsár Fagráðsins. Fyrri hluti ársins einkenndist einkum af tveimur meginverkefnum; verslunarfagnáminu og kynningu á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Mikill tími fór í verslunarfagnámið. Í ljós kom að það krefst mikillar þolinmæði og markvissrar vinnu að kynna, innleiða og aðlaga nýtt nám. Reyndi í því sambandi á nemendur sem flestir voru að setjast á skólabeck eftir langa fjarveru, kennara og stjórnendur Verslunarskólans sem tókust á við nýja hugsun og aðferðafræði við kennslu, sem námskrá verslunarfagnámsins gerir kröfu um og fyrirtækin, stjórnendur og starfsþjálfana sem ekki höfðu áður fengist við skipulagða og markvissa fræðslu í þeim mæli sem námið gerir ráð fyrir. Þrátt fyrir þetta var almennt ánægja með námið og voru litlar breytingar gerðar á námskránni að loknu þessu fyrsta ári.

Í samvinnu við Mími-símenntun stóð Fagráðið að kynningu á náms- og starfsráðgjöf í verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Sá Fagráðið um skipulagningu heimsóknna og kynningu á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, en nám- og starfsráðgjafar Mímis um kynningu á ráðgjöfinni. Voru þannig heimsótt 12 fyrirtæki fyrri hluta ársins og haldnar kynningar fyrir nærri 300 manns.

Starfsmaður fagráðsins tók þátt í ársþingi Nordisk kommitté för Hand-elsundervisning sem haldið var í Þrándheimi í Noregi. Þó löng hefð sé fyrir starfstengdri fræðslu handa verslunarfólki á hinum Norðurlöndunum eru vandamálin sem þar er fengist við að mörgu leyti hin sömu og hér á landi; erfiðleikar við mönnun námsins og hlutverk fyrirtækjanna í þjálfuninni.

Meðal verkefna fagráðsins síðasta haust var að taka saman yfirlit yfir námskeið sem standa almenningi til boða. Niðurstaðan var að nærri 500 skemmri og lengri námskeið voru í boði það haust víðsvegar um landið. Í flestum tilfellum er um afþreyingarnámskeið að ræða, en eins er mikið framboð af starfstengdum námskeiðum. Yfirlitið var sent fræðslu- og starfsmannastjórum fyrirtækja og eins var það sett á vef Samtaka verslunar og þjónustu.

Kennsla í Verslunarfagnámi hófst hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar á Akureyri í september. Flest fyrirtækin sem áttu nemendur í verslunarfagnáminu voru heimsótt á haustmánuðum og rætt við nemendur, starfsþjálfara og stjórnendur. Tilgangurinn var að heyra þeirra viðhorf til námsins og kennslufyrirkomulagsins.

Af þessu er ljóst að verslunarfagnámið hefur tekið upp mikinn tíma hjá fagráðinu og gera má ráð fyrir að meðan fyrirtæki telja það ekki sjálfsagðan hlut og forgangsmál að senda starfsfólk í námið að þá verði það svo. Þó verður að sýna þá bjartsýni að eftir því sem verslunarfagmönnum fjölgar verði framhaldið auðveldara, en hér gildir að sýna þrautseigju og þolinmæði meðan fyrirtækin átta sig ávinningnum.

## **Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla**

FA hefur gert samning við stjórn Menntar um að halda utan um ákveðna þætti í starfsemi Menntar. Jafnframt mun FA taka við verkefninu Recall, sem styrkt er af Leonardo, menntaáætlun Evrópusambandsins. Yfirfærsla verkefna á sér stað nú á haustmánuðum.

## ***Mímir – símenntun***


Fjórða starfsár Mímis-símenntunar ehf, einkenndist af uppsveiflu í starfinu, fjárhagurinn styrktist og viðfangsefnum fjölgaði mikið.

Fyrir frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar hefur fjárframlag ríkisins til full-



orðinsfræðslu stórauðist. Með samningum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins haustið 2005 voru tryggð fjárframlög ríkisins til greiðslu á vottuðum námsleiðum, einingabæru námi og námsráðgjöf á vinnustað.

Umfang kennslu er venjulega mælt í nemendastundum hefur þeim fjölgað verulega. Nemendastundum fjölgaði um 46% milli ára. Langmest er aukningin í íslensku fyrir útlendinga eða 115% en 64% í almennum námskeiðum og 58% í starfstengdum námskeiðum. Áherslur Mímis-símenntunar eru að hafa gæði náms og þjónustu í hámarki.



Rekstrarstaða Mímis-símenntunar var góð í árslok 2006. Félagið skilaði hagnaði og var honum varið til að endurgreiða Mími hlutaféð sem nýtt var vegna tapreksturs fyrstu tvö árin. Veltuaukningin var 64% milli ára og er félagið hvorki með neinar langtímaskuldir né yfirdrátt. Stærsti hluti rekstrargjalda er vegna launagreiðslna fastráðinna starfsmanna og kennara en á árinu jókst húsnæðiskostnaður vegna flutnings í nýtt og glæsilegt húsnæði í Skeifunni 8.


Fjöldi nemenda á árinu var 5.500 og voru þeir á aldrinum 5-80 ára frá yfir 80 þjóðlöndum. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá aldursdreifingu þeirra sem sækja starfstengd námskeið en þar eru 48% þátttakenda eldri en 40 ára. Ætla má að þetta háa hlutfall fólks yfir fertugu sé tilkomið vegna sérstakrar áherslu á þennan hóp í starfsnámi.

Námsráðgjöf á vinnustað er, eins og fyrr segir, styrkt af ríkissjóði. Með samningum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þetta mikilvæga verkefni verið sett í farveg til að tryggja að markhópurinn, fólk með stutta formlega skólagöngu, njóti þessarar þjónustu sem best. Námsráðgjöf á vinnustað er

unnin í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og er sameiginleg áhersla samtaka launafólks og atvinnurekenda. Alls hafa um 1000 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu notið þessarar þjónustu á árinu, með þátttöku í kynning- arfundum og einstaklingsviðtölum.

## Skipurit

Vegna mikils og viðvarandi vaxtar fyrirtækisins frá haustinu 2005 var skipulag þess endurskoðað á árinu 2006 og samþykkti stjórn Mímis nýtt skipurit sem tók gildi 1. júní 2006. Breytingarnar fólu í sér að starfseminni var skipt upp í fjórar deildir. Þrjár voru skilgreindar sem kjarnasvið og ein sem Rekstrardeild. Kjarnasviðin eru Fjölmennning og frístundir, Nám fyrir atvinnulífið og Náms- og starfsráðgjöf. Ráðnir voru deildarstjórnar fyrir hvert svið, flestir þeirra innanhússfólk og mynda þeir ásamt framkvæmdastjóra stjórnendateymi fyrirtækisins. Með þessu móti næst betri yfirsýn yfir alla þætti starfseminnar auk þess sem verkaskipting og ábyrgðarsvið eru skýrari.



## Nýtt húsnæði

Haustið 2006 voru skrifstofur og kennsluhúsnæði Mímis-símenntunar flutt frá Grenásvegi 16a að Skeifuna 8. Þar deilir fyrirtækið 1400 fm<sup>2</sup> hæð með fleiri fyrirtækjum, meðal annars Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Auk skrifstofurým- is eru þar 8 kennslustofur. Auk þess rekur fyrirtækið kennsluhúsnæði að Öldugötu 23 auk þess að leigja kennsluáðstöðu af Námsflokkum Reykjavíkur í Mjódd.

## Fjölmening og frístundir

Á árinu 2006 voru haldin samtals 316 námskeið með 3.225 nemendum í deild- inni Fjölmening og frístundir. Námskeiðin skiptust í fjóra flokka: *Tungumál, Íslenska fyrir útlendinga, Gagn og gaman* og *Listir og menning*. Þátttaka á námskeiðum á vorönn var meiri en á haustönn, eða 2.116 nemendur. Vorönnin náði yfir lengra tímabil en haustönnin og á henni voru t.d. sumarnámskeið barna og sumarnámskeið í íslensku fyrir útlendinga. Rúmlega 62% nemenda voru konur og tæplega 38% karlar. Nemendum fjölgaði frá árinu á undan um 26,5% en nemendastundum fjölgaði gífurlega, eða um rúm 120%. Skýringin á fjölgun nemendastunda liggur í því að íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga fjölgaði mikið á milli ára og þau voru einnig lengri en áður.

Þátttakendur á námskeiðunum voru á öllum aldri. Yngst voru börnin sem sóttu m.a. sumarnámskeið Mímis-símenntunar og elstu nemendurnir sóttu einkum tungumálanámskeið. Meirihluti nemenda var á miðjum aldri.

Nemendum á tungumálanámskeiðum fjölgaði stöðugt og voru þau mest sóttu námskeiðin. Í gildi er samningur frá árinu 2005 á milli Mímis-símennt- unar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Samningurinn nær til allt að 700 erlendra nemenda með búsetu í Reykjavík. Hliðstæðir samningar voru gerðir á árinu við fleiri sveitarfélög á höfuðborg- arsvæðinu.

## Tungumál

Tungumálin voru stærsti námskeiðsflokkurinn. Haldin voru 112 tungumála- námskeið á árinu. Í boði var kennsla í 18 tungumálum. Kennt var á mörgum stigum; byrjenda- og framhaldsstigum og sérstakir talmálshópar voru í boði. Hvert námskeið var 18 kennslustundir. Einnig voru í boði einkatímar og nám- skeið fyrir félög og fyrirtæki. Langflestir nemendur sóttu námskeið í spænsku, en enska og ítalska voru næst vinsælust. Auk kvöldnámskeiða voru í boði dag- tímar í spænsku og ensku. Barnanámskeið í ensku og spænsku voru haldin á vorönn, svo og sérstök sumarnámskeið.

### ***Íslenska fyrir útlendinga***

Mikil aukning varð á milli ára á framboði og aðsókn í íslenskunámskeið fyrir útlendinga. Haldin voru 127 námskeið á árinu. Lengd þeirra var frá 20 kennslustundum og upp í 50 kennslustundir. Kennt var á fimm stigum á morgnana og kvöldin. Auk þess var boðið upp á ritunar- og talþjálfunarnámskeið fyrir lengra komna.

Nemendur gátu komið í stöðumat sér að kostnaðarlausu til þess að láta meta kunnáttu sína og finna námskeið við hæfi. Starfstengd íslenskunámskeið voru haldin á nokkrum vinnustöðum. Sumarnámskeið voru haldin í samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur. Boðið var uppá morgun- og kvöldtíma á fjórum stigum.

Nemendur sem óska eftir að fá vottun um íslenskukunnáttu sína vegna umsóknar um búseturétt eða ríkisborgararétt hafa kost á því að taka próf hjá Mími-símenntun gegn vægu gjaldi.

### ***Gagn og gaman***


Í þessum flokki voru haldin 58 námskeið á árinu. Margt var í boði, s.s. golfnámskeið, saumanámskeið, þrjónanámskeið, föndurnámskeið af ýmsum toga, matargerð frá ýmsum heimshornum, borðskreytingar, tölvunámskeið, tækninámskeið, innanhússhönnun, útlitsnámskeið, nuddnámskeið, kurteisísámskeið, gítarnámskeið, fuglanámskeið og margt fleira.

### ***Listir og menning***

Meningarnámskeið af ýmsum toga voru í boði í þessum flokki. 19 námskeið voru haldin á árinu. Námskeið sem tengja saman ferðalög og fróðleik voru vinsæl. Myndlistarnámskeið voru vel sótt og einnig var boðið upp á námskeið um menningarheim araba, leirlistarnámskeið, leiklistarnámskeið, söngnámskeið, námskeið um drauma, sakamálasögur, Madrid, Kenýa og fleira.

### ***Nám fyrir atvinnulífið***

Meðal þess náms sem fjárframlag frá ríkinu fékkst til í kjölfar kjarasamninga haustið 2005 var nám samkvæmt námsskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þau námskeið hjá Mími sem þessi styrkur fæst vegna eru: Aftur í nám, Grunnmenntaskólinn, Landnemaskólinn og Jarðlagnatækni. Styrkur sem þessi auðveldar ekki aðeins framkvæmd og skipulagningu námskeiðanna heldur hefur einnig gefið stærri og breiðari hópi nemenda tækifæri til þátttöku. Konur eru í miklum meirihluta í þessum flokki eða um 90% nemenda. Ástæða þess er sú að flest námskeiðanna eru fyrir starfsfólk í umönnunargreinum, greinum þar sem konur er enn í miklum meirihluta. Í Jarðlagnatækni voru karlar hins vegar í miklum meirihluta.



Verkefni deildarinnar Náms fyrir atvinnulífið eru víðfeðm og fjölbreytt. Til hæðarauka er þeim skipt niður í nokkra flokka.

### ***Starfsmenntanámskeið***

Starfsmenntanámskeið eru námskeið sem tengjast beint starfi þeirra sem þau sækja og þau eru gjarnan haldin í samstarfi við stéttarfélög og/eða vinnuveitendur. Veruleg fjölgun varð á starfsmenntanámskeiðum á árinu.

Sem dæmi um þessi starfsnámskeið má nefna Félagsliðabréu og Leikskólalabréu.

Félagsliðabréu er ætluð er fólki sem vinnur við umönnun t.d. á öldrunarheimilum, í heimaþjónustu eða við heimahlyningu. Þetta er fjögurra anna einingánám sem kennt er samkvæmt námsskrá menntamálaráðuneytisins.

Leikskólalabréu er ætluð starfsfólki leikskóla. Hún er einingánám eins og Félagsliðabréuin og samskonar kröfur eru gerðar um reynslu í starfi og þátttöku í fagnámskeiðum. Árið 2006 fjölgaði nemendum í leikskólalabréu verulega. Námskeiðið 45+, sem er ætlað starfsfólki 45 ára eða eldri, hélt áfram og á árinu bættust fjórar nýjar leikskólalabréur við.

Haldinn var fjöldi Fagnámskeiða, bæði fyrir starfsfólk á leikskólum og starfsfólk í umönnun.

Einnig sótti starfsfólk við umönnun hjá Landspítala-háskólasjúkrahúsi einingánám hjá okkur í svokallaðri Námsleið en boðið er upp á Námsleiðir I-III.

Þátttakendum í Jarðlagnatækni, sem er nám fyrir starfsfólk veitustofnana og annarra sem starfa við jarðlagnir, fjölgaði verulega. Það fjárframlag sem samið var um haustið 2005 hefur hér skipt miklu máli og hefur sjálfstæðum

verktökum og einyrkjum fjölgað mjög í hópi þeirra sem sækja námskeið í jarðlagnatækni.

### ***Almenn námskeið***

Í þessum flokki varð mikill vöxtur og á það bæði við um fjölda nemenda og nemendastundir. Námskeiðið Aftur í nám á stóran þátt í þessari fjölgun. Alls voru haldin fimm slík námskeið á árinu og luku 77 manns námskeiðinu sem ætlað er fólki með lestrarörðugleika. Grunnmenntaskólinn, 300 stunda nám fyrir fólk með stutta menntun sem vill bæta menntunargrunn sinn, var haldinn á árinu og hefur þessi námsleið unnið sér fastan sess í starfi Mímis. Þá var haldinn Landnemaskóli fyrir fólk af erlendum uppruna. Deildin sá einnig um fjölda námskeiða fyrir félög og vinnustaði, t.d. sjálfsstyrkingar- og samskiptanámskeið, starfslokanámskeið, færnimöppugerð og fleira.

### ***Nám fyrir fólk án atvinnu***

Hér er um tvenns konar námskeið að ræða; annars vegar námskeið á vegum Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir langtímaatvinnulausa og voru fjögur slík námskeið haldin á árinu.

Hins vegar eru Karla- og Kvennasmiðjurnar. Á árinu voru tvær Kvennasmiðjur og ein Karlasmíðja í umsjón Mímis. Þetta eru 18 mánaða námsleiðir fyrir fólk sem átt hefur erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að nemendum hafi fækkað í þessum flokki fjölgar nemendastundum. Ástæða þess er aukin vægi Kvenna- og Karlasmíðjanna sem eru mun lengri námsleiðir heldur en námskeið Vinnumiðlunar.

### ***Námskeið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu***

Á árinu var haldið áfram vinnu samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu um félagslega fræðslu og námskeið fyrir talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Sem fyrr voru trúnaðarmannanámskeiðin stærsti þátturinn en þau voru 26 á árinu. Á námskeiðunum var t.d. fjallað um hlutverk trúnaðarmanna á vinnustað, samskipti, vinnurétt, hagfræði, um íslenska vinnumarkaðinn og fleira. Auk þess voru haldin 20 námskeið sem hugsuð eru fyrir stjórnir, starfsmenn og annað lykilmál stéttarféлага.

### ***Náms- og starfsráðgjöf***

Meginviðfangsefni deildar náms- og starfsráðgjafar hjá Mími–símenntun hefur verið þátttaka í verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Verkefnið byggir á samningi Mímis–símenntunar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem undirritaður var þann 17. mars 2006. Markmið náms- og starfsráðgjafar

á vinnustað er að hvetja fólk á vinnumarkaði með stutta skólagöngu til virkrar þátttöku í símenntun og starfsþróun. Verkefnið felst í kynningarfundum og einstaklingsviðtölum þar sem veittar eru upplýsingar og aðstoð til að auðvelda ákvarðanatöku um nám og störf. Þá tóku náms- og starfsráðgjafar þátt í raunfærnimati í vélvirkjun.

Á árinu 2006 héldu náms- og starfsráðgjafar Mímis 55 kynningarfundir á 44 vinnustöðum. Um 750 manns mættu á þessa fundi. Einstaklingar frá 60 fyrirtækjum komu í viðtöl hjá ráðgjöfum. Nokkrir komu oftar en einu sinni. Viðtöl vegna raunfærnimats voru 104.

Kynning á náms- og starfsráðgjöf og einstaklingsviðtöl voru einnig veitt í námsleiðum s.s. Grunnmenntaskólanum, Karlasmíðju, Kvennasmíðju, Aftur í nám og Jarðlagnatækni.

### ***Erlent samstarf***

Árið 2006 tók Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar, sæti sem formaður Samtaka norrænna verkalýðsfélaga á sviði fullorðins- og alþýðufræðslu - ABF Norden. Samtökin standa að fullorðinsfræðslu og taka þannig virkan þátt í að auka þekkingu fólks á vinnumarkaði. Í formennskutíð Íslands, sem stendur til ársloka 2008, verður sérstök áhersla lögð á jafnréttismál, baráttu gegn mansali, alþjóðlegt samstarf og menningarmál.

Mímir símenntun hefur frá árinu 2004 tekið þátt í MULTI, norrænu samstarfsverkefni um fullorðinsfræðslu fyrir fullorðna námsmenn af erlendum uppruna. Árið 2006 hélt þróunarvinnan áfram en árið áður hafði fengist styrkur til nýs verkefnis sem byggir á hugmyndafræðinni úr MULTI-verkefninu og ber sama nafn.

Þá fóru fulltrúar frá Mími utan í kynningarferðir og á ráðstefnur um mál-efni fullorðinsfræðslu.

### ***Þróunarverkefni***

Árið 2006 fékk Mímir-símenntun styrki til nokkurra þróunarverkefna. Þetta er mikilvægur þáttur starfsins, enda nauðsynlegt að tækifæri gefist til þess að þróa starfið áfram. Þrír styrkir fengust frá Starfsmenntaráði og tveir styrkir frá menntamálaráðuneytinu. Hér að neðan er listi yfir þau verkefni sem fengu styrk á árinu 2006 en auk þess var unnið að eldri þróunarverkefnum.

## **Styrkir frá Starfsmenntaráði**

### ***Námsráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn***

Þetta er samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og stéttarfélaganna VR og Eflingar. Markmiðið er að veita erlendum starfsmönnum á höf-

uðborgarsvæðinu náms- og starfsráðgjöf og að taka saman upplýsingar og aðferðir sem nýtast markhópnum.

### ***Undirbúningur fyrir félagsliðanám/Félagsliði í nýju landi***

Markmið þessa verkefnis er að auðvelda fólki sem ekki hefur íslensku sem móðurmál að afla sér starfsmenntunar í umönnun. Verkefnið fór af stað á árinu og hófst félagsliðabrá fyrir erlenda námsmenn í janúar 2007.

### ***Bætt um betur – bílgreinar***

Samstarf við Bílgreinasambandið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Iðuna – fræðslusetur og fleiri aðila. Þetta er framhald af fyrra verkefni og snýst, eins og hið fyrra, um að auðvelda fólki sem hefur hafið iðnnám en ekki lokið því að klára námið og fá metna reynslu og færni sem aflað hefur verið í starfi.

### ***Styrkir frá sjóðum á vegum menntamálaráðuneytisins***

#### ***Litli málfræðingurinn***

Málfræðihandbók ætluð fullorðnum nemendum í íslensku fyrir útlendinga. Hún mun innihalda einfaldar og aðgengilegar útskýringar og myndræna útfærslu á ýmsum málfræðiatríðum og á að auðvelda íslenskunám til muna. Gert er ráð fyrir að handbókin verði tilbúin til útgáfu haustið 2007.

### ***Íslenska fyrir alla 4***

Íslenska fyrir alla 4 er framhald af Íslensku fyrir alla 1,2 og 3 sem eru bækur kenndar á íslenskunámskeiðum Mímis. Stefnt er að fyrstu útgáfu í lok árs 2007.

### ***Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar***

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ, 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000, en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Um tilgang sjóðsins segir í stofnskrá hans:

*Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja verkafólk til að afla sér fræðslu um málefni og starf verkafólksshreyfingarinnar.*

*Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.*



Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, skipaðir af miðstjórn ASÍ. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil miðstjórnar ASÍ. Sú venja hefur skapast að forseti ASÍ og formaður Dagsbrúnar, nú Eflingar, hafa setið í stjórninni auk eins til viðbótar, sem nú er Halldór Björnsson.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar veitir eftirtalda styrki:

1. Styrk til að sækja námskeið eða afla sér með öðrum hætti þekkingar á verkalýðshreyfingunni og málefnum launafólks, innanlands eða erlendis.

Um er að ræða styrki sem ætlaðir eru til að greiða að hluta til eða öllu leyti skráningargjöld, ferða- og/eða dvalarkostnað. Styrkirnir eru ætlaðir félagsmönnum í stéttarfélögum. Hámarksstyrkur er kr. 100.000.

Umsóknir um styrkina eru afgreiddar tvisvar á ári: 1. september (umsóknarfrestur til 15. ágúst) og 1. desember (umsóknarfrestur til 15. nóvember).

2. Styrk til verkefnis er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks.

Styrkurinn er ætlaður til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Hámarksfjárhæð er kr. 500.000.

Styrkurinn er veittur einu sinni á ári. Umsóknir um styrkinn þurfa að berast fyrir 1. apríl. Styrknum er úthlutað 1. maí ár hvert.

Hinn 1. maí var fræðimannastyrk fyrir árið 2007 úthlutað úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar. Styrkurinn hlaut Katrín Ólafsdóttir til útgáfu á rannsókn hennar sem ber heitið „Er íslenskur vinnumarkaður sveigjanlegur?“. Styrkurinn var að fjárhæð kr. 500.000. Í rannsókn Katrínar, sem er hluti af doktorsverkefni hennar, er leitast við að svara spurningunni hvort íslenskur vinnumarkaður sé í raun sveigjanlegur. Katrín skoðar ýmsa þætti vinnumarkaðarins og umhverfis hans og er niðurstaðan sú að á flestum þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að mæla sveigjanleika vinnumarkaða, þá teljist íslenskur vinnumarkaður sveigjanlegur.

Þá ákvað Minningarsjóðurinn að veita aukastyrk til Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands vegna verkefnisins „Viðtöl við fiskvinnslufólk, þar sem það segir sjálft frá fiskvinnslu með sínum eigin orðum.“ Styrkurinn er að fjárhæð 200.000 kr. og er ætlaður til að hægt sé að ljúka því verkefni, en það hefur þegar verið fjármagnað af hluta til með styrk frá Eflingu, stéttarfélagi.



*Wanja Lundby-Vedin var kjörin forseti Evrópusambands verkalýðsfélaga, ETUC, á þingi þess í Sevilla á Spáni í maí sl.*

## Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

### *Norræna verkalýðssambandið - NFS*

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins – NFS – kemur saman tvisvar á ári, í maí og desember, og er hún samsett af forystumönnum aðildarsamtakanna. Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri hafa setið þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf

NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist í æ ríkari mæli um samstarf norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Á fundi stjórnar samtakanna í nóvember 2006 var fjallað um skipulag skrifstofunnar í ljósi þess að framkvæmdastjóri og annar af sérfræðingum samtakanna fara á eftirlaun á árinu 2007. Formaður danska LO lagði það til að dregið yrði úr mannahaldi á skrifstofunni og fjármunir notaðir í verkefna- og kynningarstarf. Veruleg andastaða varð við þessa hugmynd og fannst fulltrúum annarra samtaka eins og verið væri að gera lítið úr starfi skrifstofunnar. Niðurstaðan var að halda áfram óbreyttri mönnun, en sameina Eyrstrasaltsnefndina Evrópunefndinni og fækka fundum. Með því móti yrði til rýmri fjárhagur til að sinna verkefna- og kynningarstarfi, sérstaklega vegna norræna velferðar- og vinnumarkaðslíkansins og aðferðir til lausnar ágreinings á Evrópuvettvangi.

Starfið innan NFS á árinu 2007 mótaðist verulega af þingi ETUC sem haldið var í Sevilla á Spáni í maí. Samtökin komu sameiginlega að endurskoðun á stefnu ETUC og lögðu áherslu á styrkingu ETUC sem samningsaðila á Evrópuvettvangi. Einnig hafði NFS hópurinn frumkvæði að því að stilla Wanja Lundby-Vedin upp sem forseta ETUC og myndaðist breið samstaða um það þannig að hún var fyrsta konan til að ná kjöri sem forseti samtakanna.

Áfram hefur verið unnið að því að koma á formlegu þríhliða samstarfi innan Norðurlandanna, en atvinnurekendur í Svíþjóð hafa sýnt því takmarkaðan áhuga.

Nánar er hægt að kynna sér starf NFS á vef samtakanna [www.nfs.net](http://www.nfs.net).

## **NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum**

Árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka lögfræðinga launafólks á Norðurlöndunum var haldinn í Stokkhólmi dagana 24-25. ágúst 2007. Á dagskrá fundarins var umfjöllun um ráðningarvernd launafólks á Norðurlöndunum. Farið var yfir stöðu mála í hverju ríki fyrir sig. Meginályktunin sem draga mátti af fundinum er sú, að verndin á Íslandi er minnst m.v. hin Norðurlöndin. Af Íslands hálfu var gerð sérstök grein annars vegar fyrir baráttunni fyrir gildistöku ILO-158 og hins vegar fyrir umfjöllun innan ASÍ um sveigjanleika og öryggi. Fundinn sótti Magnús M. Norðdahl fyrir hönd ASÍ.

## **Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)**

Til stóð að halda ársfund VN hér á landi í lok ágúst, en þar sem engin svör bárust frá grænenskum félögum okkar var þeim fundi frestað.

## *Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC*

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman 4 sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann sem framkvæmdastjóri ASÍ hefur sinnt. Vegna anna hafa stjórnarfundir ETUC ekki verið sóttir á þessu ári

ETUC hélt sitt 10. þing í Sevilla í maí 2007 og sóttu forsetar og framkvæmdastjórar þingið. Á þinginu var fjallað um stefnu samtakanna til næstu 4 ára með aukna áherslu á bindandi kjarasamninga á Evrópuvísu ásamt möguleikanum til að fylgja þeim eftir með aðgerðum þvert á landamæri og lausn ágreiningamála á Evrópuvísu. Á þinginu var Wanja Lundby-Vedin, forseti sænska alþýðusambandsins, fyrst kvenna kosin forseti Evrópusambands verkalýðsfélaga.

Um starf og stefnu ETUC má lesa á vef sambandsins: <http://www.etuc.org>.

### **Samningur um einelti og ofbeldi á vinnustað**

Samningaviðræður á Evrópuvísu um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi við vinnu hófust í febrúar 2006. Viðræðunum lauk 15. desember 2006 með því að handsalaður var samningur á milli Evrópusamtaka launafólks (ETUC) og Evrópusamtaka atvinnurekenda (BUSINESSEUROPE/UEAPME/CEEP) um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi á vinnustað. Þessi niðurstaða var nokkuð óvænt, þar sem allt eins var reiknað með því að það mundi slitna upp úr viðræðunum vegna ágreinings milli samningsaðila. Í lokin var það einkum spurningin um það hvort samningurinn ætti einnig að taka til varna gegn utanaðkomandi ofbeldi á vinnustað, s.s. frá skjólstaðingum, viðskiptavinum o.fl. sem ágreiningur var um, en það var fortakslaus krafa af hálfu samtaka launafólks. Á fundinum 15. desember 2006 náðist niðurstaða í þessum efnum sem báðir samningsaðilar voru ásáttir um og þar með var síðustu hindruninni fyrir samningum rutt úr vegi.

Samningurinn er rammamningur þar sem hugtök og viðfangsefni eru skilgreind og kveðið er á um helstu réttindi og skyldur aðila á vinnustað, bæði launafólks og atvinnurekenda. Samningurinn kveður á um meginreglur varðandi aðferðafræði við að fyrirbyggja og bregðast við einelti og ofbeldi á vinnustað ef slík mál koma upp. Hann lætur hins vegar aðilum vinnumarkaðarins í hverju landi fyrir sig og á vinnustöðunum eftir að útfæra efnid frekar og koma því í framkvæmd.

Eftir að samningurinn var handsalaður í desember 2006 tók við staðfestingarferli á vettvangi Evrópusamtaka launafólks og atvinnurekenda. Samningurinn var síðan formlega undirritaður 26. apríl 2007.

Eftir að samningurinn hefur verið undirritaður hafa aðildarsamtökin allt að þrjú ár til að hrinda honum í framkvæmd í aðildarríkjunum. Hér á landi eru

það Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins sem hafa skuldbundið sig til að koma samningnum í framkvæmd.

Erfitt er á þessu stigi að meta hvaða þýðingu samningurinn um varnir gegn einelti og ofbeldi við vinnu mun hafa hér á landi. Þegar eru til staðar löggjöf og reglur sem ætlað er að fyrirbyggja og vinna gegn afleiðingum eineltis og ofbeldis á vinnustað. Þar má m.a. nefna lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum (nr. 46/1980), reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum (nr. 1000/2004) og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 96/2000). Þó má nefna að með samningnum er fyrirtækjum gert skylt að hafa ákveðna stefnu um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi á vinnustað sem unnin er og framkvæmd í samráði við starfsmenn eða fulltrúa þeirra á vinnustað.

Samningurinn fylgir hér með í óopinberri þýðingu.

## **Sjálfstæður rammasamningur um einelti og ofbeldi við vinnu**

### ***1. Inngangur***

*Gagnkvæm virðing fyrir öðrum á vinnustað óháð stöðu þeirra er eitt af helstu einkennum árangursríkra skipulagsheilda. Það er af þessum ástæðum sem einelti og ofbeldi eru óásættanleg. UNICE, UEAPME, CEEP og ETUC (og samstarfsnefnd EUROCADRES/CEC) fordæma allar birtingamyndir þeirra. Samtökin líta á það sem sameiginlega hagsmuni atvinnurekenda og launafólks að takast á við slík mál, sem geta haft alvarlegar félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar.*

*Löggjöf ESB<sup>2</sup> og þjóðríkja skilgreina skyldur atvinnurekenda til að vernda launafólk gegn einelti og ofbeldi á vinnustað.*

---

<sup>2</sup> Hér má m.a. vísa til eftirtalinnna tilskipana:  
Tilskipun ráðsins 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um setningu almenns ramma fyrir jafna meðhöndlun í atvinnu og starfi.  
Tilskipun ráðsins 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um lögleiðingu grundvallarreglunnar um jafna meðhöndlun einstaklinga óháð kynþætti eða uppruna.  
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/73/EB frá 22. september 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/207/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör.  
Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

*Ólíkar birtingarmyndir eineltis og ofbeldis geta haft áhrif á vinnustaði. Þau geta*

- *verið líkamleg, sálræn og/eða kynferðisleg*
- *verið bundin við einstaka atburði eða meira kerfisbundinni hegðun*
- *verið milli vinnufélaga, milli stjórnenda og undirmanna eða af hendi þriðju aðila, svo sem skjólstaðinga, viðskiptavina, sjúklinga, nemenda o. fl.*
- *náð frá tilvikum þar sem sýnd er óvirðing til alvarlegri tilfella, þar með talinnar saknæmrar hegðunar, sem krefst afskipta opinberra stjórnvalda.*

*Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu gera sér grein fyrir því að einelti og ofbeldi geta haft áhrif á sérhvern vinnustað og launamann, án tillits til stærðar fyrirtækis, starfsemi eða eðlis ráðningarsambands. Þó geta sumir hópar og greinar verið í meiri hættu en aðrir. Í raun verða ekki allir vinnustaðir og allt launafólk endilega fyrir áhrifum.*

*Þessi samningur fjallar um þau tilfelli eineltis og ofbeldis sem aðilar vinnumarkaðarins geta haft áhrif á og eru í samræmi við þá lýsingu sem sett er fram í 3. hluta hér á eftir.*

## **2. Markmið**

*Markmið þessa samnings er að:*

- *auka vitund og skilning atvinnurekenda, launafólks og fulltrúa þess á einelti og ofbeldi á vinnustað*
- *skapa atvinnurekendum, launafólki og fulltrúum þess á öllum stigum aðgerðaramma til að greina, koma í veg fyrir og hafa stjórn á vandanámum er varða einelti og ofbeldi við vinnu.*

## **3. Lýsing**

*Einelti og ofbeldi eru afleiðingar óásættanlegrar hegðunar eins eða fleiri einstaklinga og geta tekið á sig margar ólíkar birtingarmyndir, þar sem auðveldara er að greinar sumar umfram aðrar. Vinnuumhverfið getur haft áhrif á hversu berskjaldað fólk er gagnvart einelti og ofbeldi.*

*Einelti á sér stað þegar einn eða fleiri launamaður eða stjórnandi er endurtekið og vísvitandi svívirtur, hótað og/eða niðurlægður við aðstæður er tengjast vinnunni.*

*Ofbeldi á sér stað þegar einn eða fleiri launamaður eða stjórnandi verður fyrir árás (er beittur líkamlegu eða andlegu ofbeldi) við aðstæður er tengjast vinnunni.*

*Einelti og ofbeldi geta verið af hendi eins eða fleiri stjórnenda eða launa-*

manna, með það að markmiði eða með þeim afleiðingum að vegið er að sæmd stjórnanda eða launamanns, og hefur áhrif á heilsu hans/hennar og/eða skapar óvinsamlegt vinnuumhverfi.

**4. Að fyrirbyggja, draga úr eða útrýma vandamálum vegna eineltis og ofbeldis**  
Með því að auka vitund um og með viðeigandi hjálfun stjórnenda og launamanna má draga úr líkum á einelti og ofbeldi við vinnu.

Fyrirtæki verða að lýsa því yfir með skýrum hætti að þau líði ekki einelti og ofbeldi. Slík yfirlýsing á að fela í sér aðgerðir/ferla sem fylgja á ef slíkar aðstæður koma upp. Aðgerðir/ferlar geta falið í sér óformlegt stig þar sem einstaklingur sem nýtur trausts stjórnenda og launamanna er til staðar til að gefa ráð og veita aðstoð. Fyrirfram gefnir ferlar geta átt við til að fást við einelti og ofbeldi.

Viðeigandi ferlar skulu byggja á en eru ekki takmarkaðir við eftirfarandi:

- Það er öllum hlutaðeigandi í hag að taka á málum með varfærni og af tillitssemi til að vernda virðingu og einkahagi allra.
- Engar upplýsingar ætti að veita aðilum sem ekki tengjast málinu.
- Kvartanir ætti að rannsaka og meðhöndla án ástæðulausra tafa.
- Allir aðilar sem málið varðar ættu að fá að koma fram sjónarmiðum sínum og fá hlutlausa og réttláta málsmeðferð.
- Kvartanir ætti að styðja með nákvæmum upplýsingum.
- Ekki á að líða rangar ásakanir og geta þær leitt til agaaðgerða.
- Utanadkomandi aðstoð kann að vera gagnleg.

Ef staðreynt er að einelti og ofbeldi hefur átt sér stað, ber að gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim brotlega/brotlegu. Það getur falið í sér agaaðgerð allt að og að meðtöldum brottrekstri.

Polandinn/pólandur fái stuðning og, ef nauðsyn krefur, aðstoð við aðlögun að nýju.

Atvinnurekendur skulu, í samráði við launafólk og/eða fulltrúa þess, koma á, endurmeta og fylgja eftir þessum ferlum til að tryggja að þeir komi að gagni bæði við að fyrirbyggja vandamál og við að taka á málum sem koma upp.

Þar sem við á skulu ákvæði þessa kafla notuð til að takast á við utan að komandi ofbeldi.

## **5. Framkvæmd og eftirfylgni**

Í samræmi við 139. grein Stofnsáttmálans, skuldbindur þessi sjálfstæði evrópski rammisamningur aðildarsamtök UNICE/UEAPME, CEEP og ETUC (og samstarfsnefnd EUROCADRES/CEC) til að hrinda honum í framkvæmd í samræmi við reglur og venjur aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum og í

*aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.*

*Samningsaðilar bjóða einnig aðildarsamtökum sínum í umsóknarríkjunum að innleiða ákvæði samningsins.*

*Innleiðingu verði hrint í framkvæmd innan þriggja ára frá undirritun þessa samnings.*

*Aðildarsamtökin skulu skila skýrslu um innleiðingu þessa samnings til Samráðsnefndar aðila vinnumarkaðarins (Social Dialogue Committee). Fyrstu þrjú árin eftir undirritun samningsins mun Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins árlega gera töflu þar sem fram kemur hvernig gengur að hrinda samningnum í framkvæmd. Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins mun svo vinna útarlega skýrslu innan fjögurra ára um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið vegna gildistöku samningsins.*

*Samningsaðilar skulu endurmeta og skoða samninginn hvenær sem er eftir að fimm ár eru liðin frá undirritun hans, ef einhver þeirra setur fram ósk um slíkt.*

*Ef spurningar vakna um efni þessa samnings, geta aðildarsamtök sem málið varðar, sameiginlega eða sitt í hvoru lagi, beint fyrirspurnum til aðila þessa samnings sem munu svara sameiginlega eða sitt í hvoru lagi.*

*Þegar samningnum er hrint í framkvæmd skulu samningsaðilar forðast að leggja óþarfa kvaðir á lítil og meðalstór fyrirtæki.*

*Gildistaka þessa samnings er ekki gild ástæða til að draga úr almennri vernd sem launafólk býr við á því sviði sem samningur þessi nær til.*

*Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir rétt aðila vinnumarkaðarins til að gera, á viðeigandi sviði, þ.m.t. á Evrópuvísu, samninga sem staðfesta og/eda bæta við þennan samning á þann hátt að tekið sé tillit til sérstakra þarfa viðkomandi aðila vinnumarkaðarins.*

## **Grænbók um vinnurétt**

Framkvæmdastjórn ESB sendi í lok nóvember 2006 frá sér Grænbók um vinnurétt „Framþróun vinnuréttar til að mæta áskorunum 21. aldarinnar“. Markmiðið með Grænbókinni er að efna til umræðu á Evrópuvísu um núgildandi löggjöf ESB og aðildarríkjanna um vinnumarkaðinn og hvort þörf er fyrir frekari reglusetningu á þessu sviði á Evrópuvísu eða í aðildarríkjunum og þá á hvern veg, m.a. með hliðsjón af þróun á vinnumarkaði í Evrópu á síðustu árum.

Af hálfu framkvæmdastjórnar ESB er bent á að vaxandi þörf sé fyrir umræðu um vinnurétt á Evrópuvísu og þróun hans vegna þeirra breytinga sem orðið hafa og eru að eiga sér stað á vinnumarkaði og stöðu launafólks. Breytinga sem tengjast hvoru tveggja, nýrri tækni í atvinnulífinu og hnattvæðingunni. Rannsóknir hafa leitt í ljós að því launafólki hefur fjölgað mjög á



síðustu árum sem býr við það sem kalla má óhefðbundna ráðningarsamninga (e. non-standard contractual arrangements). Vaxandi fjöldi launafólks er með tímabundna ráðningu, er í hlutastörfum, er ráðið sem verktakar af ýmsu tagi (freelance contracts) eða í gegnum starfsmannaleigur. Jafnframt eykst bilið á milli þeirra sem eru í föstu starfi og njóta almennra réttinda skv. lögum og kjarasamningum og hinna sem eru í ótryggrri eða tímabundinni vinnu eða í atvinnuleit. Í þessu sambandi er talað um þá sem „eru inni“ (e. insiders) og njóta allra almennra réttinda og hina „sem standa fyrir utan“ (e. outsiders) og njóta engra eða takmarkaðra réttinda.

Í tilefni af útgáfu Grænbókarinnar sagði framkvæmdastjóri ESB á sviði vinnu- og félagsmála, Vladimir Spidla:

*„Aukinn sveigjanleiki er mikilvægur til að mæta áhrifum hnattvæðingarinnar og þeirri staðreynd að fólk á vinnumarkaði er að eldast. Um leið er mikilvægt að launafólk verði ekki undir í þessari þróun og að öryggi þess verði treyst. Við viljum opin skoðanaskipti um það hvernig hægt er að aðlaga vinnurétt, bæði á Evrópuvísu og í aðildarríkjunum þannig að hann endurspegli nýjan veruleika vinnunnar í Evrópu“.*

Í Grænbókinni og kynningu á henni er mikið lagt upp úr þeirri umræðu sem nú á sér stað á Evrópuvísu um „sveigjanleika-með-öryggi“ (e. Flexicurity). Megininntak umræðunnar er hvernig megi auka sveigjanleika fyrirtækja og einstaklinga á evrópskum vinnumarkaði þannig að samkeppnishæfni hans aukist, en um leið treysta réttindi og öryggi alls launafólks, ekki síst þess sem býr við óhefðbundin ráðningarskilyrði. Í umræðunni á Evrópuvísu er gjarnan vísað til reynslu Norðurlandþjóða, einkum Danmerkur, hvað þetta jafnvægi varðar.

Af hálfu framkvæmdastjórnarinnar er sérstaklega áréttað að viðfangsefnið nú sé að fjalla um réttindi og stöðu einstaklinga á vinnumarkaði í ljósi þróunarinnar. Hins vegar er Grænbókinni ekki ætlað að fjalla um vinnumarkaðskerfið í Evrópu og aðildarríkjunum, þ.e. reglur og venjur um samskipti aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á Evrópuvísu og í einstaka aðildarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið (NFS) sendi athugasemdir sínar og svör við þeim spurningum sem settar eru fram í Grænbókinni til Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) sem síðan sendi sameiginlegt svar til framkvæmdastjórnar ESB fyrir hönd aðildarsamtaka sinna.

Megininntakið í athugasemdum NFS er mikilvægi þess að styrkja vinnumarkaðskerfi sem byggir á frjálsum samningum samtaka launafólks og atvinnurekenda í aðildarríkjunum og á Evrópuvísu og að sköpuð séu sem jákvæðust skilyrði fyrir slíku fyrirkomulagi.

## **Þjónustutílskipun ESB**

Evrópuþingið samþykkti 15. nóvember 2006 tillögu að tílskipun um þjónustuviðskipti. Ráð ESB hafði þegar samþykkt tillöguna og var hún endanlega staðfest 12. desember 2006. Aðildarríki ESB hafa allt að þrjú ár, til ársloka 2009, til að hrinda tílskipuninni í framkvæmd.

Þar sem þjónustutílskipunin byggir á grundvallarreglu innri markaðar Evrópusambandsins (og Evrópska efnahagssvæðisins) um frjáls þjónustuviðskipti er gengið út frá því að hún verði einnig hluti af reglum á Evrópska efnahagssvæðinu og þar með lögtekin hér á landi. Reiknað er með því að formlega verði tekin ákvörðun í þá veru á vettvangi Sameiginlegu EES nefndarinnar á árinu 2007 og að síðan hafi EFTA-EES ríkin (Ísland, Noregur og Liechtenstein) frest til loka árs 2009 til að hrinda henni í framkvæmd.

Aðdragandi þjónustutílskipunarinnar og efni hennar hafa ítrekað verið til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins og ETUC. Í janúar 2007 sendi Alþýðusambandið utanríkisráðuneytinu, sem fer með málið hér á landi erindi ásamt ítarlegri umsögn og athugasemdum við tílskipunina. Bréf ASÍ fylgir hér með.

*Utanríkisráðuneytið  
b.t. Berglindar Ásgeirsdóttur  
Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík*

*Reykjavík, 22. janúar 2007.*

*Varðar: Þjónustutílskipun Evrópusambandsins nr. 2006/123/EB*

*Alþýðusambandi Íslands barst erindi frá utanríkisráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um tílskipun Evrópusambandsins um þjónustu á innri markaðinum. Umsögn ASÍ fylgir hér á eftir.*

### **Inngangur**

*Tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem hún lagði fram í byrjun árs 2004 hafði að markmiði að ryðja úr vegi hindrunum varðandi frjáls þjónustuviðskipti á sameiginlegum markaði ESB (og á Evrópska efnahagssvæðinu). Tillagan mætti strax frá fyrsta degi mikilli andstöðu af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, og ýmissa stjórnmálaafila og frjálsra félagasamtaka í Evrópu.*

*Í umsögn sinni um drög framkvæmdastjórnarinnar að tílskipuninni benti Evrópusamband verkalýðsfélaga á að evrópsk verkalýðshreyfing hefur stutt ákvörðunina um sameiginlegan innri markað Evrópuríkja sem stuðlað gæti að meiri hagvexti, aukinni atvinnu, betri störfum og velferð í Evrópu. Verkalýðs-*

*hreyfingin lagði hins vegar áherslu á að tillaga framkvæmdastjórnar ESB að tilskipun um þjónustuviðskipti væri meingölluð og með öllu óásættanleg. Hún ógnar réttindum og kjörum launafólks, núverandi fyrirkomulagi samskipta á vinnumarkaði og réttinum til að semja um kaup og kjör. Þá gæti framkvæmd hennar stórlega skaðað grundvöll almannaþjónustu í ríkjum Evrópu og þá samfélagsgerð sem Evrópusamvinnan byggir á um réttindi og velferð þegna-anna og félagslega samstöðu.*

*Með framangreind sjónarmið í huga lagðist verkalýðshreyfingin alfarið gegn samþykkt tillögunnar nema á henni yrðu gerðar umfangsmiklar og gagngerar breytingar. Alþýðusamband Íslands kom þessum sjónarmiðum sínum á framfæri í gegnum aðild sína að Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC). Jafnframt lagði ASÍ ríka áherslu á að íslensk stjórnvöld styddu þessi sjónarmið og létu það koma fram í samstarfi stjórnvalda á norrænum og evrópskum vettvangi, enda ljóst að tillagan mundi hafa sambærilegar afleiðingar hér og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.<sup>3</sup>*

### **Starfið skilar árangri**

*Baráttu verkalýðshreyfingarinnar á Evrópuvísu og heimafyrir í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og samstarf við pólitíska bandamenn hennar skilaði árangri í febrúar á þessu ári. Þá náðist samkomulag á milli stærstu fylkinganna á Evrópuþinginu um mikilvægar breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar.*

*Sáttin sem náðist á Evrópuþinginu þýddi að komið var til móts við gagnrýni samtaka launafólks í öllum veigamestu atriðum:*

- Fallið var frá svokallaðri „upprunalandsreglu“, sem þýðir að aðildarríkin geta sjálf haft nauðsynlegt eftirlit með þjónustuviðskiptum og starfsemi þjónustufyrirtækja og sett eigin reglur til að vernda almanna-hagsmuni.*
- Vinnuréttur er alfarið utan gildissviðs tilskipunarinnar og sérstaklega þættir er varða réttindi útsendra starfsmanna.*
- Grundvallarréttur launafólks og samtaka þess gagnvart erlendum þjónustuveitendum til að gera kjarasamninga og til félagslegra aðgerða er virtur.*

---

<sup>3</sup> Sjá nánar greinargerð ASÍ frá 30. nóvember 2004 [http://www.asi.is/displayer.asp?cat\\_id=2&module\\_id=220&element\\_id=2548](http://www.asi.is/displayer.asp?cat_id=2&module_id=220&element_id=2548). Bréf sama efnis var sent utanríkisráðherra, forsetisráðherra og félagsmálaráðherra 8. desember s.á., þar sem lagt var að íslenskum stjórnvöldum að fylgja eftir sjónarmiðum og áherslum Alþýðusambandsins í samskiptum við stjórnvöld í öðrum Evrópuríkjum og á vettvangi EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins.

- *Almannaþjónusta og þjónusta er varðar almannahag, svo sem heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta, eru undanskyldar frá gildissviði tilskipunarinnar.*
- *Umdeild svið, svo sem starfsmannaleigur og einkarekin öryggisgæsla, eru undanskilin.*

*Evrópusamband verkalýðsfélaga taldi að þær breytingar sem samþykktar voru á Evrópuþinginu í febrúar sl. hafi verið mikill sigur fyrir verkalýðshreyfinguna og allan almenning í Evrópu. Framkvæmdastjórn ESB og ráð Evrópusambandsins staðfestu þá sátt sem náðist á Evrópuþinginu fyrir sitt leyti í byrjun sumars. Tilskipunin var síðan afgreidd á Evrópuþinginu 15. október sl. og formlega staðfest 11. desember 2006.*

*Við lokameðferð Evrópuþingsins komu fram tillögur frá jafnaðarmönnum um frekari lagfæringar á orðalagi tilskipunarinnar, með það að markmiði að taka af öll tvímæli um gildissvið hennar og takmarkanir m.a. hvað varðar vinnumarkaðsmál. Á þær tillögur var ekki fallist en hins vegar flutti fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB ræðu á þinginu sem ætlað var að mæta óskum um að tekin væru af öll tvímæli um gildissvið tilskipunarinnar og skýra þá þætti sem kynnu að vera óljósir. Þá hefur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að hún muni gefa út leiðbeiningar sem árétti þann skilning sem verkalýðshreyfingin hefur lagt í efni tilskipunarinnar.*

*Evrópusamband verkalýðsfélaga hefur lýst yfir að þrátt fyrir þá niðurstöðu sem nú hefur fengist muni það áfram berjast fyrir umbótum á ýmsum sviðum er tengjast tilskipuninni. Unnið verði að betri reglusetningu á Evrópuvísu um almannaþjónustu og þrýst á um mikilvæga reglusetningu einkum varðandi umdeild svið eins og starfsemi starfsmannaleiga. Jafnframt hefur sambandið hvatt aðildarsamtök sín til að fylgjast vel með og taka virkan þátt í innleiðingu þjónustutilskipunarinnar í löggjöf aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og framkvæmd hennar með það að markmiði að gæta hagsmuna launafólks á vinnumarkaði og tryggja öfluga og góða almannaþjónustu.*

### **Verkefni Alþýðusambands Íslands**

*Í fyrsta lagi mun Alþýðusamband Íslands á næstu mánuðum og misserum fylgjast náið með umræðunni um innleiðingu þjónustutilskipunarinnar á Evrópuvettvangi og taka virkan þátt í stefnumótun og starfi Evrópusambands verkalýðsfélaga að þessu máli.*

*Í öðru lagi mun Alþýðusambandið kynna þjónustutilskipunina, túlkun á efni hennar og afstöðu og leiðbeiningar Evrópskrar verkalýðshreyfingar um góða framkvæmd hennar fyrir aðildarsamtökum sínum, stjórnámálamönnum og öðrum sem málið varðar.*

*Í þriðja lagi mun Alþýðusambandið fylgjast náið með umfjöllun um*

þjónustutílskipunina á vettvangi EFTA og taka virkan þátt í þeirri umfjöllun ásamt embættismönnum, stjórnámálamönnum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins í gegnum Ráðgjafarnefndir EFTA og EES og með beinum samskiptum við framangreinda aðila.

Í fjórða lagi mun Alþýðusambandið taka virkan þátt í umræðum um lögleiðingu efnis þjónustutílskipunarinnar hér á landi og beita sér af afli fyrir því að sú lögleiðing verði með þeim hætti að hagsmunir launafólks verði virtir að fullu og að ekki verði vegið að almannaðjónustu og velferðarkerfinu hér á landi.

### **Þjónustutílskipunin og lögleiðing hennar hér á landi**

Sameiginlega EES nefndin mun á næstunni fjalla um þjónustutílskipunina og taka ákvörðun um það hvort tílskipunin verði hluti af reglum á Evrópska efnahagssvæðinu. Tílskipunin er grundvölluð á ákvæðum innri markaðar EES um frjáls þjónustuviðskipti og er því ekki ástæða til að ætla annað en að hún verði staðfest sem hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í framhaldinu lögtekin hér á landi, í síðasta lagi fyrir árslok 2009.

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að við innleiðingu þjónustutílskipunarinnar verði af hálfu stjórnvalda og Alþingis haft náðið samráð við samtök launafólks um allan undirbúning, löggjöfina sjálfa og framkvæmd hennar. Í því sambandi vill Alþýðusambandið leggja sérstaka áherslu á tvennt sem varðar launafólk og allan almenning einkar miklu.

Í fyrsta lagi er grundvallaratriði að þess verð gætt við lögleiðingu tílskipunarinnar hér á landi að hún raski í engu kjörum og réttindum launafólks á íslenskum vinnumarkaði samkvæmt kjarasamningum og lögum eða þeim reglum og venjum sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins.

Í þessu sambandi leggur Alþýðusamband Íslands ríka áherslu á að lögfest verði sem allra fyrst frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, sem afgreitt var í ríkisstjórninni 8. desember sl. Með því að þetta frumvarp verði að lögum eru tekin af öll tvímæli um að erlendir starfsmenn þjónustufyrirtækja sem veita tímabundið þjónustu hér á landi og starfsmanna starfsmennaleiga njóti sömu eða sambærilegra réttinda og starfsmenn fyrirtækja sem skráð eru hér á landi.

Jafnframt leggur Alþýðusambandið ríka áherslu á að hrint verði í framkvæmd sem allra fyrst sameiginlegum tillögum ASÍ og SA frá 22. júní 2006 um frekari aðgerðir til að styrkja íslenskan vinnumarkað og treysta m.a. sérstaklega stöðu erlends launafólks sem hér starfar, þ.m.t. starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að samhliða lögleiðingu þjónustutílskipunar-

*innar fari fram víðtæk umræða og samráð stjórnvalda, Alþingis, aðila vinnu-  
markaðarins og annarra sem málið varðar um inntak og markmið almanna-  
þjónustunnar hér á landi. Mikilvægt er að tekin verði af öll tvímæli um að hér  
á landi eigi að efla og treysta almannaþjónustu og velferðarkerfi sem byggir á  
Norræna samfélagslíkaninu. Markmiðið á að vera að skilgreina rétt íbúanna  
til almannaþjónustu á sviði mennta- og heilbrigðismála, almannatrygginga og  
félagslegrar þjónustu. Og jafnframt hvernig best verður tryggt að allir íbúar  
hafi aðgang að slíkri þjónustu, óháð félagslegri stöðu og efnahag og að hún  
sé af góðum gæðum.*

## **NETLEX - árlegur fundur lögfræðinga allra aðildarsamtaka ETUC**

Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Brussel 9.-11. nóvember 2006. Á honum var m.a. fjallað um sameiginleg vandamál er lúta að túlkun á ýmissi nýrri vinnuréttarlöggjöf Evrópusambandsins en einnig um þróun Evrópsks vinnuréttar almennt. Tekin var sérstök umræða um lögfræðileg vandamál tengd umræðunni um sveigjanleika og öryggi auk þess sem rætt um var réttarstöðu launafólks í tilfallandi störfum. Gott yfirlit var gefið um helstu nýmæli í dómum og greinargerðum frá Evrópudómstólnum.

## **Ráðgjafarnefnd EFTA**

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnu- og markaðarins í EFTA löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

## **Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar**

Ráðgjafarnefnd EFTA setti sér sérstaka starfsáætlun fyrir árið 2007. Áætlunin tekur eðli málsins mjög mikið mið af því sem er á gerast á vettvangi Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins um þessar mundir. Helstu áherslurvið í starfi nefndarinnar á árinu 2007 eru: Sameiginlegi vinnu- og markaðurinn og innflytjendamál, orkumál á Evrópuvísu, norræna víddin

í samstarfi Evrópuríkja og nágretta þeirra og viðskipti EFTA ríkjana við ríki utan Evrópu. Á tímabilinu ályktaði ráðgjafarnefndin um viðfangsefni sín, ein sér eða í samstarfi við aðila frá Evrópusambandinu í ráðgjafarnefnd EES.

## **Ráðgjafarnefnd EES**

Haldinn var fundur í Ráðgjafarnefnd EES í Gdansk í maí 2007 þar sem sérstaklega var fjallað um orkustefnu fyrir Evrópu, frjálsa för launafólks og innflytjendamál, norrænu víddina í Evrópusamvinnunni og helstu mál á vettvangi EES og ESB. Sérstaklega var ályktað um orkumálin.

## ***Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO***

### **96. þing ILO**

#### ***Sendinefndin***

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sótti þingið á lokadögum. Í sendinefndinni sátu að öðru leyti af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra í Genf og ásamt honum Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneytinu auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon. Þau Björn Ágúst Sigurjónsson frá ASÍ (RSÍ) og Guðrún Bjarnadóttir frá BSRB (SFR) sóttu Genfarskólann að þessu sinni.

Hér á eftir er greint frá helstu málefnum þingsins.

#### ***Samþykkt um réttarstöðu fiskimanna***

Sævar Gunnarsson átti sæti í þessari nefnd. Um drög að samþykkt þessari var fjallað á 93. og 94. þingi ILO og kom hún til atkvæðagreiðslu á því 94. Þá náði hún ekki tilskyldum fjölda atkvæða og var því sett á dagskrá að nýju á því 96. Fram fór ein umræða og var samþykktin að lokum samþykkt með nokkrum breytingum frá því sem verð hafði á 94. þinginu. Stjórnvöld flestra ríkja voru tilbúin að ganga frá textanum eins og hann var 2005, en atvinnurekendur og verkafólk vildu ná fram nokkrum mikilvægum breytingum. Var í þessu sambandi sett á stofn nefnd, fjórir frá hvorum aðila vinnumarkaðarins og þar voru málin jafnan frágengin. Tillögur um breytingar aðrar en þær sem komu frá stjórnvöldum voru þess vegna nánast alltaf sameiginlegar tillögur atvinnurekenda og verkafólks. Mun þetta vera í fyrsta skipti sem svona er unnið á ILO þingi. Aldrei í allri vinnunni kom til þessa að greidd væru atkvæði um einstaka liði. Helstu nýmælin eru að góð sátt tókst um stærðarviðmiðanir hvað varðar einstök ákvæði samþykktarinnar (sanhengi lengdar og burðargetu). Tillaga Japana sem kom fram fyrir þingið greiddi götu þess að þeir gætu samþykkt



tillögurnar í heild. Vandamálið frá 2005 varðandi stærðir var að bygging fiskiskipa í Evrópu og Asíu er mjög ólík. Í Evrópu er skipin breið og stutt, en í Asíu mjög og löng. Og þar sem samþykktin gerir ráð fyrir að hún nái til skipa sem eru 24 og lengri þá hefur þetta mikla þýðingu. Ný ákvæði komu einnig inn varðandi skuldbindingar við gildistöku og hægt nú að hrinda henni í framkvæmd í áföngum og eftir fyrirframgerðri áætlun (progressive implementation). Í ályktun sem fylgir er ILO falið að hjálpa ríkjum þar sem stofnanir stjórnvalda munu eiga í vandræðum með að vinna samkvæmt samþykktinni. Jafnframt tókst sátt um ákvæði er varða starfsmenn starfsmannaleigna um borð í fiskiskipum og rétt að vekja sérstaka athygli á því að skv. 22.gr. samþykktarinnar ber útgerð sem leigir til sín starfsmenn, fulla og óskoraða ábyrgð á vanefndum starfsmannaleignar og er í því efni vísað til samþykktar nr. 181 sem Ísland hefur ekki staðfest en það skiptir ekki máli, verði þessi fiskimannasamþykkt staðfest hér á landi því ábyrgðarákvæðin standa sjálfstætt. Til að geta notað starfsmannaleigur verður sú þjóð að hafa staðfest samþykkt nr. 181, til að geta notfært sér þennan hluta samþykktarinnar.

Samþykkt þessi er þannig úr garði gerð og ekkert er því til fyrirstöðu að hún verði staðfest hér á landi við fyrsta tækifæri. Aðeins þarf 10 þjóðir til að hún taki gildi.

### ***Styrking ILO á tímum hnattvæðingar***

Aðaltalsmaður launafólks í stjórn ILO, Leroy Trottman var talsmaður verkafólks í nefndinni. Að venju var kjörin 4 manna stjórn nefndarinnar sem vinnur með talsmanninum. Hlutverk hennar er að meta og skipuleggja viðbrögð meðan nefndin starfar og meðan leitað er sátta um niðurstöður sem að jafnaði er gert utan hefðbundinna nefndarfunda. Magnús M. Norðdahl var kjörinn í þessa stjórn úr hópi þeirra 120 fulltrúa verkafólks sem í nefndinni sátu, en hann var jafnframt talsmaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar í nefndinni.

Til grundvallar starfi nefndarinnar lá ítarleg skýrsla sem raunar barst með nokkuð stuttum fyrirvara fyrir þingið. Þar er farið yfir innri stjórnun stofnunarinnar, hvernig stofnunin starfar með aðildarríkjunum á tímum hnattvæðingarinnar og hvernig störf hennar og stefna skila sér inn í störf annarra stofnana Sameinuðu Þjóðanna og annarra skyldra stofnana. Störf nefndarinnar hafa verið undirbúin nokkur síðustu ár. Hluti þess undirbúnings var að vinna stefnu stofnunar um „Mannsæmandi störf“ fylgi í alþjóðasamfélaginu. Það hefur tekist og vísa aðrar alþjóðastofnanir nú mjög gjarnan til hennar þegar fjallað er um efnahags- og þróunarstöð. Það sem sátt náðist um og sem stefnt er að taki á sig mynd í sérstakri bindandi yfirlýsingu sem afgreidd verði á næsta þingi, felst í þremur megin hugmyndum.



Í fyrsta lagi að sérstakri reglulegri skýrslugerð um fjórar stoðir stefnunnar um Mannsæmandi störf verði komið á. Þær hugmyndir sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að skýrslum verði skilað um grundvallarréttindi launafólks, félagslegt öryggi, hæfni launafólks og fyrirtækja og loks um félagslega samræðu (social dialog). Skýrslum verði skilað um einn flokk í einu þ.a. 4 hvert ár sé skýrslu skilað um hvern þátt fyrir sig. Í öðru lagi, að sett verði upp sérstök nefnd á hverju ILO-þingi til þess að fjalla um þessar skýrslur og koma með niðurstöður og tillögur um efni hverrar fyrir sig. Í þessu felst einnig að ekki verður rými fyrir nema eina tæknilega nefnd að auki en þær eru tvær núna. Í þriðja lagi er tilgangurinn að ILO geti betur fylgst með þróun í hverjum málaflokki og sniðið þjónustu sína til samræmis við hana. Þannig megi einnig skipuleggja betur þau efni sem réttlætt geta annað hvort endurskoðun núverandi samþykkt eða setningu nýrra.

Í heild er talið að þessar breytingar muni leiða til þess að starfsemi ILO verði skilvirkari og geti betur en nú, veitt aðildarríkjum sínum nauðsynlega þjónustu og leiðbeiningu á tímum þess mikla hraða sem alþjóðavæðingunni fylgir. Niðurstöður þessara nefndar voru afgreiddar í mikilli eindrægni og jafnframt samþykkt að á milli þinga verði efnt til víðtæks samráðs og samræðu um það hvernig málið verður lagt upp á næsta þingi.

### ***Sjálfbær fyrirtæki***

Niðurstöðurnar eru allangar og er skipt m.a. upp í kafla sem beinast að stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins og ILO. Niðurstaða náðist í henni um þá megin þætti sem talið er að einkenni sjálfbær fyrirtæki en þar er helst talið upp; að þau geti ekki starfað nema þar sem almennar reglur réttarríkja séu virtar; að rekstur þeirra byggi á því að tryggja eðlilegt jafnvægi milli þeirra verðmæta sem þau nota þ.e. vinnuafli, fjármuna og náttúruauðæfa; að þau þarfnist sjálfbærra samfélaga þar sem enginn sé útilokaður frá þátttöku og jafnrétti kynjanna virt og að lokum að bæði fyrirtækin sjálf og þau samfélög þar sem þau starfa virði og hrindi í framkvæmd stefnu ILO um mannsæmandi störf fyrir alla. Að lokum eru taldar upp þær Samþykktir ILO og þau tilmæli sem sérstaklega varða málaflokkinn og í umræðum við afgreiðslu skýrslu nefndarinnar var hvatt til þess að þær yrðu staðfestar. Hér er um að ræða samþykktir nr. 81 um vinnueftirlit, 94 um opinber innkaup og 183 um vernd þung- aðra kvenna og loks nr. 135 um trúnaðarmenn en engin þessara hefur verið staðfest hér á landi. Vinna við staðfestingu S-81 stendur þó yfir. Jafnframt var vísað til tilmæla nr. 189,193,195 og 198 sem ekki hafa verið staðfestar heldur hér á landi.

### *Nefnd um framkvæmd Samþykkt*

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum var sérstök umræða um ástandið í Mýanmar (Burma). Þar kom fram að stjórnvöld hafa ekki gert það sem skorað hefur verið þau á gera og varðar fyrst og fremst viðvarandi nauðungarvinnu og kúgun samtaka launafólks og atvinnurekenda. Á landinu er viðskiptabann frá mörgum aðildarríkjum SP. Þrátt fyrir það hafa Íslendingar á fyrstu fjórum þessa árs flutt inn vörur frá Mýanmar fyrir 3 milljónir og virðist sem lítil breyting hafi orðið á innflutningi síðustu ár en full ástæða til þess að taka þau mál til gagngerrar skoðunar. Útflutningur þangað er hins vegar enginn. Í nefndinni var að öðru leyti fjallað um brot 26 aðildarríkja á 12 Samþykktum stofnunarinnar.

### *Fjárlög ILO*

Gylfi Kristinsson leiddi störf fjárhagsnefndar stofnunarinnar og var kjörinn til þeirra starfa úr hópi fulltrúa ríkisstjórna allra aðildarríkja ILO en þær einar eiga sæti í þessari nefnd. Samkvæmt samþykkttri fjárhagsáætlun ILO mun Ísland greiða um það bil 0.037% af rekstri stofnunarinnar næstu tvö árin eða c.a. kr. 7.8 milljónir hvort ár. Fjárlögin eru án vaxtar milli ára og taka einungis mið að verðbreytingum.

### *Mat*

Magnús M. Norðdahl sat eins og fyrr segir í stjórn þeirrar nefndar sem stýrði störfum verkafólks í nefndinni um styrkingu ILO og Gylfi leiddi eins og áður segir störf fjárhagsnefndarinnar. Félagsmálaráðherra sótti síðan þingið og fjallaði í ræðu sinni fyrst og fremst um jafnréttismál. Segja má því að íslenska sendinefndin hafi verið nokkuð virk. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans. Vakin er sérstök athygli á umfjöllun um barnavinnu í Kína (Samþykkt 182) og nauðungarvinnu í Mýanmar (Burma). Annars vegar þar sem Ísland á nú í fríverslunarviðræðum við Kína og hins vegar vegna þess að þrátt fyrir viðskiptabann á Mýanmar halda Íslendingar áfram innflutningi þaðan þó lítil sé.

### *Þríhliða nefnd ILO á Íslandi*

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni á hverjum sex vikum. Á starfsárinu var tekinn af hálfu ASÍ slagur við félagsmálaráðuneytið og SA um ásættanlega starfshætti við kynningu og meðferð nýrra samþykkt og tilmæla ILO. Sérfræðinganefnd Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar (ILO) sem er annar mikilvægasti hlekkurinn í eftirlitskerfi Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar gerði á árinu athugasemdir við meðhöndlun íslenskra stjórvalda á nýjum sam-

þykktum og tilmælum sem hljóta samþykki Alþjóðavinnumálaþingsins. Athugasemdin kemur í kjölfar kvörtunar sem ASÍ sendi nefndinni þann 24.8 2006. Málavextir eru þeir, að hér á landi hefur tíðkast að félagsmálaráðherrar leggi fram til kynningar á Alþingi þær samþykktir og þau tilmæli sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa samþykkt hverju sinni. Með kynningunni hefur ekki fylgt afstaða stjórnvalda til staðfestingar og ekki verið gert ráð fyrir umræðu. Nokkur undanfarin ár hefur ASÍ hvatt stjórnvöld til þess að breyta þessu verklagi sem ASÍ hefur talið andstætt stjórnarskrá ILO og samþykktum starfsreglum. Samkvæmt þeim beri stjórnvöldum að leggja slíkar gerðir fyrir Alþingi ásamt með afstöðu sinni til þess hvort viðkomandi gerð skuli staðfest hér á landi eða ekki eða eftir atvikum hvort ákvörðun sé frestað. Slíka afstöðu á að taka að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Tilgangur þess arna er sá, að viðkomandi gerðir fái umræðu á viðeigandi vettvangi aðildarríkja ILO. Þar sem tilmæli ASÍ hér innanlands báru ekki árangur sendi sambandið Sérfræðinganefnd ILO erindi þann 24.8 2006 og kvartaði yfir framkvæmd stjórnvalda. Nefndin gaf félagsmálaráðherra tækifæri til andsvara og voru þau veitt með bréfi þann 25.9 2006. Nefndin fjallaði síðan um málið á fundi sínum nýverið og gerði í framhaldinu athugasemd til íslenskra stjórnvalda. Þar er sú málsmeðferð sem á að viðhafa ítrekuð en hún er í samræmi við þau tilmæli sem ASÍ hefur sett fram. Athugasemd Sérfræðinganeftdarinnar er hluti af skýrslu nefndarinnar sem lögð verður fram á þingi ILO 2007.

Í kjölfar þessarar niðurstöðu hefur vinnubrögðum í þríhliðanefnd ILO verið breytt. Nokkur fyrirstaða er enn til staðar gagnvart því að hrinda tilmælum sérfræðinganeftdarinnar að fullu í framkvæmd en sá árangur hefur náðst að ekki er skilist við einstök mál án þess að niðurstaða sé fengin. Nefndin hefur nú til meðferðar hugsanlega staðfestingu 5 samþykktta og 2 tilmæla. Þar á meðal er Samþykkt nr. 158. Félagsmálaráðherra fól Rannsóknarsetri vinnuréttar- og jafnréttismála að gera tillögu um það með hvaða hætti mætti hrinda meginefni samþykktarinnar í framkvæmd hér á landi. Niðurstöðu átti að skila fyrir árslok 2006 en skýrsla kom loks í september 2007. Niðurstaða Rannsóknarsetursins er sú að málið sé flókið og pólitískt. Það kom ekki á óvart enda nákvæmlega ástæða þess að ráðherra fól rannsóknarsetrinu þetta verkefni. Engar tillögur fylgdu meintum niðurstöðum og er málið því enn í pattstöðu innan nefndarinnar.

### ***Norræna ILO samstarfið***

Fulltrúar norrænu verkalyóðshreyfingarinnar á Norðurlöndunum hittust þrisvar á síðasta starfsári. Á þessum fundum er afstaða okkar til einstakra dagskrármála í Stjórnarnefnd ILO rædd auk þess sem ILO þingin eru undirbúin, verkum og ábyrgð skipt vegna þeirra.



*Í lok apríl varð til eitt af stærstu verkalýðsfélögum landsins, þegar AFL, starfsgreinafélag varð til með sameiningu AFLs, starfsgreinafélags Austurlands, Verkalýðfélags Reyðarfjadrar og Vökuls, stéttarfélags.*

## Lagabreytingar og skipulagsmál

### *Laganefnd*

Laganefnd ASÍ kom saman til 6 funda á starfsárinu og afgreiddi á þeim til miðstjórnar umsagnir um 18 lagabreytingar einstakra aðildarsamtaka. Eins og áður var um að ræða í flestum tilvikum minniháttar breytingar vegna sameiningar aðildarféлага og breytingar gerðar í framhaldi af leiðbeiningum miðstjórnar.

### *Skipulags- og starfsháttanefnd*

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman til 6 funda á starfsárinu. Skv. breyttum lögum ASÍ skulu aðildarfélög ASÍ senda sambandinu reglugerðir sjúkrasjóða sinna til staðfestingar. Nefndin hefur haft til meðferðar reglugerð 61 sjúkrasjóðs en tveir sjóðir hafa ekki skilað reglugerðum sínum til staðfestingar. Þar af staðfesti nefndin 53 reglugerðir þannig að þær uppfylli skilyrði laga ASÍ. 8 reglugerðum var vísað til miðstjórnar þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði laga ASÍ og hefur nefndin fengið þau mál til meðferðar í því skyni að fylgjast með og knýja fram nauðsynlegar breytingar.

Á starfsárinu fól miðstjórn ASÍ nefndinni að gera tillögu að samstarfs-samningi aðildarfélaganna ASÍ. Lauk hún því verki í maí 2007 og miðstjórn af sinni hálfu í júní. Undir samninginn rita auk ASÍ, öll landssamböndin en auk þess félög með beina aðild sameiginlega. Samningurinn byggir á 14. gr. laga ASÍ og er svo hljóðandi.

### **SAMSTARF**

aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands um leikreglur vegna sameiginlegra mála við gerð og endurnýjun kjarasamninga 2007-2008

#### **1. gr.**

Samstarfið er byggt á 14. gr. laga ASÍ. Aðild að samstarfinu og samningi þessum eiga öll landssambönd ASÍ, VR, félög með aðild að samningi Flóabandalagsins og félög með beina aðild.

#### **2. gr.**

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að samræma aðgerðir sínar í sameiginlegum málum við atvinnurekendur og stjórnvöld. Í þeim málum sem sameiginlegt umboð er veitt til hverju sinni, kemur samninganefndin fram fyrir hönd hlutaðeigandi aðila við samningsgerðina og fylgir samningunum eftir á samningstímanum.

#### **3. gr.**

Í samninganefnd á vettvangi ASÍ skulu eiga sæti auk forseta ASÍ, einn fulltrúi frá hverju landssambandi ASÍ, einn sameiginlegur fulltrúi félaga með aðild að samningi Flóabandalagsins, einn fulltrúi VR og einn sameiginlegur fulltrúi félaga með beina aðild. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri ASÍ vinni með nefndinni.

#### **4. gr.**

Samninganefnd á vettvangi ASÍ skal skipuð með góðum fyrirvara í aðdraganda kjarasamninga hverju sinni. Forseti ASÍ kallar nefndina saman og stýrir störfum hennar.

Samninganefndin skal að jafnaði koma saman ekki síðar en fjórum mánuðum áður en fyrstu aðalkjarasamningar verða lausir hverju sinni.

#### **5. gr.**

Umboð samninganefndar á vettvangi ASÍ tekur til eftirfarandi þátta:

a. Gerðar sérstakrar viðræðuáætlunar um þá þætti kjarasamninganna sem samkomulag er um.

- b. Tryggingarákvæða á gildistíma kjarasamninga
- c. Skipan og umboð sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra
- d. Viðræðna og samkomulags við stjórnvöld (ríki og sveitarfélög) um mál er varða þau ekki sem aðila kjarasamninga.

#### **6. gr.**

Samninganefndin hefur umboð samkvæmt samningi þessum til að ganga til samninga við atvinnurekendur fyrir hönd aðila samstarfsins í samræmi við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

#### **7. gr.**

Í samninganefndinni skal leitast við að ná einróma samstöðu í málum. Samninganefndinni er heimilt að taka skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða enda hafi allir fulltrúar í nefndinni samþykkt að viðhafa slíka atkvæðagreiðslu skv. 6.mgr. 29.gr. laga ASÍ.

Hafi samningsaðilar ákveðið að fjalla sameiginlega um tryggingarákvæði á gildistíma kjarasamninga og/eða skipan og umboð sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra sbr. 5.gr. b og c lið, tekur nefndin skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða í samræmi við 1.mgr.

#### **8. gr.**

Samstarfssamningur þessi gildir til loka næsta samningstímabils.

### **Sameining félaga á Austurlandi**

Löngu ferli sameiningar stéttarfélaga á Austurlandi (Afls starfsgreinafélags, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar og Vökuls) lauk í mars 2007 en félagssvæði þess tekur yfir allan Austfirðingafjórðung. Í fjórðungnum eru nú starfandi auk landsfélaga, 2 aðildarfélög ASÍ en það eru hið nýja félag og Verslunarmannafélag Austurlands. Félögin höfðu áður leitað aðstoðar lögfræðings ASÍ í málinu og stýrði hann viðræðum félaganna. Félagið var formlega stofnað þann 27. apríl 2007.

### **Úrsögn Sjómannafélags Íslands**

Sjómannafélag Reykjavíkur (SR) og Matsveinafélag Íslands (MÍ) áttu bæði aðild að ASÍ og Sjómannasambandi Íslands (SSÍ). Þau hafa sameinast undir merkjum Sjómannafélags Íslands (SÍ). Sameining þessara tveggja aðildarfélaga ASÍ hafði sem slík ekki áhrif á aðild þess að ASÍ eða SSÍ. Hið nýja félag efndi til allsherjaratkvæðagreiðslu fyrr í janúar 2007 um úrsögn úr SSÍ

og var hún samþykkt. Í framhaldi fjölmiðlaviðtala við forsvarsmenn SÍ, þar sem fram kom að þeir virtust telja þá atkvæðagreiðslu jafngilda úrsögn úr ASÍ, var félaginu ritað bréf þann 10.1 2007 og athygli þess vakin á því að viðhafa þyrfti sérstaka allsherjaratkvæðagreiðslu um úrsögn úr ASÍ. Í bréfinu sagði:

„Miðstjórn vill vekja athygli á því, að um úrsögn úr ASÍ fer skv. 17.gr. laga ASÍ þar segir m.a.: Úrsögn úr Alþýðusambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 2/3 atkvæða að viðhafri allsherjaratkvæðagreiðslu í aðildarfélaginu. [...] Atkvæðagreiðslan skal fara fram, ef tillaga þar um hefur verið samþykkt á lögmatum félagsfundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði að slík tillaga liggi fyrir. Atkvæðagreiðslunni skal hagað eftir reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur. Slík atkvæðagreiðsla er því aðeins bindandi um úrsögn úr ASÍ að sérstaklega hafi verið greidd atkvæði um sjálfstæða tillögu um úrsögn úr ASÍ sem sé óháð úrsögn úr viðkomandi landssambandi.“

Í framhaldi þessa bréfs ákvað félagið að efna til sérstakrar atkvæðagreiðslu um úrsögn úr ASÍ. Hún virðist hins vegar ekki hafa farið fram í samræmi við ofanritað. Fundur var boðaður um tillögu um úrsögn úr ASÍ. Tillagan virðist hafa verið samþykkt á fundinum og hófst atkvæðagreiðsla kl. 16:00 þann sama dag og var ætlað að standa til föstudagsins 26.1. Þann 29.1 var haft samband við skrifstofu ASÍ og óskað eftir því að lögfræðingur ASÍ yrði viðstaddur talningu atkvæða kl. 16:00 þann sama dag. Við því var orðið án nokkurra skuldbindinga. Úr innsigliðum kjörkassa komu 43 atkvæði sem öll samþykktu úrsögn félagsins úr ASÍ. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar og formleg úrsögn félagsins úr ASÍ var tilkynnt með bréfi dags. 30.1 2007. Skv. 17.gr. laga ASÍ skal allsherjaratkvæðagreiðslu haga skv. reglugerð ASÍ um framkvæmd hennar. Í 1.mgr. 3.gr. reglugerðarinnar segir að miðstjórn ASÍ skuli skipa mann í þriggja manna kjörstjórn og skal hann jafnframt vera formaður kjörstjórnar. SÍ tilkynnti miðstjórn ASÍ ekki um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu og skipaði miðstjórn því ekki formann kjörstjórnar eins og áskilið er að skuli gert. Ekki var af þessum ástæðum hægt að leggja mat á það hvort undirbúningur og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslunnar hafi að öðru leyti samræmst lögum ASÍ og reglugerð miðstjórnar um framkvæmd hennar. Innan SÍ reis ekki ágreiningur um ofangreinda framkvæmd en honum hefðu félagsmenn geta vísað til miðstjórnar ASÍ. Jafnframt hefðu ákvæði 11.gr. laga ASÍ getað orðið virk, teldi miðstjórn að svo miklir annmarkar hafi verið á framkvæmd fyrrgreindrar allsherjaratkvæðagreiðslu að ástæða sé til þess að ætla, að vilji félagsmanna SÍ hafi ekki komið fram í henni en tilgangur þess að miðstjórn ASÍ skipi formann kjörstjórnar er einmitt og m.a. sá að tryggja að svo sé. Miðstjórn ákvað að aðhafast ekki.



*Málefni útlendinga hafa verið fyrirferðarmikil í vinnu starfsfólks á skrifstofu ASÍ á árinu.*

## **Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ**

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við Starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ.

Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2007 og hún síðan samþykkt á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2007.

Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Málefni útlendinga hefur og haldið áfram að móta starf skrifstofunnar á tímabilinu. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni.

### ***Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2007***

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðast liðinn sem hér segir:

Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Grétar Þor-



steinsson, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur, Berglind S. Guðnadóttir, ræstítæknir, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz, hagfræðingur og verkefnisstjóri verðlagseftirlits (er í barnseignafri), Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Ingvar Sverrisson, lögfræðingur, Magnús Norðdal, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, Margrét Sæmundsdóttir, hagfræðingur og verkefnisstjóri verðlagseftirlits og hóf störf þann 1. október, María Haraldsdóttir, bókari, Marianna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Sif Ólafsdóttir fulltrúi og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi, en Guðmundur Rúnar Árnason, upplýsingafulltrúi, Margrét Lind Ólafsdóttir, vefumsjón, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur, og Hrefna Guðmundsdóttir, kynningarfulltrúi létu að eigin ósk af störfum á árinu.

## **ASÍ vefurinn**

Umtalsverð vinna hefur verið lögð í að endurhanna og -skipuleggja vefsvæði ASÍ, bæði hvað varðar útlit og leiðarkerfi. Leitað var hófanna til ýmissa aðila, bæði innandyra og utan, í þessari vinnu og áhersla lögð á að skilgreina alla þá ólíku notendahópa sem nýta sér vef ASÍ. Markmiðið með nýju leiðarkerfi er að þjónusta við þessa markhópa verði á sem bestan hátt og gera þeim kleift að nálgast hlutina á sem einfaldastan og skjótvirkastan hátt á vefnum. Nýr vefur var síðan opnaður þann 1. maí.

## **Starfsmannahandbók ASÍ**

Á starfsárinu var unnið að gerð starfsmannahandbókar fyrir starfsmenn á skrifstofu ASÍ. Er það í fyrsta skipti sem slík handbók er gerð. Í henni er fjallað á ítarlegan hátt um alla helstu þætti sem snúa að störfum á skrifstofu ASÍ auk þess sem gerð er grein fyrir skipulagi sambandsins, valdmörkum stofnana og nefnda, boðleiðum og innra skipulagi. Megináherslan liggur þó á því að gera grein fyrir réttindum starfsmanna og skyldum og skipulagi á skrifstofu ASÍ, deildaskiptingu hennar, innra samstarfi í og utan vinnutíma og starfsmannastefnu. Gerð er einnig grein fyrir ytra starfsumhverfi, tækjum, búnaði og aðstöðu almennt. Með handbókinni fylgja leiðbeiningar og eyðublöð sem starfsmenn kunna að þurfa að nota, skapalón og reglugerðir og samþykktir miðstjórnar sem starfsemina varða. Handbókin var unnin á ábyrgð forseta og

framkvæmdastjóra í samráði við deildarstjóra, trúnaðarmenn og lykilstarfsmenn.



*Alþýðusambandið gaf að venju fjölmargar umsagnir um þingmál.*

## Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

### Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 272. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

Í febrúar sl. sendi ASÍ umsögn um drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis. Þar var að finna nokkrar athugasemdir sem því miður hefur ekki verið tekið tillit til við endurskoðun á drögnum og nauðsynlegt er að áréttu nú.

Frumvarpið hefur fjögur meginmarkmið: Í fyrsta lagi að mæla með skýrum hætti fyrir um grunnskipulag heilbrigðiskerfisins, í öðru lagi að setja forstöðumönnum skýran lagaramma til að stjórna heilbrigðisstofnunum eftir, í þriðja lagi að tryggja eftirlit með rekstri heilbrigðisþjónustu og í fjórða lagi að skilgreina hlutverk ráðherra við stefnumótun og tryggja að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi valdheimildir til að framfylgja stefnu sinni.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir afstöðu ASÍ til frumvarpsdraganna m.t.t. ofanefndra meginmarkmiða.

### **Grunnskipulag**

ASÍ hefur sett fram tillögu um að tekið verði upp „valfrjálst stýrikerfi“ sem stýri aðgangi sjúklinga frá heilsugæslu að sérgreinalæknum.

Sú stefna sem mörkuð er í frumvarpinu að heilsugæslan verði að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga (3. gr.) er í samræmi við þessa tillögu. Það sama má segja um þá viðleitni í frumvarpsdrögunum að skilgreina sérstaklega almenna heilbrigðisþjónusta og sérhæfða (4. gr.).

Í frumvarpsdrögin vantar hins vegar ákvæði um að þessi stefna njóti forgangs umfram önnur hugsanleg markmið. **ASÍ telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það með skýrum hætti í frumvarpinu að stjórnvöld séu skuldbundin til að skipuleggja heilsugæsluna sem grunneiningu kerfisins með það að markmiði að stýra sjúklingum um heilbrigðiskerfið.**

### **Stjórnun / verkaskipting**

ASÍ hefur sett fram tillögu um að verkaskiptingu milli heilsugæslu, sjúkrahúsa og sérgreinalækna eigi að skýra út frá þeirri grunnhugsun að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Í því sambandi sé nauðsynlegt að stórefla heilsugæsluna. Einnig þurfi að endurskoða verkaskiptingu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna annars vegar og sjúkrahúsa hins vegar.

Þær greinar frumvarpsins sem miða að því að skýra stöðu forstjóra heilbrigðisstofnana (8.-13. gr.) eru í samræmi við þessar tillögur. Þær eru einnig vel til þess fallnar að draga fram ábyrgð stjórnenda og stuðla að betri rekstri heilbrigðisstofnana.

Í frumvarpið vantar hins vegar ákvæði um stöðu þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem starfa bæði sem atvinnurekendur á eigin stofum og sem opinberir starfsmenn á heilbrigðisstofnunum. **ASÍ telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í frumvarpinu að settar verði reglur um réttarstöðu starfsmanna sem starfa bæði sem atvinnurekendur og sem opinberir starfsmenn og um viðkomandi stofnun.**

### **Rekstur**

ASÍ hefur sett fram tillögur um að ný rekstrarform verði þróuð í heilbrigðiskerfinu. Fjölbreytni gefi meiri möguleika á því að bregðast við breyttum aðstæðum í samfélaginu. Nauðsynlegt sé þó að tryggja með opinberum stöðlum og eftirliti að gæði þjónustu verði ávallt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni. Einnig þurfi að draga skörp skil um hvaða eignar- og rekstrarform sé heimilt að nota í kjarnaþjónustu heilbrigðiskerfisins.

Þær greinar frumvarpsins sem miða að því að treysta eftirlitshlutverk landlæknis með heilbrigðiskerfinu (23.-26. gr.) koma að nokkru leyti til móts við þessar tillögur.

Í frumvarpið vantar ákvæði um hvaða eignar- og rekstrarform sé heimilt að nota í kjarnaþjónustu heilbrigðiskerfisins. **ASÍ telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í frumvarpinu að undir engum kringumstæðum megi setja sjúkrahús, sem skilgreind eru í 4. gr. frumvarpsins sem grunnþjónusta, undir skilmála markaðskerfisins þar sem hagnaðar- og viðskiptasjónarmið eru grundvöllur starfseminnar.**

ASÍ vill vekja athygli á að til að tryggja eðlilega framkvæmd útboðsheimildar ráðherra (29. gr.) kann að vera nauðsynlegt að heilbrigðisþjónusta sé að einhverju leyti undanþegin samkeppnislögum með formlegum hætti.

### **Stefnumótun**

ASÍ er hlynnt því að heimildir stjórnvalda til að hrinda í framkvæmd heilbrigðisstefnu séu styrktar.

Þær greinar frumvarpsins sem kveða á um að ráðherra fari með umboð ríkisins til samningsgerðar eru í samræmi við þessa afstöðu (3. og 27. gr.). Ennfremur greinar er kveða á um gæði heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og um form og efni samninga (28. gr.).

Í frumvarpinu er hins vegar ekki gerður nægjanlega skýr greinarmunur á „kaupendum“ og „seljendum“. **ASÍ telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í frumvarpinu að framsal samningsumboðs til heilbrigðisstofnana (skv. 30. gr.) leiði ekki til þess að kaupendahlutverk stjórnvalda færist á hendur fleiri aðila.**

### **Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, 24. mál**

Alþýðusambandið hefur þegar gefið umsögn sína um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Þar koma fram meginsjónarmið ASÍ varðandi rekstur Ríkisútvarpsins. Það frumvarp sem nú er gefin umsögn um fer um sumt nær þeim sjónarmiðum sem ASÍ hefur sett fram um stjórnfyriřkomulag og rekstur Ríkisútvarpsins og líkist það stjórnfyriřkomulag sem lagt er til í frumvarpinu því sem Ríkisútvrřp hinna Norðurlandanna búa við.

### **Þingsályktunartillaga um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál**

Í tillögunni er fjallað um refsingar og skaðabætur vegna ærumeiðinga. Um sama efni er að hluta fjallað í umsögn ASÍ um 21 mál og vísast til þeirrar umsagnar hvað varðar þátt skaðabótaréttarins.

Á það er bent sérstaklega að í mörgum tilfellum skal sækja refsingar vegna

ærumeiðinga með einkarefsimálum. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og engin ástæða er til þess að breyta því auk þess sem dómstólar eru mjög sparsamir í mælingu refsinga. Íslensk lagahefð virðist því hafa fundið nokkuð gott jafnvægi í meðhöndlun mála vegna ærumeiðinga þó ætíð geti verið ástæða til þess að huga að samræmi íslenskra laga og alþjóðasamninga um verndun mannréttinda.

### **Frumvarp til laga um niðurtalningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 258. mál**

Alþýðusamband Íslands styður þá viðleitni sem frumvarpið felur í sér og gerir engar athugasemdir við efni þess.

### **Frumvarp til laga um sameignarfélög, heildarlög, 79. mál**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um sameignarfélög. Alþýðusambandið styður efni þessa frumvarps en því er ætlað að staðfesta ákveðnar meginreglur sem gilt hafa um þetta félagsform og um leið er óvissu eytt sem skapast hefur um einstaka þætti þess.

Alþýðusambandið gerir þó athugasemd við það að ekki eru ráðgerðar breytingar á núverandi fyrirkomulagi á skráningu sameignarfélaga. Þannig verður sýslumönnum áfram falið það verkefni að taka við og skrá tilkynningar er varða þessi félög.

Að mati ASÍ eru engin rök fyrir því að annað fyrirkomulag gildi um skráningu þessara félaga en gildir um skráningu allra annarra félaga sem stunda atvinnurekstur hér á landi, sbr. fyrirtækjaskrá RSK.

Sú miðlæga skráning fyrirtækja sem þar fer fram fyrir landið allt, reglubundið eftirlit með því að upplýsingar um fyrirtæki, heiti þeirra og forsvarsmenn séu réttar á hverjum tíma sem og traust aðgengi almennings að þeim upplýsingum eru til þess fallin að skapa traust í samfélaginu og viðskiptalífínu á þeim aðilum sem stunda atvinnurekstur í nafni fyrirtækja.

Með vísan til framanritaðs mælir ASÍ með því að skráning sameignarfélaga verði færð á ábyrgð fyrirtækjaskrár RSK.

### **Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000o.fl., 58. mál**

Frumvarpið snertir ekki með beinum hætti réttindi eða skyldur þeirra starfsmanna sem aðild eiga að aðildarfélögum ASÍ og eru því engar efnislegar athugasemdir gerðar við frumvarpið þó efni þess sé að líkindum umdeilt innan ASÍ líkt og víðar í samfélaginu.

Á það skal þó sérstaklega bent, að í c. lið, b.liðar 5.gr. og samsvarandi í 10.gr. frumvarpsins eru sett sérstök ákvæði um skilyrði áminninga og brott-

vikningar fréttamanna og blaðamanna. Í greinargerð kemur fram að reglurnar miði að því að útiloka, svo sem frekast er kostur, afskipti einstakra eigenda fjölmiðils af fréttaflofningi og annarri sjálfstæðri dagskrágerð. Með þessum hætti er lögfest í raun, að uppsagnir frétt- og blaðamanna skuli rökstuddar með formlegum hætti. Sú stefna samræmist þeirri stefnu ASÍ, að uppsagnir launafólks á Íslandi skuli almennt rökstuddar og hefur ASÍ ítrekað lagt til að samþykkt ILO nr. 158 verði tekin í gildi hér á landi. Ofangreint miðar því máli í rétta átt og hvetur ASÍ Alþingi til þess að vinna bráðan bug að því að samsonar ákvæði verði lögtekin hér á landi um allt launafólk.

## **Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og skaðabótalögum, 21. mál**

Efnislega eru þær breytingar sem lagðar eru til á almennum hegningarlögum til bóta og í samræmi við þróun réttarreglna á því sviði sem um er fjallað. Vakin er hins vegar athygli á því, að með breytingunum eru kynnt til sögunnar tvö ný hugtök sem valdið geta verulegri óvissu í réttarframkvæmd. Annars vegar hugtakið „óþarfa sársauki“ og hins vegar hugtakið „óþarfa vanvirða“. Orðið „óþarfi“ er hvernig notað í hegningarlögum til þess að lýsa broti eða afleiðingum brota og mun gefa tilefni til óvissu um refsineami.

Þær breytingar sem lagðar eru til á skaðabótalögum eru mjög framandi íslenskum skaðabótarétti og íslenskri lagahefð. Með þeim er lagt til að horft sé framhjá sannanlegu eða sennilegu tjóni tjónþola og þess í stað horft til efnahags tjónvalds. Um er að ræða tillögur um grundvallarbreytingu á íslenskum skaðabótarétti og tilefnið er æruvernd. Æra manna hefur að íslenskum rétti ætíð verið varin af samspili ómerkingar ummæla og birtingu þeirra, sekta og hæfilegra bóta. Engar rannsóknir benda til þess að þessi vernd sé ófullkomin og engin brýn réttarvörslusjónarmið sem mæla með henni.

Hins vegar má benda á svið skaðabótaréttar þar sem reglur af þessum toga gætu þjónað raunverulegum tilgangi. Það gæti t.d. átt við um líkamstjón launamanna í vinnuslysum þar sem framkvæmdaraðili vanrækir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vinnuverndarskyldur sínar í því skyni að spara sér kostnað. Skv. bandarískum rétti væri litið til ávinnings fyrirtækisins, efnahags þess, forvarnargildi bótafjárhæðar o.fl. þegar bætur væru ákveðnar. En skv. íslenskum rétti er einungis litið til sannanlegs eða sennilegs fjárhagslegs tjóns og miskabætur metnar mjög lágt. Að auki er lífeyrissparnaður launamanns notaður til frádráttar því tjóni sem atvinnurekandi veldur með þessum hætti.

Sjónarmið ASÍ er, að horfa þurfi til skaðabótaréttarins í heild og ef ætlunin er að gera breytingar á honum, þá verði fyrst og fremst horft til þeirra sviða hans þar sem raunverulega er þörf úrbóta en það er ekki síst á sviði líkamstjóna í vinnuslysum þar sem bætur eru lágar og eigið sakarmat ofmetið sbr. m.a.

grein Viðars Más Viðarssonar „Meðábyrgð tjónþola í skaðabótamálum vegna Vinnuslysa“, Bifröst 2006.

### **Frumvarp til laga um embætti landlæknis, heildarlög, 273. mál**

Alþýðusamband Íslands styður þá viðleitni sem frumvarpið felur í sér og gerir engar athugasemdir við efni þess.

### **Þingsályktunartillaga um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál.

Alþýðusambandið telur að orkan sé ein af mikilvægustu forsendum lífskjara hér á landi og að framtíðar uppbygging í atvinnumálum byggist að miklu leyti á hagkvæmri orku. Í því ljósi er mikilvægt að fylgjast með þróun raforkuverðs.

Þegar breytingar voru gerðar á skipulagi raforkumarkaðar árið 2004 varaði Alþýðusambandið við því, í svo kallaðri 19 manna nefnd, sem iðnaðarráðherra skipaði til að fjalla um fyrirkomulag flutnings og dreifingu á raforku, að breytingarnar myndu leiða til tugprósenta hækkunar á raforkuverði til heimila og fyrirtækja. Þetta virðist hafa gengið eftir. Athuganir verðlagseftirlits Alþýðusambandsins hafa leitt í ljós að kostnaður heimilanna við raforkukaup hefur hækkað mismunandi eftir landssvæðum. Sumstaðar hefur kostnaðurinn lækkað lítillega en annars staðar hefur hann hækkað um allt að 48%. Engar haldbærar skýringar hafa fengist á verðlagsbreytingunum, einkum miklum hækkunum á fastagjöldum. Því telur Alþýðusambandið mikilvægt að fram fari ítarleg úttekt á verðmyndun raforku.

Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að langt er í land að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. En það var eitt af meginmarkmiðum skipulagsbreytinga á raforkumarkaði. Þvert á móti hefur dregið úr samkeppni vegna aukinnar samþjöppunar í framleiðslu á raforku. Auk þess hefur enn ekki náðst að skapa grundvöll fyrir samkeppni í raforkusölu til heimila og fyrirtækja. Verðmunur á milli hæsta og lægsta verðs er mjög lítill og ávinningur heimilanna af því að skipta um raforkusala verður minni en enginn þegar búið er að taka tillit til kostnaðar við skiptin.

Alþýðusambandi tekur því undir þingsályktunartillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

### **Frumvarp um breytingu á hegningarlögum nr. 19 12 febrúar 1940, 20. mál**

Alþýðusamband Íslands styður þá viðleitni löggjafans að styrkja og skýra refsheimildir er varða kynferðisbrot. Jafnframt styður ASÍ þá breytingu er



varðar refsileysi þess að stunda vændi til framfærslu. Æskilegt hefði verið að stíga það skref lengra og mæla fyrir um refsinaemi vændiskaupa.

### **Frumvarp til laga um opinber innkaup, 277. mál**

Í frumvarpinu er m.a. fjallað um hæfi þátttakenda og bjóðenda í opinberum innkaupum og sett ýmis skilyrði sem ætlað er að tryggja góða framkvæmd opinberra innkaupa, m.a. með því að vinna gegn kennitöluflakki, gerviverktöku og treysta stöðu og réttindi launafólks.

Ljóst er að frumvarpið tekur ekki nægjanlegt tillit til tillagna Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 20. júní sl. hvað þessi skilyrði varðar – tillagna sem ríkisstjórnin tók undir í yfirlýsingu í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 22. júní sl.:

*„Ríkisstjórnin lýsir sig jafnframt reiðubúna til að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um átak gegn svartri atvinnustarfsemi. Megináhersla verður lögð á átak gegn hvers kyns gerviverktöku, t.d. í byggingariðnaði, þjónustutengdri mannvirkjagerð og veitingastarfsemi, auknið eftirlit með starfsemi og skattskilum erlendra þjónustuveitenda og starfsmanna þeirra og átak á sviði útboðsmála sem miði að því að koma í veg fyrir undirboð sem byggji á svonefndu kennitöluflakki eða á því að starfskjör starfsmanna viðkomandi verktaka uppfylli ekki íslensk lög og kjarasamninga. Ríkisstjórnin lýsir því yfir að fyrirliggjandi tillögur aðila vinnumarkaðarins um þessi efni verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun laga og reglugerða og að fjármögnun verði tryggð.“*

Frumvarpið eins og það liggur nú fyrir tekur aðeins að hluta mið af þessari yfirlýsingu. Það er miður að mikilvæg ákvæði laganna eru ekki bindandi fyrir sveitarfélögin þegar samningar eru undir viðmiðunarfjárhæðum EES. Má þar nefna:

47. gr. um persónulegar aðstæður bjóðanda, s.s. útilokun þess sem sakfelldur hefur verið fyrir tiltekin alvarleg afbrot.

49. gr. um fjárhagsstöðu bjóðanda þar sem gerð er sú krafa að fjárhagsstaða fyrirtækis skuli vera trygg þannig að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

73. gr. um óeðlilega lág tilboð þar sem gerðar eru kröfur til kaupanda að hann óski skriflegra upplýsinga um grundvöll tilboðs, svo sem að tilboðið sé í samræmi við reglur um réttindi launþega og vinnuvernd.

77. gr. um að verktaka og undirverktaka sé óheimilt að gera samninga um gerviverktöku, þ.e. undirverktöku launamanna.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins komu á framfæri ábendingum um þetta við fjármálaráðuneytið við endanlega gerð frumvarpsins en

ráðuneytið taldi sér ekki fært að taka tillit til þeirra nema með samþykki sveitarfélaganna. Ráðuneytið kallaði hins vegar ekki eftir afstöðu sveitarfélaga til þessara ábendinga. Benda má á að hér er um að ræða ákvæði sem ekki eru íþyngjandi fyrir sveitarfélögin og í raun sjálfsagðar leikreglur í opinberum innkaupum, óháð fjárhæð þeirra eða hvort í hlut á ríkið eða sveitarfélag.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands áherslu á að við umfjöllun um frumvarpið verði tekið tillit til ábendinga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og telur fullvíst að slíkt megi gera í fullu samráði við samtök sveitarfélaganna.

### **Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál**

Alþýðusamband Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um opinber innkaup, 277. mál.

Í frumvarpinu er m.a. fjallað um hæfi þátttakenda og bjóðenda í opinberum innkaupum og sett ýmis skilyrði sem ætlað er að tryggja góða framkvæmd opinberra innkaupa, m.a. með því að vinna gegn kennitölufлакki, gerviverktöku og treysta stöðu og réttindi launafólks.

Ljóst er að frumvarpið tekur ekki nægjanlegt tillit til tillagna Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 20. júní sl. hvað þessi skilyrði varðar – tillagna sem ríkisstjórnin tók undir í yfirlýsingu í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 22. júní sl.:

*„Ríkisstjórnin lýsir sig jafnframt reiðubúna til að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um átak gegn svartri atvinnustarfsemi. Megináhersla verður lögð á átak gegn hvers kyns gerviverktöku, t.d. í byggingariðnaði, þjónustutengdri mannvirkjagerð og veitingastarfsemi, aukið eftirlit með starfsemi og skattskilum erlendra þjónustuveitenda og starfsmanna þeirra og átak á sviði útboðsmála sem miði að því að koma í veg fyrir undirboð sem byggja á svonefndu kennitölufлакki eða á því að starfskjör starfsmanna viðkomandi verktaka uppfylli ekki íslensk lög og kjarasamninga. Ríkisstjórnin lýsir því yfir að fyrirbyggjandi tillögur aðila vinnumarkaðarins um þessi efni verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun laga og reglugerða og að fjármögnun verði tryggð.“*

Frumvarpið eins og það liggur nú fyrir tekur aðeins að hluta mið af þessari yfirlýsingu. Það er miður að mikilvæg ákvæði laganna eru ekki bindandi fyrir sveitarfélögin þegar samningar eru undir viðmiðunarfjárhæðum EES. Má þar nefna:

47. gr. um persónulegar aðstæður bjóðanda, s.s. útilokun þess sem sakfelldur hefur verið fyrir tiltekin alvarleg afbrot.

49. gr. um fjárhagsstöðu bjóðanda þar sem gerð er sú krafa að fjárhagsstaða fyrirtækis skuli vera trygg þannig að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

73. gr. um óeðlilega lág tilboð þar sem gerðar eru kröfur til kaupanda að hann óski skriflegra upplýsinga um grundvöll tilboðs, svo sem að tilboðið sé í samræmi við reglur um réttindi launþega og vinnuvernd.

77. gr. um að verktaka og undirverktaka sé óheimilt að gera samninga um gerviverktöku, þ.e. undirverktöku launamanna.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins komu á framfæri ábendingum um þetta við fjármálaráðuneytið við endanlega gerð frumvarpsins en ráðuneytið taldi sér ekki fært að taka tillit til þeirra nema með samþykki sveitarfélaganna. Ráðuneytið kallaði hins vegar ekki eftir afstöðu sveitarfélaga til þessara ábendinga. Benda má á að hér er um að ræða ákvæði sem ekki eru íþyngjandi fyrir sveitarfélögin og í raun sjálfsagðar leikreglur í opinberum innkaupum, óháð fjárhæð þeirra eða hvort í hlut á ríkið eða sveitarfélag.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands áherslu á að við umfjöllun um frumvarpið verði tekið tillit til ábendinga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og telur fullvíst að slíkt megi gera í fullu samráði við samtök sveitarfélaganna.

## **Frumvarp til laga um endurgreiðslu vegna kvikmyndagerða á Íslandi, 95. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 95. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að framlengja tímabundin lög um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi til loka árs 2011. Alþýðusambandið mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

## **Frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Frumvarpið byggir á samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara sem byggir á sameiginlegum tillögum úr nefnd sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla annars vegar um búsetu og þjónustumál aldraðra og hins vegar um fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar sem jafnframt yrði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta.

## **Búsetu og þjónustumál aldraðra**

ASÍ telur löngu tímabært að fjármunum úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði varið eins og lög gera ráð fyrir og fagnar því að frumvarpið gefi fyrirheit um það.

## **Elli- og örorkulífeyrir**

ASÍ gagnrýnir harðlega þá mismunun sem kveðið er á um í 1. másl. c-liðar 2. mgr. 10. greinar laganna um almannatryggingar. Það er algjörlega í andstöðu við hagsmuni þeirra sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum að gerður sé greinarmunur á atvinnutekjum og lífeyrissjóðsgreiðslum hvað varðar tekjutryggingarþátt lífeyris. **ASÍ mótmælir því að frítekjumark gildi ekki um greiðslur úr lífeyrissjóðum eins og um atvinnutekjur.**

Að öðru leyti telur ASÍ að frumvarpið feli í sér kjarabætur fyrir aldraða og öryrkja en áréttar að móta þarf stefnu um kjör aldraðra og öryrkja og fara í gagngera endurskoðun á velferðarkerfinu með tilliti til almannatrygginga og skatta.

## **Frumvarp til laga um jafna stöðu kvenna og karla, 9. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 9. mál, upplýsingaskylda, málshöfðunarréttur.

Vísað er til umsagnar Alþýðusambands Íslands dags. 10.01.2006 þar sem fjallað er um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2006, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. 45. mál.

Þar kemur fram: „Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að vinna gegn kynbundnum launamun og öðru misrétti kynjanna. Fram hefur komið að lagasetningar hafa ekki dugað til og sértækar aðgerðir hafa heldur ekki skilað viðunandi árangri. Áherslur í jafnrétti kvenna og karla hafa því í auknum mæli beinst að kerfislægri mismunum kynjanna og mikilvægt er að góð stjórnvaldstæki séu til staðar til að vinna á stöðumun kynjanna á vinnumarkaði.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að bætist við ný grein er verður 4. gr. laganna og fjallar um Upplýsingarskyldu. Þar er mælt fyrir um víðtækari heimildir fyrir Jafnréttisstofu en núgildandi 4. mgr. 3. gr. hefur veitt henni að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna Jafnréttisstofu og athugunar á einstökum málum.

Alþýðusamband Íslands telur aðgengi upplýsinga mikilvægt er varðar verkefni og athuganir á einstökum málum hvort sem Jafnréttisstofa eða kærunefnd jafnréttismála á í hlut og sér ekki mun hvort sá réttur sé færður Jafnréttisstofu eða kærunefnd jafnréttismála.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Ísland þá meginhugsun sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.”

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að við 11. gr. núverandi laga bætist við ný málsgrein og fjallar um kosningu jafnréttisfulltrúa í sérhverju fyrirtæki og stofnun, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, til eftirlits með jafnréttisáætlun. Einnig er kveðið á um vegna mikilvægis starfa jafnréttisfulltrúa að rétt þyki að tryggja starfsöryggi þeirra og stöðu að öðru leyti með því að veita þeim sambærilega stöðu og trúnaðarmönnum er veitt með lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og ákvæðum kjarasamninga.

Vísað er í umsögn Alþýðusambandsins frá 10.01.2006.

„Hvað varðar jafnréttisfulltrúa í fyrirtækjum og stofnunum þar sem eru fleiri en 25 starfsmenn og jafnréttisfulltrúanum veitt sambærileg staða og trúnaðarmönnum er veitt með lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur og ákvæðum kjarasamninga, hefur ekki verið mótuð afstaða að hálfu Alþýðusambands Íslands.”

Í 7. gr. laganna er lögð til breyting á 20. gr. gildandi laga er varðar þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Lagt er til að sami háttur verði á við skipun og tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga, þar sem tilnefningaraðilar tilnefna einn karl og eina konu í þær. Stefna Alþýðusambands Íslands við tilnefningu fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga er að fulltrúar skulu tilnefndir án skilyrða eða afskipta veitingarvaldsins.

Alþýðusamband Íslands sendi nefnd, skipaðri af félagsmálaráðherra, sem er að endurskoða efni laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla athugasemdir sínar varðandi jafnréttismál og tillögur til breytinga á umræddum lögum. Athugasemdir ASÍ frá 21. september 2006 sendast hér með sem viðhengi.

## **Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum,**

### **465. mál**

ASÍ er sammála því, að nauðsynlegt sé að auka vernd þeirra opinberu starfsmanna sem sérstaklega eru útsettir fyrir ofbeldi og hótanir í starfi sínu. Frumvarpinu virðist ætlað að senda þau skilaboð til dómstóla, að þvingja refsingar vegna brota gegn þessum hópi starfsmanna. ASÍ bendir þó á, að ekkert er því til fyrirstöðu að framfylgja þeirri stefnu innan gildandi refsiramma sem ekki virðist notaður nema að litlu leyti og dregur jafnframt í efa að rýmkun á refsiramma nái því markmiði sem stefnt er að, þ.e. að auka vernd þeirra og virðingu í starfi.

Vernd þeirra starfsmanna sem í hlut eiga og sem tryggja þarf er tvíþætt. Annars vegar þarf að tryggja nægilegt öryggi þeirra á vettvangi m.a. með

fullnægjandi mönnun, bæði hvað varðar fjölda og hæfni starfsmanna og hins vegar þarf að tryggja skilyrðislausan rétt til fullnægjandi og eftir atvikum ríflegra skaðabóta verði þeir fyrir tjóni.

Virðing borgaranna fyrir þeim störfum sem þessi mikilvægu starfsmenn sinna er þó líklega sú besta vörn sem þeim verður veitt. Þess vegna er nauðsynlegt að efla faglegan metnað þeirra sem mest og best og efla þekkingu borgaranna á hlutverki þeirra og mikilvægi.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 464. mál**

ASÍ hefur þá skoðun á löggjöf á þessu sviði, að henni skuli haga með þeim hætti að samrýmist almennum og viðurkenndum mannréttindum. Þess vegna skuli ekki byggt á skilyrðum sem vafi leiki á hvort samræmist slíkum reglum og viðurkenndum mannréttindaviðhorfum.

Frumvarpið eykur nokkrum skilyrðum við ákvæði c. liðar 9.gr. laganna. 3. tl. fjallar um kunnáttu í íslensku. Í greinargerð kemur fram að gildistöku sé frestað um 2 ár og að beita þurfi þessu ákvæði af nokkurri varúð m.a. með tilliti til uppbyggingar á íslenskukennslu fyrir alla þá útlendinga sem sest hafa hér að. ASÍ tekur eindregið undir þau sjónarmið. Í 4-6 tl. er hins vegar fjallað um fjármál og þau tilvik að útlendingur sem hér dvelst komist í kast við lögin. Þessi skilyrði geta komið með ósanngjörnum hætti í veg fyrir að útlendingar sem dvalist hafa hér á landi um langt skeið og fest djúpar rætur geti ekki ölast ríkisborgararétt. Veigamikil rök hníga að því, að einstaklingar sem þannig eru í raun orðnir hluti íslensks samfélags og geta sem slíkir, rétt eins og þúsundir Íslendinga lent í tímabundnum fjárhagsvandræðum, neyðst til þess að þiggja tímabundinn framfærslustyrk eða orðið uppvísir að afbroti verði ekki útsettur fyrir svo ströngum skilyrðum sem þarna greinir.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 523. mál**

Um er að ræða viðtækari og ítarlegri heimildir til beitingu viðurlaga við brotum á fjármálamarkaði. ASÍ er sammála því megin sjónarmiði að auka öryggi og gagnsæi viðskipta á fjármálamarkaði og frumvarpið stefnir í þá átt. Látið er milli hluta liggja hvort of langt sé gengið með svo ítarlegum heimildum, en færa má rök fyrir því að svo sé hvað varðar refsinaemi brota sem óbreyttir starfsmenn geta átt hlutdeild í og sem refsiverð eru á grundvelli gáleysis. Tilgangur löggjafar af þessum toga hlýtur ætíð að vera sá fyrst og fremst að koma í veg fyrir auðgun eigenda og gerenda á fjármálamarkaði en ekki sá að skapa óbreyttum starfsmönnum fjármálafyrirtækja erfiðari starfsskilyrði en nauðsynlegt er.

## **Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005 o.fl., 522. mál**

Einn megintilgangur samkeppnislaga er að verja neytendur fyrir ólögumætri samkeppni fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja. Skýrar og einfaldar reglur sem tryggja hraða og málefnalega meðferð án þess að setja í uppnám réttarstöðu einstaklinga hvers aðkoma er nauðsynleg til þess að upplýsa mál eru nauðsynlegar til þess að sú vernd sé virk. Þær tillögur sem er að finna í frumvarpi þessu eru til bóta hvað þetta varðar og styrkja stöðu samkeppnisyfirvalda.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, 515. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, 515. mál.

Alþýðusamband Íslands telur margt í frumvarpinu orka tvímælis og getur því ekki lýst yfir stuðningi við það í þeirri mynd sem það hefur verið lagt fram. Hér er einkum um að ræða ákvæði er lúta að gjaldtöku vegna leyfa, ákvæði um auglýsingar á leyfisveitingum og atriði er snúa að réttindum launafólks.

### **Gjaldtaka**

Þrátt fyrir að frumvarpið taki af tvímæli um að íslenska ríkið sé eigandi að kolvetnisauðlindinni eru ákvæði um gjaldtöku vegna nýtingarréttar ófullnægjandi.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins verður Orkustofnun heimilt „að semja við handhafa vinnsluleyfis að hann verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir“. Hér er um að ræða afsal á auðlind í sameign þjóðar – án skýrra ákvæða um gjaldtöku. Samkvæmt 4. og 16. gr. frumvarpsins er gjaldtaka vegna leyfa fyrst og fremst hugsuð til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa.

Tryggja verður að allir landsmenn njóti eðlilegs arðs af hugsanlegri nýtingu kolvetnisauðlindarinnar.

### **Auglýsingar**

Ákvæði um auglýsingar á leyfisveitingum virðast ganga gegn ákvæðum í núgildandi lögum um veitingu leyfa á grundvelli hlutlægra viðmiða.

Í 3. mgr. 8 gr. í núgildandi lögum segir þannig að „við veitingu leyfis skal umsækjendum ekki mismunað og skal jafnræðis gætt. Leyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerðar hafa verið opinberar.“

Í 5. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að heimilt verði að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar ef svæðið sem leitað er leyfis

fyrir uppfyllir ákveðin skilyrði, m.a. um að vera „aðgengilegt til langs tíma“ eða um að hafa áður sætt sambærilegri málsmeðferð.

Það hlýtur að vera óheppilegt ef leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu sé veitt til eins tiltekins aðila án þess að aðrir áhugasamir aðilar viti af því.

### **Réttindi launafólks**

Í 5. gr. frumvarpsins segir að „við ákvörðun um veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfis skal einkum taka mið af fjárhagslegri og tæknilegri getu umsækjenda, að vinnsla auðlindar sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og á hvaða hátt framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði.“

Telja verður eðlilegt að einnig sé tekið mið af því á hvaða hátt áætlanir séu í samræmi við reglur um réttindi launafólks og vinnuvernd, líkt og í lögum um framkvæmd opinberra innkaupa.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 432. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 432. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að það teljist veiðar í atvinnuskyni, en ekki tómstundaveiðar, þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Bátar sem nýttir eru með þessum hætti þurfa samkvæmt því m.a. að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægar aflaheimildir.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

### **Frumvarp til laga um almannatryggingar, tannlækningar barna og ellilífeyrisþega, 54. mál**

Í frumvarpi þessu er kveðið á um að kostnaðarþátttaka Tryggingarstofnunar ríkisins vegna almennra tannlækninga verði

1. 100% fyrir börn 20 ára og yngri í stað 75%.
2. 100% fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, í stað 75%.
3. 75% fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem ekki njóta tekjutryggingar, í stað 50%.

ASÍ tekur undir meginefni frumvarpsins og telur það til þess fallið að stuðla að bættu tannheilbrigði óháð efnahag.

### **Frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði, EES reglur, 568. mál**

Alþýðusambandinu hefur borist beiðni um umsögn um fyrrgreint frumvarp



til laga um réttindi launafólks sem greiðir til svokallaðra starfstengdra eftirlaunasjóða í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB.

Þess má geta að Alþýðusamband Íslands hafði beina aðkomu að viðræðum við samtök atvinnurekenda á Evrópuvísu fyrir nokkrum árum, þegar tilraun var gerð til þess að gera kjarasamning um lágmarksréttindi í lífeyrissjóðum innan ESB og EES. Í þeim viðræðum kom í ljós það mikill munur er á grundvelli lífeyrisréttinda innan Evrópu að ekki reyndist mögulegt að mynda slíkan lágmarksgrundvöll. Sum þessara lífeyriskerfa eru grundvölluð á lögum og önnur samningsbundin milli aðila vinnumarkaðar, en mynda engu að síður grundvöll almennaréttar. Sum þessara lífeyriskerfa í Evrópu, eins og t.d. í Bretlandi og Þýskalandi, eru hins vegar tengd einstaka fyrirtækjum í formi starfstengdra eftirlaunasjóða, þar sem fulltrúar starfsmanna hafa takmarkaða aðkomu og engar eða litlar reglur gilda um meðferð fjár, ávinnslu réttinda eða lágmarksréttindi.

Í ljósi þessarar niðurstöðu kröfðu Evrópusamtök verkalýðsfélaga Framkvæmdastjórn ESB um að sett yrði tilskipun sem tryggði ákveðin lágmarksréttindi í þeim sjóðum, sem ekki teldust hluti almennatryggingarkerfisins, sbr. starfstengdu eftirlaunasjóðina. Alþýðusambandið studdi þá kröfugerð byggt á þeirri forsendu að það raskaði ekki forsendum eða stöðu íslenska lífeyriskerfisins, sem byggir á víðtæku samkomulagi um þriggja stöða kerfi almennatrygginga, skylduáðild að samtryggingarsjóði og frjálsum viðbótarsparnaði. Niðurstaðan var umrædd tilskipun sem nú þarf að innleiða hér á landi, þrátt fyrir að vandfundinn sé sjóður sem starfi á þessum grundvelli.

Af fyrrgreindum ástæðum styður ASÍ samþykkt þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 561. mál**

Alþýðusambandinu hefur borist ofangreint mál til umsagnar. Fyrir utan 2. gr. frumvarpsins snýst þetta mál um að koma á og viðhalda samnorænu sérréttindakerfi ríkisstarfsmanna. Annars vegar á að heimila þeim einstaklingum, sem verið hafa starfsmenn ríkisins og fara til starfa á vegum alþjóðastofnana, heimild til þess að greiða áfram til B-deildar með ábyrgð ríkisins á réttindum. Væntanlega verður sambærileg regla látin gilda varðandi réttindi alþingismanna og ráðherra, sem nú hvíla beint á ríkissjóði eftir að lífeyrissjóðir þeirra voru lagðir niður. Samkvæmt þessu frumvarpi stendur t.d. ekki til að veita einstaklingum, sem koma úr öðrum störfum og fara til vinnu í alþjóðastofnunum sem við eigum áðild að, sambærileg réttindi.

Hins vegar er verð að setja í lög ákvæði samkomulags, sem ríkisstjórnin undirritaði árið 2001 (og ekki er ljóst hvort þegar er farið að framkvæma þær skuldbindingar sem leiða af samkomulaginu) þar sem mynduð er sérstök norræn samtrygging um þau sérréttindi sem ríkisstarfsmenn þessara landa njóta

umfram aðra landsmenn. Eins og alþingismönnum er kunnugt um, eru núverandi sérréttindi ríkisstarfsmanna (þ.m.t. alþingismanna og ráðherra) ættuð frá þessum embættismannaréttindum sem mótuð voru í upphafi síðustu aldar.

Af skiljanlegum ástæðum mótmælir ASÍ þessu frumvarpi, að 2. gr. frátal-  
inni, og leggst gegn samþykkt þess.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða, 621. mál**

ASÍ hefði kosið að sjá mun ákveðnari skref stigin í tollamálum heldur en boðuð eru í frumvarpinu – það er í raun nauðsynlegt ef markmið ríkisstjórnarinnar með tillögum um aðgerðir til lækkunar matvælaaverðs eiga að nást.

Veigamestu aðgerðirnar í tillögum ríkisstjórnarinnar frá 9. október fela í sér niðurfellingu vörgjalda, lækkun virðisaukaskatts og lækkun tolla á innfluttum kjötvörum. Markmið ríkisstjórnarinnar var að ná matvælaaverði niður um 16% þannig að það yrði sambærilegt við meðalverðlag á Norðurlöndunum. Samkvæmt mati Hagstofu Íslands frá 19. janúar sl. er hins vegar ljóst að áhrifin af niðurfellingu vörgjalda og lækkun virðisaukaskatts gefur aðeins tilefni til um 8,7% lækkunar matvælaaverðs. Það blasir því við að ef markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun matvælaaverðs á að nást mun mikið velta á útfærslunni á boðuðum tollabreytingum.

Alþýðusambandið telur mjög ólíklegt að stækkun tollkvóta, eins og boðuð eru í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, geti leitt til lækkunar matvælaaverðs. Stækkun tollkvóta gæti hugsanlega haft einhver jákvæð áhrif á matvörumarkaðinn með því að opna aðgang að markaðnum fyrir fleiri aðila en innlenda framleiðendur. Hins vegar er vandkvæðum bundið að finna hentugt fyrirkomulag við úthlutun kvótans sem skilar lækkuðum tollum sem lægra vöruverði til neytenda.

Ef sú ákvörðun verður tekin að stækka tollkvóta þá telur Alþýðusambandið það frumskilyrði fyrir því að aðgerðin skili ávinningi fyrir neytendur að tekið verði fyrir heimildir til uppboða á tollkvótum og í staðinn verði þeim úthlutað endurgjaldslaust en þó þannig að óheimilt verði að framselja þá. Þá er mikilvægt að tollkvótum sem ekki eru nýttir verði undantekningarlaust endurúthlutað. Þá leggst Alþýðusambandið gegn því að heimildir til úthlutunar á tollkvótum liggja hjá landbúnaðarráðherra. Mun eðlilegra er að þetta vald sé hjá fjármálaráðherra.

### **Frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, 443. mál**

ASÍ fagnar því að settur sé lagarammi um starfsemi og réttarstöðu íslensku friðargæslunnar og starfsmanna hennar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð

fyrir því, að friðargæslan hafi á að skipa breiðum hóp einstaklinga sem færir séu um að taka að sér þau verkefni sem m.a. eru skilgreind í 2.mgr. 1.gr. frumvarpsins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að lögin geri ráð fyrir því að fleiri en starfsmenn ríkisins geti horfið frá störfum sínum tímabundið til þess að takast á hendur verkefni á vegum friðargæslunnar. Frumvarpið í núverandi mynd er alfarið sniðið að umhverfi ríkisstarfsmanna. Gera má minniháttar breytingar sem auðveldað geta einstaklingum í borgaralegum störfum á almennum vinnumarkaði aðgang að þessum mikilvægu störfum. Annars vegar þannig að starfsmönnum verði gert mögulegt að halda aðild að viðeigandi lífeyrissjóðum og stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði. Með þeirri aðild vinnast og viðhaldast réttindi sem mynda æ stærri þátt af réttindum viðkomandi einstaklinga. Hins vegar má gera það með samvinnusamningum friðargæslunnar og einstakra fyrirtækja eða félagasamtaka en fyrir slíka samninga gæti frumvarpið opnað heimildir. Að lokum er athygli nefndarinnar vakin á því, að samhliða því að taka úr sambandi 1.mgr. 44.gr. 1. 70/1996 er nauðsynlegt að gera ákvæði 5. og 6. gr. laga 139/2003 óvirk gagnvart þessum hópi starfsmanna.

### **Þingsályktunartillaga um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarþúíð, 19. mál**

ASÍ tekur undir að könnuð verði áhrif stóriðju- og virkjanaframkvæmda á jafnvægi og stöðugleika í íslenska hagkerfinu. Í haustskýrslu hagdeildar ASÍ 2006 sem ber titilinn “Stöðugleiki – forsenda framfara” var ítarlega fjallað um mikilvægi þess að slíkar framkvæmdir séu tímasettar með þeim hætti að efnahagslegu jafnvægi sé ekki stefnt í hættu sbr. meðfylgjandi eintak af skýrslunni.

### **Þingsályktunartillaga um fjögurra ára samgönguáætlun árin 2007-2010, og þingsályktunartillaga um samgönguáætlun árin 2007-2018, 574. og 575. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun árin 2007-2010, 574. mál; og um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun árin 2007-2018, 575. mál.

Almennt fagnar ASÍ því að stefna í samgöngumálum sé mótuð í formi heildstæðra áætlana sem horfa til langs tíma. Hvað varðar þær tvær áætlanir sem nú hefur verið gerð tillaga um á Alþingi – fjögurra ára áætlun 2007-2010 og tólf ára áætlun 2007-2018 vill ASÍ vekja athygli á eftirfarandi:

## Umhverfismat áætlana

Umhverfismat fylgir tólf ára áætluninni nú í fyrsta sinn. ASÍ telur brýnt að tekið sé tillit til þeirra ábendinga sem þar koma fram, svo sem um neikvæð áhrif aukinna landflutninga á aðra umferð og vanda tengdan hávaða og svifryki. ASÍ tekur undir þau markmið í fjögurra ára áætluninni sem miða að því að taka á þessum vanda.

## Sérstök fjármögnun

Það er áhyggjuefni að núgildandi tekjustofnar standi ekki undir nauðsynlegum framkvæmdum. ASÍ telur afar mikilvægt að við rannsókn og þróun á hugsanlegum nýjum tekjustofnum verði unnið út frá forsendum um jafnan aðgang innan grunnnetsins óháð félagslegri stöðu fólks. Ef nýta á markaðsöflin þarf að tryggja að ekki verði árekstrar milli arðsemiskröfu fyrirtækja og félagslegra markmiða.

## Tengsl við ríkisfjármál

Útgjöld til samgöngumála geta gegnt lykilhlutverki í ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum. ASÍ telur að útgjöld í þessum málaflokki verði ávallt að taka tillit til almennra aðstæðna í hagkerfinu. Það er sérstaklega vert að gæta þess að lítt skilgreindar heimildir eins og „langtímalán“, „einkaframkvæmd“, eða „ný gjaldtaka“ verði ekki notaðar til að „fegra“ ásýnd ríkisfjármálanna þegar raunverulegs aðhalds kann að vera þörf.

## Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál

ASÍ telur að við útgáfu leyfa til rannsókna og nýtingar á auðlind sem er í sameign þjóðarinnar skuli m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber í auglýsingum.

Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um fyrirhugaðar rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við reglur um réttindi launafólks og vinnuvernd.

Gegn leyfum komi alltaf endurgjald sem tryggi landsmönnum eðlilegan arð af auðlindinni.

Gæta ber hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannþörf sem og öll formleg skilyrði séu uppfyllt.

## Um heimildir til bráðabirgða

Alþýðusambandið fagnar því að setja eigi af stað vinnu til að móta framtíðarstefnu um nýtingu og vernd auðlinda í jörðu. Á hinn bóginn vill sambandið

vara við þeim rúmu heimildum sem frumvarpið veitir til útgáfu leyfa þangað til slík stefna liggur fyrir. ASÍ telur að takmarka beri útgáfu slíkra leyfa eins og unnt er þar til framtíðarstefnan liggur fyrir.

### **Frumvarp til laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd og breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, 616. og 617. mál**

Sú samvinna milli innlendra og erlendra yfirvalda á sviði neytendamála sem fjallað er um reglugerð Evrópuþingsins nr. 2006/2004 er til þess fallin að auka vernd neytenda og koma á mikilvægri samvinnu milli stofnanna á Evrópska efnahagssvæðinu. Nauðsynlegt er að þau lögbæru stjórnvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd laganna hafi skýrt verksvið og valdheimildir til að framfylgja þeim. Þær tillögur sem er að finna í frumvarpinu eru til bóta hvað þetta varðar og styrkja stöðu neytendamála hér á landi.

### **Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar, 570. mál**

Frumvarpið sem hér er fjallað um felur í sér að gera Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að dótturfélögum Landsvirkjunar. Í frumvarpinu sjálfu kemur ekki skýrt fram hver séu markmiðin með því, en í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með breytingunum verði hagræðing í rekstri félaganna og eins muni breytingarnar styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar.

Þrátt fyrir ákvæði í frumvarpinu sem eiga að tryggja áfram virka samkeppni á raforkumarkaði eftir breytingarnar telur Alþýðusambandið að þau ákvæði séu ekki nægjanleg. Eftir breytinguna mun samkeppnisstaða Landsvirkjunar verða sterkari en áður, sem felst m.a. í styrkari eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Frumvarpið mun því stríða gegn markmiðum raforkulaga sem sett voru í mars 2003, en meginmarkmið þeirra er að

„...stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:...

Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.”

Alþýðusambandið getur því ekki stutt frumvarpið.

## **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. mál**

Á vörþingi 2007 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. mál. Efni frumvarpsins varðaði m.a. sameiginlega vinnumarkaðinn á evrópska efnahagssvæðinu og hvort nýta ætti heimildir í nýjum stækkunarsamningi til að fresta frjálsri för launafólks frá þessum ríkjum til 1. janúar 2009. Af þessu tilefni var fulltrúi ASÍ kallaður fyrir utanríkismálanefnd Alþingis 6. júní 2007. Við það tækifæri lagði hann fram minnisblað sem hér fylgir á eftir:

### **Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins: Rúmenía og Búlgaría og frjáls för launafólks**

*Fyrir íslenskum stjórnvöldum liggur að taka afstöðu til þess hvort nýta eigi heimild í nýjum stækkunarsamningi vegna aðildar Rúmeníu og Búlgaríu að Evrópska efnahagssvæðinu til að fresta frjálsri för launafólks frá þessum ríkjum í allt að tvö ár.*

*Fyrir liggur að í kjölfar fyrri stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins árið 2004 hefur mikill fjöldi launafólks frá þeim ríkjum sem þá gengu í Evrópska efnahagssvæðið komið til starfa hér á landi. Ástæðu þess má rekja til þess að samhliða stækkuninni stóðu yfir miklar verklegar framkvæmdir hér á landi og almenn þensla hefur verið í íslensku efnahagslífi. Þannig má fullyrða að saman hafi farið þörf íslensks atvinnulífs fyrir erlent launafólk og möguleikar og þörf launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum fyrir atvinnu.*

*Ljóst er að íslensk stjórnvísla og regluverk var ekki tilbúið undir þær miklu breytingar og fjölþættu vandamál sem sköpuðust á vinnumarkaði í tengslum við þá miklu fjölgun sem varð á erlendu launafólki. Þannig komu upp fjölmörg dæmi um að brotið væri að því erlenda launafólki sem hingað kom til starfa hvað varðaði launakjör, önnur starfstengd réttindi og aðbúnað allan. Með þeim hætti var reynt að nota erlent launafólk til undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Þá voru mikil brögð að því að erlend fyrirtæki, bæði starfsmannaleigur og aðrir þjónustuveitendur, væru með starfsemi hér á landi og nýttu til þess erlent launafólk án þess að slík starfsemi væri skráð, upplýsingar lægju fyrir um umfang starfseminnar og kjör starfsmanna eða af þessari starfsemi væru greiddir skattar og aðrar skyldur til samfélagsins.*

*Af hálfu Alþýðusambandsins var strax í upphafi gerð sú krafa að löggjöf og annað regluverk yrðu endurskoðuð með það að markmiði að koma mætti í veg fyrir misnotkun á erlendu launafólki og að það væri notað til undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt lagði ASÍ áherslu á að starfsemi starfs-*

mannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja yrðu mótaðar skýrar reglur til að verja kjör starfsmanna þeirra og koma í veg fyrir að slík fyrirtæki gætu skapað sér samkeppnisforskot í atvinnulífinu með undirboðum í skjóli þess að virða ekki þau kjör og reglur sem gilda fyrir innlend fyrirtæki.

Í annan stað lagði ASÍ áherslu á að styrkja þyrfti alla framkvæmd og eftirlit með því að kjarasamningar og lög væru virt gagnvart erlendu launafólki sem hér starfar og erlendum fyrirtækjum sem hér veittu þjónustu. Af hálfu ASÍ og aðildarsamtaka þess var mikil vinna lögð í að útbúa upplýsinga- og kynningarefni fyrir erlenda launafólkið, auk þess sem allt vinnustaðaeftirlit var störeflt. Krafa ASÍ var að stjórnvöld og stjórnarsýslustofnanir sem málið varða efldu sína starfsemi og eftirlit og tækju á málum af festu í þeim tilfellum þar sem uppvíst væri að verið væri að svindla á erlendum starfsmönnum og fyrirtæki væru að brjóta kjarasamninga og lög.

Á síðustu misserum hefur náðst ágætt samstarf milli Alþjóðsambandsins og aðildarsamtaka þess, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda um málefni erlends launafólks á íslenskum vinnumarkað í góðu samræmi við þau sjónarmið sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram í þessum málum. Þannig hefur allur laga- og regluramminn verið bættur til muna og réttindi og skyldur erlends launafólks og erlendra fyrirtækja með starfsemi hér á landi verið treyst með það að markmiði að erlent launafólk njóti sömu eða sambærilegra kjara og réttinda og aðrir á íslenskum vinnumarkaði og að starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki upplýsi um starfsemi sína hér á landi og fylgi þeim lögum og reglum sem hér gilda. Nægir í þessu sambandi að benda á samkomulag ASÍ og SA um réttindi og kjör erlendra starfsmanna frá 7. mars 2004, tillögur ASÍ og SA vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi frá 22. júní 2007, breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga frá apríl 2006, þar sem sérstaklega er tekið á skyldum fyrirtækja sem ráða starfsmenn frá 8 nýjum aðildarríkjum EES, lög um starfsmannaleigur nr. 139/2005 með síðari breytingum, **lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör þeirra starfsmanna nr. 45/2007** og nú síðast tillögur starfshóps fulltrúa stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá því fyrr í þessum mánuði.

Það er mat Alþýðusambands Íslands að með framangreindum aðgerðum hafi laga og regluramminn um réttindi og skyldur erlends launafólks hér á landi og starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja verði treystur til mikilla muna og að löggjöfin eigi að tryggja að erlent launafólk njóti sömu eða sambærilegra kjara og réttinda og aðrir á innlendum vinnumarkaði. Þá eigi réttindi og skyldur starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja að vera skýr og ótvíræð, m.a. hvað varðar skyldu til að veita upplýsingar um starfsemi sína

*hér á landi og skyldur gangvart starfsmönnum sínum. Jafnframt er í lögum að finna heimildir og úrræði fyrir stjórnvöld til að bregðast við og grípa til nauðsynlegra ráðstafana ef ekki er farið að lögum og réttindi erlendra starfsmanna fyrir borð borin. Má jafnvel fullyrða að lagaramminn hér á landi sé einhver sá traustasti á Evrópska efnahagssvæðinu hvað þetta varðar.*

*Það er jafnframt mat Alþýðusambands Íslands að ennþá vanti verulega á að framkvæmd opinberra eftirlitsaðila og eftirfylgni sé með þeim hætti að nægilega sé tryggt að erlent launafólk njóti þeirra kjara og réttinda sem því ber. Hvorutveggja er að löggjöfin sem framfylgja ber er ný til komin og að ennþá skortir á skipulag og samhæfingu af hálfu þeirra stjórnvalda og stjórn-sýslustofnana sem koma að þessum málaflökki. Unnið er að því að bæta hér úr og eru bundnar vonir við að skipulag og framkvæmd verði komin í ásættanlegt horf á næstu mánuðum og misserum.*

